33.13.13.00	Viðgerðir og viðhald á ljósmynda-, kvikmynda- og sjóntækjum sem notuð eru í atvinnuskyni		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.13.19	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum rafeindabúnaði*			
33.13.19.00	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum rafeindabúnaði		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 33.14	**Viðgerðir á rafbúnaði**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.14.11	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á rafhreyflum, rafölum, spennubreytum og dreifi- og stjórnbúnaði fyrir rafmagn*			
33.14.11.20	Viðgerðir og viðhald á rafhreyflum, rafölum og straumbreytum		I	
33.14.11.50	Viðgerðir og viðhald á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir rafkerfi		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.14.19	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á öðrum sérhæfðum rafbúnaði*			
33.14.19.00	Viðgerðir og viðhald á raftækjum (þó ekki á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir rafkerfi, hreyflum, rafölum eða spennubreytum eða á sjónvarps- og útvarpssendum)		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 33.15	**Viðgerðir og viðhald á skipum og bátum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.15.10	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á skipum og bátum*			
33.15.10.10	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á skipum, bátum og fljótandi mannvirkjum (þó ekki á snekkjum, öðrum skemmti- eða sportförum, árabátum eða kanóum)		I	M
33.15.10.30	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á skemmti- og sportbátum		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 33.16	**Viðgerðir og viðhald á loftförum og geimförum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.16.10	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á loftförum og geimförum*			
33.16.10.00	Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á loftförum og flugvélahreyflum		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 33.17	**Viðgerðir og viðhald á öðrum ótöldum flutningatækjum**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.17.11	*Viðgerðar- og viðhaldsþjónusta á eimreiðum fyrir járnbrautir og járnbrautarvögnum*			
33.17.11.00	Viðgerðir og viðhald eimreiða og vagna fyrir járnbrautir eða sporbrautir og vélræns (og rafknúins) merkja-, öryggis- eða umferðarstjórnbúnaðar fyrir járnbrautir og sporbrautir		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 33.19	**Viðgerðir á öðrum búnaði**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.19.10	*Viðgerðarþjónusta á öðrum búnaði*			
33.19.10.20	Viðgerðarþjónusta fyrir yfirbreiðslur, viðlegubúnað og aðrar tilbúnar textílvörur		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 33.20	**Uppsetning á vélum og búnaði til nota í atvinnuskyni**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.11	*Uppsetningarþjónusta á gufukötlum, þó ekki miðstöðvarkötlum, þ.m.t. uppsetningarþjónusta fyrir leiðslukerfi úr málmi í iðjuverum*			
33.20.11.00	Uppsetningarþjónusta vegna gufukatla (annarra en miðstöðvarkatla) þ.m.t. uppsetning leiðslukerfa úr málmi í iðjuverum		I	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.21	*Uppsetningarþjónusta á skrifstofu- og bókhaldsvélum*			
33.20.21.00	Uppsetning á skrifstofuvélum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.29	*Uppsetningarþjónusta á öðrum vélbúnaði til almennra nota, ót. a.*			
33.20.29.10	Ísetning hreyfla og hverfla (þó ekki í loftför, ökutæki og vélhjól)		I	
33.20.29.20	Uppsetning á dælum og þjöppum		I	
33.20.29.30	Uppsetning á bræðsluofnum og brennurum		I	
33.20.29.40	Uppsetning lyfti- og færslubúnaðar (þó ekki fyrir lyftur og rúllustiga)		I	
33.20.29.50	Uppsetning á kæli- og loftræstibúnaði til annarra nota en heimilisnota		I	
33.20.29.60	Uppsetning á vél- og tækjabúnaði til almennra nota til vigtunar, síunar, eimingar, pökkunar, átöppunar, úðunar, gufu- eða sandblásturs eða sléttunar		I	
33.20.29.70	Uppsetningarþjónusta fyrir vélar til smíða úr viði, korki, steini, harðgúmmíi og áþekkum hörðum efnum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.31	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir landbúnað*			
33.20.31.00	Uppsetning á landbúnaðar- og skógræktarvélum		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.32	*Uppsetningarþjónusta á vélum til mótunar á málmi*			
33.20.32.00	Uppsetningarþjónusta vegna smíðavéla til vinnslu á málmi		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.33	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélum og tækjum fyrir málmvinnslu*			
33.20.33.00	Uppsetning á vélum til málmvinnslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.34	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir námugröft*			
33.20.34.00	Uppsetning á vélbúnaði til námugraftar, grjótnáms og mannvirkjagerðar		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.35	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir matvæla-, drykkjarvöru- og tóbaksiðnað*			
33.20.35.00	Uppsetning á vélum fyrir matvælaiðnað, drykkjarvöru- og tóbaksiðnað		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.36	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir textíl-, fata- og leðurvöruframleiðslu*			
33.20.36.00	Uppsetning á vélum fyrir textíl-, fata- og leðuriðnað		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.37	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélbúnaði og tækjum fyrir pappírs- og pappaframleiðslu*			
33.20.37.00	Uppsetning á vélum til pappírs- og pappaframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.38	*Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélum og tækjum fyrir plast- og gúmmíframleiðslu*			
33.20.38.00	Uppsetningarþjónusta á iðnaðarvélum og tækjum fyrir plast- og gúmmíframleiðslu		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.39	*Uppsetningarþjónusta á öðrum sérhæfðum vélum*			
33.20.39.00	Uppsetning á öðrum sérhæfðum vélum, ót. a.		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.41	*Uppsetningarþjónusta á sérhæfðum vélbúnaði til lækninga, nákvæmnistækjum og sjóntækjum*			
33.20.41.00	Uppsetning á tækjum til lyflækninga og skurðlækninga		I	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.42	*Uppsetningarþjónusta á sérhæfðum rafeindabúnaði*			
33.20.42.00	Uppsetningarþjónusta á sérhæfðum rafeindabúnaði		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.50	*Uppsetningarþjónusta á rafbúnaði*			
33.20.50.20	Uppsetning á rafhreyflum, rafölum og straumbreytum		I	
33.20.50.50	Uppsetning á dreifi- og stjórnbúnaði fyrir raforku		I	
33.20.50.90	Uppsetninga á öðrum raftækjum, þó ekki rafmagnsmerkja-búnaður fyrir hraðbrautir, vegi...		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.60	*Uppsetningarþjónusta á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarferla*			
33.20.60.00	Hönnun og samsetning á stjórnbúnaði fyrir iðnaðarframleiðslu og sjálfvirkar framleiðslustöðvar		I	
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 33.20.70	*Uppsetningarþjónusta á öðrum vörum, ót. a.*			
33.20.70.00	Uppsetning á tímamælitækjum og -búnaði sem er notaður í iðnaði		I	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 99.t	**T-kóðar**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 99.tt	*T-kóðar*			
24.10.T1.10	Hrájárn	kg	V	A1
24.10.T1.21	Hrástál: óblendið stál unnið í rafbræðsluofnum	kg	V	B1
24.10.T1.22	Hrástál: óblendið stál unnið á annan hátt en í rafbræðsluofnum	kg	V	B1
24.10.T1.31	Hrástál: stálblendi annað en ryðfrítt stál, unnið í rafbræðsluofnum	kg	V	B2
24.10.T1.32	Hrástál: stálblendi, annað en ryðfrítt stál, unnið á annan hátt en í rafbræðsluofnum	kg	V	B2
24.10.T1.41	Hrástál: ryðfrítt og hitaþolið stál unnið í rafbræðsluofnum	kg	V	B3
24.10.T1.42	Hrástál: ryðfrítt og hitaþolið stál unnið á annan hátt en í rafbræðsluofnum	kg	V	B3
24.10.T2.11	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum (breiðar ræmur) a.m.k. 600 mm að breidd	kg	V	C1
24.10.T2.12	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum minna en 600 mm að breidd	kg	V	C2
24.10.T2.21	Plötur og þynnur, valsaðar í lengjur í völsunarvélum fyrir breiðar ræmur	kg	V	C3
24.10.T2.22	Plötur, þynnur og flatar plötur, heitvalsað í öðrum völsunarvélum en fyrir breiðar ræmur	kg	V	
24.10.T2.31	Heilvalsaðar stálstangir	kg	V	
24.10.T2.41	Teinar til steypustyrkingar	kg	V	
24.10.T2.42	Aðrir heitvalsaðir teinar	kg	V	
24.10.T2.43	Heitvalsaðir og þrýstimótaðir léttir prófílar, minni en 80 mm á hæð og vinkiljárn.	kg	V	
24.10.T2.44	Þungar einingar	kg	V	
24.10.T2.51	Stálþil	kg	V	
24.10.T2.52	Efni fyrir járnbrautir	kg	V	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
24.10.T2.60	Soðnir prófílar	kg	V	
24.10.T3.10	Kaldvalsaðar þynnur, plötur og ræmur og svart stál, ≥ 600 mm að breidd	kg	V	
24.10.T3.20	Þynnur og ræmur til nota í rafmagnsvörur	kg	V	
24.10.T3.30	Blikkplata, önnur blikkþynna og stálrafhúðað með krómi (ECCS)	kg	V	
24.10.T3.40	Málmhúðaðar þynnur í málmhúðunarbaði	kg	V	
24.10.T3.50	Þynnur, rafhúðaðar með málmi	kg	V	
24.10.T3.60	Þynnur, húðaðar með lífrænum efnum	kg	V	
Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins 99.z	**Z-kóðar**			
Vöruflokkun eftir atvinnugreinum 99.zz	*Z-kóðar*			
10.00.00.Z1	Unnið og rotvarið kjöt, kjötinnmatur eða blóð, þó ekki unnir réttir úr kjöti og sláturmat	kg	S	
10.00.00.Z3	Grænmeti (þó ekki kartöflur), rotvarið á annan hátt en með ediki eða ediksýru, þ.m.t. tilbúnir grænmetisréttir	kg	S	
10.00.00.Z4 *	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar og þang og þari, fryst, þurrkað, saltað eða unnið eða rotvarið á annan hátt, fiskur, unninn eða rotvarinn á annan hátt, tilbúnar máltíðir og réttir sem byggðir eru á fiski, krabbadýrum og lindýrum	kg	S	
10.12.00.Z1	Nýjar, kældar eða forsnar heilar gæsir, endur og perluhænsn	kg	S	
10.12.00.Z2	Nýjar, kældar eða frosnar heilar gæsir, endur og perluhænsn	kg	S	
10.90.10.Z0	Tilbúið gæludýrafóður (þó ekki fyrir ketti eða hunda, umbúið til smásölu)	kg	S	
10.99.00.Z0	Jurtaseyði, fæðubótarefni, fæða sem þolir illa geymslu, aðrir tilbúnir réttir og máltíðir, önnur tilreidd matvæli, ót. a.	kg	S	
11.02.12.Z0 *	Vín og þrúgumust þar sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð í með íblöndun alkóhóls, með verndaða upprunatáknun (VUT) og framleitt með ≤ 15% alkóhólstyrkleika (þó ekki freyðivín)	l	S	
13.10.61.Z1	Baðmullargarn úr ógreiddum trefjum, ekki í smásöluumbúðum	kg	T	
13.10.61.Z2	Baðmullargarn úr greiddum trefjum, ekki í smásöluumbúðum	kg	T	
13.10.83.Z0	Garn úr syntetískum stutttrefjum, blandað með ull, ekki í smásöluumbúðum	kg	T	
13.20.20.Z1	Baðmullardúkur, ≤ 200 g/m2 (þó ekki grisja eða litað garn)	m^2	T	
13.20.20.Z2	Baðmullardúkur, > 200 g/m^2 (þó ekki litað garn)	m^2	T	
13.20.20.Z3	Ofinn dúkur úr baðmullargarni í mismunandi litum (þó ekki denim)	m^2	T	
17.12.00.Z0	Krepaður eða felldur sekkjakraftpappír í rúllum eða örkum, pappír og pappi, krepaður, felldur, upphleyptur eða gataður	kg	S	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
20.13.00.Z0 *	Fosfíð (þó ekki járnfosfór) hvort sem það er kemískt skilgreint eða ekki, hydríð, nítríð, asíð, silísíð og bóríð, einnig kemískt skýrgreind, þó ekki sambönd sem einnig eru karbíð í nr. 20.13.64.50, önnur ólífræn sambönd, ót. a., amalgöm (þó ekki eimað vatn og vatn til mælinga á rafmagnsmótstöðu og vatn af áþekkum hreinleika)	kg	S	
20.14.34.Z1	Estrar ortóþalsýru	kg	T	
20.14.61.Z0	Keðjuleg aldehýð, án annarrar súrefnisvirkni (þó ekki metan, etan)	kg	T	
20.14.62.Z0	Arómatísk ketón, án annarrar súrefnisvirkni, ketónalkóhól og ketónaldehýð, ketónfenól og ketón með annarri súrefnisvirkni, aðrar sýklan-, sýklen- eða sýklóterpenketónur án annarrar súrefnisvirkni	kg	T	
23.69.19.Z0	Pípur og aðrar vörur úr sementi, steinsteypu eða gervisteini og fylgihlutir	kg	S	
24.10.21.Z0	Hleifar, aðrar frumgerðir og langar hálfunnar vörur, úr óblendnu stáli	kg	S	
24.10.22.Z0	Hleifar, aðrar frumgerðir og langar hálfunnar vörur, úr ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.23.Z0	Hleifar, aðrar frumgerðir og langar hálfunnar vörur, úr stálblendi, þó ekki ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.33.Z0	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum ≥ 600 mm að breidd, úr ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.34.Z0	Heitvalsaðar, flatar vörur í vafningum < 600 mm að breidd, úr ryðfríu stáli	kg	S	
24.10.41.Z0	Óhúðaðar, kaldvalsaðar þynnur, plötur og ræmur (þ.m.t. þynnur og ræmur til nota í rafmagnsvörur, ekki fullhertar), ≥ 600 mm að breidd, úr öðru stáli en ryðfríu stáli	kg	S	
24.32.10.Z1	Kaldvalsað flatjárn og kaldvalsað raufarjárn, úr óblendnu stáli og blendnu stáli (öðru en ryðfríu stáli) < 600 mm að breidd	kg	S	
24.32.10.Z2	Kaldvalsað flatjárn og kaldvalsað raufarjárn, úr ryðfríu stáli (þó ekki úr einöngruðu rafstáli eða bylgjuðu flatstáli með einni sagtenntri brún eða sniðbrún) < 600 mm að breidd	kg	S	
24.32.20.Z1	Stálplötur og ræmur sem og kaldvalsað raufarjárn (úr óblendnu stáli), málmhúðað í málmhúðunarbaði eða rafhúðað með málmi, < 600 mm að breidd	kg	S	
24.32.20.Z2	Stálplötur, húðaðar með lífrænum efnum, og kaldvalsað raufarjárn úr stálplötum húðuðum með lífrænum efnum < 600 mm að breidd	kg	S	
26.30.00.Z0 *	Hlutar fyrir símtæki, síma fyrir farsímanet eða önnur þráðlaus símkerfi og annar búnaður til sendinga eða móttöku á máli, myndum eða öðrum gögnum, ót. a.		S	S2
26.51.00.Z0 *	Sveiflusjár og litrófsgreiningartæki fyrir bakskautsgeisla, tæki og búnaður til að mæla eða hafa eftirlit með rafmagni, ót. a.	p/st	S	
26.70.00.Z0 *	Skyndiljósmyndavélar og aðrar ljósmyndavélar (þó ekki stafrænar ljósmyndavélar)	p/st	S	

VÖRUSKRÁ ESB	Lýsing	Hlutstæð eining	P	Tilvísun í athugasemdir
26.99.00.Z0	Aðrar einingar sjálfvirkra gagnavinnsluvéla	p/st	S	
26.99.00.Z2	Hlutar og aukabúnaður til varanna í 26.51.12, 26.51.32, 26.51.33, 26.51.4 og 26.51.5, örsniðlar, hlutar ót. a. og hlutar og aukabúnaður til sjóntækja og tækjabúnað í nr. 9013		S	
26.99.00.Z3 *	Hlutar og fylgihlutir til áhalda, tækjabúnaðar og véla í nr. 9031		S	S2
26.99.00.Z4 *	Móttökutæki fyrir þráðlaus talfjarskipti eða þráðlaus fjarskipti (þó ekki sambyggð útvarpsviðtæki)	p/st	S	
27.99.00.Z0	Eldingavarar, spennutakmarkarar og yfirspennuafrásir, fyrir > 1 kV spennu	p/st	S	
27.99.00.Z1	Hlutar eingöngu eða aðallega nothæfir með rafmagnshreyflum og rafölum, rafmagnsrafalasamstæðum og hverfistraum-breytum, ót. a.		S	S2
28.30.99.Z0 *	Dráttarvélar með vélarafli > 37 kW, þó ekki dráttarvélar sem er stjórnað af gangandi manni, dráttarbifreiðar fyrir tengivanga og beltadráttarvél	p/st	S	
28.99.00.Z0	Hnoðvélar, mótunarvélar og spunarennibekkir til að fjarlægja málm, vélar til að framleiða sveigjanleg rör úr málmvafningi og vélar til að móta málm með rafsegulhöggum, aðrar vélar til að vinna úr málmi án þess að fjarlægja málm	p/st	S	
28.99.00.Z1	Vélar til að hefla, móta eða grópa og aðrar vélar til smíða, til að vinna málm eða keramíkmelmi, ót. a.	p/st	S	
39.99.00.Z0	Forsmíðaðar byggingar, úr plasti, steypu eða áli		S	
39.99.00.Z1	Stimpilbrunahreyflar með neistakveikju fyrir ökutækin í nr. 87, með ≤ 1 000 cm^3 sprengirými	p/st	S	
39.99.00.Z2	Stimpilbrunahreyflar með neistakveikju fyrir ökutækin í nr. 87, með > 1 000 cm^3 sprengirými	p/st	S	
39.99.00.Z4	Hárnálar, hárliðunarnálar, hárliðunarklemmur, krullupinnar o.þ.h. og hlutar til þeirra (þó ekki rafhitahársnyrtitæki)	kg	S	
39.99.00.Z5	Sporbúnaður og tengihlutar fyrir járnbrautir eða sporbrautir (þó ekki bitar úr viði, steypu eða stáli, brautarhlutar og tengihlutar sem eftir á að setja saman og brautabyggingarefni fyrir járnbrautarlestir eða sporbrautir), vélrænn merkja-, öryggis- eða umferðarstjórnbúnaður, þ.m.t. rafknúinn, fyrir járnbrautir, sporbrautir, vegi, vatnaleiðir, bifreiðastæði, hafnarmannvirki eða flugvelli, hlutar til þess sem að framan greinir		S	S2
39.99.00.Z6	Reiðtygi og aktygi fyrir ýmiss konar dýr úr hvers kyns efnum (þ.m.t. reiðsvipur og keyri og hlutar til þeirra, dráttarólar, ólar, hnéhlífar, mýli, söðulklæði, hundaklæði), göngustafir, setstafir og þess háttar, hlutar, afskurðir og aukabúnaður		S	
39.99.00.Z7 *	Kaólín	kg	T	

* = breytt fyrirsögn frá skránni frá 2016.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/97 **2019/EES/31/02**

frá 20. janúar 2016

um dreifingu vátrygginga (endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gera þarf ýmsar breytingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB ([3]). Fyrir skýrleika sakir ætti að endurútgefa þá tilskipun.

2) Þar sem meginmarkmið og viðfangsefni þessarar endurútgáfu er að samræma landsákvæði er varða dreifingu vátrygginga og endurtrygginga og þar sem sú starfsemi er stunduð alls staðar í Sambandinu ætti þessi nýja tilskipun að byggjast á 1. mgr. 53. gr. og 62. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Rétt þykir að nota tilskipunarformið til að aðlaga framkvæmdarákvæðin á þeim sviðum sem falla undir þessa tilskipun, þegar nauðsyn krefur, að sérkennum tiltekins markaðar og lagakerfis í hverju aðildarríki. Þessi tilskipun ætti einnig að miða að samræmingu landsreglna er varðar aðgang að starfsemi á sviði dreifingar vátrygginga og endurtrygginga.

3) Þessi tilskipun miðar þó að lágmarkssamræmingu og ætti því ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari ákvæði til að vernda neytendur, að því tilskildu að slík ákvæði séu í samræmi við lög Sambandsins, þ.m.t. þessa tilskipun.

4) Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar gegna lykilhlutverki í dreifingu á vátrygginga- og endurtryggingaafurðum í Sambandinu.

5) Ýmsir aðilar eða stofnanir, s.s. umboðsaðilar, miðlarar og aðilar sem bjóða saman banka- og vátryggingaþjónustu (e. „*bancassurance*“), vátryggingafélög, ferðaskrifstofur og bílaleigufyrirtæki geta dreift vátryggingaafurðum. Til að tryggja jafna meðferð rekstraraðila og neytendavernd þarf þessi tilskipun að taka til allra þessara aðila eða stofnana.

6) Neytendur ættu að njóta jafn mikillar verndar þrátt fyrir mismunandi dreifileiðir. Til að ábyrgjast að sama verndarstig gildi og að neytandinn njóti góðs af sambærilegum stöðlum, einkum á sviði upplýsingagjafar, eru jöfn samkeppnisskilyrði á milli dreifingaraðila mjög mikilvæg.

7) Beiting tilskipunar 2002/92/EB hefur leitt í ljós að skýra þarf nánar mörg ákvæði til að auðvelda dreifingu vátrygginga og að neytendavernd kallar á að gildissvið þeirrar tilskipunar verið rýmkað til að hún nái til allrar sölu vátryggingaafurða. Fella ætti vátryggingafélög sem selja vátryggingaafurðir beint undir gildissvið þessarar tilskipunar með svipuðum hætti og umboðsmenn og miðlara vátrygginga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 95.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. desember 2015.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga (Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3).

8) Til að tryggja að sama verndarstig gildi án tillits til þess eftir hvaða leiðum viðskiptavinur kaupir vátryggingaafurð, hvort sem það er beint af vátryggingafélagi eða óbeint af miðlara, þarf gildissvið þessarar tilskipunar ekki eingöngu að ná yfir vátryggingafélög eða -miðlara heldur einnig yfir aðra markaðsaðila sem selja vátryggingaafurðir sem hliðarstarfsemi, s.s. ferðaskrifstofur og bílaleigufyrirtæki, nema þau uppfylli skilyrðin fyrir undanþágu.

9) Enn er verulegur munur á ákvæðum landslaga sem veldur hindrunum á stofnun og rekstri á sviði dreifingar vátrygginga og endurtrygginga á innri markaðnum. Þörf er á að efla enn frekar innri markaðinn og stuðla að sönnum innri markaði fyrir líf- og skaðatryggingaafurðir og -þjónustu.

10) Yfirstandandi og nýlegt rask á fjármálamörkuðum hefur sýnt að mikilvægt er að tryggja skilvirka neytendavernd þvert á alla fjármálageira. Því þykir rétt að efla tiltrú neytenda og gera stjórnsýslulega meðferð á dreifingu vátryggingaafurða samræmdari til að tryggja fullnægjandi neytendaverndarstig alls staðar í Sambandinu. Hækka ætti neytendaverndarstigið í tengslum við tilskipun 2002/92/EB til að draga úr þörf á mismunandi landsráðstöfunum. Mikilvægt er að taka tillit til sérstaks eðlis vátryggingasamninga í samanburði við fjárfestingaafurðir sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([1]). Dreifing vátryggingasamninga, þ.m.t. vátryggingatengdra fjárfestingaafurða, ætti því að falla undir þessa tilskipun og vera aðlöguð tilskipun 2014/65/ESB. Hækka ætti lágmarksstaðlana að því er varðar reglur um dreifingu og skapa ætti jöfn samkeppnisskilyrði að því er varðar allar vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir.

11) Þessi tilskipun ætti að gilda um aðila sem veita þjónustu á sviði dreifingar vátrygginga eða endurtrygginga til þriðju aðila.

12) Þessi tilskipun ætti að gilda um aðila sem starfa við að veita upplýsingar um einn eða fleiri vátryggingasamninga út frá viðmiðunum sem viðskiptavinurinn velur, hvort sem það er fyrir milligöngu vefseturs eða annars miðils, eða forgangsröðun vátryggingaafurða eða afslátta af verði vátryggingasamnings þegar viðskiptavinurinn getur, beint eða óbeint, gert vátryggingasamning í lok ferlisins. Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um vefsetur sem stjórnað er af opinberum yfirvöldum eða neytendasamtökum sem ekki hafa að markmiði að gera samninga heldur eingöngu að bera saman vátryggingaafurðir sem eru í boði á markaðnum.

13) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um kynningarstarfsemi sem felur eingöngu í sér veitingu gagna og upplýsinga um mögulega vátryggingataka til vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara eða -félaga eða upplýsinga um vátrygginga- eða endurtryggingaafurðir eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara eða -félög til mögulegra vátryggingataka.

14) Þessi tilskipun ætti hvorki að gilda um aðila sem stunda aðra atvinnustarfsemi, s.s. skattasérfræðinga, endurskoðendur eða lögfræðinga, sem veita tilfallandi ráðgjöf um vátryggingavernd meðan á þeirri annarri atvinnustarfsemi stendur, né ætti hún að gilda um veitingu almennra upplýsinga um vátryggingaafurðir, að því tilskildu að tilgangur starfseminnar sé ekki að hjálpa viðskiptavininum að gera eða uppfylla vátrygginga- eða endurtryggingasamning. Þessi tilskipun ætti hvorki að gilda um faglega meðferð krafna fyrir hönd vátrygginga- eða endurtryggingafélags né um tjónauppgjör og sérfræðimat á kröfum.

15) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um aðila sem leggja stund á dreifingu vátrygginga sem hliðarstarfsemi ef iðgjaldið er ekki hærra en tiltekin fjárhæð og áhættan sem tryggingin nær yfir er takmörkuð. Slík vátrygging getur komið til viðbótar vöru eða þjónustu, þ.m.t. í tengslum við áhættuna af að þjónusta sem vænst er að verði notuð á tilteknum tíma verði ekki nýtt, s.s. lestarferð, áskrift að heilsurækt eða árskort að leikhúsi, og önnur áhætta í tengslum við ferðir, s.s. niðurfelling ferðar eða tapaður farangur. Til að tryggja að fullnægjandi neytendavernd sé ávallt fyrir hendi í tengslum við starfsemi á sviði dreifingar vátrygginga, ætti vátryggingafélag eða vátryggingamiðlari, við dreifingu fyrir milligöngu vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi sem er undanþeginn kröfunum sem settar eru fram í þessari tilskipun, að tryggja að tilteknar grunnkröfur séu uppfylltar, s.s. að upplýsa um deili á sér og með hvaða hætti unnt sé að leggja fram kvörtun, og að kröfur og þarfir viðskiptavinarins séu teknar til athugunar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

16) Þessi tilskipun ætti að tryggja að sama neytendaverndarstig gildi og allir neytendur njóti góðs af sambærilegum stöðlum. Þessi tilskipun ætti að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum og samkeppni á jafnréttisgrundvelli milli miðlara, hvort sem þeir eru tengdir vátryggingafélagi eða ekki. Það er til hagsbóta fyrir neytendur ef vátryggingaafurðum er dreift eftir mismunandi leiðum og fyrir milligöngu miðlara með mismunandi fyrirkomulag samvinnu við vátryggingafélög, að því tilskildu þeir séu krafðir um að beita sambærilegum reglum um neytendavernd. Aðildarríkin ættu að taka tillit til slíks við innleiðingu þessarar tilskipunar.

17) Í þessari tilskipun ætti að taka tillit til mismunandi tegunda dreifileiða. Hún ætti t.d. að taka tillit til eiginleika vátryggingamiðlara sem eru samningsbundnir um að stunda eingöngu viðskipti á sviði dreifingar vátrygginga við eitt eða fleiri vátryggingafélög (bundnir vátryggingamiðlarar) sem eru á mörkuðum tiltekinna aðildarríkja og ætti að koma á viðeigandi og hóflegum skilyrðum sem gilda um mismunandi tegundir dreifileiða. Einkum ættu aðildarríki að geta mælt fyrir um að dreifingaraðili vátrygginga eða endurtrygginga, sem ber ábyrgð á starfsemi vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi tryggi að slíkur miðlari uppfylli skilyrðin fyrir skráningu og skrái viðkomandi miðlara.

18) Vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar og vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi, sem eru einstaklingar, ættu að vera skráðir hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem þeir hafa búsetu. Að því er varðar þá aðila sem ferðast daglega til vinnu milli aðildarríkisins þar sem einkaheimili þeirra er og aðildarríkisins þaðan sem þeir stunda dreifingarstarfsemi sína, þ.e. aðsetur atvinnustarfsemi þeirra, ætti skráningaraðildarríkið að vera það aðildarríki þar sem aðsetur atvinnustarfseminnar er. Þeir vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar og vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi sem eru lögaðilar ættu að vera skráðir hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem þeir hafa skráða skrifstofu eða, ef samkvæmt landslögum þeirra þeir hafa enga skráða skrifstofu, þar sem aðalskrifstofa þeirra er skráð. Aðildarríki ættu að geta heimilað öðrum stofnunum að eiga samstarf við lögbær yfirvöld við skráningu og reglusetningu er varðar vátryggingamiðlara. Vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar og vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi ættu að vera skráðir, að því tilskildu þeir uppfylli strangar faglegar kröfur í tengslum við hæfni þeirra, óflekkað mannorð, starfsábyrgðartryggingu og fjárhagslega getu. Miðlarar sem þegar eru skráðir í aðildarríkjum ættu ekki að vera krafðir um að skrá sig aftur samkvæmt þessari tilskipun.

19) Vangeta vátryggingamiðlara til að starfa frjálst í öllu Sambandinu hindrar eðlilega starfsemi innri markaðarins fyrir vátryggingar. Þessi tilskipun er mikilvægt skref í átt að aukinni neytendavernd og samþættingu markaða.

20) Vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar og vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi ættu að geta nýtt sér staðfesturéttinn og frelsi til að veita þjónustu sem sett er fram í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Til samræmis við það ætti skráning í heimaaðildarríkinu að gera vátryggingamiðlurum, endurtryggingamiðlurum og vátryggingamiðlurum í hliðarstarfsemi kleift að starfa í öðrum aðildarríkjum í samræmi við meginreglurnar um staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu, að því tilskildu að viðeigandi málsmeðferð um tilkynningar milli lögbærra yfirvalda hafi verið fylgt.

21) Til að tryggja hágæða þjónustu og skilvirka neytendavernd ættu heima- og gistiaðildarríki að hafa náið samstarf um framfylgd skuldbindinganna sem settar eru fram í þessari tilskipun. Ef vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar eða vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi eru með rekstur í ýmsum aðildarríkjum samkvæmt frelsis til að veita þjónustu ætti lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu að vera ábyrgt fyrir að tryggja að skuldbindingunum sem settar eru fram í þessari tilskipun sé hlítt, að því er varðar starfsemina á innri markaðnum í heild. Ef lögbært yfirvald í gistiaðildarríki verður áskynja um brot á skuldbindingum innan yfirráðasvæðis þess ætti það að upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu sem í framhaldinu ætti að vera skylt að gera viðeigandi ráðstafanir. Þetta á einkum við í tilvikum að því er varðar brot á reglunum um óflekkað mannorð, fagþekkingu og hæfniskröfur, eða um viðskiptahætti. Þar að auki ætti lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu að hafa rétt til að grípa inn í ef heimaaðildarríkið gerir ekki viðeigandi ráðstafanir eða ef ráðstafanirnar sem gerðar eru reynast ófullnægjandi.

22) Ef um er að ræða stofnun útibús eða stöðuga viðveru í öðru aðildarríki þykir rétt að dreifa ábyrgð á framfylgd milli heima- og gistiaðildarríkja. Þótt ábyrgð á að skuldbindingum sem hafa áhrif á starfsemina í heild sinni sé hlítt – s.s. reglum um faglegar kröfur – ætti að vera hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu samkvæmt sama fyrirkomulagi og

ef um er að ræða þjónustustarfsemi, ætti lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu að ábyrgjast framfylgd reglnanna um upplýsingagjöf og viðskiptahætti að því er varðar þjónustuna sem veitt er innan yfirráðasvæðis þess. Ef lögbært yfirvald í gistiaðildarríki verður áskynja um brot á skuldbindingum innan yfirráðasvæðis sín, sem gistiaðildarríkið ber ekki ábyrgð á samkvæmt þessari tilskipun, ætti það að upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu sem í framhaldinu ætti að vera skylt að gera viðeigandi ráðstafanir. Þetta á einkum við í tilvikum að því er varðar brot á reglunum um óflekkað mannorð, fagþekkingu og hæfniskröfur. Þar að auki ætti lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu að eiga rétt á að grípa inn í ef heimaaðildarríkið gerir ekki viðeigandi ráðstafanir eða ef ráðstafanirnar sem gerðar eru reynast ófullnægjandi.

23) Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ættu að hafa yfir öllum nauðsynlegum úrræðum að ráða til að tryggja skipulegan rekstur vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi í öllu Sambandinu, hvort sem hann er stundaður samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Til að tryggja skilvirkni eftirlits ættu allar aðgerðir lögbærra yfirvalda að vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og hversu flókin áhættan er sem innbyggð er í starfsemi tiltekins dreifingaraðila, án tillits til mikilvægis hlutaðeigandi dreifingaraðila fyrir fjárhagslegan stöðugleika markaðarins í heild.

24) Aðildarríki ættu að koma á einni upplýsingamiðstöð sem veitir aðgengi að skrám þeirra yfir vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi. Sú upplýsingamiðstöð ætti einnig að hafa tengil að hverju og einu viðkomandi lögbæru yfirvaldi í hverju aðildarríki. Til að auka gagnsæi og stuðla að viðskiptum yfir landamæri ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([1]), að koma á, birta og uppfæra eitt rafrænt gagnasafn sem hefur að geyma skrá yfir alla vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, sem hafa tilkynnt um fyrirhugaða neytingu staðfesturéttar eða um að veita þjónustu. Aðildarríki ættu að veita Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni viðeigandi upplýsingar skjótt til að gera henni kleift að gera þetta. Gagnagrunnurinn ætti að hafa tengil að hverju og einu viðkomandi lögbæru yfirvaldi í hverju aðildarríki. Öll lögbær yfirvöld í hverju og einu aðildarríki ættu að hafa tengil að gagnagrunninum á vefsetri sínu.

25) Sérhverja stöðuga viðveru miðlara á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sem jafngildir útibúi, ætti að meðhöndla eins og útibú, nema miðlarinn setji viðveru sína upp löglega með öðrum hætti. Með hliðsjón af öðrum aðstæðum, gæti slíkt verið tilfellið jafnvel þótt viðveran sé formlega ekki útibú heldur einungis skrifstofa sem rekin er af starfsfólki miðlarans eða óháðum aðila sem hefur ótímabundna heimild til að koma fram fyrir hönd miðlarans með sama hætti og umboðsskrifstofa myndi gera.

26) Koma ætti á með skýrum hætti hlutfallslegum réttindum og ábyrgðum heima- og gistiaðildarríkja að því er varðar eftirlit með vátryggingamiðlurum, endurtryggingamiðlurum og vátryggingamiðlurum í hliðarstarfsemi, sem þau hafa skráð eða leggja stund á dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga innan yfirráðasvæðis þeirra við neytingu staðfesturéttar eða frelsis til að veita þjónustu.

27) Til að takast á við aðstæður þar sem vátryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi er með staðfestu í aðildarríki í þeim eina tilgangi að komast hjá að hlíta reglum annars aðildarríkis þar sem hann stundar starfsemi sína, að öllu eða að mestu leyti, getur sá möguleiki að gera varúðarráðstafanir verið viðeigandi lausn fyrir gistiaðildarríkið, ef starfsemin skapar verulega hættu fyrir eðlilega starfsemi vátrygginga- og endurtryggingamarkaðarins í gistiaðildarríkinu, og ætti þessi tilskipun ekki að koma í veg fyrir það. Þessar ráðstafanir ættu þó hvorki að vera hindrun við frelsi til að veita þjónustu og staðfesturéttinn, né aðgangshindrun fyrir starfsemi yfir landamæri.

28) Mikilvægt er að tryggja hátt stig fagmennsku og hæfni meðal vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi og starfsmanna vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem taka þátt í undirbúningsvinnu fyrir, á meðan og eftir sölu vátrygginga- og endurtryggingasamninga. Fagþekking miðlara og vátryggingamiðlara

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

í hliðarstarfsemi og starfsmanna vátrygginga- og endurtryggingafélaga þarf því að vera í samræmi við hversu flókin þessi starfsemi er. Gera ætti kröfu um að vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi þekki skilmála og skilyrði samninganna sem þeir dreifa og, eftir atvikum, reglur um meðhöndlun krafna og kvartana.

29) Tryggja ætti viðvarandi starfsþjálfun og -þróun. Slík starfsþjálfun og -þróun gæti verið fólgin í ýmis konar námstækifærum sem ýtt er undir, þ.m.t. námskeið, rafrænt nám og handleiðslu. Aðildarríkin ættu að setja reglur um útgáfu eyðublaða, innihald og vottorð sem krafist er eða annars konar viðeigandi staðfestingar, s.s. færslu í skrá eða að prófi hafi verið lokið með fullnægjandi hætti.

30) Kröfurnar um heilindi stuðla að traustum og áreiðanlegum vátryggingageira og markmiðinu um fullnægjandi vernd vátryggingataka. Þessar kröfur fela í sér að vera með hreina sakaskrá eða annað landsbundið jafngildi þess í tengslum við tiltekin afbrot, s.s. brot á löggjöf um fjármálaþjónustu, brot er varða óheiðarleika, svik eða fjármálabrot og önnur afbrot samkvæmt félagarétti, gjaldþrotaskiptarétti eða lögum um ógjaldfærni.

31) Það er jafn mikilvægt að viðkomandi aðilar innan stjórnunarfyrirkomulags vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, sem taka þátt í dreifingu vátrygginga- eða endurtryggingaafurða, sem og viðeigandi starfsfólk dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga sem tekur beinan þátt í dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga, búi yfir viðeigandi þekkingu og hæfni að því er varðar dreifingarstarfsemina. Tryggja ætti viðeigandi stig þekkingar og hæfni með því að beita kröfum um tiltekna þekkingu og fagmennsku þessara aðila.

32) Aðildarríki ættu ekki að þurfa að telja sem viðkomandi aðila þá stjórnendur eða starfsmenn sem ekki taka með beinum hætti þátt í dreifingu vátrygginga- eða endurtryggingaafurða. Að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingamiðlara og -félög ætti að vænta þess að allt starfsfólk sem tekur með beinum hætti þátt í dreifingarstarfseminni búi yfir viðeigandi þekkingu og hæfni, með tilteknum undanþágum, s.s. fyrir þá sem vinna einungis stjórnsýslustörf. Að því er varðar vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi ætti a.m.k. að telja þá aðila sem bera ábyrgð á dreifingu vátrygginga sem hliðarstarfsemi til viðkomandi aðila sem vænst er að búi yfir viðeigandi þekkingu og hæfni. Ef dreifingaraðili vátrygginga og endurtrygginga er lögaðili ættu aðilarnir innan stjórnunarfyrirkomulagsins, sem bera ábyrgð á framkvæmd stefna og málsmeðferða í tengslum við dreifingu vátrygginga- eða endurtryggingaafurða, einnig að uppfylla kröfur um viðeigandi þekkingu og hæfni. Í þeim tilgangi ætti aðilinn sem ber ábyrgð á starfseminni að því er varðar dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga innan vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi ávallt að uppfylla kröfurnar um þekkingu og hæfni.

33) Aðildarríki ættu að tryggja að vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög sem veita ráðgjöf um, eða selja, vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir til almennra viðskiptavina búi yfir viðeigandi þekkingu og hæfni í tengslum við afurðirnar sem eru í boði. Slík þekking og hæfni er sérstaklega mikilvæg vegna þess að hönnun vátryggingatengdra fjárfestingaafurða verður sífellt flóknari og vegna áframhaldandi nýsköpunar. Kaup á vátryggingatengdri fjárfestingaafurð felur í sér áhættu og ættu fjárfestar að geta treyst upplýsingunum sem veittar eru og gæðum matsins sem lagt er fram. Þar að auki ættu starfsmenn að fá nægan tíma og tilföng til að geta veitt allar viðeigandi upplýsingar til viðskiptavina um afurðirnar sem þeir bjóða.

34) Samræming landsákvæða um faglegar kröfur og skráningu aðila sem stofna og leggja stund á rekstur á sviði dreifingar vátrygginga eða endurtrygginga getur stuðlað bæði að fullgerð innri markaðarins fyrir fjármálaþjónustu og aukinni neytendavernd á þessu sviði.

35) Til þess að auka viðskipti yfir landamæri ætti að innleiða meginreglur sem gilda um gagnkvæma viðurkenningu á þekkingu og hæfni miðlara.

36) Þrátt fyrir núverandi kerfi um sameiginlegt vegabréf fyrir vátryggjendur og miðlara er vátryggingamarkaðurinn í Sambandinu ennþá mjög sundurleitur. Til að greiða fyrir viðskiptum yfir landamæri og auka gagnsæi fyrir viðskiptavini ættu aðildarríki að tryggja birtingu á reglunum um „almannahagsmuni“ sem gilda á yfirráðasvæði þeirra, og gera ætti sameiginlega rafræna skrá og upplýsingar um reglur allra aðildarríkjanna um „almannahagsmuni“ sem gilda um dreifingu vátrygginga og endurtrygginga aðgengilegar öllum.

37) Samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda eru mikilvæg til að vernda viðskiptavini og tryggja áreiðanleika í vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi á innri markaðnum. Einkum ætti að stuðla að upplýsingaskiptum, bæði meðan

á skráningarferlinu stendur og á áframhaldandi grundvelli, með tilvísun í upplýsingar er varða óflekkað mannorð og um faglega hæfni og þekkingu aðila sem bera ábyrgð á starfsemi dreifingaraðila á sviði vátrygginga eða endurtrygginga.

38) Þörf er á fullnægjandi og skilvirkri kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar í aðildarríkjunum til að skera úr um ágreining milli dreifingaraðila vátrygginga og viðskiptavina með því að nota, eftir því sem við á, núverandi málsmeðferðir. Þessar málsmeðferðir ættu að vera aðgengilegar til að takast á við ágreiningsefni er varða réttindi og skyldur samkvæmt þessari tilskipun. Slíkar kæru- og úrlausnarmeðferðir utan réttar ættu að miðast við að ná fram fljótari og ódýrari úrlausn deilumála milli dreifingaraðila vátrygginga og viðskiptavina.

39) Fjölgun starfssviða sem margir vátryggingamiðlarar og -félög leggja stund á samtímis hefur aukið líkurnar á hagsmunaárekstrum á milli þessarar mismunandi starfsemi og hagsmuna viðskiptavina þeirra. Því er nauðsynlegt að kveða á um reglur til að tryggja að slíkir hagsmunaárekstrar hafi ekki neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavinarins.

40) Fyrirfram ætti að veita viðskiptavinum skýrar upplýsingar um stöðu aðilanna sem selja vátryggingaafurðir og um tegund greiðslna sem þeir fá fyrir. Veita ætti viðskiptavininum slíkar upplýsingar áður en samningur er gerður. Tilgangur þess er að sýna fram á sambandið milli vátryggingafélagsins og miðlarans, eftir atvikum, sem og tegund greiðslna miðlarans.

41) Til að veita viðskiptavini upplýsingar um þjónustu sem veitt er á sviði dreifingar vátrygginga, án tillits til þess hvort viðskiptavinurinn kaupir fyrir milligöngu miðlara eða beint af vátryggingafélagi, og til að forðast röskun á samkeppni með því að hvetja vátryggingafélög til að selja viðskiptavinum beint fremur en fyrir milligöngu miðlara til að komast hjá kröfum um upplýsingar, ætti þess einnig að vera krafist að vátryggingafélög veiti viðskiptavinum upplýsingar um eðli greiðslnanna sem starfsfólk þeirra fær fyrir söluna á vátryggingaafurðum.

42) Vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög falla undir samræmdar kröfur þegar vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum er dreift, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ([1]). Til viðbótar upplýsingunum sem krafist er að veittar séu í formi lykilupplýsingaskjals ættu dreifingaraðilar vátryggingatengdra fjárfestingaafurða að veita viðbótarupplýsingar um allan kostnað við dreifingu, sem ekki hefur þegar verið tekinn með í kostnaðinn sem tilgreindur er í lykilupplýsingaskjalinu, til að gera viðskiptavininum kleift að skilja samlegðaráhrifin sem þessi kostnaður gæti haft á arðinn af fjárfestingunni. Því ætti, í þessari tilskipun, að mæla fyrir um reglur um veitingu upplýsinga um kostnaðinn við dreifingarþjónustuna í tengslum við viðkomandi vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir.

43) Þar sem þessi tilskipun miðar að því að auka neytendavernd gilda sum ákvæði hennar eingöngu um „B2C-samskipti“, einkum ákvæðin um viðskiptahætti vátryggingamiðlara eða annarra seljenda vátryggingaafurða.

44) Til að komast hjá því að vátryggingaafurðum sé prangað inn á neytendur ætti, við sölu þeirra, ætíð að gera könnun á kröfum og þörfum á grundvelli upplýsinga frá viðskiptavininum. Allar vátryggingaafurðir sem kynntar eru viðskiptavininum ættu að vera í samræmi við kröfur og þarfir viðskiptavinarins og kynntar á skiljanlegu formi sem gerir þeim viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun.

45) Ef ráðgjöf er veitt áður en sala á vátryggingaafurð á sér stað ætti að veita viðskiptavininum einstaklingsbundna ráðleggingu, til viðbótar við þá skyldu að skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavinarins, sem útskýrir af hverju tiltekin afurð uppfyllir best vátryggingakröfur og -þarfir viðskiptavinarins.

46) Aðildarríki ættu að krefjast þess að starfskjarastefna dreifingaraðila vátrygginga, að því er varðar starfsfólk þeirra eða fulltrúa, geri þeim ekki erfitt um vik að starfa í samræmi við ítrustu hagsmuni viðskiptavina eða komi í veg fyrir að þeir veiti hentuga ráðleggingu eða setji fram upplýsingar á formi sem er sanngjarnt, skýrt og ekki villandi. Greiðslur á grundvelli sölumarkmiða ættu ekki að vera hvati til að mælt sé með tiltekinni afurð við viðskiptavininn.

47) Mikilvægt er fyrir viðskiptavinina að vita hvort þeir eigi viðskipti við miðlara sem veitir ráðgjöf á grundvelli sanngjarnrar og einstaklingsbundinnar greiningar. Til að leggja mat á hvort fjöldi samninga og veitenda sem miðlarinn tekur til athugunar nægir til að tryggja sanngjarna og einstaklingsbundna greiningu ætti m.a. að taka viðeigandi tillit til

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl varðandi pakkaðar fjárfestingarafurðir handa almennum fjárfestum og vátryggingatengdar fjárfestingarafurðir í smásölu (PRIIPs) (Stjtíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

þarfa viðskiptavinarins, fjölda veitenda á markaðnum, markaðshlutdeild þessara veitenda, fjölda viðkomandi vátryggingaafurða frá hverjum veitanda og eiginleika þessara afurða. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki geri kröfu um að vátryggingamiðlari sem óskar eftir að veita ráðgjöf á grundvelli sanngjarnrar og einstaklingsbundinnar greiningar á vátryggingasamningi, veiti slíka ráðgjöf um alla vátryggingasamninga sem slíkur vátryggingamiðlari dreifir.

48) Áður en samningur er gerður, þ.m.t. ef um er að ræða sölu án ráðgjafar, ætti að veita viðskiptavininum upplýsingar sem eiga við um vátryggingaafurðina til að gera honum kleift að taka upplýsta ákvörðun. Upplýsingaskjal um vátryggingaafurð ætti að veita staðlaðar upplýsingar um skaðatryggingaafurðir. Það ætti að vera tekið saman af viðkomandi vátryggingafélagi eða, í hlutaðeigandi aðildarríkjum, vátryggingamiðlaranum sem útfærir vátryggingaafurðina. Vátryggingamiðlarinn ætti að útskýra fyrir viðskiptavininum lykilþætti vátryggingaafurðanna sem hann selur og því ætti starfsfólk hans að fá viðeigandi tilföng og tíma til þess.

49) Ef um er að ræða hóptryggingu ætti „viðskiptavinur“ að merkja fulltrúann fyrir hópi aðila sem gerir vátryggingasamning fyrir hönd hópsins, þar sem einstakur aðili getur ekki tekið sjálfstæða ákvörðun um að taka þátt, s.s. í lögboðnu kerfi fyrir starfstengdan lífeyri. Fulltrúi hópsins ætti, þegar í stað eftir skráningu aðilans í hóptrygginguna, að útvega, ef við á, upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina og upplýsingar um viðskiptahætti dreifingaraðilans.

50) Mæla ætti fyrir um samræmdar reglur til að veita viðskiptavininum val um á hvaða miðli upplýsingar eru veittar, sem gerir kleift að nota rafræn samskipti þegar það á við, með hliðsjón af aðstæðunum við færsluna. Viðskiptavinurinn ætti þó að eiga kost á að fá upplýsingarnar á pappírsformi. Til að viðskiptavinurinn hafi aðgang að upplýsingum ættu allar upplýsingar, sem veittar eru áður en samningur er gerður, að vera aðgengilegar án endurgjalds.

51) Það er síður þörf á að krefjast að slíkar upplýsingar séu birtar þegar viðskiptavinurinn leitar eftir endurtrygginga- eða vátryggingavernd vegna viðskipta- og iðnaðaráhættu, eða einungis í þeim tilgangi að dreifa vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum, þegar viðskiptavinurinn er fagviðskiptavinur eins og skilgreint er í tilskipun 2014/65/ESB.

52) Í þessari tilskipun ætti að tilgreina lágmarksskyldur dreifingaraðila vátrygginga um veitingu upplýsinga til viðskiptavina. Aðildarríki ætti að geta viðhaldið eða samþykkt strangari ákvæði um upplýsingagjöf sem leggja má á dreifingaraðila vátrygginga, óháð ákvæðum heimaaðildarríkis þeirra, þegar slíkir dreifingaraðilar stunda dreifingu vátrygginga á yfirráðasvæði þess aðildarríkis, að því tilskildu að þessi strangari ákvæði séu í samræmi við lög Sambandsins, þ.m.t. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB ([1]). Aðildarríki sem áformar að beita og beitir ákvæðum sem gilda um dreifingaraðila vátrygginga og sölu vátryggingaafurða, til viðbótar þeim sem sett eru fram í þessari tilskipun, ættu að tryggja að stjórnsýslubyrðin sem leiðir af þessum ákvæðum sé hlutfallsleg með tilliti til neytendaverndar og áfram takmörkuð.

53) Krosssala er algeng aðferð dreifingaraðila vátrygginga í öllu Sambandinu. Hún getur verið til hagsbóta fyrir viðskiptavini en getur einnig haft í för með sér að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna viðskiptavina. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir dreifingu vátryggingasamninga sem ná yfir margþætta áhættu.

54) Ákvæði þessarar tilskipunar að því er varðar krosssölu ættu ekki að hafa áhrif á beitingu lagagerða Sambandsins sem kveða á um reglur um krosssölu í tengslum við tiltekna vöru- eða þjónustuflokka.

55) Til að tryggja að vátryggingaafurðir uppfylli þarfir markhópsins ættu vátryggingafélög og, í aðildarríkjum þar sem vátryggingamiðlarar útfæra vátryggingaafurðir til að selja viðskiptavinum, vátryggingamiðlarar að viðhalda, starfrækja og endurskoða ferli fyrir samþykki á hverri og einni vátryggingaafurð. Ef dreifingaraðili vátrygginga veitir ráðgjöf um, eða leggur til, vátryggingaafurðir sem hann útfærir ekki ætti ávallt að vera mögulegt að skilja eiginleikana og skilgreinda markhópinn fyrir þessar afurðir. Þessi tilskipun ætti ekki að takmarka fjölbreytileika og sveigjanleika aðferðanna sem félög nota til að þróa nýjar afurðir.

56) Vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir eru oft boðnar viðskiptavinum sem mögulegir valkostir eða til staðgöngu við fjárfestingaafurðir sem falla undir tilskipun 2014/65/ESB. Til að koma á samræmdri neytendavernd og til að forðast áhættuna af eftirlitshögnun er mikilvægt að vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir falli undir staðla sem miða að því að meðhöndla fjárfestingaþáttinn sem innbyggður er í þessar afurðir, til viðbótar stöðlunum um viðskiptahætti sem

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (tilskipun um rafræn viðskipti) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

skilgreindir eru fyrir allar vátryggingaafurðir. Slíkir sérstakir staðlar ættu að innihalda ákvæði um viðeigandi upplýsingar, kröfur um hentuga ráðgjöf og takmarkanir á greiðslur.

57) Til að tryggja að þóknanir eða umboðslaun eða annar óþeningalegur ávinningur í tengslum við dreifingu á vátryggingatengdri fjárfestingaafurð, sem greiddur er til eða af einhverjum aðila, að frátöldum viðskiptavininum eða aðila fyrir hönd viðskiptavinarins, hafi ekki skaðleg áhrif á gæði viðkomandi þjónustu sem veitt er viðskiptavininum, ætti dreifingaraðili vátryggingana að koma á viðeigandi og hóflegu fyrirkomulagi til að komast hjá slíkum skaðlegum áhrifum. Í þeim tilgangi ætti dreifingaraðili vátryggingana að þróa, innleiða og endurskoða reglulega nýjar stefnur og málsmeðferðir að því er varðar hagsmunaárekstra með það að markmiði að komast hjá skaðlegum áhrifum á gæði viðkomandi þjónustu sem veitt er viðskiptavininum og til að tryggja að viðskiptavinurinn sé upplýstur á fullnægjandi hátt um þóknanir, umboðslaun eða ávinning.

58) Til að tryggja að vátryggingafélög og aðilar sem hafa með höndum dreifingu vátrygginga fari að ákvæðum þessarar tilskipunar, og til að tryggja að þeir falli undir sambærilega meðhöndlun alls staðar í Sambandinu, ætti að krefja aðildarríki um að koma á stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum sem eru skilvirk, hlutfallsleg og letjandi. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 8. desember 2010 um að efla fyrirkomulag um viðurlög á sviði fjármálaþjónustu hefur endurskoðun á gildandi valdheimildum og raunverulegri beitingu þeirra verið framkvæmd með það að markmiði að stuðla að samleitni viðurlaga og annarra ráðstafana. Því ættu stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem mælt er fyrir um í aðildarríkjunum að fullnægja tilteknum mikilvægum kröfum með tilliti til viðtakenda, viðmiðana sem taka á tillit til við beitingu viðurlaga eða annarra ráðstafana, og birtingar.

59) Jafnvel þótt ekkert komi í veg fyrir að aðildarríki mæli fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög og refsiviðurlög við sömu brotum ætti þess ekki að vera krafist að aðildarríki mæli fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög við brotum á þessari tilskipun sem falla undir landsbundinn refsirétt. Aðildarríkjum er, í samræmi við landslög, ekki skylt að leggja bæði á stjórnsýsluviðurlög og beita refsiviðurlögum við sama afbrotinu, en þau ættu að geta gert það ef landslög þeirra heimila. Setning refsiviðurlaga í stað stjórnsýsluviðurlaga við brotum á þessari tilskipun ætti þó ekki að draga úr eða að öðru leyti hafa áhrif á að lögbær yfirvöld starfi saman, hafi aðgang að og skiptist tímanlega á upplýsingum við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum að því er varðar þessa tilskipun, einnig eftir að viðkomandi brotum hefur verið vísað til saksóknar hjá lögbærum dómsyfirvöldum.

60) Einkum ættu lögbær yfirvöld að hafa valdheimildir til að leggja á fjárhagsleg viðurlög sem eru nægjanlega há til að vega upp á móti raunverulegum eða mögulegum ávinningi, og eru letjandi jafnvel fyrir stórar stofnanir og stjórnendur þeirra.

61) Til að koma á samræmdri í neytendavernd og til að forðast áhættuna af eftirlitshögnun er mikilvægt, ef um er að ræða brot í tengslum við dreifingu vátryggingatengdrar fjárfestingaafurðar, að stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem aðildarríki setja séu löguð að þeim sem sett eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1286/2014.

62) Til að tryggja samræmda beitingu viðurlaga alls staðar í Sambandinu ættu aðildarríki að sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðkomandi aðstæðna þegar tegundir stjórnsýsluviðurlaga eða annarra ráðstafana og upphæðir fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga eru ákvörðuð.

63) Til að tryggja að ákvarðanir um brot sem lögbær yfirvöld taka hafi letjandi áhrif á allan almenning og til að upplýsa markaðsaðila um atferli sem telst skaðlegt viðskiptavinum, ætti að birta þessar ákvarðanir, að því tilskildu að tíminn til að leggja fram kæru sé liðinn og að engin kæra hafi verið lögð fram, nema slík birting upplýsinga tefli stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn í tvísýnu. Ef landslög kveða á um birtingu viðurlaga eða annarra ráðstafana sem falla undir rétt til áfrýjunar ætti einnig að birta slíkar upplýsingar, sem og niðurstöðu áfrýjunarinnar, án ótilhlýðilegrar tafar. Ef birting viðurlaga eða annarra ráðstafana myndi valda skaða fyrir hlutaðeigandi aðila sem ekki er í réttu hlutfalli við tilefnið ætti lögbæra yfirvaldið þó ávallt að geta ákveðið að birta ekki viðurlögin eða aðrar ráðstafanir eða að birta þau nafnlaust.

64) Til að greina möguleg brot ættu lögbær yfirvöld að hafa nauðsynlegar rannsóknarheimildir, og ættu að koma á skilvirku fyrirkomulagi sem gerir kleift að tilkynna um möguleg eða raunveruleg brot.

65) Þessi tilskipun ætti bæði að vísa til stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana án tillits til þess hvort þau flokkist sem viðurlög eða aðrar ráðstafanir samkvæmt landslögum.

66) Tilskipun þessi ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði í lögum aðildarríkjanna sem varða refsiverða verknaði.

67) Til þess að ná markmiðunum sem sett eru fram í þessari tilskipun ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), að því er varðar eftirlit með afurðum og kröfur um stjórnunarhætti fyrir allar afurðir og, í tengslum við dreifingu vátryggingatengdra fjárfestingaafurða, stjórnun hagsmunaárekstra, skilyrðin fyrir að greiða megi eða taka við söluhvötum, og mat á hentugleika og tilhlýðileika. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

68) Tæknistaðlar í fjármálaþjónustu ættu að tryggja samræmda samhæfingu og fullnægjandi neytendavernd alls staðar í Sambandinu. Þar eð Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin er stofnun sem býr yfir mikilli faglegri sérfræðiþekkingu ætti einungis að fela henni að semja drög að reglugerð og tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem ekki kalla á val um stefnu, til að leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina.

69) Í samræmi við sameiginlegan skilning á framseldum gerðum milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ætti framkvæmdastjórnin, án þess að hafa áhrif á frekari endurskoðun, að taka tillit til andmælatímabilsins sem og málsmeðferðarreglna Evrópuþingsins og ráðsins varðandi dagsetningu sendingar framseldu gerðarinnar. Í samræmi við sameiginlegan skilning á framseldum gerðum, án þess að hafa áhrif á frekari endurskoðun, og, eftir atvikum, reglugerð (ESB) nr. 1094/2010, ætti einnig að tryggja viðhlítandi gagnsæi og viðeigandi samskipti við Evrópuþingið og ráðið áður en framselda gerðin er samþykkt.

70) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]) ættu að gilda um vinnslu Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum innan ramma þessarar tilskipunar, undir eftirliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar.

71) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og felast í sáttmálunum.

72) Þessi tilskipun ætti ekki að vera of íþyngjandi fyrir litla og meðalstóra dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga. Ein af aðferðunum til að ná þessu markmiði er að beita meðalhófsreglunni á réttan hátt. Sú regla ætti að gilda bæði um kröfurnar sem lagðar eru á dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga, og um beitingu eftirlitsheimilda.

73) Endurskoðun á þessari tilskipun ætti að fara fram fimm árum eftir gildistöku hennar, í því skyni taka mið af markaðsþróun og þróun á öðrum sviðum laga Sambandsins eða reynslu aðildarríkja af innleiðingu laga Sambandsins, einkum með tilliti til afurða sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB ([3]).

74) Tilskipun 2002/92/EB ætti að falla úr gildi 24 mánuðum eftir að þessi tilskipun öðlast gildi. Þó ætti að fella III. kafla A í tilskipun 2002/92/EB niður frá og með gildistökudegi þessarar tilskipunar.

75) Skyldan að lögleiða þessa tilskipun í aðildarríkjunum ætti að takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér efnislega breytingu á tilskipun 2002/92/EB. Skyldan að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í þeirri tilskipun.

76) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að leiða tilskipun 2002/92/EB í landslög.

77) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 23. nóvember 2012 ([4]).

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Sambandsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

([4]) Stjtíð. ESB C 100, 6.4.2013, bls. 12.

78) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, en þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs hennar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, gengur þessi tilskipun ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

79) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttmæt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um stofnun og rekstur á sviði dreifingar vátrygginga og endurtrygginga í Sambandinu.

2. Þessi tilskipun gildir um alla einstaklinga og lögaðila sem hafa staðfestu í aðildarríki eða sem óska eftir staðfestu þar í því skyni að stofna til og hafa með höndum dreifingu vátrygginga- og endurtryggingaafurða.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi sem leggja stund á dreifingu vátrygginga ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) vátryggingin er til viðbótar vöru eða þjónustu sem veitandinn veitir, ef slík vátrygging nær yfir:

   i. áhættuna af að varan bili, tapist eða verði fyrir tjóni eða að þjónustan sem veitandinn veitir sé ekki nýtt, eða

   ii. tjón eða tap á farangri eða aðra áhættu í tengslum við ferð sem bókuð er hjá viðkomandi veitanda,

b) upphæð iðgjaldsins sem greitt er fyrir vátryggingaafurðina fer ekki yfir 600 evrur, reiknað árlega í réttu hlutfalli,

c) þrátt fyrir b-lið, ef vátryggingin kemur til viðbótar þjónustu sem um getur í a-lið og varanleiki þeirrar þjónustu er þrír mánuðir eða minna, upphæð iðgjaldsins sem hver aðili greiðir fer ekki yfir 200 evrur.

4. Aðildarríki skulu tryggja, við dreifingu fyrir milligöngu vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi sem er undanþeginn beitingu þessarar tilskipunar skv. 3. gr., að vátryggingafélag eða vátryggingamiðlari tryggi að:

a) upplýsingar séu gerðar aðgengilegar viðskiptavininum, áður en samningur er gerður, um nafn og heimili miðlarans og um málsmeðferðina sem um getur í 14. gr. sem gerir viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að leggja fram kvartanir,

b) viðeigandi og hlutfallslegu fyrirkomulagi sé komið á til að uppfylla 17. og 24. gr. og taka til athugunar kröfur og þarfir viðskiptavinarins áður en samningstillagan er lögð fram,

c) viðskiptavinurinn fái upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina sem um getur í 5. mgr. 20. gr., áður en samningurinn er gerður.

5. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með markaðnum, þ.m.t. markaðnum fyrir fylgiafurðir vátrygginga sem eru markaðssettar, dreift eða seldar í, eða frá, aðildarríki. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin getur stuðlað að og samræmt slíkt eftirlit.

6. Þessi tilskipun gildir ekki um dreifingu vátrygginga og endurtrygginga í tengslum við áhættu og skuldbindingar utan Sambandsins.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á lög aðildarríkis að því er varðar dreifingu vátrygginga og endurtrygginga sem vátrygginga- og endurtryggingafélög eða vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar með staðfestu í þriðja landi hafa með höndum og starfa á yfirráðasvæði þess samkvæmt meginreglunni um frelsi til að veita þjónustu, að því tilskildu að tryggð sé jöfn meðferð allra aðila sem stunda eða hafa leyfi til að leggja stund á dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga á þeim markaði.

Í þessari tilskipun skal ekki setja reglur um dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga í þriðju löndum.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem dreifingaraðilar þeirra á vátryggingum eða endurtryggingum rekast á við að stofna aðsetur sitt eða leggja stund dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga í einhverju þriðja landi.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „dreifing vátrygginga“: starfsemi sem felst í því að veita ráðgjöf um, leggja til eða inna af hendi aðra vinnu við undirbúning fyrir samningagerð um vátryggingar, gerð slíkra samninga, eða aðstoð við stjórnun og efndir slíkra samninga, einkum ef um er að ræða kröfu, þ.m.t. veitingu upplýsinga um einn eða fleiri vátryggingasamninga í samræmi við viðmiðanirnar sem viðskiptavinir velja fyrir milligöngu vefseturs eða annars miðils og gerð forgangslista yfir vátryggingaafurðir, þ.m.t. um verð- og afurðarsamanburð, eða afslætti af verði vátryggingasamnings, ef viðskiptavinurinn getur, beint eða óbeint, gert vátryggingasamning með notkun vefsetur eða annars miðils,

2) „endurtryggingadreifing“: starfsemi sem felst í því að veita ráðgjöf um, leggja til eða inna af hendi aðra vinnu við undirbúning fyrir samningagerð um endurtryggingar, gerð slíkra samninga eða aðstoð við stjórnun og framkvæmd slíkra samninga, einkum ef um er að ræða kröfu, þ.m.t. þegar endurtryggingafélag innir hana af hendi án afskipta endurtryggingamiðlara,

3) „vátryggingamiðlari“: einstaklingur eða lögaðili, annar en vátrygginga- eða endurtryggingafélag eða starfsfólk þess og annar en vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi, sem stofnar til eða hefur með höndum dreifingu vátrygginga, gegn greiðslu,

4) „vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi“: einstaklingur eða lögaðili, annar en lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki, eins og skilgreint er í 1. og 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]), sem stofnar til eða hefur með höndum dreifingu vátrygginga sem hliðarstarfsemi, gegn greiðslu, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   a) meginatvinnustarfsemi þess einstaklings eða lögaðila er önnur en dreifing vátrygginga,

   b) einstaklingurinn eða lögaðilinn dreifir eingöngu tilteknum vátryggingaafurðum sem eru til viðbótar vöru eða þjónustu,

   c) viðkomandi vátryggingaafurðir ná ekki yfir líftryggingu eða skaðabótaábyrgð, nema verndin sé til viðbótar vörunni eða þjónustunni sem miðlarinn býður sem hluta af meginatvinnustarfsemi sinni,

5) „endurtryggingamiðlari“: einstaklingur eða lögaðili, annar en endurtryggingafélag eða starfsfólk þess, sem stofnar til eða hefur með höndum endurtryggingadreifingu, gegn greiðslu,

6) „vátryggingafélag“: félag eins og skilgreint er í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([2]),

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

7) „endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag eins og skilgreint er í 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

8) „dreifingaraðili vátrygginga“: vátryggingamiðlari, vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi eða vátryggingafélag,

9) „launagreiðslur“: hvers konar umboðslaun, þóknun, gjald eða önnur greiðsla, þ.m.t. hvers konar efnahagslegur ávinningur eða annar fjárhagslegur eða ófjárhagslegur ábati eða hvati sem boðinn er eða veittur að því er varðar dreifingu vátrygginga,

10) „heimaaðildarríki“:

a) ef miðlarinn er einstaklingur, það aðildarríki þar sem búseta hans eða hennar er,

b) ef miðlarinn er lögaðili, það aðildarríki þar sem skráð skrifstofa hans er staðsett eða, ef hann hefur enga skráða skrifstofu samkvæmt innlendum lögum, það aðildarríki þar sem aðalskrifstofa hans er staðsett,

11) „gistiaðildarríki“: aðildarríkið þar sem vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari hefur stöðuga viðveru eða starfsstöð eða veitir þjónustu, og sem ekki er heimaaðildarríki hans,

12) „útibú“: umboðsskrifstofa eða útibú miðlara sem staðsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en heimaaðildarríkisins,

13) „náin tengsl“: náin tengsl í sömu merkingu og skilgreint er í 17. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

14) „meginstarfsstöð“: staðurinn þaðan sem meginstarfseminni er stjórnað,

15) „ráðgjöf“: það að veita viðskiptavini einstaklingsbundna ráðleggingu annað hvort að beiðni hans eða að frumkvæði dreifingaraðila vátrygginga að því er varðar einn eða fleiri vátryggingasamninga,

16) „stór áhætta“: stór áhætta eins og skilgreint er í 27. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

17) „vátryggingatengd fjárfestingaafurð“: vátryggingaafurð með líftíma- eða endurkaupsvirði og þar sem líftíma- eða endurkaupsvirðið er að öllu leyti eða að hluta til óvarið, beint eða óbeint, fyrir markaðsflökti, og inniheldur ekki:

a) skaðatryggingaafurðir sem skráðar eru í I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB (Flokkar skaðatrygginga),

b) líftryggingasamninga þar sem bæturnar samkvæmt samningnum eru eingöngu til greiðslu vegna dauðsfalls eða óvinnufærni vegna slysa, veikinda eða örorku,

c) lífeyrisafurðir sem, samkvæmt landslögum, viðurkennt er að hafi þann megintilgang að veita fjárfestinum tekjur við starfslok, og fjárfestinum rétt til tiltekinna kjara,

d) opinberlega viðurkennt starfstengt lífeyriskerfi sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2003/41/EB eða tilskipunar 2009/138/EB,

e) einstakar lífeyrisafurðir sem krefjast fjárframlags starfsmanns samkvæmt landslögum og vinnuveitandinn eða starfsmaðurinn hefur hvorki val um lífeyrisafurðina né veitandann,

18) „varanlegur miðill“: hvert það tæki sem:

a) gerir viðskiptavini kleift að geyma upplýsingar sem beint er persónulega til hans með hætti að nálgast má síðar og í hæfilega langan tíma eftir því hvaða tilgangi þær þjóna, og

b) gerir kleift að afrita upplýsingarnar sem geymdar eru óbreyttar.

2. Að því er varðar 1. og 2. lið 1. mgr. telst eftirfarandi ekki vera dreifing vátrygginga eða endurtrygginga:

a) tilfallandi veiting upplýsinga í tengslum við aðra atvinnustarfsemi þar sem:

i. veitandinn gerir ekki frekari ráðstafanir til að aðstoða við gerð eða framkvæmd vátryggingasamnings,

ii. tilgangur starfseminnar er ekki að aðstoða viðskiptavininn við að gera eða framkvæma endurtryggingasamning,

b) meðferð krafna vátrygginga- eða endurtryggingafélags í atvinnuskyni, og tjónamat og sérfræðimat á kröfum,

c) eingöngu er verið að veita gögn og upplýsingar um mögulega vátryggingataka til vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara, vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga þar sem veitandinn gerir engar frekari ráðstafanir til að aðstoða við gerð vátrygginga- eða endurtryggingasamnings,

d) eingöngu er verið að veita mögulegum vátryggingatökum upplýsingar um vátrygginga- eða endurtryggingaafurðir, vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag þar sem veitandinn gerir engar frekari ráðstafanir til að aðstoða við gerð vátrygginga- eða endurtryggingasamnings.

II. KAFLI

KRÖFUR UM SKRÁNINGU

3. gr.

Skráning

1. Vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar og vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi skulu skráðir hjá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu.

Þess skal ekki krafist samkvæmt þessari tilskipun að vátrygginga- og endurtryggingafélög og starfsfólk þeirra sé skráð.

Án þess að hafa áhrif á fyrstu undirgrein geta aðildarríki mælt fyrir um að vátrygginga- og endurtryggingafélög og miðlarar og aðrar stofnanir geti átt samstarf við lögbær yfirvöld við skráningu vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi og við beitingu krafnanna sem mælt er fyrir um í 10. gr.

Einkum getur vátrygginga- eða endurtryggingafélag, vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari, eða samtök vátrygginga- eða endurtryggingafélaga eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara, skráð vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

Vátrygginga- eða endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi getur starfað á ábyrgð vátrygginga- eða endurtryggingafélags eða annars miðlara. Í slíku tilviki geta aðildarríki mælt fyrir um að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið eða annar miðlari skuli vera ábyrgur fyrir að tryggja að vátrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn, eða vátryggingamiðlarinn í hliðarstarfsemi, uppfylli skilyrðin fyrir skráningu, þ.m.t. skilyrðin sem sett eru fram í c-lið fyrstu undirgreinar 6. mgr.

Aðildarríki geta einnig mælt fyrir um að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið eða annar miðlari sem tekur ábyrgð á vátrygginga- eða endurtryggingamiðlaranum, eða vátryggingamiðlaranum í hliðarstarfsemi, skrái þann miðlara eða miðlara í hliðarstarfsemi.

Aðildarríki þurfa ekki að beita kröfunni sem um getur í fyrstu undirgrein á alla einstaklinga sem starfa hjá vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi og sem hafa með höndum dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga.

Aðildarríki skulu tryggja að í skránum séu tilgreind nöfn einstaklinganna innan stjórnar dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga sem bera ábyrgð á dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga.

Í skránum skulu þar að auki tilgreind aðildarríkin þar sem miðlarinn stundar starfsemi sína á grundvelli reglna um staðfesturétt eða frelsis til að veita þjónustu.

2. Aðildarríki geta komið á fleiri en einni skrá yfir vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi að því tilskildu þau mæli fyrir um viðmiðanirnar sem gilda um skráningu miðlara.

Aðildarríki skulu koma á skráningarkerfi á Netinu. Viðkomandi kerfi skal vera auðveldlega aðgengilegt og gera mögulegt að klára skráninguna beint á Netinu.

3. Ef um fleiri en eina skrá er að ræða í aðildarríki skal viðkomandi aðildarríki koma á fót einni upplýsingamiðstöð sem gerir kleift að hafa skjótan og auðveldan aðgang að upplýsingum úr þessum skrám, sem skulu teknar saman rafrænt og uppfærðar. Upplýsingamiðstöðin skal einnig veita sanngreiningarupplýsingar um lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu.

4. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal koma á, birta á vefsetri sínu og uppfæra sameiginlega rafræna skrá sem hefur að geyma upplýsingar um vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, sem hafa tilkynnt um fyrirhugaða starfsemi yfir landamæri í samræmi við III. kafla. Aðildarríki skulu veita Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni viðeigandi upplýsingar skjótt til að gera henni kleift að gera þetta. Skráin skal innihalda tengla að, og vera aðgengileg frá, vefsetri lögbærra yfirvalda hvers og eins aðildarríkis.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal eiga rétt á aðgangi að gögnunum sem vistuð eru í skránni sem um getur í fyrstu undirgrein. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og lögbæru yfirvöldin skulu eiga rétt á að breyta slíkum gögnum. Skráðir aðilar, sem persónuupplýsingar eru um í skránni og sem skipst er á, skulu eiga rétt á aðgangi að slíkum vistuðum gögnum og til að vera upplýstir með viðeigandi hætti.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal stofna vefsetur með tenglum á hverja og eina upplýsingamiðstöð eða, eftir atvikum, skrá, sem aðildarríki koma upp í samræmi við 3. mgr.

Heimaaðildarríki skulu tryggja að skráning vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi verði látin falla undir uppfyllingu viðeigandi krafna sem mælt er fyrir um í 10. gr.

Gildistími skráningarinnar skal vera með fyrirvara um reglulega endurskoðun lögbæra yfirvaldsins.

Heimaaðildarríki skulu tryggja að vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar og vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi sem uppfylla ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í 10. gr., séu teknir af skránni. Heimaaðildarríkið skal, eftir atvikum, upplýsa gistiaðildarríkið um slíka afskráningu.

5. Aðildarríki skulu tryggja að fjallað sé um umsóknir miðlara um skráningu innan þriggja mánaða frá framlagningu fullgerðrar umsóknar og að umsækjandinn fái tafarlaust tilkynningu um ákvörðunina.

6. Aðildarríki skulu tryggja að óskað sé eftir öllum eftirfarandi upplýsingum sem skilyrði fyrir skráningu vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara og vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi:

a) deili á hluthöfum eða aðilum, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga eignarhlut í miðlaranum sem er umfram 10% og hve stórir þessir eignarhlutir eru,

b) deili á þeim aðilum sem hafa náin tengsl við miðlarann,

c) upplýsingar um að þessir eignarhlutir eða nánu tengsl komi ekki í veg fyrir skilvirka framkvæmd eftirlitshlutverks lögbæra yfirvaldsins.

Aðildarríki skulu tryggja að miðlarar upplýsi lögbær yfirvöld, án ástæðulausrar tafar, um allar breytingar á upplýsingunum sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein.

7. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld synji um skráningu ef lög og stjórnsýsluákvæði þriðja lands sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem miðlari hefur náin tengsl við, eða ef vandkvæði tengd framfylgd þessara laga og stjórnsýslufyrirmæla koma í veg fyrir skilvirka framkvæmd eftirlitshlutverks þeirra.

III. KAFLI

FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU OG STAÐFESTURÉTTUR

4. gr.

Frelsi til að veita þjónustu

1. Hver sá vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi, sem í fyrsta sinn hyggst stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis á grundvelli frelsis til að veita þjónustu, skal koma eftirfarandi upplýsingum til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu:

a) nafn, heimilisfang og, eftir atvikum, skráningarnúmer miðlarans,

b) í hvaða aðildarríki eða aðildarríkjum miðlarinn hyggst starfa,

c) flokkur miðlara og, eftir atvikum, nafn sérhvers vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem hann starfar fyrir,

d) viðeigandi vátryggingaflokkar, ef við á.

2. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, innan mánaðar frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., senda þær lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu, sem skal staðfesta viðtöku án tafar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal upplýsa vátryggingamiðlarann, endurtryggingamiðlarann eða vátryggingamiðlarann í hliðarstarfsemi skriflega um að lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu hafi tekið við upplýsingunum og að miðlarinn geti hafið starfsemi sína í gistiaðildarríkinu. Lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu skal, eftir atvikum, á sama tíma tilkynna miðlaranum um að upplýsingarnar um lagaákvæðin sem um getur í 1. mgr. 11. gr. sem gilda í gistiaðildarríkinu séu aðgengilegar með aðferðunum sem um getur í 3. og 4. mgr. 11. gr., og einnig að miðlarinn verði að hlíta þessum ákvæðum til að hefja starfsemi sína í gistiaðildarríkinu.

3. Ef breyting verður á einstökum atriðum sem komið hefur verið á framfæri í samræmi við 1. mgr. skal vátryggingamiðlarinn, endurtryggingamiðlarinn eða vátryggingamiðlarinn í hliðarstarfsemi tilkynna þá breytingu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu, a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal einnig upplýsa lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu um breytinguna eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en mánuði eftir viðtökudag lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu á upplýsingunum.

5. gr.

Brot á skuldbindingum í tengslum við frelsi til að veita þjónustu

1. Ef lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu hefur ástæðu til að ætla að vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi, sem starfar á yfirráðasvæði þess á grundvelli frelsis til að veita þjónustu, brjóti gegn einhverri skuldbindingu sem sett er fram í þessari tilskipun, skal það tilkynna þær grunsemdir til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu.

Eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem tekið er við samkvæmt fyrstu undirgrein skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, eftir atvikum, og ef svo er, við fyrsta tækifæri gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á stöðu mála. Það skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu um slíkar ráðstafanir.

Ef, þrátt fyrir ráðstafanirnar sem heimaaðildarríkið hefur gert eða vegna þess að þær ráðstafanir hafa reynst ófullnægjandi eða eru takmarkaðar, vátryggingamiðlarinn, endurtryggingamiðlarinn eða vátryggingamiðlarinn í hliðarstarfsemi starfar áfram með hætti sem augljóslega veldur stórfeldum skaða fyrir hagsmuni neytenda í gistiaðildarríki, eða fyrir snurðulausa starfsemi vátrygginga- og endurtryggingamarkaða, getur lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, er það hefur skýrt lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot og þar á meðal, að því marki sem nauðsynlegt er, komið í veg fyrir að viðkomandi miðlari stundi áfram nýja starfsemi innan yfirráðasvæðis þess.

Að auki getur lögbært yfirvald í heima- eða gistiaðildarríkinu vísað málinu til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010. Í því tilviki getur Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin aðhafst í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar samkvæmt þeirri grein.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á vald gistiaðildarríkisins til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þess, við aðstæður þar sem nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða til að vernda réttindi neytenda. Þetta vald skal fela í sér möguleika til að koma í veg fyrir að vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi stundi nýja starfsemi á yfirráðasvæði þess.

3. Allar ráðstafanir sem samþykktar eru af lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu samkvæmt þessari grein skulu sendar hlutaðeigandi vátryggingamiðlurum, endurtryggingamiðlurum eða vátryggingamiðlurum í hliðarstarfsemi í vel rökstuddu skjali og tilkynntar lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni, án ástæðulausrar tafar.

6. gr.

Neyting staðfesturéttar

1. Aðildarríki skulu tryggja að allir vátryggingamiðlarar, endurtryggingamiðlarar eða vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi, sem hafa í hyggju að neyta staðfesturéttar með því að koma á fót útibúi eða hafa stöðuga viðveru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, tilkynni um það til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis síns og veiti viðkomandi lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn, heimilisfang og, eftir atvikum, skráningarnúmer miðlarans,

b) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis miðlarinn hyggst stofna útibú eða hafa stöðuga viðveru,

c) flokkur miðlara og, eftir atvikum, nafn sérhvers vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem hann starfar fyrir,

d) viðeigandi vátryggingaflokkar, ef við á,

e) heimilisfang í gistiaðildarríkinu þar sem afla má skjala,

f) nafn sérhvers aðila sem ber ábyrgð á stjórnun útibúsins eða hinni stöðugu viðveru.

Stöðuga viðveru miðlara á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, sem jafngildir útibúi, skal meðhöndla á sama hátt og útibú, nema miðlarinn setji slíka stöðuga viðveru sína upp með öðrum löglegum hætti.

2. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða vátryggingamiðlarans, endurtryggingamiðlarans eða vátryggingamiðlarans í hliðarstarfsemi sé fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðrar dreifingarfsemi, skulu þau, innan eins mánaðar frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu um þær, sem skal staðfesta móttöku þeirra án tafar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal upplýsa vátryggingamiðlarann, endurtryggingamiðlarann eða vátryggingamiðlarann í hliðarstarfsemi skriflega um að lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu hafi tekið við upplýsingunum.

Innan eins mánaðar frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu senda lagaákvæðin, sem um getur í 1. mgr. 11. gr. með aðferðunum sem um getur í 3. og 4. mgr. 11. gr., sem gilda á yfirráðasvæði þess, til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal senda þessar upplýsingar til miðlarans og upplýsa hann um að honum sé heimilt að hefja starfsemi sína í gistiaðildarríkinu, að því tilskildu að hann fari að þessum lagaákvæðum.

Ef engin tilkynning berst innan tímabilsins sem kveðið er á um í annarri undirgrein getur vátryggingamiðlarinn, endurtryggingamiðlarinn eða vátryggingamiðlarinn í hliðarstarfsemi komið á fót útibúi og hafið starfsemi sína.

3. Neiti lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu að veita lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal það að greina vátryggingamiðlaranum, endurtryggingamiðlaranum eða vátryggingamiðlaranum í hliðarstarfsemi frá ástæðum fyrir synjuninni innan eins mánaðar frá móttöku allra upplýsinganna sem um getur í 1. mgr.

Synjun eins og um getur í fyrstu undirgrein, eða ef lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu sendir ekki upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., skal falla undir rétt til áfrýjunar til dómstóla heimaaðildarríkisins.

4. Ef breyting verður á einstökum atriðum sem komið var á framfæri í samræmi við 1. mgr. skal vátryggingamiðlarinn, endurtryggingamiðlarinn eða vátryggingamiðlarinn í hliðarstarfsemi tilkynna þá breytingu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu, a.m.k. mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal einnig upplýsa lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu um þá breytingu eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en mánuði eftir viðtökudag lögbæra yfirvaldsins í heimaaðildarríkinu á upplýsingunum.

7. gr.

Skipting valdheimilda milli heima- og gistiaðildarríkja

1. Ef meginstarfsstöð vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi er í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu hans getur lögbært yfirvald þess aðildarríkis gert samkomulag við lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu um að það komi fram eins og það væri lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu að því er varðar ákvæði IV.,

V., VI. og VII. kafla. Ef um slíkt samkomulag er að ræða skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu tilkynna vátryggingamiðlaranum, endurtryggingamiðlaranum eða vátryggingamiðlaranum í hliðarstarfsemi og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um það án tafar.

2. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal bera ábyrgð á að tryggja að þjónustan sem starfsstöðin veitir á yfirráðasvæði þess, hlíti skuldbindingunum sem kveðið er á um í V. og VI. kafla og ráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þeim.

Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal hafa rétt til að kanna fyrirkomulag starfsstöðvarinnar og óska eftir breytingum sem nauðsynlegar eru til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að framfylgja skuldbindingunum samkvæmt V. og VI. kafla og ráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þeim, að því er varðar þjónustuna sem starfsstöðin veitir eða starfsemina sem hún stundar innan yfirráðasvæðis þess.

8. gr.

Brot á skuldbindingum við neytingu staðfesturéttar

1. Ef lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu staðfestir að vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi brjóti í bága við ákvæði í lögum eða reglum sem viðkomandi aðildarríki hefur samþykkt í samræmi við ákvæði V. og VI. kafla getur viðkomandi aðildarríki gert viðeigandi ráðstafanir.

2. Ef lögbært yfirvald í gistiaðildarríki hefur ástæðu til að ætla að vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi, sem starfar á yfirráðasvæði þess fyrir milligöngu starfsstöðvar, brjóti gegn einhverri skuldbindingu sem sett er fram í þessari tilskipun, og ef viðkomandi lögbært yfirvald ber ekki ábyrgð í samræmi við 2. mgr. 7. gr., skal það vísa þessum niðurstöðum til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu. Eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem tekið er við skal lögbært í yfirvald heimaaðildarríkinu, eftir atvikum, og ef svo er, við fyrsta tækifæri, gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á stöðu mála. Það skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu um allar slíkar ráðstafanir sem gerðar eru.

3. Ef, þrátt fyrir ráðstafanirnar sem heimaaðildarríkið hefur gert til eða vegna þess að þær ráðstafanir hafa reynst ófullnægjandi eða eru takmarkaðar, vátryggingamiðlarinn, endurtryggingamiðlarinn eða vátryggingamiðlarinn í hliðarstarfsemi starfar áfram með hætti sem augljóslega veldur stórfelldum skaða fyrir hagsmuni neytenda í gistiaðildarríki, eða fyrir snurðulausa starfsemi vátrygginga- og endurtryggingamarkaða, getur lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, er það hefur skýrt lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari brot og þar á meðal, að því marki sem nauðsynlegt er, komið í veg fyrir að viðkomandi miðlari stundi áfram nýja starfsemi innan yfirráðasvæðis þess.

Að auki getur lögbært yfirvald í heima- eða gistiaðildarríkinu vísað málinu til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010. Í því tilviki getur Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin aðhafst í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar samkvæmt þeirri grein.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu ekki hafa áhrif á vald gistiaðildarríkisins til að gera viðeigandi ráðstafanir sem eru án mismununar til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þess, í aðstæðum þegar nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða til að vernda réttindi neytenda gistiaðildarríkisins, og þegar jafngildar ráðstafanir heimaaðildarríkisins eru ófullnægjandi eða hafa ekki verið gerðar. Við slíkar aðstæður skal gistiaðildarríkið hafa þann möguleika að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi stundi nýja starfsemi á yfirráðasvæði þess.

5. Allar ráðstafanir sem samþykktar eru af lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu samkvæmt þessari grein skulu sendar hlutaðeigandi vátryggingamiðlurum, endurtryggingamiðlurum eða vátryggingamiðlurum í hliðarstarfsemi í vel rökstuddu skjali og tilkynntar lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni, án ástæðulausrar tafar.

9. gr.

Valdheimildir í tengslum við landsákvæði sem samþykkt eru í þágu almannahagsmuna

1. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á vald gistiaðildarríkjanna til að grípa til viðeigandi ráðstafana sem eru án mismununar til að refsa fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þeirra, er ganga gegn lagaákvæðum þeirra sem um getur í 1. mgr. 11. gr., að því marki sem nauðsynlegt er. Við slíkar aðstæður skulu gistiaðildarríkin hafa möguleika til að koma í veg fyrir að hlutaðeigandi vátryggingamiðlari, endurtryggingamiðlari eða vátryggingamiðlari í hliðarstarfsemi stundi nýja starfsemi á yfirráðasvæði þess.

2. Þar að auki skal þessi tilskipun ekki hafa áhrif á vald lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríkinu til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að dreifingaraðili vátrygginga, sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki, stundi starfsemi sína á yfirráðasvæði þess á grundvelli frelsis til að veita þjónustu eða, eftir atvikum, staðfesturéttar, ef viðkomandi starfsemi beinist eingöngu eða aðallega að yfirráðasvæði gistiaðildarríkisins í þeim eina tilgangi að komast undan lagaákvæðunum sem myndu gilda ef sá dreifingaraðili vátrygginga hefði staðfestu eða skráða skrifstofu í því gistiaðildarríki og, þar að auki, ef starfsemi hans skapar verulega hættu fyrir eðlilega starfsemi vátrygginga- og endurtryggingamarkaðarins í gistiaðildarríkinu að því er varðar neytendavernd. Í slíku tilviki getur lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, gert allar viðeigandi ráðstafanir, að því er varðar þann dreifingaraðila vátrygginga, sem þörf er á til að vernda réttindi neytenda í gistiaðildarríkinu. Lögbæru yfirvöldin sem hlut eiga að máli geta vísað málinu til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010, og í slíku tilviki getur Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gripið til aðgerða í samræmi við valdið sem henni er falið samkvæmt þeirri grein, ef um er að ræða ósamkomulag milli lögbærra yfirvalda gisti- og heimaaðildarríkjanna.

IV. KAFLI

SKIPULAGSKRÖFUR

10. gr.

Kröfur um fagþekkingu og skipulag

1. Heimaaðildarríki skulu tryggja að dreifingaraðilar vátrygginga og endurtrygginga og starfsfólk vátrygginga- og endurtryggingafélaga sem annast dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga búi yfir fullnægjandi þekkingu og hæfni til að geta innt af hendi verkefni sín eða gegnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti.

2. Heimaaðildarríki skulu tryggja að vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar, starfsfólk vátrygginga- og endurtryggingafélaga og starfsfólk vátrygginga- og endurtryggingamiðlara hlíti kröfum um viðvarandi starfsþjálfun og -þróun til að viðhalda fullnægjandi frammistöðu sem samsvarar hlutverki þeirra og viðkomandi markaði.

Í þeim tilgangi skulu heimaaðildarríki koma á og birta fyrirkomulag til að hafa skilvirkt eftirlit með og meta þekkingu og hæfni vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, starfsfólks vátrygginga- og endurtryggingafélaga og starfsfólks vátrygginga- og endurtryggingamiðlara, á grundvelli a.m.k. 15 klukkustunda starfsþjálfunar eða -þróunar á ári, sem tekur tilliti til eðlis afurðanna sem seldar eru, tegundar dreifingaraðila, hlutverks þeirra og starfseminnar sem stunduð er innan dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga.

Heimaaðildarríki geta krafist þess, þegar kröfurnar um starfsþjálfun og -þróun hafa verið uppfylltar með fullnægjandi hætti, að sýnt sé fram á það með vottorði.

Aðildarríki skulu aðlaga kröfurnar um þekkingu og hæfni að tiltekinni starfsemi dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga og þeim afurðum sem þeir dreifa, einkum ef um er að ræða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi. Aðildarríki geta í þeim tilvikum sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr., og að því er varðar starfsfólk vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem annast dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga, krafist þess að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn staðfesti að þekking og hæfni miðlaranna sé í samræmi við skuldbindingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. og, ef þörf krefur, veitt slíkum miðlurum starfsþjálfun eða -þróun sem samsvarar kröfunum er varða afurðirnar sem miðlararnir selja.

Aðildarríki þurfa ekki að beita kröfunum sem um getur í 1. mgr. og í fyrstu undirgrein þessarar greinar á alla aðila sem starfa hjá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara, sem hafa með höndum dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga, en aðildarríki skulu tryggja að viðkomandi aðilar innan stjórnar slíkra félaga, sem bera ábyrgð á dreifingu að því er varðar vátrygginga- og endurtryggingaafurðir, og allir aðrir aðilar sem taka beinan þátt í dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga sýni fram á þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er til að þeir geti sinnt skyldum sínum.

Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu sýna fram á að farið sé að viðkomandi kröfum um fagþekkingu og hæfni sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

3. Einstaklingar sem starfa hjá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara, sem hafa með höndum dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga, skulu hafa óflekkað mannorð. Þeir skulu a.m.k. vera með hreina sakaskrá, eða annað landsbundið jafngildi þess í tengslum við alvarlega refsiverða verknaði sem varða afbrot gegn eignum eða önnur afbrot í tengslum við fjármálastarfsemi og hafa ekki áður verið lýstir gjaldþrota, nema þeir hafi hlotið endurhæfingu í samræmi við landslög,

Aðildarríki geta, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 3. gr., heimilað dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga að kanna mannorð eigin starfsfólks og, eftir því sem við á, starfsfólks vátrygginga- og endurtryggingamiðlara sinna.

Aðildarríki þurfa ekki að beita kröfunni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar á alla einstaklinga sem starfa hjá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara, að því tilskildu að þessir einstaklingar taki ekki beinan þátt í dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga. Aðildarríki skulu tryggja að aðilar innan stjórnar sem bera ábyrgð á, og allt starfsfólk sem tekur beinan þátt í, dreifingu vátrygginga eða endurtrygginga uppfylli þær kröfur.

Að því er varðar vátryggingamiðlara í hliðarstafsemi skulu aðildarríki tryggja að aðilarnir sem bera ábyrgð á dreifingu vátrygginga sem hliðarstarfsemi uppfylli kröfurnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. Vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar skulu hafa starfsábyrgðartryggingu sem nær yfir allt yfirráðasvæði Sambandsins eða aðra sambærilega tryggingu vegna bótaábyrgðar sem stafar af vanrækslu í starfi, fyrir a.m.k. 1 250 000 evrum sem gildir um hverja kröfu og samtals 1 850 000 evrum á ári fyrir allar kröfur, nema slík trygging eða sambærileg ábyrgðaryfirlýsing sé þegar veitt af vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi eða öðru félagi sem vátrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn starfar fyrir, eða sem vátrygginga- eða endurtryggingamiðlarinn hefur umboð til að starfa fyrir, eða ef slíkt félag hefur tekið fulla ábyrgð á gerðum miðlarans.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi hafi starfsábyrgðartryggingu eða sambærilega tryggingu á því stigi sem aðildarríki ákveða með tilliti til eðlis afurðanna sem seldar eru og starfseminnar sem stunduð er.

6. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda viðskiptavini fyrir vangetu vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi til að yfirfæra iðgjaldið til vátryggingafélagsins eða yfirfæra kröfufjárhæðina eða iðgjaldaendurgreiðsluna til hins tryggða.

Slíkar ráðstafanir skulu vera á einu eða fleiri eftirfarandi formi:

a) ákvæða í lögum eða samkvæmt samningi þar sem farið er með fjármuni sem greiddir eru til miðlara eins og þeir hafi verið greiddir til félagsins, en ekki farið með fjármuni sem greiddir eru af félaginu til miðlarans eins og þeir hafi verið greiddir til viðskiptavinarins fyrr en viðskiptavinurinn fær þá raunverulega í hendur,

b) kröfu um að miðlarinn búi yfir fjárhagslegri getu sem samsvarar, að staðaldri, 4% af samanlögðum árlegum iðgjöldum sem hann tekur við, minnst 18 750 evrum,

c) kröfu um að fjármunir viðskiptavina verði yfirfærðir fyrir milligöngu skýrt aðgreindra reikninga viðskiptavina og að þessir reikningar verði ekki notaðir til að endurgreiða öðrum lánardrottnum komi til gjaldþrots,

d) kröfu um að ábyrgðarsjóði verði komið á fót.

7. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal endurskoða reglulega fjárhæðirnar sem um getur í 4. og 6. gr. til að taka tillit til breytinga á evrópsku neysluverðsvísitölunni, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birtir hana. Fyrsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en 31. desember 2017 og síðari endurskoðanir skulu fara fram á fimm ára fresti eftir það.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem aðlaga grunnfjárhæðina í evrum sem um getur í 4. og 6. mgr. að prósentubreytingunni í vísitölunni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar yfir tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2017, eða milli dagsetningar síðustu endurskoðunar og nýju endurskoðunarinnar og námundað upp að næsta margfeldi af 10 evrum.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. júní 2018 og síðari frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum á fimm ára fresti eftir það.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

8. Til að tryggja að farið sé að kröfunum í 1., 2. og 3. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög samþykkja, innleiða og endurskoða reglulega innri stefnur sínar og viðeigandi innri málsmeðferðir.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu tilgreina starfsvið til að tryggja rétta framkvæmd samþykktra stefna og málsmeðferða.

Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu koma á, viðhalda og uppfæra skrár yfir alla viðeigandi skjölun að því er varðar beitingu 1., 2. og 3. mgr. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu, að fenginni beiðni þar um, gera nafn aðilans sem ber ábyrgð á því starfssviði aðgengilegt lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu.

11. gr.

Birting reglna um „almannahagsmuni“

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld þeirra birti með viðeigandi hætti viðkomandi landsákvæði um verndun almannahagsmuna, þ.m.t. upplýsingar um hvort og hvernig aðildarríkið hefur valið að beita strangari ákvæðum sem kveðið er á um í 3. mgr. 29. gr., er gilda um dreifingu vátrygginga og endurtrygginga á yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríki sem áformar að beita og beitir ákvæðum sem gilda um dreifingu vátrygginga, til viðbótar þeim sem sett eru fram í þessari tilskipun, skulu tryggja að stjórnsýslubyrðin sem leiðir af þessum ákvæðum sé hlutfallsleg með tilliti til neytendaverndar. Aðildarríkið skal áfram hafa eftirlit með þessum ákvæðum til að tryggja að þau haldist í samræmi við þessa málsgrein.

3. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal á vefsetri sínu vera með tengla á vefsetur lögbærra yfirvalda þar sem upplýsingar um „almannahagsmuna“ reglur eru birtar. Slíkar upplýsingar skulu uppfærðar af lögbærum landsyfirvöldum með reglulegu millibili og skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gera upplýsingarnar aðgengilegar á vefsetri sínu, ásamt öllum landsbundnum „almannahagsmuna“ reglum, flokkuðum eftir viðkomandi lagasviðum.

4. Aðildarríki skulu koma á fót einum tengilið sem ber ábyrgð á veitingu upplýsinga um „almannahagsmuna“ reglur í viðkomandi aðildarríki. Slíkur tengiliður ætti að vera viðeigandi lögbært yfirvald.

5. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal með gerð skýrslu rannsaka, og upplýsa framkvæmdastjórnina um, „almannahagsmuna“ reglur sem aðildarríki birta eins og um getur í þessari grein með tilliti til eðlilegrar virkni þessarar tilskipunar og starfsemi innri markaðarins fyrir 23. febrúar 2019.

12. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem hafa vald til að tryggja að þessari reglugerð sé framfylgt. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þar um og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra.

2. Yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu annaðhvort vera opinber yfirvöld eða aðilar sem viðurkenndir eru samkvæmt landslögum eða af opinberum yfirvöldum og hafa til þess skýrar valdheimildir samkvæmt landslögum. Þau skulu ekki vera vátrygginga- eða endurtryggingafélög eða samtök sem hafa að aðilum, beint eða óbeint, vátrygginga- eða endurtryggingafélög, eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara, án þess að hafa áhrif á möguleikann á samvinnu milli lögbærra yfirvalda og annarra aðila þegar sérstaklega er kveðið á um það í 1. mgr. 3. gr.

3. Lögbæru yfirvöldin skulu búa yfir öllum þeim valdheimildum sem nauðsynlegar eru til að þau geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun. Ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald á yfirráðasvæði þess skal aðildarríkið sjá til þess að þau yfirvöld starfi náið saman svo að þau geti leyst af hendi skyldur sínar með skilvirkum hætti.

13. gr.

Samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja

1. Lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja skulu hafa með sér samstarf og skiptast á öllum viðkomandi upplýsingum um dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga til að tryggja rétta beitingu þessarar tilskipunar.

2. Einkum skulu lögbæru yfirvöldin, við skráningu og á áframhaldandi grundvelli, skiptast á viðkomandi upplýsingum um óflekkað mannorð, fagþekkingu og hæfni dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga.

3. Lögbæru yfirvöldin skulu einnig skiptast á upplýsingum um dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga sem hafa verið beittir viðurlögum eða öðrum ráðstöfunum sem um getur í VII. kafla, og þegar slíkar upplýsingar eru líklegar til að hafa í för með sér afskráningu slíkra dreifingaraðila.

4. Allir aðilar sem skylt er að taka við eða láta í té upplýsingar í tengslum við þessa tilskipun skulu bundnir þagnarskyldu, eins og mælt er fyrir um í 64. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

14. gr.

Kvartanir

Aðildarríki skulu tryggja að komið sé á málsmeðferðum sem gera viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum, einkum neytendasamtökum, kleift að leggja fram kvartanir vegna dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga. Ávallt skal svara þeim sem leggja fram kvörtun.

15. gr.

Úrlausn utan réttar

1. Aðildarríki skulu tryggja að komið sé á fullnægjandi og árangursríkri, hlutlausri og óháðri kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar til að leysa deilumál milli viðskiptavina og dreifingaraðila vátrygginga er varða réttindi og skyldur samkvæmt þessari tilskipun, í samræmi við viðkomandi lagagerðir Sambandsins og landslög, með því að nota stofnanir sem til staðar eru eftir því sem við á. Aðildarríki skulu tryggja að slíkar málsmeðferðir gildi um, og valdsvið viðkomandi stofnunar nái með skilvirkum hætti yfir, dreifingaraðila vátrygginga sem málsmeðferðirnar eru hafnar gegn.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanirnar sem um getur í 1. mgr. starfi saman við lausn deilumála yfir landamæri er varða réttindi og skyldur samkvæmt þessari tilskipun.

16. gr.

Takmörkun á notkun miðlara

Aðildarríki skulu tryggja að vátrygginga- og endurtryggingafélög og vátrygginga- og endurtryggingamiðlarar, er þau nota þjónustu vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, noti eingöngu þjónustu, á sviði dreifingar vátrygginga og endurtrygginga, skráðra vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, þ.m.t. þeirra sem um getur í 3. mgr. 1. gr.

V. KAFLI

KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR OG REGLUR UM VIÐSKIPTAHÆTTI

17. gr.

Almenn meginregla

1. Aðildarríki skulu tryggja að dreifingaraðilar vátrygginga starfi ávallt af heilindum, sanngirni og fagmennsku í samræmi við ítrustu hagsmuni viðskiptavina sinna, við dreifingu vátrygginga.

2. Án þess að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB ([1]) skulu aðildarríki tryggja að allar upplýsingar sem tengjast efni þessarar tilskipunar, þ.m.t. markaðsefni, sem dreifingaraðili vátrygginganna sendir viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi. Ætíð skal auðkenna markaðsefni með skýrum hætti sem slíkt.

3. Aðildarríki skulu tryggja að dreifingaraðilum vátrygginga sé ekki greitt eða greiði ekki eða meti frammistöðu starfsfólks síns með hætti sem brjóti í bága við þá skyldu þeirra að starfa í samræmi við ítrustu hagsmuni viðskiptavina sinna. Einkum skal dreifingaraðili vátrygginga ekki koma á neinu fyrirkomulagi þóknana, sölumarkmiða eða á annan hátt sem gæti verið hvati fyrir hann eða starfsfólk hans að mæla með tiltekinni vátryggingaafurð fyrir viðskiptavin, þegar dreifingaraðili vátrygginga gæti boðið aðra vátryggingaafurð sem uppfyllti betur þarfir viðskiptavinarins.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) (Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

18. gr.

Almennar upplýsingar sem vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið veitir

Aðildarríkin skulu tryggja að:

a) vátryggingamiðlari birti viðskiptavinum eftirfarandi upplýsingar, með góðum fyrirvara áður en vátryggingasamningur er gerður:

   i. nafn og heimilisfang sitt og að hann sé vátryggingamiðlari,

   ii. hvort hann veiti ráðgjöf um vátryggingaafurðirnar sem seldar eru,

   iii. málsmeðferðirnar sem um getur í 14. gr., sem gera viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að leggja fram kvartanir vegna vátryggingamiðlara og um kæru- og úrlausnarmeðferðina utan réttar sem um getur í 15. gr.,

   iv. skrána sem hann hefur verið færður í og aðferðir til að sannreyna skráningu hans, og

   v. hvort miðlarinn komi fram fyrir hönd viðskiptavinarins eða starfi fyrir og sé á vegum vátryggingafélagsins,

b) vátryggingafélag birti viðskiptavinum eftirfarandi upplýsingar, með góðum fyrirvara áður en vátryggingasamningur er gerður:

   i. nafn og heimilisfang sitt og að það sé vátryggingafélag,

   ii. hvort það veiti ráðgjöf um vátryggingaafurðirnar sem seldar eru,

   iii. málsmeðferðirnar sem um getur í 14. gr., sem gera viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að leggja fram kvartanir vegna vátryggingafélaga og um kæru- og úrlausnarmeðferðina utan réttar sem um getur í 15. gr.

19. gr.

Hagsmunaárekstrar og gagnsæi

1. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingamiðlari veiti viðskiptavininum a.m.k. eftirfarandi upplýsingar, með góðum fyrirvara áður en vátryggingasamningur er gerður:

a) hvort hann eigi eignarhlut, beint eða óbeint, sem er 10% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé tiltekins vátryggingafélags,

b) hvort tiltekið vátryggingafélag eða móðurfélag tiltekins vátryggingafélags eigi eignarhlut, beint eða óbeint, sem er 10% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé vátryggingamiðlarans,

c) í tengslum við samningana sem lagðir eru til eða ráðgjöf veitt um, hvort:

   i. hann veiti ráðgjöf á grundvelli sanngjarnrar og einstaklingsbundinnar greiningar,

   ii. hann sé samningsbundinn um að stunda viðskipti á sviði dreifingar vátrygginga við eingöngu eitt eða fleiri vátryggingafélög, og í því tilviki á hann að gefa upp nöfn þessara vátryggingafélaga, eða

   iii. hann sé ekki samningsbundinn um að stunda viðskipti á sviði dreifingar vátrygginga við eingöngu eitt eða fleiri vátryggingafélög og veiti ekki ráðgjöf á grundvelli sanngjarnar og einstaklingsbundinnar greiningar, og í því tilviki á hann að gefa upp nöfn þeirra vátryggingafélaga sem honum er heimilt að stunda og stundar viðskipti við,

d) eðli þóknunarinnar sem hann fær í tengslum við vátryggingasamninginn,

e) hvort hann, í tengslum við vátryggingasamninginn, starfi:

   i. á grundvelli gjalds, þ.e. viðskiptavinurinn greiðir þóknunina beint,

   ii. á grundvelli umboðslauna af einhverju tagi, þ.e. þóknunin er innifalin í iðgjaldinu,

   iii. á grundvelli annars konar þóknunar, þ.m.t. hvers konar efnahagslegs ávinnings sem býðst eða veitist í tengslum við vátryggingasamninginn, eða

   iv. á grundvelli samsetningar einhverra þeirra tegunda þóknana sem settar eru fram í lið i., ii. og iii.

2. Ef gjaldið er greiðanlegt beint af viðskiptavininum skal vátryggingamiðlarinn upplýsa viðskiptavininn um upphæð gjaldsins eða, ef það er ekki mögulegt, aðferðina til að reikna gjaldið út.

3. Ef viðskiptavinurinn greiðir einhverjar greiðslur, aðrar en núgildandi iðgjöld og áætlaðar greiðslur, samkvæmt vátryggingasamningnum eftir að hann hefur verið gerður, skal vátryggingamiðlarinn einnig birta upplýsingar í samræmi við þessa grein fyrir hverja slíka greiðslu.

4. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingafélag tilkynni viðskiptavini sínum, með góðum fyrirvara áður en vátryggingasamningur er gerður, um eðli greiðslnanna sem starfsfólk þess fær í tengslum við vátryggingasamninginn.

5. Ef viðskiptavinurinn greiðir einhverjar greiðslur, aðrar en núgildandi iðgjöld og áætlaðar greiðslur, samkvæmt vátryggingasamningnum eftir að hann hefur verið gerður, skal vátryggingafélagið einnig birta upplýsingar í samræmi við þessa grein fyrir hverja slíka greiðslu.

20. gr.

Ráðgjöf, og staðlar fyrir sölu þegar engin ráðgjöf er veitt

1. Áður en vátryggingasamningur er gerður skal dreifingaraðili vátryggingganna tilgreina, á grundvelli upplýsinga frá viðskiptavininum, kröfur og þarfir þess viðskiptavinar og veita viðskiptavininum hlutlægar upplýsingar um vátryggingaafurðina á skiljanlegu formi til að gera viðkomandi viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun.

Allir samningar sem lagðir eru til skulu vera í samræmi við vátryggingakröfur og -þarfir viðskiptavinarins.

Þegar ráðgjöf er veitt áður en tiltekinn samningur er gerður skal dreifingaraðili vátryggingganna veita viðskiptavininum einstaklingsbundna ráðleggingu og útskýra hvers vegna tiltekin afurð uppfylli best kröfur og þarfir viðskiptavinarins.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu lagaðar að því hversu flókin vátryggingaafurðin er sem lögð er til, sem og tegund viðskiptavinar.

3. Ef vátryggingamiðlari upplýsir viðskiptavininn um að hann veiti ráðgjöf á grundvelli sanngjarnar og einstaklingsbundinnar greiningar skal hann veita þá ráðgjöf á grundvelli greiningar nægjanlega mikils fjölda vátryggingasamninga sem aðgengilegir eru á markaðnum til að gera honum kleift að veita einstaklingsbundna ráðleggingu, í samræmi við faglegar viðmiðanir, varðandi hvaða vátryggingasamningur sé fullnægjandi til að uppfylla þarfir viðskiptavinarins.

4. Án þess að hafa áhrif á 183. og 184. gr. tilskipunar 2009/138/EB, áður en samningur er gerður, hvort sem ráðgjöf er veitt eða ekki og án tillits til þess hvort vátryggingaafurðin sé hluti af pakka skv. 24. gr. þessarar tilskipunar, skal dreifingaraðili vátryggingganna veita viðskiptavininum viðeigandi upplýsingar um vátryggingaafurðina á skiljanlegu formi til að gera viðskiptavininum kleift að taka upplýsta ákvörðun, jafnframt sem tekið er tillit til hversu flókin vátryggingaafurðin er og tegundar viðskiptavinar.

5. Í tengslum við dreifingu skaðatryggingaafurða sem skráðar eru í I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB skal veita upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, með stöðluðu upplýsingaskjali um vátryggingaafurðina, á pappír eða á öðrum varanlegum miðli.

6. Upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina sem um getur í 5. mgr. skal tekið saman af þeim sem útfærir skaðatryggingaafurðina.

7. Upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina skal vera:

a) stutt og sérstakt skjal,

b) sett fram og hannað þannig að sé skýrt og auðlæsilegt, með notkun leturs af læsilegri stærð,

c) jafn skiljanlegt ef það er prentað eða ljósritað í svarthvítu, þótt upphaflega hafi verið í lit,

d) samið á opinberu tungumálunum, eða einu af opinberu tungumálunum sem notuð eru í þeim hluta aðildarríkisins þar sem vátryggingaafurðin er boðin, eða á öðru tungumáli ef neytandinn og dreifingaraðilinn samþykkja það,

e) nákvæmt og ekki villandi,

f) með yfirskriftinni „upplýsingaskjal um vátryggingaafurð“ efst á fyrstu blaðsíðu,

g) innihaldi yfirlýsingu um að tæmandi upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður og samningsupplýsingar um afurðina séu veittar í öðrum skjölum.

Aðildarríki geta mælt fyrir um að upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina sé veitt ásamt upplýsingum sem krafist er samkvæmt öðrum viðkomandi lagagerðum Sambandsins eða landslögum með því skilyrði að allar kröfur sem settar eru fram í fyrstu undirgrein séu uppfylltar.

8. Upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um tegund vátryggingar,

b) samantekt á vátryggingaverndinni, þ.m.t. helstu áhættu sem er tryggð, tryggingafjárhæðinni og, eftir atvikum, landfræðilegu gildissviði og samantekt á undanskilinni áhættu,

c) greiðslumáta iðgjalda og greiðslutíma,

d) helstu undanþágur, sem ekki er hægt að leggja fram kröfur vegna,

e) skuldbindingar við upphaf samnings,

f) skuldbindingar á samningstímanum,

g) skuldbindingar ef lögð er fram krafa,

h) skilmála samningsins, þ.m.t. upphafs- og lokadagsetningu samningsins,

i) uppsagnarskilmála.

9. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við landsyfirvöld og eftir neytendaprófanir, semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um staðlað framsetningarform upplýsingaskjalsins um vátryggingaafurðina þar sem tilgreind eru nánar atriðin er varða framsetningu upplýsinganna sem um getur í 8. mgr.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 23. febrúar 2017.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010.

21. gr.

Upplýsingar sem vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi veita

Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingamiðlarar í hliðarstarfsemi hlíti liðum i., iii. og iv. í a-lið 18. gr. og d-lið 1. mgr. 19. gr.

22. gr.

Undanþágu- og sveigjanleikaákvæði að því er varðar upplýsingar

1. Ekki þarf að veita upplýsingarnar sem um getur í 18., 19. og 20. gr. ef dreifingaraðili vátrygginga stundar dreifingarstarfsemi í tengslum við vátryggingu stóráhættu.

Aðildarríki geta kveðið á um að ekki þurfi að veita fagviðskiptavinum, eins og skilgreindir eru í 10. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, upplýsingarnar sem um getur í 29. og 30. gr. þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríki geta viðhaldið eða samþykkt strangari ákvæði er varða upplýsingakröfurnar sem um getur í þessum kafla, að því tilskildu slík ákvæði séu í samræmi við lög Sambandsins. Aðildarríki skulu senda Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni slík landsákvæði.

Aðildarríki skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja viðeigandi birtingu lögbærra yfirvalda þeirra á upplýsingunum um hvort og hvernig aðildarríkið hefur kosið að beita strangari ákvæðum samkvæmt þessari málsgrein.

Einkum geta aðildarríki gert veitingu ráðgjafar, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 20.gr., skyldubundna við sölu á sérhverri vátryggingaafurð, eða tilteknum tegundum vátryggingaafurða. Í slíku tilviki skulu dreifingaraðilar vátrygginga, þ.m.t. þeir sem starfa á grundvelli frelsis til að veita þjónustu eða staðfesturéttar, fara að slíkum strangari landsákvæðum er þeir gera vátryggingasamninga við viðskiptavini sem hafa fasta búsetu eða staðfestu í því aðildarríki.

3. Aðildarríki geta takmarkað eða bannað samþykkt eða viðtöku gjalda, umboðslauna eða annars peningalegs eða óþeningalegs ávinnings sem þriðji aðili, eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila, greiðir eða veitir dreifingaraðila vátrygginga í tengslum við dreifingu vátryggingaafurða.

4. Til að koma á, með öllum tiltækum ráðum, háu gagnsæistigi skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin tryggja að upplýsingunum sem hún fær í tengslum við landsákvæði sé einnig komið á framfæri við viðskiptavini og dreifingaraðila vátrygginga og endurtrygginga.

5. Þegar dreifingaraðili vátryggingana ber ábyrgð á að veita skyldubundinn starfstengdan lífeyri og starfsmaður verður aðili slíks fyrirkomulags án þess að hafa tekið sjálfstæða ákvörðun um að taka þátt, skulu aðildarríki tryggja að starfsmanninum séu veittar upplýsingarnar sem um getur í þessum kafla þegar í stað eftir skráningu í hlutaðeigandi fyrirkomulag.

23. gr.

Skilyrði fyrir veitingu upplýsinga

1. Allar upplýsingar sem veita á í samræmi við 18., 19., 20. og 29. gr. skulu sendar viðskiptavininum:

a) á pappír,

b) á skýran og nákvæman hátt, sem eru skiljanlegar viðskiptavininum,

c) á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem áhættan liggur eða aðildarríkisins þar sem stofnað er til skuldbindingarinnar eða á öðru tungumáli sem aðilarnir samþykkja, og

d) án endurgjalds.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. þessarar greinar má veita viðskiptavininum upplýsingarnar sem um getur í 18., 19., 20. og 29. gr. á einum af eftirfarandi miðlum:

a) varanlegum miðli öðrum en pappír, ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt, eða

b) vefsetri, ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt.

3. Ef upplýsingarnar sem um getur í 18., 19., 20. og 29. gr. eru veittar með því að nota varanlegan miðil annan en pappír eða á vefsetri, skal viðskiptavinum þó, samkvæmt beiðni, útvegað pappírseintak og án endurgjalds.

4. Upplýsingarnar sem um getur í 18., 19., 20. og 29. gr. má veita á öðrum varanlegum miðli en pappír ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) notkun varanlega miðilsins er viðeigandi í tengslum við viðskiptin sem fram fara milli dreifingaraðila vátryggingana og viðskiptavinarins, og

b) viðskiptavininum hefur verið gefið val á milli upplýsinga á pappír og á varanlegum miðli og hefur valið síðari kostinn.

5. Upplýsingarnar sem um getur í 18., 19., 20. og 29. gr. má veita á vefsetri ef þeim er beint persónulega til viðskiptavinarins eða ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) veiting þeirra upplýsinga á vefsetri er viðeigandi í tengslum við viðskiptin sem fara fram milli dreifingaraðila vátryggingana og viðskiptavinarins,

b) viðskiptavinurinn hefur samþykkt að upplýsingarnar séu veittar á vefsetri,

c) viðskiptavininum hefur verið tilkynnt rafrænt um veffang vefsetursins og hvar á vefsetrinu hægt sé að nálgast upplýsingarnar,

d) tryggt er að upplýsingarnar verði áfram aðgengilegar á vefsetrinu þann tíma sem eðlilegt þykir að viðskiptavinurinn þurfi að nálgast þær.

6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. skal álíta veitingu upplýsinga á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri sem viðeigandi í tengslum við viðskipti milli dreifingaraðila vátryggingana og viðskiptavinarins ef unnt er að sýna fram á að viðskiptavinurinn hafi reglulegan aðgang að Netinu. Gefi viðskiptavinurinn upp netfang í þeim tilgangi að sinna þessum viðskiptum skal það álitið vera slík sönnun.

7. Ef um er að ræða símasölu skulu upplýsingarnar sem viðskiptavinurinn fær frá dreifingaraðila vátrygginganna áður en samningurinn er gerður, þ.m.t. upplýsingaskjalið um vátryggingaafurðina, vera veittar í samræmi við reglur Sambandsins sem gilda um fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Þótt viðskiptavinurinn hafi valið að fá upplýsingar fyrirfram á varanlegum miðli öðrum en pappír, í samræmi við 4. mgr., skal dreifingaraðili vátrygginganna auk þess veita viðskiptavininum upplýsingar í samræmi við 1. eða 2. mgr. strax eftir gerð vátryggingasamningsins.

24. gr.

Krosssala

1. Þegar vátryggingaafurð er boðin ásamt fylgiafurð eða -þjónustu sem ekki er vátrygging, sem hluti af pakka eða sama samningi, skal dreifingaraðili vátrygginganna upplýsa viðskiptavininn um hvort mögulegt sé að kaupa hina ýmsu hluta hvern í sínu lagi og, ef svo er, skal hann veita fullnægjandi lýsingu á hinum ýmsu hlutum samningsins eða pakkans auk aðskilinna sönnunargagna um kostnað og gjöld hvers hluta.

2. Við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., og ef áhættan eða vátryggingaverndin samkvæmt slíkum samningi eða pakka sem boðinn er viðskiptavini er önnur en sú sem tengist hlutunum aðskildum, skal dreifingaraðili vátrygginganna veita fullnægjandi lýsingu á hinum mismunandi hlutum samningsins eða pakkans og með hvaða hætti samspil þeirra breytir áhættunni eða vátryggingaverndinni.

3. Ef vátryggingaafurð er til viðbótar vöru eða þjónustu sem ekki er vátrygging, sem hluti af pakka eða sama samningi, skal dreifingaraðili vátrygginganna bjóða viðskiptavininum upp á þann möguleika að kaupa vöruna eða þjónustuna sérstaklega. Þessi málsgrein gildir ekki ef vátryggingaafurð er til viðbótar fjárfestingaþjónustu eða -starfsemi, eins og skilgreint er í 2. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, lánssamningi, eins og skilgreindur er í 3. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB ([1]), eða greiðslureikningi, eins og skilgreindur er í 3. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB ([2]).

4. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin getur þróað viðmiðunarreglur fyrir mat og eftirlit með krosssölu sem tilgreina aðstæður þar sem krosssala er ekki í samræmi við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 17. gr.

5. Þessi grein skal ekki koma í veg fyrir dreifingu vátryggingaafurða sem veita vernd gegn ýmsum áhættuflokkum (vátryggingasamningar sem ná yfir margþætta áhættu).

6. Í tilvikunum sem um getur í 1. og 3. mgr. skulu aðildarríki tryggja að dreifingaraðili vátrygginga skilgreini kröfur og þarfir viðskiptavinarins í tengslum við vátryggingaafurðirnar sem mynda hluta af heildarpakkanum eða sama samningi.

7. Aðildarríki geta viðhaldið eða samþykkt strangari viðbótarráðstafanir eða gripið inn í á grundvelli hvers tilviks fyrir sig til að banna vátryggingasöluna ásamt viðbótarþjónustu eða -afurð sem ekki er vátrygging, sem hluta af pakka eða sama samningi, ef þau geta sýnt fram á að slíkt sé skaðlegt neytendum.

25. gr.

Eftirlit með afurð og kröfur um stjórnunarhætti

1. Vátryggingafélög, sem og miðlarar sem útfæra einhverja vátryggingaafurð til sölu til viðskiptavina, skulu viðhalda, starfrækja og endurskoða ferli fyrir samþykki á hverri vátryggingaafurð, eða verulegri breytingu á núverandi vátryggingaafurð, áður en hún er markaðssett eða dreift til viðskiptavina.

Samþykktarferli afurðarinnar skal vera í réttu hlutfalli og viðeigandi að því er varðar eðli vátryggingaafurðarinnar.

Í samþykktarferli afurðarinnar skal tilgreina skilgreindan markhóp fyrir hverja afurð, tryggja að öll áhætta sem á við um slíkan markhóp sé metin og að fyrirhuguð dreifingaráætlun sé í samræmi við skilgreinda markhópinn, og gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að vátryggingaafurðinni sé dreift til skilgreinda markhópsins.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánssamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34.)

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 214).

Í vátryggingafélaginu skal vera skilningur á og regluleg endurskoðun fara fram á vátryggingaafurðinni sem það býður eða markaðssetur, með tilliti til allra atburða sem gætu haft veruleg áhrif á mögulega áhættu fyrir skilgreinda markhópinn, til að meta a.m.k. hvort afurðin sé áfram í samræmi við þarfir skilgreinda markhópsins og hvort fyrirhuguð dreifingaráætlun sé áfram viðeigandi.

Vátryggingafélög, sem og miðlarar sem útfæra vátryggingaafurðir, skulu gera allar viðeigandi upplýsingar um vátryggingaafurðina og samþykktarferli afurðarinnar aðgengilegar dreifingaraðilunum, þ.m.t. skilgreinda markhópinn fyrir vátryggingaafurðina.

Ef dreifingaraðili vátrygginga veitir ráðgjöf um, eða leggur til, vátryggingaafurðir sem hann útfærir ekki skal hann koma á fullnægjandi fyrirkomulagi til að nálgast upplýsingarnar sem um getur í fimmtu undirgrein og skilja eiginleikana og skilgreinda markhópinn fyrir hverja og eina vátryggingaafurð.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr., til að tilgreina nánar meginreglurnar sem settar eru fram í þessari grein, að teknu hlutfallslegu tilliti til starfseminnar sem stunduð er, eðlis seldu vátryggingaafurðanna og eðlis dreifingaraðilans.

3. Stefnurnar, ferlarnir og fyrirkomulagið sem um getur í þessari grein skulu ekki hafa áhrif á neinar aðrar kröfur samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. þær sem tengjast birtingu upplýsinga, hentugleika eða tilhlýðileika, auðkenningu og stýringu hagsmunaárekstra, og söluhvötum.

4. Þessi grein gildir ekki um vátryggingaafurðir sem samanstanda af vátryggingu stóráhættu.

VI. KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA VÁTRYGGINGATENGDRA FJÁRFESTINGAAFURÐA

26. gr.

Gildissvið viðbótarkrafna

Í þessum kafla er komið á kröfum til viðbótar við þær sem gilda um dreifingu vátrygginga í samræmi við 17., 18., 19. og 20. gr. þegar einhver eftirfarandi annast dreifingu vátrygginga í tengslum við sölu á vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum:

a) vátryggingamiðlari,

b) vátryggingafélag.

27. gr.

Forvarnir gegn hagsmunaárekstrum

Án þess að hafa áhrif á 17. gr. skal vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag sem annast dreifingu vátryggingatengdra fjárfestingaafurða viðhalda og beita skilvirku skipulags- og stjórnunarfyrirkomulagi með það fyrir augum að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar, eins og skilgreindir eru í 28. gr., hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þeirra. Slíkt fyrirkomulag skal vera í réttu hlutfalli við starfsemina, vátryggingaafurðirnar sem seldar eru og tegund dreifingaraðila.

28. gr.

Hagsmunaárekstrar

1. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög geri allar viðeigandi ráðstafanir til að greina hagsmunaárekstra á meðal þeirra sjálfra, þ.m.t. stjórnenda og starfsfólks, eða aðila sem beint eða óbeint tengjast þeim með yfirráðarétti, og viðskiptavina þeirra eða á milli einstakra viðskiptavina, sem upp koma við dreifingu vátrygginga.

2. Ef skipulags- eða stjórnunarfyrirkomulag, sem vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag hefur komið á í samræmi við 27. gr. til að stýra hagsmunaárekstrum, nægir ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinar skaðist, skal vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag birta viðskiptavininum með skýrum hætti upplýsingar um almennt eðli eða upptök hagsmunaárekstranna, með góðum fyrirvara áður en vátryggingasamningur er gerður.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. skal birting upplýsinga sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar:

a) vera á varanlegum miðli, og

b) innihalda nægar upplýsingar, að teknu tilliti til eðlis viðskiptavinarins, til að gera þeim viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar dreifingu vátrygginganna í tengslum við hagsmunaáreksturinn sem upp kemur.

4. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 38. gr., til að:

a) skilgreina skrefin sem raunhæft er að búast við að vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög taki til að greina, koma í veg fyrir, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra, við dreifingu vátrygginga,

b) koma á viðeigandi viðmiðunum til að ákvarða hvaða tegundir hagsmunaárekstra kunni að skaða hagsmuni viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina vátryggingamiðlarans eða vátryggingafélagsins.

29. gr.

Upplýsingar til viðskiptavina

1. Án þess að hafa áhrif á 18. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. skal veita viðeigandi upplýsingar með góðum fyrirvara áður en samningur er gerður, til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina að því er varðar dreifingu vátryggingatengdra fjárfestingaafurða og um allan kostnað og tengd gjöld. Í upplýsingunum skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) þegar ráðgjöf er veitt, hvort vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag muni veita viðskiptavininum reglubundið mat á hentugleika vátryggingatengdu fjárfestingaafurðanna sem mælt er með við þann viðskiptavin, eins og um getur í 30. gr.,

b) að því er varðar upplýsingar um vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir og fjárfestingaáætlanir sem lagðar eru til, viðeigandi leiðbeiningar um, og viðvaranir um, áhættuna í tengslum við vátryggingatengdu fjárfestingaafurðirnar eða varðandi tilteknar fjárfestingaáætlanir sem lagðar er til,

c) að því er varðar upplýsingar um allan kostnað og tengd gjöld sem birta á, upplýsingar er varða dreifingu vátryggingatengdu fjárfestingaafurðarinnar, þ.m.t. kostnað vegna ráðgjafar, ef við á, kostnað vegna vátryggingatengdu fjárfestingaafurðarinnar sem mælt er með eða markaðssett viðskiptavininum og með hvaða hætti viðskiptavinurinn getur greitt fyrir hana, og einnig að meðtöldum öllum greiðslum þriðja aðila.

Upplýsingarnar um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. kostnað og gjöld í tengslum við dreifingu vátryggingatengdu fjárfestingaafurðarinnar, sem ekki er af völdum undirliggjandi markaðsáhættu, skulu vera á samanteknu formi til að gera viðskiptavininum kleift að átta sig á heildarkostnaðinum sem og samlegðaráhrifunum á hagnaðinn af fjárfestingunni og, ef viðskiptavinurinn þess óskar, leggja fram sundurliðun á kostnaði og gjöldum. Slíkar upplýsingar skal, eftir atvikum, veita viðskiptavininum með reglulegu millibili, a.m.k. árlega, yfir líftíma fjárfestingarinnar.

Upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein skal veita á skiljanlegu formi með hætti sem gerir viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum kleift að skilja með góðu móti eðli og áhættu er varðar vátryggingatengdu fjárfestingaafurðina sem boðin er og geti þar af leiðandi tekið upplýstar fjárfestingaákvarðanir. Aðildarríki geta heimilað að þessar upplýsingar séu veittar á stöðluðu formi.

2. Án þess að hafa áhrif á 19. gr. (d- og e-lið 1. mgr.), 19. gr. (1. og 3. mgr.) og 22. gr. (3. mgr.) skulu aðildarríki tryggja að vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög teljist hafa uppfyllt skyldur sínar skv. 1. mgr. 17. gr., 27. gr. eða 28. gr. ef þau greiða eða fá greidda þóknun eða umboðslaun, eða veita eða er veitt ópeningalegur ávinningur í tengslum við dreifingu vátryggingatengdrar fjárfestingaafurðar eða viðbótarþjónustu, til eða af aðila öðrum en viðskiptavininum eða aðila fyrir hönd viðskiptavinarins, eingöngu þegar greiðslan eða ávinningurinn:

a) hefur ekki skaðleg áhrif á gæði viðkomandi þjónustu sem veitt er viðskiptavininum, og

b) kemur ekki í veg fyrir að vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið uppfylli skyldur sínar um að starfa heiðarlega, af sanngirni og faglega í samræmi við ítrustu hagsmuni viðskiptavina sinna.

3. Aðildarríki geta lagt strangari kröfur á dreifingaraðila að því er varðar þau atriði sem falla undir þessa grein. Einkum geta aðildarríki aukalega bannað eða takmarkað enn frekar tilboðið eða viðtöku þóknana, umboðslauna eða ópeningalegs ávinnings frá þriðju aðilum í tengslum við veitingu vátryggingaráðgjafar.

Strangari kröfur geta falið í sér kröfu um að öllum slíkum þóknunum, umboðslaunum eða ópeningalegum ávinningi verði skilað til viðskiptavinanna eða jafnað á móti gjöldum sem viðskiptavinurinn greiðir.

Aðildarríki geta gert að skyldu að ráðgjöf, sem um getur í 30. gr., sé veitt vegna sölu á öllum vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum, eða tilteknum tegundum þeirra.

Aðildarríki geta krafist þess að þegar vátryggingamiðlari upplýsir viðskiptavininn um að óháð ráðgjöf sé veitt skuli miðlarinn leggja mat á nægjanlega mikinn fjölda vátryggingaafurða sem aðgengilegar eru á markaðnum, sem eru nægilega fjölbreyttar að því er varðar tegundir þeirra og veitendur afurðar, til að tryggja að hægt sé að uppfylla markmið viðskiptavinarins á viðeigandi hátt og takmarkist ekki við vátryggingaafurðir sem gefnar eru út eða veittar af einingum sem hafa náin tengsl við miðlarann.

Allir vátryggingamiðlarar eða vátryggingafélög skulu uppfylla þessar strangari kröfur aðildarríkis sem um getur í þessari málsgrein, þ.m.t. þau sem starfa á grundvelli frelsis til að veita þjónustu eða staðfesturéttar, er þau gera vátryggingasamninga við viðskiptavini sem hafa fasta búsetu eða staðfestu í því aðildarríki.

4. Án þess að hafa áhrif á 3. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 38. gr., til að tilgreina:

a) viðmiðanirnar fyrir mati á hvort söluhvati sem vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag greiðir eða tekur við hafi skaðleg áhrif á gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn,

b) viðmiðanirnar fyrir mati á reglufylgni vátryggingamiðlara og vátryggingafélaga, sem greiða eða taka við söluhvata, við skuldbindinguna um að starfa af heiðarleika, sanngirni og faglega í samræmi við ítrustu hagsmuni viðskiptavinarins.

5. Framseldu gerðirnar sem um getur í 4. mgr. skulu taka tillit til:

a) eðlis þjónustunnar sem boðin er eða veitt viðskiptavininum, eða hugsanlegum viðskiptavini, með hliðsjón af tegund, markmiði, umfangi og tíðni viðskiptanna,

b) eðlis afurðanna sem boðnar eru eða teknar til skoðunar, þ.m.t. mismunandi tegundir vátryggingatengdra fjárfestingaafurða.

30. gr.

Mat á hentugleika og tilhlýðileika, og skýrslugjöf til viðskiptavina

1. Án þess að hafa áhrif á 1. mgr. 20. gr. skal vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag, þegar ráðgjöf er veitt um vátryggingatengda fjárfestingaafurð, einnig afla nauðsynlegra upplýsinga um reynslu og þekkingu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem máli skiptir fyrir þessa tilteknu tegund afurðar eða þjónustu, fjárhagsstöðu þess aðila, þ.m.t. getu til að mæta tapi, og fjárfestingamarkmiða hans, þ.m.t. áhættuþol, til að vátryggingamiðlaranum eða vátryggingafélaginu sé kleift að mæla með við viðskiptavininn eða hugsanlegan viðskiptavin vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir sem hentugar eru fyrir þann aðila og sem, einkum, eru í samræmi við áhættuþol þess aðila og getu til að mæta tapi.

Aðildarríki skulu tryggja, þegar vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag veitir fjárfestingaráðgjöf og mælir með þjónustu- eða afurðapakka sem settir eru saman skv. 24. gr., að heildarpakkinn sé hentugur.

2. Aðildarríkin skulu, án þess að hafa áhrif á 1. mgr. 20. gr., tryggja að vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag, þegar stafsemi á sviði dreifingar vátrygginga er önnur en sú sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í tengslum við sölu þar sem engin ráðgjöf er veitt, biðji viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn um að veita upplýsingar um þekkingu sína og reynslu á sviði fjárfestinga sem máli skiptir fyrir þá tilteknu tegund afurðar eða þjónustu sem í boði er eða farið er fram á, til þess að gera vátryggingamiðlaranum eða vátryggingafélaginu kleift að meta hvort vátryggingaþjónustan eða -afurðin hæfi viðskiptavininum. Ef þjónustu- eða afurðapakki er fyrirhugaður skv. 24. gr. skal í matinu tekið til athugunar hvort heildarpakkinn sé viðeigandi.

Ef vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið telur, á grundvelli móttekinna upplýsinga samkvæmt fyrstu undirgrein, að afurðin hæfi ekki viðskiptavininum eða hugsanlega viðskiptavininum skal vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið vara viðskiptavininn eða hugsanlega viðskiptavininn við því. Þessa viðvörun má veita á stöðluðu formi.

Ef viðskiptavinir eða hugsanlegir viðskiptavinir veita ekki upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein, eða veita ófullnægjandi upplýsingar um þekkingu sína og reynslu, skal vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið vara þá við því að það sé ekki í aðstöðu til að ákvarða um hvort afurðin sem mælt er með hæfi þeim. Þessa viðvörun má veita á stöðluðu formi.

3. Ef engin ráðgjöf er veitt í tengslum við vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir geta aðildarríki, án þess að hafa áhrif á 1. mgr. 20. gr., vikið frá skuldbindingunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og heimilað vátryggingamiðlurum eða vátryggingafélögum að annast dreifingu vátrygginga innan yfirráðasvæðis þeirra án þess að þurfa afla upplýsinganna eða taka ákvörðunina sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) starfsemin vísar til annarrar hvorrar af eftirfarandi vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum:

   i. samninga sem eingöngu hafa í för með sér fjárfestingaáhættu vegna fjármálagerninga sem teljast einfaldir samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og eru ekki uppbyggðir með hætti sem gerir að verkum að erfitt er fyrir viðskiptavininn að skilja áhættuna sem felst í þeim, eða

   ii. annarra einfaldra vátryggingatengdra fjárfestinga að því er varðar þessa málsgrein,

b) dreifing vátrygginganna á sér stað að frumkvæði viðskiptavinarins eða hugsanlegs viðskiptavinar,

c) viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn hefur verið skilmerkilega upplýstur um að, við veitingu þjónustu á sviði dreifingar vátrygginga, ekki sé krafist að vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag meti tilhlýðileika vátryggingatengdu fjárfestingaafurðarinnar eða dreifingarvátrygginganna sem veitt er eða stendur til boða, og að viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn njóti ekki samsvarandi verndar af þeim viðkomandi viðskiptaháttum. Slíka viðvörun má veita á stöðluðu formi,

d) vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið hlítir skuldbindingum sínum skv. 27. gr. og 28. gr.

Allir vátryggingamiðlarar eða vátryggingafélög, þ.m.t. þau sem starfa á grundvelli frelsis til að veita þjónustu eða staðfesturéttar skulu, við gerð vátryggingasamninga við viðskiptavini sem hafa fasta búsetu eða staðfestu í aðildarríki, sem ekki nýtir undanþáguna sem um getur í þessari málsgrein, hlíta gildandi ákvæðum í því aðildarríki.

4. Vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið skal koma upp skrá sem inniheldur skjalið eða skjölin sem vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið og viðskiptavinurinn hafa gert samkomulag um, þar sem sett eru fram réttindi og skyldur aðilanna og aðrir skilmálar sem gilda þegar vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið veitir viðskiptavininum þjónustu. Réttindi og skyldur aðilanna að samningnum má fella inn með tilvísun í önnur skjöl eða lagatexta.

5. Vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið skal veita viðskiptavininum fullnægjandi skýrslur um veitta þjónustu á varanlegum miðli. Þessar skýrslur skulu innihalda reglubundin samskipti við viðskiptavini, að teknu tillit til tegundar og hversu flóknar vátryggingatengdu fjárfestingaafurðirnar sem í hlut eiga eru og eðlis þjónustunnar sem veitt er viðskiptavininum og skulu innihalda, eftir atvikum, kostnaðinn í tengslum við viðskiptin og þjónustuna sem innt er af hendi fyrir viðskiptavininn.

Þegar ráðgjöf er veitt um vátryggingatengda fjárfestingaafurð skal vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið, áður en samningurinn er gerður, gefa viðskiptavininum hentugleikayfirlýsingu á varanlegum miðli sem tilgreinir ráðgjöfina sem er veitt og hvernig sú ráðgjöf uppfyllir óskir, markmið og önnur einkenni viðskiptavinarins. Skilyrðin sem sett eru fram í 1.–4. mgr. 23. gr. skulu gilda.

Ef samningurinn er gerður fyrir milligöngu fjarsamskiptamiðils, sem aftrar fyrirfram afhendingu á hentugleikayfirlýsingunni, getur vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið lagt fram hentugleikayfirlýsinguna á varanlegum miðli strax eftir að viðskiptavinurinn er bundinn samningi, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn hefur samþykkt að taka við hentugleikayfirlýsingunni án ástæðulausrar tafar eftir gerð samningsins, og

b) vátryggingamiðlarinn eða vátryggingafélagið hefur gefið viðskiptavininum kost á að fresta gerð samningsins til að fá hentugleikayfirlýsinguna áður en samningur er gerður.

Ef vátryggingamiðlari eða vátryggingafélag hefur upplýst viðskiptavininn um að það muni framkvæma reglubundið mat á hentugleika skal reglubundna skýrslan innihalda uppfærða yfirlýsingu um hvernig vátryggingatengda fjárfestingaafurðin uppfyllir óskir, markmið og önnur einkenni viðskiptavinarins.

6. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 38. gr., til þess nánar að tilgreina hvernig vátryggingamiðlarar og vátryggingafélög eiga að hlíta meginreglunum sem settar eru fram í þessari grein við dreifingu vátrygginga með viðskiptavinum sínum, þ.m.t. að því er varðar upplýsingarnar sem afla á þegar lagt er mat á hentugleika og tilhlýðileika vátryggingatengdra fjárfestingaafurða fyrir viðskiptavini þeirra, viðmiðanirnar til að meta einfaldar vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir að því er varðar ii. lið a-liðar 3. mgr. þessarar greinar og innihald og snið skráa og samkomulags um veitingu þjónustu til viðskiptavina og um reglubundnar skýrslur til viðskiptavina um veitta þjónustu. Þessar framseldu gerðir skulu taka tillit til:

a) eðlis þjónustunnar sem í boði er eða veitt viðskiptavininum, eða hugsanlegum viðskiptavini, með hliðsjón af tegund, markmiði, umfangi og tíðni viðskiptanna,

b) eðlis afurðanna sem boðnar eru eða teknar til athugunar, þ.m.t. mismunandi tegundir vátryggingatengdra fjárfestingaafurða,

c) hvort viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn er almennur viðskiptavinur eða fagviðskiptavinur.

7. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 23. ágúst 2017, þróa viðmiðunarreglur og uppfæra þær reglubundið eftir það, fyrir matið á vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum sem eru uppbyggðar með hætti sem gerir af verkum að erfitt er fyrir viðskiptavininn að skilja áhættuna sem felst í þeim, eins og um getur í i. lið a-liðar 3. mgr.

8. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin getur þróað viðmiðunarreglur og uppfært þær reglubundið eftir það, fyrir matið á vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum sem flokkast sem einfaldar að því er varðar ii. lið a-liðar 3. mgr., með tilliti til framseldra gerða sem samþykktar eru samkvæmt 6. mgr.

VII. KAFLI

VIÐURLÖG OG AÐRAR RÁÐSTAFANIR

31. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld þeirra geti lagt á stjórnsýsluviðurlög og beitt öðrum ráðstöfunum sem gilda um öll brot á landsákvæðum sem leiða þessa tilskipun í lög og skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Aðildarríki skulu tryggja að stjórnsýsluviðurlög þeirra og aðrar ráðstafanir séu skilvirk, hlutfallsleg og letjandi.

2. Aðildarríki geta ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög samkvæmt þessari tilskipun vegna brota sem falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum þeirra. Í því tilviki skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi ákvæði refsiréttar.

3. Lögbær yfirvöld skulu beita eftirlitsheimildum sínum, þ.m.t. rannsóknarheimildum og valdi til að leggja á viðurlög sem kveðið er á um í þessum kafla, í samræmi við landsbundna lagaramma sína, með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

4. Aðildarríki skulu tryggja að, þegar skuldbindingar gilda um dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga, komi til brots á einhverri slíkri skuldbindingu, unnt sé að beita stjórnsýsluviðurlögum gegn og öðrum ráðstöfunum að því er varðar aðilana í stjórn þeirra eða eftirlitsaðila, og sérhverjum öðrum einstaklingum eða lögaðilum sem, samkvæmt landslögum, bera ábyrgð á slíku broti.

5. Aðildarríki skulu tryggja að stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem gripið er til í samræmi við þessa grein falli undir rétt til áfrýjunar.

6. Lögbæru yfirvöldin skulu fá allar þær rannsóknarheimildir sem nauðsynlegar eru til að þau geti sinnt hlutverki sínu. Við beitingu heimilda sinna um stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir, skulu lögbær yfirvöld starfa náið saman til að tryggja að þessi viðurlög og ráðstafanir skili tilætluðum árangri og samræma aðgerðir sínar þegar tekið er á málum sem ná yfir landamæri, um leið og þau sjá til þess að skilyrðin séu uppfyllt fyrir lögmæta gagnavinnslu í samræmi við tilskipun 95/46/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001.

Ef aðildarríki hafa kosið, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, að mæla fyrir um refsiviðurlög vegna brota á ákvæðunum sem um getur í 33. gr. skulu þau tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu til staðar svo lögbær yfirvöld hafi allt nauðsynlegt vald til að:

a) hafa samráð við dómsmálayfirvöld á yfirráðasvæði sínu um að fá tilteknar upplýsingar sem varða rannsóknir sakamála eða hafnar málsmeðferðir vegna mögulegra brota samkvæmt þessari tilskipun, og

b) veita öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni þessar upplýsingar til að uppfylla skuldbindingar sínar um samráð hvert við annað og við Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina að því er varðar þessa tilskipun.

32. gr.

Birting viðurlaga og annarra ráðstafana

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld birti, án ótilhlýðilegrar tafar, öll stjórnsýsluviðurlög eða aðrar ráðstafanir sem beitt hefur verið vegna brota á landsákvæðunum sem leiða þessa tilskipun í lög og sem engin kæra hefur verið lögð fram tímanlega vegna, þ.m.t. upplýsingar um tegund og eðli brotsins og deili á aðilunum sem bera ábyrgð á því. Ef lögbært yfirvald telur að birting auðkenna lögaðilanna eða auðkenna einstaklinganna eða persónuupplýsinga sé ekki í réttu hlutfalli við tilefnið í framhaldi af mati á einstökum tilvikum, sem gert er út frá meðalhófsreglu fyrir birtingu á slíkum gögnum, eða ef birtingin teflir stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn í tvísýnu, geta lögbær yfirvöld ákveðið að fresta birtingu, birta ekki, eða birta viðurlögin nafnlaust.

2. Ef landslög kveða á um birtingu ákvörðunar um að leggja á viðurlög eða beita öðrum ráðstöfunum sem falla undir rétt til áfrýjunar til viðkomandi dómsyfirvalda eða annarra yfirvalda skulu lögbær yfirvöld, án ótilhlýðilegrar tafar, einnig birta á opinberu vefsetri sínu slíkar upplýsingar og allar síðari upplýsingar um niðurstöðu slíkrar áfrýjunar. Þar að auki skal birta sérhverja ákvörðun um að ógilda fyrri ákvörðun um að leggja á viðurlög eða beita ráðstöfunum, sem áður hefur verið birt.

3. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem beitt er, en ekki birt í samræmi við 1. mgr., þ.m.t. sérhverja áfrýjun í tengslum við þau og niðurstöðuna af henni.

33. gr.

Brot, viðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Þessi grein skal gilda a.m.k. um eftirfarandi:

a) aðila sem skrá ekki dreifingarstarfsemi sína í samræmi við 3. gr.,

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélag eða vátrygginga- eða endurtryggingamiðlara sem nota dreifingarþjónustu aðila á sviði vátrygginga eða endurtrygginga sem um getur í a-lið,

c) vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi sem hafa fengið skráningu með því að gefa rangar yfirlýsingar, eða á annan óréttmætan hátt, og brotið þar með gegn 3. gr.,

d) dreifingaraðila vátrygginga sem uppfyllir ekki ákvæði 10. gr.,

e) vátryggingafélag eða vátryggingamiðlara sem uppfyllir ekki kröfur um viðskiptahætti sem settar eru fram í V. og VI. kafla í tengslum við dreifingu vátryggingatengdra fjárfestingaafurða,

f) dreifingaraðila vátrygginga sem uppfyllir ekki kröfur um viðskiptahætti sem settar eru fram í V. kafla í tengslum við vátryggingaafurð, aðra en þær sem um getur í e-lið.

2. Ef um er að ræða eitthvert þeirra brota sem um getur í e-lið 1. mgr. skulu aðildarríki tryggja að lögbæru yfirvöldin hafi vald til að leggja á, í samræmi við landslög, a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlög og beita öðrum ráðstöfunum:

a) opinberri yfirlýsingu, þar sem tilgreindur er einstaklingurinn eða lögaðilinn sem ábyrgur er og um eðli brotsins,

b) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

c) ef um er að ræða vátryggingamiðlara, afturköllun skráningarinnar sem um getur í 3. gr.,

d) tímabundnu banni við að gegna stjórnunarstarfi í vátryggingamiðlurum eða vátryggingafélögum, beitt gegn sérhverjum aðila í stjórn vátryggingamiðlarans eða vátryggingafélagsins sem ber ábyrgð,

e) ef um er að ræða lögaðila, eftirfarandi hámarks fjárhagslegum stjórnsýsluviðurlögum:

i. a.m.k. 5 000 000 evrum eða allt að 5% af heildarveltu á ári samkvæmt síðustu reikningsskilum sem samþykkt eru af stjórn, eða í aðildarríkjunum sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli hvers ríkis á gildistökudegi þessarar tilskipunar. Ef lögaðilinn er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem er skylt að gera samstæðureikningsskil samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([1]) skal viðkomandi heildarvelta vera heildarvelta á ári samkvæmt síðustu tiltæku samstæðureikningsskilum sem stjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt, eða

ii. allt að tvöfaldri upphæð hagnaðarins eða tapsins sem komist er hjá vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða um það,

f) ef um er að ræða einstakling, eftirfarandi hámarks fjárhagslegum stjórnsýsluviðurlögum:

i. a.m.k. 700 000 evrum eða, í aðildarríkjunum sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli hvers ríkis á gildistökudegi þessarar tilskipunar, eða

ii. allt að tvöfaldri upphæð hagnaðarins eða tapsins sem komist er hjá vegna brotsins, ef mögulegt er að ákvarða um það.

3. Ef um er að ræða eitthvert þeirra brota sem um getur í a- til d-lið og f-lið 1. mgr. skulu aðildarríki tryggja að lögbæru yfirvöldin hafi vald til að leggja á, í samræmi við landslög, a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlög og beita öðrum ráðstöfunum:

a) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

b) ef um er að ræða vátryggingamiðlara, endurtryggingamiðlara eða vátryggingamiðlara í hliðarstarfsemi, afturköllun skráningarinnar sem um getur í 3. gr.

4. Aðildarríki geta veitt lögbærum yfirvöldum vald til að kveða á um frekari viðurlög eða aðrar ráðstafanir og um upphæðir fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga sem eru hærri en þau sem kveðið er á um í þessari grein.

34. gr.

Skilvirk beiting viðurlaga og annarra ráðstafana

Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar tegund stjórnsýsluviðurlaga eða annarra ráðstafana og upphæðir fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga eru ákvörðuð, þ.m.t. og eftir því sem við á:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur staðið yfir,

b) hversu mikil ábyrgð liggur hjá einstaklingnum eða lögaðilanum,

c) fjárhagslegs styrks ábyrga einstaklingsins eða lögaðilans, eins og tilgreint er annað hvort með árstekjum ábyrga einstaklingsins eða heildarveltu ábyrga lögaðilans,

d) mikilvægis hagnaðar eða taps sem ábyrgi einstaklingurinn eða lögaðilinn kemst hjá, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða um það,

e) taps viðskiptavina og þriðju aðila vegna brotsins, að svo miklu leyti sem mögulegt er að ákvarða um það,

f) samstarfsvilja ábyrga einstaklingsins eða lögaðilans við lögbæra yfirvaldið,

g) ráðstafana sem ábyrgi einstaklingurinn eða lögaðilinn gerir til að koma í veg fyrir endurtekningu brotsins, og

h) sérhverra fyrri brota ábyrga einstaklingsins eða lögaðilans.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

35. gr.

Tilkynning um brot

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbæru yfirvöldin komi á fót skilvirku fyrirkomulagi til að gera mögulegt og hvetja til að þeim sé tilkynnt um hugsanleg eða raunveruleg brot á landsákvæðum sem leiða þessa tilskipun í lög.

2. Fyrirkomulagið sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. ná yfir:

a) sértækar málsmeðferðir fyrir viðtöku tilkynninga og eftirfylgd þeirra,

b) viðeigandi vernd, a.m.k. gegn hefndarráðstöfunum, misrétti eða annars konar ósanngjarnri meðhöndlun, fyrir starfsfólk dreifingaraðila vátrygginga eða endurtrygginga og, þegar það er mögulegt, fyrir aðra aðila sem tilkynna um brot sem framin eru innan þessara eininga, og

c) verndun auðkenna bæði aðilans sem tilkynnir um brotið og einstaklingsins sem ber meinta ábyrgð á brotinu, á öllum stigum málsmeðferðarinnar, nema slíkrar birtingar sé krafist að landslögum í tengslum við frekari rannsókn eða síðari stjórnsýslu- eða dómsmeðferðir.

36. gr.

Framlagning upplýsinga til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar í tengslum við viðurlög og aðrar ráðstafanir

1. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem beitt er en ekki birt í samræmi við 1. mgr. 32. gr.

2. Lögbær yfirvöld skulu árlega veita Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni samanteknar upplýsingar sem varða öll viðurlög og ráðstafanir sem beitt er í samræmi við 31. gr.

Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal birta þær upplýsingar í ársskýrslu sinni.

3. Þegar lögbæra yfirvaldið hefur birt upplýsingar um stjórnsýsluviðurlög eða aðrar ráðstafanir opinberlega skal það á sama tíma tilkynna það Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni.

VIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

37. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríki skulu beita tilskipun 95/46/EB á vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í aðildarríkjunum samkvæmt þessari tilskipun.

2. Reglugerð (EB) nr. 45/2001 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóða-eftirlitsstofnunin innir af hendi samkvæmt þessari tilskipun.

38. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórnin skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 39. gr., að því er varðar 25., 28., 29. og 30. gr.

39. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 25., 28., 29. og 30. gr., um óákveðinn tíma frá 22. febrúar 2016.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 25., 28., 29. og 30. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 25., 28., 29. og 30. gr., skal því eingöngu öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Framlengja skal þennan frest um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

40. gr.

Umbreytingarfrestur

Aðildarríki skulu tryggja að miðlarar sem þegar eru skráðir samkvæmt tilskipun 2002/92/EB hlíti viðkomandi ákvæðum landslaga sem innleiða 1. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 23. febrúar 2019.

41. gr.

Endurskoðun og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 23. febrúar 2021, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu 1. gr. Slík skýrsla skal innihalda mat, á grundvelli móttekinna upplýsinga frá aðildarríkjunum og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni skv. 5. mgr. 1. gr., á því hvort gildissvið þessarar tilskipunar, þ.m.t. undanþágan í 3. mgr. 1. gr., sé áfram viðeigandi að því er varðar neytendaverndarstigið, meðalhófsreglu við meðhöndlun milli mismunandi dreifingaraðila vátrygginga og stjórnsýsluálagið sem lagt er á lögbær yfirvöld og vátryggingadreifileiðir.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa tilskipun eigi síðar en 23. febrúar 2021. Endurskoðunin skal innihalda almenna könnun á beitingu reglnanna í reynd samkvæmt þessari tilskipun, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar á smásölumörkuðunum með fjárfestingaafurðir sem og reynslunnar af beitingu þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 og tilskipunar 2014/65/ESB. Endurskoðunin skal innihalda mat á hvort tilteknar reglur um viðskiptahætti við dreifingu vátryggingatengdra fjárfestingaafurða sem settar eru fram í VI. kafla þessarar tilskipunar, skili viðeigandi og hlutfallslegum niðurstöðum, með tilliti til þarfarinnar á að tryggja fullnægjandi neytendaverndarstig í samræmi við staðlana sem gilda um vernd fjárfesta samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB og sérstakra eiginleika vátryggingatengdra fjárfestingaafurða og sérstaks eðlis dreifileiða þeirra. Endurskoðunin skal einnig taka til mögulegrar beitingar ákvæða þessarar tilskipunar á afurðir sem falla undir gildissvið tilskipunar 2003/41/EB. Slík endurskoðun skal einnig innihalda sérstaka greiningu á áhrifunum af 19. gr. þessarar tilskipunar, með tilliti til samkeppnisaðstæðna á markaðnum í dreifingu vátrygginga, fyrir aðra samninga en þeirra sem eru í einhverjum af flokkunum sem tilgreindir eru í II. viðauka við tilskipun 2009/138/EB og áhrifunum af skuldbindingunum sem um getur í 19. gr. þessarar tilskipunar á vátryggingamiðlara sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki.

3. Að höfðu samráði við sameiginlega nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna skal framkvæmdastjórnin leggja fyrstu skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið.

4. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 23. febrúar 2020, og á a.m.k. tveggja ára fresti eftir það, útbúa viðbótarskýrslu um beitingu þessarar tilskipunar. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skal hafa samráð við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina áður en hún birtir skýrslu sína.

5. Í þriðju skýrslunni, sem skal gerð eigi síðar en 23. febrúar 2018, skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin framkvæma mat á skipulagi markaða vátryggingamiðlara.

6. Í skýrslunni sem Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin á að gera eigi síðar en 23. febrúar 2020, sem um getur í 4. mgr., skal rannsakað hvort lögbæru yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 12. gr. hafi fullnægjandi valdheimildir og nægt fjármagn til að sinna skyldum sínum.

7. Í skýrslunni, sem um getur í 4. mgr., skal a.m.k. fjallað um eftirfarandi málefni:

a) allar breytingar á skipulagi markaðarins fyrir vátryggingamiðlara,

b) allar breytingar á mynstri starfseminnar sem nær yfir landamæri,

c) endurbæturnar á gæðum ráðgjafar og söluaðferða og áhrif þessarar tilskipunar á vátryggingamiðlara sem eru lítil og meðalstór fyrirtæki.

8. Skýrslan sem um getur í 4. mgr. skal einnig innihalda mat Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar á áhrifum þessarar tilskipunar.

42. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 23. febrúar 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina sem felld er niður með þessari tilskipun, sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

43. gr.

Breyting á tilskipun 2002/92/EB

Kafli IIIA í tilskipun 2002/92/EB er felldur úr gildi frá og með 23. febrúar 2016.

44. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2002/92/EB, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi frá og með 23. febrúar 2018, án þess að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að leiða í landslög tilskipanirnar sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni sem sett er fram í III. viðauka.

45. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

46. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 20. janúar 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A.G. KOENDERS
forseti.	*forseti.*

———

I. VIÐAUKI

KRÖFUR UM LÁGMARKSFAGÞEKKINGU OG -HÆFNI

(eins og um getur í 2. mgr. 10. gr.)

I Skaðaáhætta sem flokkast í 1.–18. flokk í A-hluta I. viðauka við tilskipun 2009/138/EB:

a) nauðsynleg lágmarksþekking á skilmálum og skilyrðum vátryggingasamninga sem eru í boði, þ.m.t. öll hliðaráhætta ef hún fellur undir slíka samninga,

b) nauðsynleg lágmarksþekking á gildandi lögum um dreifingu vátryggingaafurða, s.s. neytendaverndarlögum, viðkomandi skattalögum og viðkomandi félagsmála- og vinnulöggjöf,

c) nauðsynleg lágmarksþekking á meðferð krafna,

d) nauðsynleg lágmarksþekking á meðferð kvartana,

e) nauðsynleg lágmarksþekking á að meta þarfir neytenda,

f) nauðsynleg lágmarksþekking á vátryggingamarkaðnum,

g) nauðsynleg lágmarksþekking á viðskiptasiðferðistöðlum og

h) nauðsynleg lágmarkshæfni á sviði fjármála.

II Vátryggingatengdar fjárfestingaafurðir:

a) nauðsynleg lágmarksþekking á vátryggingatengdum fjárfestingaafurðum, þ.m.t. skilmálum og skilyrðum og hreinum iðgjöldum og, eftir atvikum, ábyrgðartryggðum bótum og bótum sem ekki eru ábyrgðartryggðar,

b) nauðsynleg lágmarksþekking á kostum og göllum mismunandi fjárfestingavalkosta fyrir vátryggingataka,

c) nauðsynleg lágmarksþekking á fjárhagslegri áhættu sem vátryggingatakar bera,

d) nauðsynleg lágmarksþekking á vátryggingasamningum sem ná yfir lífáhættu og öðrum sparnaðarafurðum,

e) nauðsynleg lágmarksþekking á skipulagningu og bótum sem lífeyriskerfið ábyrgist,

f) nauðsynleg lágmarksþekking á gildandi lögum um dreifingu vátryggingaafurða, s.s. neytendaverndarlögum og viðkomandi skattalögum,

g) nauðsynleg lágmarksþekking á vátryggingamarkaðnum og á markaðnum með sparnaðarafurðir,

h) nauðsynleg lágmarksþekking á meðferð kvartana,

i) nauðsynleg lágmarksþekking á að meta þarfir neytenda,

j) stýringu hagsmunaárekstra,

k) nauðsynleg lágmarksþekking á viðskiptasiðferðistöðlum, og

l) nauðsynleg lágmarkshæfni á sviði fjármála.

III Lífáhætta sem flokkuð er í II. viðauka við tilskipun 2009/138/EB:

a) nauðsynleg lágmarksþekking á vátryggingasamningum, þ.m.t. skilmálum, skilyrðum, ábyrgðartryggðum bótum og, eftir atvikum, hliðaráhættu,

b) nauðsynleg lágmarksþekking á skipulagningu og bótum sem lífeyriskerfi viðkomandi aðildarríkis ábyrgist,

c) þekking á gildandi lögum um vátryggingasamninga, neytendaverndarlögum, gagnaverndarlögum, lögum gegn peningaþvætti og, eftir atvikum, viðkomandi skattalögum og vinnulöggjöf,

d) nauðsynleg lágmarksþekking á vátryggingamarkaðnum og öðrum fjármálaþjónustumörkuðum sem skipta máli,

e) nauðsynleg lágmarksþekking á meðferð kvartana,

f) nauðsynleg lágmarksþekking á að meta þarfir neytenda,

g) stýringu hagsmunaárekstra,

h) nauðsynleg lágmarksþekking á viðskiptasiðferðistöðlum og

i) nauðsynleg lágmarkshæfni á sviði fjármála.

———

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með lista yfir síðari breytingar hennar

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB (Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

B-HLUTI

Frestur til að leiða í landslög sem um getur í 44. gr.

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar breytingartilskipana
2014/65/ESB	3.7.2016
(ESB) 2016/97	22.2.2016 (að því er varðar breytingar á tilskipun 2002/92/EB í samræmi við 43. gr. þessarar tilskipunar) 23.2.2018 (að því er varðar lögleiðingu þessarar tilskipunar í samræmi við 42. gr.)

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 2002/92/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. og 2. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	3. og 4. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	6. mgr. 1. gr.
1. tölulíður 2. gr.	6. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
2. tölulíður 2. gr.	7. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
3. tölulíður 2. gr.	1. tölulíður 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr.
4. tölulíður 2. gr.	2. tölulíður 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr.
5. tölulíður 2. gr.	3. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
6. tölulíður 2. gr.	5. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
7. tölulíður 2. gr.	—
8. tölulíður 2. gr.	16. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
9. tölulíður 2. gr.	10. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
10. tölulíður 2. gr.	11. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
11. tölulíður 2. gr.	—
12. tölulíður 2. gr.	18. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
13. tölulíður 2. gr.	17. tölulíður 1. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	2. og 3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	4. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	—
5. mgr. 3. gr.	—
6. mgr. 3. gr.	16. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
2. mgr. 4. gr.	3. mgr. 10. gr.
3. mgr. 4. gr.	4. mgr. 10. gr.
4. mgr. 4. gr.	6. mgr. 10. gr.
5. mgr. 4. gr.	—
6. mgr. 4. gr.	—
7. mgr. 4. gr.	7. mgr. 10. gr.
5. gr.	40. gr.
1. mgr. 6. gr.	4. og 6. gr.
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	1. mgr. 11. gr.
7. gr.	12. gr.
8. gr.	5. gr., 7. gr. og 31.–36. gr.

Tilskipun 2002/92/EB	Þessi tilskipun
9. gr.	13. gr.
10. gr.	14. gr.
11. gr.	15. gr.
a-liður 1. mgr. 12. gr.	i. liður a-liðar 18. gr. og i. liður b-liðar 18. gr.
b-liður 1. mgr. 12. gr.	iv. liður a-liðar 18. gr.
c-liður 1. mgr. 12. gr.	a-liður 1. mgr. 19. gr.
d-liður 1. mgr. 12. gr.	b-liður 1. mgr. 19. gr.
e-liður 1. mgr. 12. gr.	18. gr. (iii. liður a-liðar), 18. gr. (iii. liður b-liðar) og 19. gr. (c-liður 1. mgr.)
2. mgr. 12. gr.	3. mgr. 20. gr.
3. mgr. 12. gr.	1. mgr. 20. gr.
4. mgr. 12. gr.	1. mgr. 22. gr.
5. mgr. 12. gr.	2. og 4. mgr. 22. gr.
13. gr.	23. gr.
14. gr.	—
15. gr.	—
16. gr.	—
17. gr.	—

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB)2018/411 **2019/EES/31/03**
frá 14. mars 2018

um breytingu á tilskipun (ESB) 2016/97 að því er varðar daginn þegar lögleiðingarráðstafanir aðildarríkja koma til framkvæmda (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 ([2]) voru landsákvæði er varða sölu vátryggingamiðlara og vátryggingafélaga, og starfsmanna þeirra, og vátryggingamiðlara í hliðarstafsemi á vátryggingar- og endurtryggingarvörum og vátryggingatengdum fjárfestingarvörum í Sambandinu samræmd.

2) Aðildarríkin skulu, skv. 1. mgr. 42. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97, samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þeirri tilskipun eigi síðar en 23. febrúar 2018.

3) Hinn 21. september 2017 samþykkti framkvæmdastjórnin framseldar reglugerðir (ESB) 2017/2358 ([3]) og (ESB) 2017/2359 ([4]), um viðbætur við tilskipun (ESB) 2016/97.

4) Evrópuþingið hvatti í ákvörðun sinni um að hreyfa ekki andmælum við framseldum reglugerðum (ESB) 2017/2358 og (ESB) 2017/2359 framkvæmdastjórnina til að samþykkja tillögu að nýrri löggjöf og fastsetja 1. október 2018, fremur en 23. febrúar 2018, sem þann dag sem lögin og stjórnsýslufyrirmælin sem nauðsynleg eru til að hlíta tilskipun (ESB) 2016/97 komi til framkvæmda. Evrópuþingið rökstuddi þá beiðni með því að leggja áherslu á þörfina fyrir að gefa vátryggingafélögum og söluaðilum vátrygginga meiri tíma til að undirbúa betur rétta og skilvirka framkvæmd tilskipunar (ESB) 2016/97 og til að koma í framkvæmd nauðsynlegum tæknilegum og skipulagslegum breytingum til að hlíta framseldum reglugerðum (ESB) 2017/2358 og (ESB) 2017/2359.

5) Því ætti að breyta tilskipun (ESB) 2016/97 til samræmis við það.

6) Að gefnum þeim stutta tíma sem er til stefnu áður en landslögin og stjórnsýslufyrirmælin sem nauðsynleg eru til að hlíta tilskipun (ESB) 2016/97 taka gildi, og til að tryggja réttarvissu og forða mögulegri markaðsröskun, ætti þessi tilskipun að öðlast gildi eins fljótt og auðið er og ætti að taka gildi, afturvirkt, frá og með 23. febrúar 2018.

7) Af þessum sökum er einnig réttlætanlegt í þessu tilviki að beita undantekningunni í brýnum tilvikum sem kveðið er á um í 4. gr. bókunar nr. 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 1. mars 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 9. mars 2018.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu vátrygginga (Stjtíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 frá 21. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar kröfur um eftirlit með afurðum og stjórnunarhætti fyrir vátryggingafélög og söluaðila vátrygginga (Stjtíð. ESB L 341, 20.12.2017, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2359 frá 21. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar reglur um viðskiptahætti sem gilda um sölu á vátryggingatengdum fjárfestingarvörum (Stjtíð. ESB L 341, 20.12.2017, bls. 8).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun (ESB) 2016/97 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 42. gr. komi eftirfarandi undirgreinar:

„1. Aðildarríki skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 1. júlí 2018. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríki skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. október 2018 í síðasta lagi.

2) Í stað fyrstu málsgreinar 44. gr. komi eftirfarandi:

Tilskipun 2002/92/EB, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka við þessa tilskipun, er hér með felld úr gildi frá og með 1. október 2018, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að leiða tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka við þessa tilskipun í landslög.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda afturvirkt frá og með 23. febrúar 2018.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. mars 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	L. PAVLOVA
forseti.	*Forseti*

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1079 **2019/EES/31/04**

frá 30. júlí 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co. KG) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/187 ([2]) var blanda með *Bacillus subtilis* DSM 28343, sem tilheyrir aukefnaflokknum dýraræktaraukefni, leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. mars 2018 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* DSM 28343 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti aukið þyngd, þyngdaraukningu eða fóðurstuðul fráfærugrísa. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 131. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/187 frá 2. febrúar 2017 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (DSM 28343) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co. KG) (Stjtíð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 35).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5221.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1825	Lactosan GmbH & Co KG	*Bacillus subtilis* DSM 28343	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bacillus subtilis* DSM 28343 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg gró *Bacillus subtilis* DSM 28343 *Greiningaraðferð* (1) *Sanngreining á Bacillus subtilis* DSM 28343 í fóðuraukefni, forblöndum og fóðri: — Auðkenning: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE) Ákvörðun á heildarfjölda Bacillus subtilis DSM 28343 í fóður-aukefni, forblöndum og fóðri: — Ákvörðun á heildarfjölda: Dreifingaraðferð þar sem notaður er trýptónsojaagar — EN 15784	Fráfærugrísir	—	1×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Til notkunar fyrir fráfærugrísi allt að 35 kg að þyngd. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	20.8.2028.

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1080 **2019/EES/31/05**

frá 30. júlí 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/328 ([2]) var blanda með *Bacillus subtilis* DSM 29784, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 21. febrúar 2018 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* DSM 29784 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna og á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að telja megi að verkunarháttur hjá aukategundum alifugla sé sá sami og hjá aðaltegundum alifugla (eldiskjúklingum). Af þessum sökum er hægt að framreikna niðurstöðurnar um verkun fyrir eldiskjúklinga yfir á aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 134. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/328 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Adisseo France SAS) (Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 10).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5204.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1829	Adisseo France SAS	*Bacillus subtilis* DSM 29784	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg gró *Bacillus subtilis* DSM 29784 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Bacillus subtilis* DSM 29784 í aukefni, forblöndu og fóðri: Dreifingaraðferð þar sem notaður er trýptónsojaagar EN 15784 Sanngreining á *Bacillus subtilis* DSM 29784: Auðkenning: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Aukategundir alifugla til eldis og sem aldar eru til varps	—	1×10^{8}	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Heimilt að nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi leyfð hníslalyf: lasalósíð-A-natríum eða díklasúríl. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð-, öndunar- og augnvörn.	20.8.2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1081 **2019/EES/31/06**

frá 30. júlí 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Blanda með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544), sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2006 ([2]), fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skrautfugla og veiðifugla með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 ([3]), fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 ([4]), fyrir varphænur og skrautfiska með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 ([5]) og fyrir gyltur, mjólkurgrísi og hunda með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2312 ([6]).

3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) fyrir eldissvín og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“.

4) Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. mars 2018 ([7]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt kynbótalegt gildi hjá eldissvínum. Matvæla-öryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 137. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2006 frá 29. september 2006 um leyfi til að nota *Bacillus subtilis*, C-1302, (Calsporin) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 19).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 184/2011 frá 25. febrúar 2011 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla (leyfishafi er Calpis Co. Ltd Japan, fulltrúi er Calpis Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 33).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 frá 22. apríl 2010 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir smágrísi sem búið er að venja undan (leyfishafi: Calpis Co. Ltd. Japan, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Calpis Co. Ltd. Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 19).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/897 frá 8. júní 2016 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (C-3102) (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir varphænur og skrautfiska (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1444/2006, (ESB) nr. 333/2010 og (ESB) nr. 184/2011 að því er varðar leyfishafa (Stjtíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 7).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2312 frá 13. desember 2017 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fóðuraukefni fyrir gyltur, mjólkurgrísi og hunda (leyfishafi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi er Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office) (Stjtíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 41).

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5219.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1820	Asahi Calpis Wellness Co. Ltd, fulltrúi þess hjá Evrópusambandinu: Asahi Calpis Wellness Co. Ltd Europe Representative Office	*Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544)	*Samsetning aukefnis* *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem inniheldur að lágmarki $1,0 \times 10^{10}$ CFU/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænleg gró (þyrpinga-myndandi eining) *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með ræktun sýna úr öllum markefniviði á trýptónsojaagar (EN 15784 2009) Sanngreining: rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Eldissvín	—	$1,5 \times 10^8$	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	20.8.2028

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: www.irmm.jrc.ec.europa.eu/crl-feed-additives

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1090 **2019/EES/31/07**

frá 31. júlí 2018

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna, allar fuglategundir sem eru aldar til varps eða til undaneldis, fráfærugrísi og aukategundir svína (eftir fráfærur) (leyfishafi er Kaesler Nutrition GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldiskalkúna, allar fuglategundir sem eru aldar til varps eða til undaneldis, fráfærugrísi og allar tegundir svína (eftir fráfærur).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 30. nóvember 2017 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt þætti dýraræktartengda þætti hjá eldiskjúklingum, eldiskalkúnum og fráfærugrísum. Þessi niðurstaða getur átt við um kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að áhrif aukefnisins á eldiskalkúna og fráfærugrísi megi yfirfæra á allar fuglategundir sem eru aldar til varps annars vegar og á fráfærugrísi af öllum svínategundum hins vegar. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 195, 1.8.2018, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(12), 5097.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a 28	Kaesler Nutrition GmbH	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469), með virkni að lágmarki: 25 000 LXU (1) og 2 200 LGU (2)/g Fast og fljótandi form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem eru framleiddir með *Komagataella pastoris* (CBS 25376) og *Komagataella pastoris* (CBS 26469) *Greiningaraðferð* (3) Ákvörðun á xýlanasa í fóðuraukefni, forblöndu og fóðri — litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun endó-1,4-betaxýlanasa á vixltengt arabínoxýlan úr hveiti,	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	—	4 250 LXU 375 LGU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Til notkunar fyrir fráfærugrísi allt að 35 kg að þyngd. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	21.8.2028
				Eldiskalkúnar Allar fuglategundir sem eru aldar til varps eða til undaneldis, aðrar en kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur		1 400 LXU 120 LGU			
				Fráfærugrísir Aukategundir svína (eftir fráfærur)		700 LXU 60 LGU			

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Ákvörðun á endó-1,3(4)-betaglúkanasa í fóðuraukefni, forblöndu og fóðri: — litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun endó-1,3(4)-betaglúkanasa á víxltengt asóglúkan úr byggi.						

([1]) 1 LXU er það magn ensíms sem losar jafngildi eins míkrómóls afoxandi sykra (sem xýlósa) á mínútu úr xýlani úr birki við pH-gildið 5,5 og 50 °C.
([2]) 1 LGU er það magn ensíms sem losar jafngildi 1 míkrómóls afoxandi sykra (sem glúkósa) á mínútu úr glúkani úr byggi við pH-gildið 5,5 og 50 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1254 **2019/EES/31/08**

frá 19. september 2018

að því er varðar synjun um leyfi fyrir ríbóflavíni (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðuraukefni sem tilheyrir virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu eða synjun um slíkt leyfi. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Ríbóflavín (B2-vítamín) var leyft án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, sem hluti af flokknum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun, með tilskipun 70/524/EBE. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ríbóflavíni með hreinleika sem er a.m.k. 80%, sem er framleitt með erfðabreytta stofninum *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Árið 2010 sendi umsækjandinn, í samræmi við f-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 og 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 ([3]), sýni af fóðuraukefninu í því formi sem því var ætlað að vera sett á markað til tilvísunarrannsóknarstofunnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 (hér á eftir nefnd tilvísunarrannsóknarstofan). Árið 2013 lét umsækjandinn, í samræmi við 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 378/205, tilvísunarrannsóknarstofunni í té ný sýni sem komu í stað þeirra úreltu.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. desember 2013 ([4]) að hvorki framleiðslustofninn né raðbrigða-DNA hans hafi fundist í fullunninni vöru með tilliti til upplýsinganna, sem umsækjandinn lagði fram, og að fullunna varan skapi því ekki öryggisvanda að því er varðar erfðabreytinguna á framleiðslustofninum. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið.

6) Í tengslum við opinbert eftirlit lögbærra landsyfirvalda upplýsti tilvísunarrannsóknarstofan þó framkvæmdastjórnina um að lífvænlegar frumur og raðbrigða-DNA úr framleiðslustofninum hafi fundist í nokkrum viðmiðunarsýnum úr aukefninu á landsbundinni rannsóknarstofu sem er til þess bær að annast opinbert eftirlit. Viðmiðunarsýnin samanstóðu af fyrsta mengi sýna, sem tilvísunarrannsóknarstofan fékk 2010 ásamt umsókn um leyfi, og uppfærðu mengi sem tilvísunarrannsóknarstofan fékk 2013. Greiningin fékkst með notkun kjarnsýrumögnunar, greiningaraðferðar sem landsbundin rannsóknarstofa, sem er til þess bær að annast opinbert eftirlit, hefur þróað í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ([5]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 237, 20.9.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 frá 4. mars 2005 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknastofu Bandalagsins í tengslum við umsóknir um leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3531.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

7) Framkvæmdastjórnin og tilvísunarrannsóknarstofan upplýstu umsækjandann um þessar niðurstöður og veittu honum tækifæri til að leggja fram hentuga greiningaraðferð fyrir greiningu raðbrigða-DNA sem og fyrir greiningu lífvænlegra frumna úr framleiðslustofninum til þess að geta gert frekari greiningar á mismunandi sýnum úr aukefninu. Í þeim tilgangi óskaði umsækjandinn eftir því að nokkrar rannsóknarstofur, með staðfestu bæði í Kína og í aðildarríki, greindu sýnin á ný. Niðurstöður úr þeim greiningum voru neikvæðar að því er varðar greiningu á bæði raðbrigða-DNA og lífvænlegum frumum úr tiltekna framleiðslustofninum. Hins vegar virtist sem svo að nýju greiningarnar sem umsækjandinn lét gera vörðuðu ekki sýnin sem tilvísunarrannsóknarstofan fékk 2010.

8) Samhliða því gerði landsbundin rannsóknarstofa, sem er til þess bær að annast opinbert eftirlit, frekari greiningar á sýnunum af aukefninu að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og tilvísunarrannsóknarstofunnar. Á þeim grundvelli var komist að þeirri niðurstöðu að lífvænlegar frumur úr framleiðslustofninum fyndust í sýnunum frá 2010 og að raðbrigða-DNA úr framleiðslustofninum fyndist í sýnunum frá 2010 og 2013. Rannsóknarstofan sendi sýni til annarrar landsbundinnar rannsóknarstofu, sem er til þess bær að annast opinbert eftirlit til frekari greiningar, en hún staðfesti tilvist raðbrigða-DNA úr framleiðslustofni í sýnunum frá 2010 og 2013. Niðurstöðurnar fengust með notkun kjarnsýrumögnunar, greiningaraðferðar sem landsbundin rannsóknarstofa, sem er til þess bær að annast opinbert eftirlit, hefur þróað í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

9) Til að leysa úr misræmi milli niðurstaðna var árið 2015 gert samkomulag á milli framkvæmdastjórnarinnar og tilvísunarrannsóknarstofunnar annars vegar og umsækjandans hins vegar um að hvert þeirra skyldi óska eftir frekari greiningu á aukefninu hjá óháðri rannsóknarstofu sem hefur faggildingu til kjarnsýrumögnunar. Í þeim tilgangi ætti að nota sýnin frá 2010 og 2013 og var umsækjandinn hvattur til að leggja fram, m.a., sýni í því formi sem aukefnið var í þegar það var sett á markað á þeim tíma. Samþykkt var að deila og beita skyldi þeim greiningaraðferðum sem umsækjandinn sem og landsbundnu rannsóknarstofurnar, sem eru til þess bærar að annast opinbert eftirlit, notuðu.

10) Umsækjandi neitaði hins vegar í kjölfarið að láta greina sýnin, sem hann hafði lagt fram 2010 og 2013, og að leggja fram sýni sem samsvara aukefninu sem sett var á markað 2015. Umsækjandinn hafnaði frekara samstarfi við framkvæmdastjórnina og tilvísunarrannsóknarstofuna á meðan engin sameiginleg stöðluð aðferð til greiningar á raðbrigða-DNA í ríbóflavíni væri fastsett samkvæmt löggjöf Sambandsins.

11) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 ber umsækjandanum skylda til að sýna á viðunandi og fullnægjandi hátt fram á að aukefnið uppfylli skilyrðin fyrir leyfinu sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, í framkvæmdarráðstöfunum ([1]) og gildandi leiðbeiningum Matvælaöryggisstofnunarinnar ([2]), einkum með því að leggja fram viðeigandi sýni af aukefninu, allar upplýsingar varðandi erfðabreytingu framleiðslustofnsins, aðferðina á grundvelli kjarnsýrumögnunar sem notuð er, aðferðarlýsingu fyrir útdrátt DNA og önnur mikilvæg gögn sem gera Matvælaöryggisstofnuninni kleift að ákvarða að raðbrigða-DNA eða lífvænlegar frumur séu ekki fyrir hendi í framleiðslustofninum.

12) Á grundvelli þessara gagna, sem benda til tilvistar lífvænlegra frumna og raðbrigða-DNA úr framleiðslustofninum í aukefninu, óskaði framkvæmdastjórnin í ágúst 2016 eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði fram nýtt álit á öryggi ríbóflavíns (80%), sem er framleitt með erfðabreytta stofninum *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

13) Til að geta annast matið óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir því að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar og -gögn, einkum í tengslum við greiningaraðferð til að greina tilvist lífvænlegra frumna úr framleiðslustofninum í aukefninu. Umsækjandinn lagði fram viðbótarupplýsingarnar og -gögnin. Matvælaöryggisstofnunin óskaði einnig eftir því að tilvísunarrannsóknarstofan legði fram frekari upplýsingar og -gögn varðandi greiningar af hálfu landsbundnu rannsóknarstofanna, sem eru til þess bærar að annast opinbert eftirlit, sem voru einnig veittar.

14) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. mars 2018 ([3]) að nýju gögnin, sem landsbundna rannsóknarstofan, sem er til þess bær að annast opinbert eftirlit, lagði fram, sýni að viðmiðunarsýnin úr aukefninu innihaldi lífvænlegar frumur og/eða DNA úr framleiðslustofninum. Framleiðslustofninn *Bacillus subtilis* KCCM-10445 ber fjögur gen sem hafa þol gegn sýkingalyfjum, þrjú þeirra eru til komin vegna erfðabreytinga. Því komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að aukefnið feli í sér áhættu fyrir marktegundir, neytendur, notendur og umhverfið vegna mögulegrar útbreiðslu lífvænlegra frumna og DNA úr erfðabreyttum stofni sem inniheldur gen sem kóða fyrir þoli gegn sýkingalyfjum sem eru mikilvæg fyrir menn og dýr.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

([2]) Einkum „Guidance for the preparation of dossiers for nutritional additives“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2535) og „Guidance on the risk assessment of genetically modified microorganisms and their products intended for food and feed use“ (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(6), 2193).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5223.

15) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að ríbóflavín (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða umhverfið þegar það er notað sem fóðuraukefni sem tilheyrir virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“.

16) Eins og um getur í i-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ætti aukefni, sem fellur undir gildissvið löggjafar Sambandsins um setningu vara, sem samanstanda af, innihalda eða eru gerðar úr erfðabreyttum lífverum, á markað að vera háð leyfi sem er veitt í samræmi við þá löggjöf. Slíkt leyfi hefur ekki verið veitt fyrir erfðabreytta stofninum *Bacillus subtilis* KCCM-10445 sem greindist í aukefninu.

17) Mat á ríbóflavíni (80%), sem er framleitt með erfðabreytta stofninum *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru því ekki uppfyllt.

18) Til samræmis við það ætti að synja um leyfi fyrir ríbóflavíni (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðuraukefni sem tilheyrir virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“. Eins og umsækjandanum var greint frá í tilefni samræðna við framkvæmdastjórnina eftir samþykkt á áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 7. mars 2018 er synjun um leyfi fyrir aukefninu, sem sett er fram í þessari framkvæmdarreglugerð, með fyrirvara um möguleikann á að leggja fram nýja umsókn um leyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

19) Því ætti að taka aukefnið ríbóflavín (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, og fóður sem inniheldur það af markaði eins fljótt og auðið er. Til hagræðingar ætti þó að gera ráð fyrir takmörkuðu tímabili til að taka fyrirliggjandi birgðir af aukefninu og fóðri sem inniheldur ríbóflavín (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, af markaði til að gera rekstraraðilum kleift að uppfylla skilyrðin varðandi innköllunina á tilhlýðilegan hátt, að teknu tilliti til allra lögmætra þátta sem skipta máli í þessu tilliti.

20) Þar eð ríbóflavín (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, er stór hluti ríbóflavíns á markaði Sambandsins sem er notað í fóður ætti að koma í veg fyrir alla áhættu á skaðlegum áhrifum á heilbrigði eða velferð dýra vegna ríbóflavínsskorts með því að veita rekstraraðilum nægan tíma til að laga sig að aðstæðum.

21) Auk þess ætti að taka tillit til tímans og tilfanga sem þarf til að safna saman og taka af markaði forblöndur sem innihalda aukefnið ríbóflavín (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, og, neðar í fóðurferlinu, fóðurefni og fóðurblöndur sem eru framleidd með aukefninu eða forblöndunum. Slíkar takmarkanir við framkvæmd þegar vörurnar eru teknar af markaði eru enn meira aðkallandi varðandi fóður sem er ætlað fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, þar eð íblöndunarhlutfall ríbóflavíns er að venju hærra í slíku fóðri, geymsluþol lengra og eyðing flóknari. Til samræmis við það ætti því að kveða á um tímabil til að taka viðkomandi fóður af markaði.

22) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Synjun um leyfi

Synjað er um leyfi fyrir ríbóflavíni (80%), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM-10445, sem fóðuraukefni sem tilheyrir virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ (hér á eftir nefnt aukefnið).

2. gr.

Taka af markaði

1. Fyrirliggjandi birgðir af aukefninu sem um getur í 1. gr. skulu teknar af markaði eigi síðar en 10. nóvember 2018.

2. Fyrirliggjandi birgðir af forblöndum, sem eru framleiddar með aukefninu sem um getur í 1. mgr., skulu teknar af markaði eigi síðar en 10. janúar 2019.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og hafa verið framleidd með aukefninu sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndum sem um getur í 2. mgr. fyrir 10. janúar 2019 skulu tekin af markaði eigi síðar en 10. apríl 2019.

4. Fóðurefni og fóðurblöndur sem eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og hafa verið framleidd með aukefninu sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndum sem um getur í 2. mgr. fyrir 10. janúar 2019 skulu tekin af markaði eigi síðar en 10. júlí 2019.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1533 **2019/EES/31/09**

frá 12. október 2018

um leyfi fyrir natríumalgínati sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda, önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og fiska og kalíumalgínati sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir kalíumalgínati.

3) Í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]). Natríumalgínat var leyft án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir fiska, gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis með tilskipun 70/524/EBE. Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á natríumalgínati sem fóðuraukefni fyrir gæludýr, önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og fiska.

5) Umsóknirnar varða leyfi fyrir kalíumalgínati sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda og natríumalgínati sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda, önnur dýr sem gef ekki af sér afurðir til manneldis og fiska í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 5. júlí 2017 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi kalíumalgínat og natríumalgínat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að kalíumalgínat og natríumalgínat sem um er að ræða séu áhrifarík sem stöðgarar, þykkingarefni, hleypiefni og bindiefni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á aukefnunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Aukefnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „stöðgarar“, „þykkingarefni“, „hleypiefni“ og „bindiefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 257, 15.10.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4945.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Natríumalgínat, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda aukefnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. maí 2019 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 4. nóvember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda natríumalgínat, sem tilgreint er í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. nóvember 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. nóvember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda natríumalgínat, sem tilgreint er í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. nóvember 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. nóvember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Tæknileg aukefni: stöðgarar								
1d401	Natríum-algínat	*Samsetning aukefnis* Natríumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumalgínat (≥ 90,8%) $(C_6H_7NaO_6)n$ *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina natríumalgínat í fóðuraukefninu: – Gæðalýsing natríumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028
			Önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis Fiskar	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
1d402	Kalíum-algínat	*Samsetning aukefnis* Kalíumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumalgínat (≥ 89,2%) $(C_6H_7KO_6)n$ CAS-nr.: 9005-36-1 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina kalíumalgínat í fóðuraukefninu: Gæðalýsing kalíumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028
Tæknileg aukefni: þykkingarefni								
1d401	Natríum-algínat	*Samsetning aukefnis* Natríumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumalgínat (≥ 90,8%) $(C_6H_7NaO_6)n$ *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina natríumalgínat í fóðuraukefninu: – Gæðalýsing natríumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis Fiskar	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	
1d402	Kalíumal-gínat	*Samsetning aukefnis* Kalíumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumalgínat (≥ 89,2%) $(C_6H_7KO_6)n$ CAS-nr.: 9005-36-1 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina kalíumalgínat í fóðuraukefninu: Gæðalýsing kalíumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Tæknileg aukefni: hleypiefni								
1d401	Natríum-algínat	*Samsetning aukefnis* Natríumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumalgínat (≥ 90,8%) $(C_6H_7NaO_6)n$ *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina natríumalgínat í fóðuraukefninu: – Gæðalýsing natríumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028
			Önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis Fiskar	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
1d402	Kalíum-algínat	*Samsetning aukefnis* Kalíumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumalgínat (≥ 89,2%) $(C_6H_7KO_6)n$ CAS-nr.: 9005-36-1 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina kalíumalgínat í fóðuraukefninu: Gæðalýsing kalíumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028
Tæknileg aukefni: bindiefni								
1d401	Natríum-algínat	*Samsetning aukefnis* Natríumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumalgínat (≥ 90,8%) $(C_6H_7NaO_6)n$ *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina natríumalgínat í fóðuraukefninu: – Gæðalýsing natríumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis Fiskar	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	
1d402	Kalíum-algínat	*Samsetning aukefnis* Kalíumalgínat Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumalgínat (≥ 89,2%) $(C_6H_7KO_6)n$ CAS-nr.: 9005-36-1 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina kalíumalgínat í fóðuraukefninu: Gæðalýsing kalíumalgínats, sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum – greinargerð nr. 1 (2006)	Kettir og hundar	—	—	35 200	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Blanda ólíkra algínatagjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksinnihaldi í heilfóðri. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	4. nóvember 2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1543 **2019/EES/31/10**

frá 15. október 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291. Umsóknin fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 21. febrúar 2018 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðkomandi blanda geti hugsanlega bætt framleiðslu votfóðurs úr fóðurefni sem er auðvelt og meðalerfitt að votfóðursverka. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 259, 16.10.2018, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5202.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Tæknileg aukefni: aukefni í votfóður								
1k21015	*Pediococcus pentosaceus* DSM 32291	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 sem inniheldur að lágmarki 8×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 Greiningaraðferð (1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð á MSR-agar (EN 15786). Sanngreining á fóðuraukefninu: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald *Pediococcus pentosaceus* DSM 32291 ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 5×10^7 CFU/kg fersks efnis sem er auðvelt eða meðalerfitt að votfóðursverka (2). 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	5.11.2028.

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Fóðurjurtir sem er meðalerfitt að votfóðursverka: 1,5–3,0% leysanleg kolvetni í fersku efni. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í fóðri og leyfi fyrir þeim (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1558 **2019/EES/31/11**

frá 17. október 2018

um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529) sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir nýrri notkun blöndu með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529), í aukefnaflokknum „dýraræktar-aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/38 ([2]) var blanda með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529), sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, leyfð til tíu ára sem fóðuraukefni fyrir varphænur og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2275 ([3]) fyrir eldiskjúklinga.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 19. apríl 2018 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti mögulega bætt þéttleika hægða hjá köttum og hundum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/38 frá 13. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem fóðuraukefni fyrir varphænur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) (Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2015, bls. 4).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2275 frá 8. desember 2017 um leyfi fyrir nýrri notkun á blöndu með *Lactobacillus acidophilus* (CECT 4529) sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) (Stjtíð. ESB L 326, 9.12.2017, bls. 47).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5278.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1715	Centro Sperimentale del Latte	*Lactobacillus acidophilus* CECT 4529	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem inniheldur að lágmarki: 5×10^{10} CFU/g aukefnis (fast form). *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529. *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með MRS-agar (EN 15787). Auðkenning: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Kettir og hundar	—	5×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn-, húð- og öndunarvörn.	7. nóvember 2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1559 **2019/EES/31/12**

frá 17. október 2018

um leyfi fyrir tinktúru úr kúmíni (*Cuminum cyminum* L.) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir tinktúru úr kúmíni (*Cuminum cyminum* L.) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. apríl 2018 ([2]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi tinktúra úr kúmíni (*Cuminum cyminum* L.) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Þar eð kúmínfræ eru almennt viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Því má yfirfæra þessa niðurstöðu á fóður. Matvælaöryggisstofnunin tók enn fremur fram að varðandi öryggi aukefnisins fyrir notendur sé ekki unnt að útiloka að það sé hugsanlega húð-/augnertandi. Auk þess inniheldur aukefnið fjölda efnasambanda sem þekkt er að valdi ofnæmisviðbrögðum hjá næmum einstaklingum. Því getur næming komið fyrir. Af þessum sökum ætti að grípa til viðeigandi verndarráðstafana.

4) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á aukefninu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Umsækjandinn lagði tillögu um notkunarmagn, að því er varðar efnin sem um er að ræða, fyrir Matvælaöryggisstofnunina. Með hliðsjón af þeirri tillögu mat Matvælaöryggisstofnunin það svo að tiltekið notkunarmagn sé öruggt. Tilgreina ætti ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins á merkimiða fóðuraukefnisins að því er varðar opinbert eftirlit í matvælakeðjunni.

7) Sú staðreynd að notkun efnisins sem um er að ræða er ekki leyfð í drykkjarvatn ætti ekki að koma í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5273.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						ml af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b161	—	Tinktúra úr kúmíni	*Samsetning aukefnis* Tinktúra úr kúmíni *Cuminum cyminum* L. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Tinktúra úr fræjum *Cuminum cyminum* L. eins og hún er skilgreind af Evrópuráðinu (1). — 98% ± 0,5% af blöndu af vatni og etanóli (rúmmálshlutfall 3:1), — 2 ± 0,5% af plöntuefnasamböndum, — heildarflavonóíð ≤ 300 milljónarhlutar, — heildarpólýfenól ≤ 560 milljónarhlutar, — heildar-p-ment-3-en-7-al ≤ 8 milljónarhlutar, — plöntuefnafræðilegt merkiefni: 4-ísó-própýlbensaldehýð (kúmínaldehýð): 25 ± 5 milljónarhlutar. Vökvaform CoE-nr. 161 *Greiningaraðferð* (2) Til að magnákvarða plöntuefnafræðilega merkiefnið (4-ísó-própýlbensaldehýð) í fóðuraukefninu: gasgreining með logajónunargreiningu	Allar dýrategundir	—		—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,03 ml/kg fóðurs“ 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	7. nóvember 2028

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007)

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1566 **2019/EES/31/13**

frá 18. október 2018

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og aukategundir svína (eftir fráfærur) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1453/2004 (leyfishafi er Andrès Pintaluba S.A.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blandan með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), var leyfð í samræmi við tilskipun 70/524/EBE án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 ([3]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndunni með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og aukategundir svína (eftir fráfærur). Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 8. október 2013 ([4]), 16. maí 2017 ([5]) og 17. apríl 2018 ([6]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að notkun blöndunnar geti hugsanlega bætt endanlega líkamsþyngd og fóðurstuðul hjá fráfærugrísum og að yfirfæra megi þá niðurstöðu á aukategundir svína (eftir fráfærur). Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu leyfis fyrir blöndunni leiðir að breyta ætti reglugerð (EB) nr. 1453/2004 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1453/2004 frá 16. ágúst 2004 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 3).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3430.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(6), 4856.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 1(5), 5271.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1453/2004

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1453/2004 falli færsla E 1612 um blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa og alfaamýlasa brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 8. maí 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 8. nóvember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1612i	Andrés Pintaluba S.A.	Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Alfaamýlasi EC 3.2.1.1	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,3(4)-betaglúkanasa og endó-1,4-betaxýlanasa, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222), með virkni að lágmarki: — Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 900 U ([1])/g — Endó-1,4-beta-xýlanasi 1 000 U ([2])/g — Alfaamýlasi 3 000 U ([3])/g Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,3(4)-betaglúkanasi og endó-1,4-betaxýlanasi, sem eru framleiddir með *Aspergillus niger* (NRRL 25541), og alfaamýlasi, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (ATCC66222) *Greiningaraðferðir* ([4]) Ákvörðun í fóðuraukefninu á: — endó-1,3(4)-betaglúkanasa: litamæling byggð á ensímefnahvarfi glúkanasa á hvarfefni betaglúkans úr byggi með 3,5 dínítró-salisýlsýru við pH-gildið 4,0 og 30 °C, — endó-1,4-betaxýlanasa í fóðuraukefninu: litmæling byggð á ensímefnahvarfi xýlanasa á hvarfefnið arabínoxýlan úr rúgi með dínítrósalisýlsýru við pH-gildið 4,0 og 30 °C,	Fráfærugrísir Aukategundir svína (eftir fráfærur)		endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 450 U betaxýlanasi 500 U alfaamýlasi 1 500 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndu-narvörn. 3. Til notkunar fyrir fráfærugrísi þar til þeir eru u.þ.b. 35 kg.	8. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— alfaamýlasi: litmæling byggð á ensím-efnahvarfi amýlasa á hvarfefnið hveitisterkju með dínítrósalisýlsýru við pH-gildið 5,0 og 30 °C. Ákvörðun á virku efnunum í forblöndum og fóðri: — Litmæling sem mælir klofna, leysanlega hluta sem glúkanasi leysir úr asóglúkani úr byggi — Litmæling sem mælir klofna, leysanlega hluta sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr asóxýlani — Litmæling sem mælir klofna, leysanlega hluta sem amýlasi leysir úr p-nítró-fenýlmaltóheptaósíði.						

(1) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH-gildið 4,0 og 30 °C.
(2) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr rúgi við pH-gildið 4,0 og 30 °C.
(3) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr hveitisterkju við pH 5,0 og 30 °C.
(4) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1567 **2019/EES/31/14**

frá 18. október 2018

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 frá 15. febrúar 2018 um leyfi fyrir táríni, betaalaníni, L-alaníni, L-arginíni, L-asparssýru, L-histidíni, D,L-ísólefsíni, L-lefsíni, L-fenýlalaníni, L-prólíni, D,L-seríni, L-týrósíni, L-meþíóníni, L-valíni, L-systeíni, glýsíni, mónónatríumglútamati og L-glútamínsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrati fyrir allar dýrategundir, að undanskildum köttum og hundum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/249 ([2]) eru tiltekin fóðuraukefni leyfð sem bragðefni, þ.m.t. glýsín, L-systeín og L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrat.

2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 er villa í færslunni fyrir glýsín þar sem tilgreint er í dálknum „önnur ákvæði“ að á merkimiða fyrir aukefnið eigi að koma fram að tillagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald sé 25 g/kg fyrir aðra flokka og tegundir. Í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ([3]), sem gefið var út vegna leyfis fyrir þessu fóðuraukefni, er rétt magn 25 mg/kg.

3) Villur eru í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 í færslunum fyrir L-systeín og L-systeín-hýdróklóríðmónóhýdrat varðandi framleiðsluferli virka efnisins. Einkum er tilgreint í dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ að virka efnið sé framleitt með efnasmíði eða vatnsrofi prótína. Í þeim hluta er sleppt að tilgreina að vatnsrof prótína er gert með dýra- eða jurtaprótíni og að notkun mannshárs, sem hægt væri að nota sem uppsprettu fyrir vatnsrof við framleiðslu þessa tiltekna aukefnis, er ekki leyfð.

4) Röngu ákvæðin hafa valdið ruglingi fyrir stjórnendur fóðurfyrirtækja að því er varðar raunveruleg ákvæði varðandi setningu viðkomandi aukefna á markað. Þessar aðstæður hafa valdið réttaróvissu varðandi gildandi regluramma. Þessar villur hafa því valdið einhverri markaðsröskun í tengslum við viðkomandi leyfi fyrir setningu á markað og notkun glýsíns, L-systeíns og L-systeínhýdróklóríðmónóhýdrats. Leiðréttingarnar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 ættu því að gilda afturvirkt frá og með gildistökudegi þeirrar framkvæmdarreglugerðar í því skyni að koma aftur á réttarvissu í tengslum við lagalega stöðu aukefnanna sem villurnar taka til, að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar fyrir hlutaðeigandi stjórnendur og í kjölfarið koma á stöðugleika aftur á markaði.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 er leiðréttur í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/249 frá 15. febrúar 2018 um leyfi fyrir táríni, betaalaníni, L-alaníni, L-arginíni, L-asparssýru, L-histidíni, D,L-ísólefsíni, L-lefsíni, L-fenýlalaníni, L-prólíni, D,L-seríni, L-týrósíni, L-meþíóníni, L-valíni, L-systeíni, glýsíni, mónónatríumglútamati og L-glútamínsýru sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og L-systeín-hýdróklóríðmónóhýdrati fyrir allar dýrategundir, að undanskildum köttum og hundum (Stjtíð. ESB L 53, 23.2.2018, bls. 134).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3670.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. mars 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæði viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/249 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í færslunni sem varðar efni 2b17034 glýsín er dálkurinn „Önnur ákvæði“ leiðréttur sem hér segir:

   a) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

      „3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald:

      — 20 g/kg fyrir ketti og hunda,

      — 25 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka.“

   b) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

      „5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fóðurefni og fóðurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald:

      — 20 g/kg fyrir ketti og hunda,

      — 25 mg/kg fyrir aðrar tegundir og flokka.“

2) Í stað textans „Framleitt með efnasmíði eða vatnsrofi prótína“ í færslunni sem varðar efni 2b17033 L-systeín, í dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, kemur textinn „Framleitt með efnasmíði eða vatnsrofi dýra- eða jurtaprótína“.

3) Í stað textans „Framleitt með efnasmíði eða vatnsrofi prótína“ í færslunni sem varðar efni 2b920 L-systeínhýdróklóríð-mónóhýdrat, í dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, kemur textinn „Framleitt með efnasmíði eða vatnsrofi dýra- eða jurtaprótína“.

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1568 **2019/EES/31/15**

frá 18. október 2018

um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), sem fóðuraukefni fyrir öll svín og allar alifuglategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir svín og alifugla.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. apríl 2018 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að hún geti brotið niður fúmónísín í fóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5269.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Virkur hópur: efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs: fúmónísín									
1m03i	—	Fúmónísín-esterasi EC 3.1.1.87	*Samsetning aukefnis* Blanda með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159), sem inniheldur að lágmarki 3 000 U/g ([1]). *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Blanda með fúmónísínesterasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* (DSM 32159). *Greiningaraðferð* ([2]) Til að ákvarða virkni fúmónísínesterasa: Háþrýstivökvaskiljun tengd raðmassa-greiningu. Háþrýstivökvaskiljun í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini (HPLC-MS/MS) byggð á magnákvörðun á tríkarballýlsýru, sem ensímið leysir úr fúmónísíni B1 við pH-gildið 8,0 og 30 °C.	Öll svín Allar tegundir alifugla	—	10		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: 300 U/kg heilfóðurs. 3. Notkun aukefnisins er leyfð í fóður sem er í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins um óæskileg efni í fóðri. ([3]) 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu varðandi notkun þeirra. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónu-hlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	8. nóvember 2028

([1]) 1 U eru virknieiginleikar ensíms sem leysir 1 míkrómól af tríkarballýlsýru á mínútu úr 100 μM af fúmónísíni B1 í 20 nM Tris-Cl-jafnalausn með pH-gildið 8,0, með 0,1 mg/ml nautgripasermisalbúmíni við 30 °C.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri (Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1903 2019/EES/31/16

frá 5. desember 2018

um leiðréttingu á IV., VI. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess og um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af II., IV., V. og VI. viðauka við þá reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]), einkum 1. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eftir samþykkt reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2279 ([2]) fannst villa í 2. lið viðaukans við þá reglugerð, sem kemur í stað A-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009, að því er varðar uppgefið innihald ösku sem er óleysanleg í saltsýru. Af þessum sökum voru engin leyfileg hámarksgildi fastsett fyrir innihald ösku sem er óleysanleg í 5% saltsýru.

2) Úrfelling fannst í 3. og 4. lið í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2279 sem koma í staðinn fyrir 7. lið I. kafla VI. viðauka og 8. lið I. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009. Þetta leiddi til tvíræðni að því er varðar gildissvið ákvæða um valfrjálsa merkingu skynrænna fóðuraukefna eða fóðuraukefna með næringarfræðilega eiginleika.

3) Því ætti að leiðrétta reglugerð (EB) nr. 767/2009 til samræmis við það.

4) Í króatískri, tékkneskri, enskri, eistneskri, þýskri, gríska, ungverskri, ítalskri, lettneskri, litáískri, maltneskri, pólskri, rúmenskri, slóvakískri, slóvenskri, spænskri og sænskri útgáfu reglugerðar (ESB) 2017/2279 er villa þar sem í þeirri reglugerð kemur hugtakið „óhreinsuð feiti“ í stað hugtaksins „jarðolía og fita“ í IV., VI og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 en fyrir mistök er það ekki einnig gert í II. og V. viðauka við þá reglugerð.

5) Í þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 2017/2279 eru nokkrar villur. Villa er í 2. lið viðaukans við þá reglugerð sem kemur í staðinn fyrir A-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 að því er varðar prósentugildi rakainnihalds. Í 3. lið viðaukans við reglugerð (ESB) 2017/2279, sem kemur í staðinn fyrir VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 eru villur að því er varðar skammstafað heiti bragðefna og marktegundir fyrir lögboðnar kröfur varðandi merkingar fyrir lýsín og meþíónín.

6) Því ætti að leiðrétta króatíska, tékkneska, enska, eistneska, þýska, gríska, ungverska, ítalska, lettneska, litáíska, maltneska, pólska, rúmenska, slóvakíska, slóvenska, spænska og sænska útgáfu reglugerðar (EB) nr. 767/2009 til samræmis við það. Þessar leiðréttingar hafa ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á leiðréttingunum á viðaukunum af öryggisástæðum er rétt að kveða á um umbreytingarráðstafanir til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig í því skyni að forðast óþarfa röskun á viðskiptaháttum og til að skapa ekki óþarfa stjórnsýsluálag á rekstraraðilana.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 310, 6.12.2018, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2279 frá 11. desember 2017 um breytingu á II., IV., VI., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess (Stjtíð. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 3).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 767/2009 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað „1– < 5“ í öðrum dálki töflunnar í línunni „aska, óleysanleg í saltsýru“ í 2. lið A-hluta IV. viðauka komi „1–5“.

2) Í stað 7. liðar I. kafla í VI. viðauka komi eftirfarandi:

„7. Með fyrirvara um 6. lið skal tilgreina viðbætt magn þegar skynrænt fóðuraukefni eða fóðuraukefni með næringarfræðilega eiginleika er merkt valfrjálst í samræmi við 1. lið eða, ef um er að ræða fóðuraukefni í virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun, skal tilgreina það heildarmagn sem ábyrgst er allan geymsluþolstímann í samræmi við 2. lið“.

3) Í stað 8. liðar I. kafla í VII. viðauka komi eftirfarandi:

„8. Með fyrirvara um 7. lið skal tilgreina viðbætt magn þegar skynrænt fóðuraukefni eða fóðuraukefni með næringarfræðilega eiginleika er merkt valfrjálst í samræmi við 1. lið eða, ef um er að ræða fóðuraukefni í virka hópnum vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun, skal tilgreina það heildarmagn sem ábyrgst er allan geymsluþolstímann í samræmi við 2. lið“.

4) Í stað hugtaksins „jarðolía og fita“ í 5. lið II. viðauka og í þriðja dálki í línum 3, 5, 12, 15, 16 og 18 í töflunni í V. viðauka komi hugtakið „óhreinsuð feiti“.

5) *(Á ekki við um ensku útgáfuna).*

2. gr.

1. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem eru merkt fyrir 26. desember 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. desember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem eru merkt fyrir 26. desember 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 26. desember 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1564 **2019/EES/31/17**

frá 17. október 2018

um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, að undanskildum mjólkurkúm og öðrum jórturdýrum til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfærugrísum og eldissvínum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Blanda með dólómítmagnesíti, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, var áður leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir mjólkurkýr og önnur jórturdýr til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfærugrísi og eldissvín með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1964 ([2]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 17. apríl 2018 ([3]) og 25. janúar 2017 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með dólómítmagnesíti ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að hún sé áhrifarík sem kekkjavarnarefni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með dólómítmagnesíti sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „kekkjavarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1964 frá 9. nóvember 2016 um leyfi fyrir blöndu með dólómítmagnesíti fyrir mjólkurkýr og önnur jórturdýr til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfærugrísi og eldissvín og blöndu með montmórillónítillíti fyrir allar dýrategundir sem fóðuraukefni (Stjtíð. ESB L 303, 10.11.2016, bls. 7).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5272.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4711.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Tæknileg aukefni: kekkjavarnarefni								
1g598	Dólómít-magnesít	*Samsetning aukefnis* Blanda með náttúrulegri blöndu af: Dólómíti og magnesíti ≥ 40% (með lágmarksinnihald: karbónöt 24%). *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Dólómít CAS-númer 16389-88-1 $(CaMg)(CO_3)_2$ Magnesít CAS-númer 546-93-0 $MgCO_3$ Talkúm (vötnuð magnesíumsílíköt) CAS-númer 14807-96-6 $Mg_3Si_4O_{10}(OH)_2$ Talkúm ≥ 35% Klórít (álmagnesíum) CAS-númer 1318-59-8 $(Mg,Fe,Al)_6(Si, Al)_4O_{10}(OH)_8$ Járn (í uppbyggingu) 6% (meðaltal) Klórít ≥ 16% Laust við kvars og asbest	Allar tegundir og flokkar að undanskildum mjólkurkúm og öðrum jórturdýrum til framleiðslu á mjólkurafurðum, fráfærugrísum og eldissvínum	—	5 000	20 000	1. Á merkimiða aukefnis og forblandna sem innihalda það skal tilgreina eftirfarandi: „Aukefnið dólómít-magnesít er auðugt af (óvirku) járni“. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	8. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
		Greiningaraðferð (1) Lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) með — frumeindagleypnimælingu (AAS)						

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1565 **2019/EES/31/18**

frá 17. október 2018

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína (leyfishafi er Elanco GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla, aðrar en varpfugla, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 7. desember 2016 ([2]) og 17. apríl 2018 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist áhrifaríkt fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir svína. Matvælaöryggisstofnunin taldi að þessar niðurstöður gætu átt við kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og kalkúna sem eru aldir til undaneldis og að yfirfæra mætti þær á aukategundir alifugla til eldis eða sem aldar eru til undaneldis eða til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (CBS 28088), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(1), 4677.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5270.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a29	Elanco GmbH	Endó-1,4-betamannanasi EC 3.2.1.78	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betamannanasa, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088), með virkni að lágmarki: — $1{,}6 \times 10^8$ U (1)/g, fast form, — $5{,}9 \times 10^8$ U/g, fljótandi form. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betamannanasi, sem er framleiddur með *Paenibacillus lentus* (DSM 28088) *Greiningaraðferðir* (2) Til að ákvarða endó-1,4-betamannanasa í fóðuraukefninu, forblöndum og fóðri: litmælingaraðferðir á grundvelli ensím-vatnsrofs og efnahvarfs afoxandi sykra (mannósajafngildi) við 3,5-dínítró-salisýlsýru (DNS)	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla, aðrar en varpfuglar	—	32 000 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð- og öndunarvörn. 3. Til notkunar fyrir fráfærugrísi þar til þeir eru u.þ.b. 35 kg.	8. nóvember 2028
				Eldiskalkúnar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis		48 000 U			
				Fráfærugrísir		48 000 U			
				Eldissvín Aukategundir svína til eldis		32 000 U			

(1) 1 U er það magn ensíms sem leysir 0,72 míkrógrömm afoxandi sykra (mannósajafngilda) á mínútu úr hvarfefni sem í er mannan (karóbgúmmí) við pH-gildið 7,0 og 40 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1569 **2019/EES/31/19**

frá 18. október 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1110/2011 um leyfi fyrir ensímblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), sem fóðuraukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla og eldissvín (leyfishafi er Roal Oy) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), var leyfð sem fóðuraukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla og eldissvín með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1110/2011 ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafi lagt til að breyta lágmarksinnihaldi aukefnisins fyrir varphænur og eldissvín. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 6. mars 2018 ([3]) að lækkun lágmarksinnihalds úr 24 000 BXU í 12 000 BXU fyrir varphænur og úr 24 000 BXU í 20 000 BXU fyrir eldissvín hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, manna eða á umhverfið og að nýju tillögðu skammtarnir séu áhrifaríkir fyrir marktegundirnar.

5) Mat á nýju tillögðu skömmtunum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1110/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1110/2011 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 262, 19.10.2018, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1110/2011 frá 3. nóvember 2011 um leyfi fyrir ensímblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem framleiddur er með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), sem fóðuraukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla og eldissvín (leyfishafi er Roal Oy) (Stjtíð. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 27).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5216 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5217.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a8	Roal Oy	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044), með virkni að lágmarki: Fast form: 4×10^6 BXU ([1])/g vökvaform: 4×10^5 BXU/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-beta-xýlanasi, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 114044) *Greiningaraðferð* ([2]) Í aukefninu og forblöndunni: prófun með afoxandi sykru fyrir endó-1,4-betaxýlanasa með litmælingarhvarfi með dínítrósasalisýlsýruhvarfefni á heimtum afoxandi sykru við pH-gildið 5,3 og 50 °C Í fóðrinu: litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem ensímið losar frá arabínoxýlanhvarfefni (úr hveiti) sem er víxltengt asúríni	Aukategundir alifugla, aðrar en varpfuglar	—	8 000 BXU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	24. nóvember 2021
				Varphænur		12 000 BXU			
				Varpfuglar af aukategundum alifugla		24 000 BXU			
				Eldissvín		20 000 BXU			

([1]) 1 BXU er það magn ensíms sem leysir 1 nanómól afoxandi sykra sem xýlósa á sekúndu úr xýlani úr birki við pH 5,3 og 50 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/8 **2019/EES/31/20**

frá 3. janúar 2019

um leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns og kalsíumsalti þess sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns og kalsíumsalti þess sem fóðuraukefni til notkunar í fóður fyrir allar dýrategundir. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns og kalsíumsalti þess, í aukefnaflokknum „næringar-aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 20. febrúar 2018 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi hýdroxýlsetið hliðstæðuefni meþíóníns og kalsíumsalt þess ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi meþíóníns fyrir allar dýrategundir og að verja ætti aukefnið gegn niðurbroti í vömbinni, þó að niðurbrot aukefnisins í vömb nagdýra sé minna en niðurbrot DL-meþíóníns.

6) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á aukefninu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 4.1.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5198.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c310	—	Hýdroxýlsetið hliðstæðuefni meþíóníns og kalsíumsalt þess	*Samsetning aukefnis:* Blanda með hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns og kalsíumsalt hýdroxýlsetins hliðstæðuefnis meþíóníns, með lágmarksinnihald hýdroxýlsetins hliðstæðuefnis meþíóníns sem nemur 88% og lágmarksinnihald kalsíums sem nemur 8%. *Lýsing á eiginleikum virku efnanna:* Hýdroxýlsetið hliðstæðuefni meþíóníns: IUPAC-heiti: 2-hýdroxý-4-(metýlþíó)-bútansýra CAS-númer 583-91-5 Efnaformúla: $C_5H_{10}O_3S$ kalsíumsalt hýdroxýlsetins hliðstæðuefnis meþíóníns IUPAC-heiti kalsíumsalt 2-hýdroxý-4-(metýlþíó)bútansýru CAS-númer 4857-44-7 Efnaformúla: $(C_5H_9O_3S)_2Ca$ *Greiningaraðferð* (1): Ákvörðun á hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns í aukefninu: — Títrunarmæling, spennutítrun eftir afoxunarhvörf.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni, einkum með tilliti til þess að aukefnið er ætandi fyrir húð og augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öryggisgleraugu og hlífðarhanskar. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblönduna: innihald hýdroxýlsetins hliðstæðuefnis meþíóníns.	24. janúar 2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Ákvörðun á hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — Háþrýstivökvaskiljun og ljósmæligreining (HPLC-UV). Til að ákvarða heildarinnihald kalsíums í aukefninu: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi, ICP-AES (EN 15621).					4. Merkingar fóðurs og fóðurblandna, sem aukefninu hefur verið bætt í, skal innihalda upplýsingar um aukefnið að því er varðar: — Heiti aukefnis, — Magn viðbætts hýdroxýlsetins hliðstæðuefnis meþíóníns.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/9 **2019/EES/31/21**

frá 3. janúar 2019

um leyfi fyrir vatnsfríu betaíni sem fóðuraukefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum kanínum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir vatnsfríu betaíni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir vatnsfríu betaíni, í virka aukefnahópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“, sem fóðuraukefni fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis. Umsækjandinn afturkallaði í kjölfarið umsóknina varðandi kanínur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. júní 2018 ([2]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi vatnsfrítt betaín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að vatnsfrítt betaín hafi næringarlegt gildi, sé áhrifaríkur gjafi betaíns og geti verið áhrifaríkt hjá öllum dýrategundum.

5) Matvælaöryggisstofnunin tók enn fremur fram að fasta formið geti myndað ryk; því er ekki hægt að útiloka útsetningu fyrir efninu við innöndun. Auk þess tók Matvælaöryggisstofnunin fram að vatnsfrítt betaín ætti að teljast hættulegt við innöndun, ertandi fyrir húð, augu og slímhúð, og húðnæmir. Af þessum sökum ætti að gera viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar meðhöndlun fasta formsins af vatnsfríu betaíni.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að vatnsfrítt betaín í vökvaformi innihaldi hátt hlutfall óþekkts efnis; því er ekki hægt að komast að niðurstöðu um öryggi þess. Af þessum sökum ætti eingöngu að veita leyfi fyrir fasta forminu.

7) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

8) Mat á vatnsfríu betaíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 4.1.2019, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5335.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a921i	AB Vista Iberia S.L.	Vatnsfrítt betaín, framleitt úr erfðabreyttri sykurrófu	*Samsetning aukefnis* Vatnsfrítt betaín *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Betaín C5H11NO2 CAS-númer: 107-43-7 Vatnsfrítt betaín, kristallað fast form, framleitt með útdrætti úr erfðabreyttri KM-ØØØH71-4 sykurrófu. Hreinleikaskilyrði: a.m.k. 97% (miðað við vatnsfrítt form) *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða vatnsfrítt betaín (gefið upp sem heildarbetaín) í *fóðuraukefninu*, *forblöndum og fóðri*. Háþrýstivökvaskiljun með brotstuðulsnema (HPLC-RI).	Dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum kanínum	—	—		1. Setja má vatnsfrítt betaín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 3. Á merkimiða aukefnisins og forblöndunnar skal tilgreina eftirfarandi „Ráðlagt er að magn fari ekki yfir: 2 000 mg betaín/kg heilfóðurs (með 12% rakainnihald)“. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	4. ágúst 2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/10 **2019/EES/31/22**

frá 3. janúar 2019

um leyfi fyrir efnablöndu með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíniti sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndu með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíniti. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir efnablöndu með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíniti, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 1. desember 2015 ([2]), 5. júlí 2017 ([3]) og 5. júlí 2018 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi efnablanda með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíniti ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að hún sé áhrifarík sem bindiefni og kekkjavarnarefni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á efnablöndu með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíniti sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virku hópunum „bindiefni“ og „kekkjavarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 4.1.2019, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(1), 4342.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4940.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5387.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Tæknileg aukefni: bindiefni								
1g599	Illítmont-mórillónít-kaólínít	*Samsetning aukefnis* Efnablanda með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíniti með lágmarksinnihald: — 40% af illíti — 10% af montmórillóníti — 8% af kaólíniti *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Illít: CAS-númer 106958-53-6 $K(Al,Fe)_2AlSi_3O_{10}(OH)_2 \cdot H_2O$ Montmórillónít: CAS-númer 1318-93-0 Nax[(Al2-xMgx)Si4O10) (OH)2] Kaólínít: CAS-númer 1318-74-7 Al2(OH)4(SiO5) Járn (í uppbyggingu)10% meðaltal Laust við asbest *Greiningaraðferð* (1) Lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Flúrljómunargreining með röntgengeislum (XRF).	Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis. Eldisnautgripir og aukategundir jórturdýra til eldis Eldissvín og fráfærugrísir	—	5 000	50 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 3. Á merkimiða aukefnis og forblandna sem innihalda það skal tilgreina eftirfarandi: „Aukefnið illítmontmórillónítkaólínít er auðugt af (óvirku) járni“. 4. Heildarmagn við mismunandi notkun illítmontmórillónítkaólíníts í heilfóður skal ekki fara yfir leyft hámarksgildi fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra. 5. Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi: — „Forðast skal notkun samtímis makrólíðum til inngjafar um munn“.	24. janúar 2029
			Allar aðrar dýrategundir og -flokkar	—	5 000	20 000		

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Tæknileg aukefni: kekkjavarnarefni								
1g599	Illítmont-mórillónít-kaólínít	*Samsetning aukefnis* Efnablanda með náttúrulegri blöndu af illítmontmórillónítkaólíníti með lágmarksinnihald: — 40% af illíti — 10% af montmórillóníti — 8% af kaólíníti *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Illít: CAS-númer 106958-53-6 $K(Al,Fe)_2AlSi_3O_{10}(OH)_2 \cdot H_2O$ Montmórillónít: CAS-númer 1318-93-0 Nax[(Al2-xMgx)Si4O10) (OH)2] Kaólínít: CAS-númer 1318-74-7 Al2(OH)4(SiO5) Járn (í uppbyggingu)10% meðaltal Laust við asbest *Greiningaraðferð* ([1]) Lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining (XRD) og — Flúrljómunargreining með röntgengeislum (XRF).	Eldiskjúklingar og aukategundir alifugla til eldis. Eldisnautgripir og aukategundir jórturdýra til eldis Eldissvín og fráfærugrísir	—	5 000	50 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 3. Á merkimiða aukefnis og forblandna sem innihalda það skal tilgreina eftirfarandi: „Aukefnið illítmontmórillónít-kaólínít er auðugt af (óvirku) járni“. 4. Heildarmagn við mismunandi notkun illítmontmórillónítkaólíníts í heilfóður skal ekki fara yfir leyft hámarksgildi fyrir viðkomandi tegund eða flokk dýra. 5. Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi: — „Forðast skal notkun samtímis makrólíðum til inngjafar um munn“.	24. janúar 2029
			Allar aðrar dýrategundir og -flokkar	—	5 000	20 000		

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/11 **2019/EES/31/23**

frá 3. janúar 2019

um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir gyltur, mjólkurgrísi, fráfærugrísi og eldisgrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 252/2006, (EB) nr. 943/2005 og (EB) nr. 1200/2005 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 ([3]), fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 ([4]) og fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 ([5]). Blandan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fóðuraukefni fyrir gyltur, fráfærugrísi, mjólkurgrísi og eldissvín. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 17. júní 2015 ([6]) og 21. febrúar 2018 ([7]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt afurðasemi hjá mjólkurgrísum, fráfærugrísum, eldissvínum og gyltum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 252/2006, (EB) nr. 943/2005 og (EB) nr. 1200/2005 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 4.1.2019, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006 frá 14. febrúar 2006 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun tiltekinna aukefna sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 3).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005 um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4158.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(3), 5201.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 252/2006

Reglugerð (EB) nr. 252/2006 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 1. gr. falli brott.

2) Ákvæði I. viðauka falli brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 943/2005

Reglugerð (EB) nr. 943/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 1. gr. falli brott.

2) Ákvæði I. viðauka falli brott.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1200/2005

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1200/2005 falli færsla E 1705 um *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 brott.

5. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 24. júlí 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 24. janúar 2019, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1705	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.	*Enterococcus faecium* NCIMB 10415	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem inniheldur að lágmarki: — hjúpað form (með skellakki): 2×10^{10} CFU/g aukefnis eða — önnur hjúpuð form: 1×10^{10} CFU/g aukefnis eða — kornuð óhjúpuð form: $3{,}5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: dreifingaraðferð með galleskúlínasíðagar (EN 15788) Auðkenning: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Gyltur	—	7×10^8	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Aukefnið skal gefið fanggyltum og mjólkandi gyltum og mjólkurgrísum samtímis 3. Til notkunar fyrir fráfærugrísi þar til þeir eru u.þ.b. 35 kg. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum.	24. janúar 2029
				Mjólkurgrísir		1×10^9	—		
				Fráfærugrísir Eldissvín		$3{,}5 \times 10^8$	—		

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/12 **2019/EES/31/24**

frá 3. janúar 2019

um leyfi fyrir L-arginíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram tvær umsóknir um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10741P og með *Escherichia coli* NITE BP-02186, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn fyrir allar dýrategundir. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10741P, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, og fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02186, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“, og í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 18. apríl 2018 ([2]) og 19. apríl 2018 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02186 og með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10741P, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi varnarráðstöfunum væri beitt.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi amínósýruarginíns fyrir allar dýrategundir og til að viðbætt L-arginín hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin lét í álitum sínum í ljós áhyggjur varðandi hugsanlegt næringarójafnvægi þegar L-arginín er gefið sem amínósýra í drykkjarvatn. Matvælaöryggisstofnunin hefur þó ekki lagt til hámarksinnihald fyrir L-arginín. Enn fremur mælir Matvælaöryggisstofnunin með viðbót L-arginíns í viðeigandi magni. Ef L-arginíni er bætt við sem amínósýru með því að setja það í drykkjarvatn er rétt að gera notandanum aðvart um að taka verði tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

6) Að því er varðar notkun sem bragðefni tekur Matvælaöryggisstofnunin fram að ekki sé þörf á því að sýna frekar fram á verkun efnisins þegar það er notað í ráðlögðum skammti. Notkun L-arginíns sem bragðefni í drykkjarvatn er ekki leyft. Í ráðlögðum skammti er ólíklegt að L-arginín sem bragðefni skapi áhyggjuefni varðandi fæðutengda viðbót af öllum nauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

7) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

8) Mat á L-arginíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa aukefnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

9) Sú staðreynd að notkun L-arginíns er ekki leyfð í drykkjarvatn sem bragðefni kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurblöndu sem er gefin með vatni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 2, 4.1.2019, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5276.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5277.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

1. Efnin L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10741P, og L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02186, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. Efnið L-arginín, sem er framleitt með *Escherichia coli* NITE BP-02186, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c363	—	L-arginín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 98% L-argíníninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 1,5% hámarks-vatnsinnihaldi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með gerjun með *Escherichia coli* NITE BP-02186 Efnaformúla: $C_6H_{14}N_4O_2$ CAS-númer: 74-79-3 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina L-arginín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“ Til að magnákvarða arginín í fóður-aukefninu og í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS)	Allar dýrategundir				1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni. 4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið. 5. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðanum fyrir aukefnið og forblönduna: „Þegar L-argíníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	24. janúar 2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.					6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni, þ.m.t. öndunarvörn.	
3c362	—	L-arginín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 98% L-arginíninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 0,5% hámarks-vatnsinnihaldi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM10741P Efnaformúla: $C_6H_{14}N_4O_2$ CAS-númer: 74-79-3 *Greiningaraðferð* (1) Til að sanngreina L-arginín í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“	Allar dýrategundir				1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hitameðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni. 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðanum fyrir aukefnið og forblönduna: „Þegar L-argíníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	24. janúar 2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða arginín í fóður-aukefninu og í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni, þ.m.t. öndunarvörn.	
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
3c363	—	L-arginín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 98% L-argíníninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 1,5 % hámarks-vatnsinnihaldi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-arginín ((S)-2-amínó-5-gúanidín-pentansýra) sem er framleidd með gerjun með — *Escherichia coli* NITE BP-02186 Efnaformúla: $C_6H_{14}N_4O_2$ CAS-númer 74-79-3 FLAVIS-nr. 17.003	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 4. Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðanum fyrir aukefnið.	24. janúar 2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferð (1) Til að sanngreina L-arginín í fóður-aukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“ Til að magnákvarða arginín í fóður-aukefninu — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) – reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.					5. Á merkimiða aukefnis og forblöndu skal tilgreina eftir-farandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 25 mg/kg“. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndu skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunni, þ.m.t. öndunarvörn.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/960 **2019/EES/31/25**

frá 5. júlí 2018

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir lambda-sýhalótrín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir lambda-sýhalótrín.

2) Að því er varðar lambda-sýhalótrín lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) fram rökstutt álit um endurskoðun á gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ([2]). Matvælaöryggisstofnunin lagði fram niðurstöðu um jafningjarýni á lambda-sýhalótríni ([3]) þar sem greiningarendapunktar efnisins voru uppfærðir. Í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin endurskoðaði matið á lambda-sýhalótríni með tilliti til nýju endapunktanna. Matvælaöryggisstofnunin lagði 2. desember 2015 fram rökstutt álit um endurmat á endurskoðun á gildandi hámarksgildum leifa fyrir lambda-sýhalótrín ([4]). Skilgreining á leifum lambda-sýhalótríns nær einnig yfir efnið gamma-sýhalótrín. Í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin endurskoðaði hámarksgildi leifa fyrir lambda-sýhalótrín, einnig með tilliti til mögulegrar notkunar gamma-sýhalótríns. Matvælaöryggisstofnunin lagði 26. júlí 2017 fram rökstutt álit á markvissri endurskoðun á gildandi hámarksgildum leifa fyrir lambda-sýhalótrín í ljósi ósértækrar skilgreiningar á leifum ([5]).

3) Matvælaöryggisstofnunin lagði til að skilgreiningunni á leifum fyrir allar afurðir verði breytt. Hún greindi frá áhættu fyrir neytendur sem varðar hámarksgildi leifa fyrir grænkál og hrísgrjón. Því er rétt að lækka þessi hámarksgildi leifa. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir allar afurðir og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir sólblómafræ, sojabaunir og te og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

4) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvöru er ekki heimiluð og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 169, 6.7.2018, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2014. „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for lambda-cyhalothrin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3546.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2014. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance lambda-cyhalothrin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3677.

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2015. „Reasoned opinion on the revision of the review of the existing maximum residue levels for lambda-cyhalothrin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(12), 4324.

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2017. „Reasoned opinion on the focused review of the existing maximum residue levels for lambda-cyhalothrin in light of the unspecific residue definition and the existing good agricultural practices for the substance gamma-cyhalothrin.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4930.

5) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.

6) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

7) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

9) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.

10) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Að því er varðar virka efnið lambda-sýhalótrín í og á öllum afurðum, að undanskildu grænkáli og hrísgrjónum, gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar í ESB eða fluttar inn í ESB fyrir 26. janúar 2019.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi dálkur fyrir lambda-sýhalótrín bætist við í II. viðauka:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um [a]	Lambda-sýhalótrín (þ.m.t. gamma-sýhalótrín) (summa R,S- og S,R-hverfna) (F)
(1)	(2)	(3)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	
0110000	**Sítrusávextir**	**0,2 (+)**
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	**Trjáhnetur**	**0,01** (*) **(+)**
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	**Kjarnaávextir**	**(+)**
0130010	Epli	**0,08**
0130020	Perur	**0,08**
0130030	Kveði	**0,2**
0130040	Trjámispilsaldin	**0,2**
0130050	Dúnepli/japansplómur	**0,2**
0130990	Annað (2)	**0,01** (*)

(1)	(2)	(3)
0140000	**Steinaldin**	
0140010	Apríkósur	**0,15 (+)**
0140020	Kirsuber (sæt)	**0,3 (+)**
0140030	Ferskjur	**0,15 (+)**
0140040	Plómur	**0,2 (+)**
0140990	Annað (2)	**0,01** (*) **(+)**
0150000	**Ber og smá aldin**	(+)
0151000	a) *Þrúgur*	
0151010	Vínber til neyslu	**0,08**
0151020	Vínþrúgur	**0,2**
0152000	b) *Jarðarber*	**0,2**
0153000	c) *Klungurber*	**0,2**
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) *önnur smá aldin og ber*	
0154010	Bláber	**0,2**
0154020	Trönuber	**0,2**
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	**0,2**
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	**0,2**
0154050	Rósaldin	**0,2**
0154060	Mórber (svört og hvít)	**0,2**
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	**0,2**
0154080	Ylliber	**0,2**
0154990	Annað (2)	**0,01** (*)
0160000	**Ýmis aldin með**	
0161000	a) *Ætu hýði*	(+)
0161010	Döðlur	**0,01** (*)
0161020	Fíkjur	**0,01** (*)
0161030	Ólífur til átu	**1**
0161040	Gullappelsínur	**0,01** (*)
0161050	Stjörnualdin	**0,01** (*)
0161060	Gallaldin	**0,09**
0161070	Jövuplómur	**0,01** (*)
0161990	Annað (2)	**0,01** (*)
0162000	b) *Óætu hýði, lítil*	**(+)**
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	**0,05**
0162020	Litkaber	**0,01** (*)
0162030	Píslaraldin	**0,01** (*)
0162040	Kaktusfíkjur	**0,01** (*)

(1)	(2)	(3)
0162050	Stjörnuepli	**0,01**(*)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	**0,01** (*)
0162990	Annað (2)	**0,01** (*)
0163000	c) *Óætu hýði, stór*	(+)
0163010	Lárperur	**0,01** (*)
0163020	Bananar	**0,15**
0163030	Mangó	**0,2**
0163040	Papæjualdin	**0,01** (*)
0163050	Granatepli	**0,01** (*)
0163060	Morgunberkjur	**0,01** (*)
0163070	Gvövur	**0,01** (*)
0163080	Ananas	**0,01** (*)
0163090	Brauðaldin	**0,01** (*)
0163100	Dáraaldin	**0,01** (*)
0163110	Nónberkjur	**0,01** (*)
0163990	Annað (2)	**0,01** (*)
0200000	**NÝTT eða FRYST GRÆNMETI**	(+)
0210000	**Rótar- og hnýðisgrænmeti**	
0211000	a) *Kartöflur*	**0,01** (*)
0212000	b) *Hitabeltisrótargrænmeti og -hnýðisgrænmeti*	**0,01** (*)
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarrætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) *Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum*	
0213010	Rauðrófur	**0,04**
0213020	Gulrætur	**0,04**
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	**0,07**
0213040	Piparrót	**0,04**
0213050	Ætihnúðar	**0,04**
0213060	Nípur	**0,04**
0213070	Steinseljurætur	**0,04**
0213080	Hreðkur	**0,15**
0213090	Hafursrætur	**0,04**
0213100	Gulrófur	**0,04**
0213110	Næpur	**0,04**
0213990	Annað (2)	**0,01** (*)
0220000	**Laukar**	**0,2**
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað (2)	

(1)	(2)	(3)
0230000	**Aldingrænmeti**	
0231000	a) *Náttskuggaætt og stokkrósaætt*	
0231010	Tómatar	**0,07**
0231020	Paprikur	**0,1**
0231030	Eggaldin	**0,3**
0231040	Okrur	**0,3**
0231990	Annað (2)	**0,01** (*)
0232000	b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði*	
0232010	Gúrkur	**0,05**
0232020	Smágúrkur	**0,15**
0232030	Dvergbítar	**0,15**
0232990	Annað (2)	**0,01** (*)
0233000	c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði*	**0,06**
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	d) *Sykurmaís*	**0,05**
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	**0,01** (*)
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	
0241000	a) *Blómstrandi kál*	**0,1**
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	
0242000	b) *Kálhöfuð*	
Skilgreining	Lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósi er lágsetinn pólý(hýdroxýprópýl)etri af sellulósa. Lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósi er framleiddur með etrun, að hluta til, anhýdróglúkósaeininga af hreinum sellulósa (viðardeig) með própýlenoxíð-/hýdroxýprópýlhópum. Varan sem verður til er síðan hreinsuð, þurrkuð og möluð til að fá lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósa. Lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósi inniheldur að lágmarki 5,0% og ekki yfir 16,0% af hýdroxýprópoxýhópum, reiknað miðað við þurrefni. Lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósi er frábrugðinn hýdroxýprópýlsellulósa (E 463) að því er varðar umfang mólskipta við hýdroxýprópoxýhópa á hverja einingu glúkósahringja (0,2 fyrir lágsetinn hýdroxýprópýlsellulósa á móti 3,5 fyrir E 463) í sellulósagrindinni (e. *cellulose backbone*).
IUPAC-heiti	Sellulósi, 2-hýdroxýprópýletri (lágsetinn)
CAS-númer	9004-64-2
EINECS-númer	
Efnaheiti	Hýdroxýprópýletri af sellulósa, lágsetinn
Efnaformúla	Fjölliðurnar eru setnar anhýdróglúkósaeiningum með eftirfarandi almennri formúlu: $C_6H_7O_2(OR_1)(OR_2)(OR_3)$ þar sem R_1, R_2 og R_3 geta hvert verið eitt af eftirfarandi: — H — $CH_2CHOHCH_3$ — $CH_2CHO(CH_2CHOHCH_3)CH_3$ — $CH_2CHO[CH_2CHO(CH_2CHOHCH_3)CH_3]CH_3$
Sameindaþyngd	Frá u.þ.b. 30 000 til 150 000 g/mól
Magngreining	Meðalfjöldi hýdroxýprópoxýhópa ($–OCH_2CHOHCH_3$) samsvarar 0,2 hýdroxýprópýlhópum á hverja anhýdróglúkósaeiningu miðað við vatnsfrítt form
Kornastærð	með leysigeislamælingu — Ekki minni en 45 µm (ekki meira en 1% í þyngd agna minni en 45 µm) og ekki meiri en 65 µm með stærðarútilokunarlitskiljun — Meðalkornastærð (D 50) frá 47,3 µm til 50,3 µm, D90-gildi (90% undir tilgreindu gildi) frá 126,2 µm til 138 µm
Lýsing	Eilítið ídrægt, hvítt eða eilítið gulleitt eða gráleitt, lyktar- og bragðlaust, kornað eða trefjakennt duft
Sanngreining	Stenst prófunina
Leysni	Óleysanlegt í vatni, þenst út í vatni. Það leysist upp í lausn af 10% natríumhýdroxíði og myndar seiga lausn.

Magngreining	Ákvörðun á umfangi mólskipta með gasgreiningu
Sýrustig	Ekki minna en 5,0 og ekki meira en 7,5 (1 % kvoðulausn)
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 5,0% (105 °C, 1 klukkustund)
Glæðileif	Ekki meira en 0,8%, ákvarðað við 800 °C ± 25 °C
Própýlenklórhýdrín	Ekki meira en 0,1 mg/kg (miðað við vatnsfrítt form) (gas- og massagreining)
Arsen	Ekki meira en 2 mg/kg
Blý	Ekki meira en 1 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,15 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1555 2019/EES/31/28

frá 17. október 2018

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra landsyfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Laboratoire Nurilia, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Condensyl® og minnkun á DNA-skemmdum í sæði. Miklar DNA-skemmdir í sæði eru áhættuþáttur fyrir minnkaða frjósemi/vanfrjósemi hjá körlum (spurning nr. EFSA-Q-2016-00665) ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Samsetning þurrefna úr kaktusfíkjualdini með stöðluðu kersetíni og betalaíni, N-asetýlsysteini, sinki, vítamínum B3, E, B6, B2, B9 og B12 í Condensyl® dregur úr DNA-skemmdum í sæði (afþéttingarstuðull sæðiskjarna og DNA-niðurbrotstuðull sæðis). Miklar DNA-skemmdir í sæði (afþéttingarstuðull sæðiskjarna og DNA-niðurbrotstuðull sæðis) eru áhættuþáttur fyrir minnkaða frjósemi/vanfrjósemi hjá körlum.

6) Hinn 5. maí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Condensyl® og minnkunar á DNA-skemmdum í sæði í tengslum við minnkun áhættu á vanfrjósemi hjá körlum. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Í kjölfar umsóknar frá Cargill R&D Centre Europe, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu varðandi sykurlaust hart sælgæti með a.m.k. 90% erýtrítóli og minnkun á tannsýklu sem dregur úr áhættu á tannskemmdum (spurning nr. EFSA-Q-2017-00002) ([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Sýnt hefur verið fram á að sykurlaust hart sælgæti, sætt með a.m.k. 90% Zerose® erýtrítóli, dregur úr tannsýklu. Mikil tannsýkla er áhættuþáttur fyrir myndun tannskemmda“.

8) Hinn 21. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á sykurlausu hörðu sælgæti með a.m.k. 90% erýtrítóli og minnkunar á tannsýklu sem dregur úr áhættu á tannskemmdum. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4775.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4923.

9) Í kjölfar umsóknar frá Biosearch Life, sem lögð var fram skv. a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar *Lactobacillus fermentum* CECT 5716 og minnkun á magni *Staphylococcus* í brjóstamjólk. Mikið magn *Staphylococcus* í brjóstamjólk er áhættuþáttur fyrir smitandi brjóstabólgu (spurning nr. EFSA-Q-2016-00318) ([1]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „*Lactobacilllus fermentum* CECT 5716 dregur úr magni *Staphylococcus* í brjóstamjólk. Mikið magn *Staphylococcus* í brjóstamjólk er áhættuþáttur fyrir ójafnvægi í bakteríuflóru í brjóstum/brjóstabólgu“.

10) Hinn 24. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Lactobacillus fermentum* CECT 5716 og minnkunar á magni *Staphylococcus* í brjóstamjólk sem dregur úr áhættu á smitandi brjóstabólgu. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4917.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn – viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu.	Condensyl®	Samsetning þurrefna úr kaktus-fíkjualdini með stöðluðu kersetíni og betalaíni, N-asetýlsysteini, sinki, vítamínum B3, E, B6, B2, B9 og B12 í Condensyl® dregur úr DNA-skemmdum í sæði (afþéttingarstuðull sæðiskjarna og DNA-niður-brotstuðull sæðis). Miklar DNA-skemmdir í sæði (afþéttingarstuðull sæðiskjarna og DNA-niður-brotstuðull sæðis) eru áhættuþáttur fyrir minnkaða frjósemi/vanfrjósemi hjá körlum.	Q-2016-00665
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu.	Sykurlaust hart sælgæti með a.m.k. 90% erýtrítóli	Sýnt hefur verið fram á að sykurlaust hart sælgæti, sætt með a.m.k. 90% Zerose® erýtrítóli, dregur úr tannsýklu. Mikil tannsýkla er áhættu-þáttur fyrir myndun tannskemmda.	Q-2017-00002
Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu.	*Lactobacillus fermentum* CECT 5716	*Lactobacillus fermentum* CECT 5716 dregur úr magni *Staphylococcus* í brjóstamjólk. Mikið magn *Staph-hylococcus* í brjóstamjólk er áhættu-þáttur fyrir ójafnvægi í bakteríuflóru í brjóstum/brjóstabólgu.	Q-2016-00318

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1556 **2019/EES/31/29**

frá 17. október 2018

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda gildar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA), hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

3) Matvælaöryggisstofnunin skal skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Laboratoires Nutrition et Cardiométabolisme, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Stablor®, drykkjarblöndu með skilgreindri samsetningu frumefna og snefilefna og tilteknu hlutfalli amínósýra (hlutfall tríptófans og hlutlausra amínósýra), og minnkun iðrafitu meðan líkamsþyngd án fituvefs er viðhaldið (spurning nr. EFSA-Q-2016-00319 ([2])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Í tengslum við rétt samsett fæði og lítilsháttar takmörkun hitaeininga (e. *mild caloric restriction*) stuðlar viðbót Stablor® að minnkun iðrafitu, meðan líkamsþyngd án fituvefs er viðhaldið, hjá einstaklingum í yfirþyngd eða ofþyngd sem eru með fitu á kvið og eru í áhættu vegna hjarta- og efnaskiptakvilla.“

6) Hinn 28. febrúar 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Stablor® og minnkun iðrafitu meðan líkamsþyngd án fituvefs er viðhaldið í tengslum við orkuskert megrunarfæði. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

7) Í kjölfar umsóknar frá Suomen Terveysravinto Oy, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar kúrkúmín og eðlilega starfsemi liða (spurning nr. EFSA- Q-2016-00856 ([3])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Kúrkúmín stuðlar að eðlilegri starfsemi liða.“

8) Hinn 8. maí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á kúrkúmíni og viðhalds eðlilegra starfsemi liða. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4723.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4774.

9) Í kjölfar umsóknar frá Marks and Spencer PLC, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar hlutfall kolvetna og prótíns (CHO:P) sem nemur ≤ 1,8 á orkugrundvelli í tengslum við orkuskert megrunarfæði og líkamsþyngd (spurning nr. EFSA-Q-2016-00436 ([1])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að því að minnka líkamsþyngd og líkamsfitu þegar þess er neytt sem hluta af orkuskertu megrunarfæði (< 8 368 kJ/2 000 kkal/dag) í a.m.k. tólf vikur“.

10) Hinn 13. júní 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á kolvetnum og prótíni (CHO:P) í hlutfalli sem nemur ≤ 1,8 á orkugrundvelli í tengslum við orkuskert megrunarfæði og minnkun á líkamsþyngd. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

11) Í kjölfar umsóknar frá Loc Toi group, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og minnkun á líkamsþyngd í tengslum við orkuskert megrunarfæði (spurning nr. EFSA Q-2017-00032 ([2])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að þyngdartapi í tengslum við orkuskert megrunarfæði“.

12) Hinn 21. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og minnkun á líkamsþyngd í tengslum við orkuskert megrunarfæði. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

13) Í kjölfar umsóknar frá Loc Toi group, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og viðhald eðlilegs glúkósamagns í blóði til langs tíma (spurning nr. EFSA Q-2017-00033 ([3])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að viðhaldi eðlilegs glúkósamagns í blóði“.

14) Hinn 21. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og viðhaldi eðlilegs glúkósamagns í blóði til langs tíma. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

15) Í kjölfar umsóknar frá Loc Toi group, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og stuðning við viðhald eðlilegs blóðþrýstings (spurning nr. EFSA Q-2017-00031 ([4])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að viðhaldi eðlilegs blóðþrýstings“.

16) Hinn 21. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og viðhalds eðlilegs blóðþrýstings. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

17) Í kjölfar umsóknar frá Loc Toi group, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og stuðning við viðhald eðlilegs kólesterólmagns í blóði (spurning nr. EFSA Q-2017-00030 ([5])). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóði“.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(6), 4839.
([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4915.
([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4916.
([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4914.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4913.

18) Hinn 21. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón) og viðhalds eðlilegs kólesterólmagns í blóði. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 ætti ekki að leyfa hana.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðing sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Stablor®, drykkjarblanda með skilgreindri samsetningu frumefna og snefilefna og tilteknu hlutfalli amínósýra (hlutfall trýptófans og hlutlausra amínósýra)	Í tengslum við rétt samsett fæði og lítilsháttar takmörkun hitaeininga stuðlar viðbót Stablor® að minnkun iðrafitu, meðan líkamsþyngd án fituvefs er viðhaldið, hjá einstaklingum í yfirþyngd eða ofþyngd sem eru með fitu á kvið og eru í áhættu vegna hjarta- og efnaskiptakvilla.	Q-2016-00319
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Kúrkúmín	Kúrkúmín stuðlar að eðlilegri starfsemi liða.	Q-2016-00856
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Hlutfall kolvetna og prótíns (CHO:P) sem nemur ≤ 1,8 á orkugrundvelli í tengslum við orkuskert megrunarfæði og líkamsþyngd	Stuðlar að því að minnka líkamsþyngd og líkamsfitu þegar þess er neytt sem hluta af orkuskertu megrunarfæði (< 8 368 kJ/2 000 kkal/dag) í a.m.k. tólf vikur.	Q-2016-00436
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón)	Stuðlar að þyngdartapi í tengslum við orkuskert megrunarfæði.	Q-2017-00032
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón)	Stuðlar að viðhaldi eðlilegs glúkósamagns í blóði.	Q-2017-00033
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón)	Stuðlar að viðhaldi eðlilegs blóðþrýstings.	Q-2017-00031
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Vibigaba (spíruð brún hrísgrjón)	Stuðlar að viðhaldi eðlilegs kólesterólmagns í blóði.	Q-2017-00030

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/721 **2019/EES/31/30**

frá 16. maí 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið svínaprólaktín með tilliti til hámarksgildis leifa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Efnið svínaprólaktín er ekki tilgreint í þeirri töflu.

4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir svínaprólaktín í svínum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir svínaprólaktín í svínum sé ekki nauðsynleg fyrir heilsuvernd manna.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að sem stendur sé ekki viðeigandi að yfirfæra flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“ fyrir svínaprólaktín af svínum yfir á aðrar tegundir vegna ófullnægjandi gagna.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Svínaprólaktín	Á EKKI VIÐ	Svín	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Til inngjafar um munn fyrir nýfædda grísi í skammti sem nemur allt að 0,2 mg/dýr. Til notkunar fyrir gyltur í heildarskammti sem nemur allt að 5 g/dýr.	Lyf sem virka á æxlunarfæri“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/722 **2019/EES/31/31**

frá 16. maí 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið eprínómektín með tilliti til hámarksgildis leifa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Eprínómektín er þegar tilgreint í þeirri töflu sem leyft efni fyrir öll jórturdýr, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir eprínómektín til fiska hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir eprínómektín í fiskum.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að viðeigandi sé að yfirfæra færsluna fyrir eprínómektín yfir á vefi úr hestum og kanínum.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fara að nýju hámarksgildi leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið eprínómektín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Eprínómektín	Eprínómektín B1a	Öll jórturdýr, dýr af hestaætt	50 µg/kg	Vöðvi	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/Inn- og útsníklalyf“
			250 µg/kg	Fita		
			1 500 µg/kg	Lifur		
			300 µg/kg	Nýru		
			20 µg/kg	Mjólk		
		Fiskar	50 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum		
		Kanínur	50 µg/kg	Vöðvi		
			250 µg/kg	Fita		
			1 500 µg/kg	Lifur		
			300 µg/kg	Nýru		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1480 2019/EES/31/32

frá 4. október 2018

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum og um leiðréttingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]), einkum 5. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í töflu 3.1 í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er skrá yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2.–5. hluta I. viðauka við þá reglugerð.

2) Tillögur um að innleiða samræmda flokkun og merkingar á tilteknum efnum og að uppfæra eða fella brott samræmdar flokkanir og merkingar á tilteknum öðrum efnum hafa verið lagðar fyrir Efnastofnun Evrópu skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Samkvæmt álitum á þeim tillögum sem áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar gaf út, sem og athugasemdum sem bárust frá hlutaðeigandi aðilum, er rétt að innleiða, uppfæra eða fella brott samræmda flokkun og merkingu á tilteknum efnum.

3) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([3]) voru felldar úr gildi frá og með 1. júní 2015. Þar af leiðandi var 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1179 ([4]) til að fella brott töflu 3.2. Sú breyting tók gildi 1. júní 2017. Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 var breytt enn frekar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 ([5]) til að fella brott tilvísanir í töflu 3.2, til að breyta tilvísunum í töflu 3.1 í tilvísanir í töflu 3 og til að fella brott tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/776 átti meirihluti þessara breytinga að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2017 og þær breytingar sem eftir voru áttu að koma til framkvæmda frá og með 1. desember 2018. Fyrir mistök vantaði þó tvær frekari breytingar í 2. mgr. 2. gr. sem hefðu átt að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2017, m.a. breytingin á heiti töflunnar úr töflu 3.1 í töflu 3. Því ætti að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1179 frá 19. júlí 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 195, 20.7.2016, bls. 11).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/776 frá 4. maí 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að framförum í tækni og vísindum (Stjtíð. ESB L 116, 5.5.2017, bls. 1).

leiðrétta aðra undirgrein 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/776 þannig að hún innihaldi tilvísun í þessar tvær breytingar. Þó að þessi leiðréttíng hafi þau áhrif að þessar tvær breytingar gilda afturvirkt hefur hún ekki áhrif á réttindi og skyldur framleiðenda, innflytjenda, eftirnotenda eða birgja.

4) Reglugerð (ESB) 2017/776 breytti einnig VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til að bæta samræmdu „matsgildi bráðra eiturhrifa“ við í töflu 3.1 sem hluta af upplýsingunum sem varða flokkun og merkingu tiltekinna efna með tilliti til flokkunar blandna. Matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir nikótín var gefið upp í mg/kg. Í því skyni að skýra nánar hvernig ætti að flokka blöndur sem innihalda nikótín ætti í staðinn að gefa upp matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir íkomuleið um munn og um húð að því er varðar nikótín í „mg/kg líkamsþyngdar“ ([1]). Matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir þrjú önnur efni, þ.e. kólkalsíferól, 1,2-díhýdroxýbensen og pínoxaden ættu einnig að vera gefin upp á sama hátt. Að auki ætti að bæta við neðanmálsgrein í fyrirsögn í næstsíðasta dálkinum í töflu 3.1 þar sem kemur fram hvað skammstöfunin „mg/kg líkamsþyngdar“ stendur fyrir.

5) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/669 ([2]) er kveðið á um þýðingu á heitum efnanna sem tilgreind eru í töflu 3.1 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Af þessum sökum ætti að breyta fyrirsögn annars dálks þeirrar töflu, sem nú vísar til „alþjóðlegrar, efnafræðilegrar auðkenningar“, með tilliti til þeirrar staðreyndar að “alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning” mun tapa alþjóðlegu eðli sínu þegar reglugerðin, þar sem kveðið er á um þýðingu þeirra í VI. viðauka, tekur gildi. Í þágu samræmis ætti þessi breyting að taka gildi þegar þýðingin á heitunum í VI. viðauka tekur gildi. Nýja fyrirsögnin ætti að endurspegla íðorðanotkunina í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

6) Ekki ætti að gera þá kröfu að farið sé að nýju eða uppfærðu samræmdu flokkuninni þegar í stað þar eð nauðsynlegt er að veita birgjum tiltekinn frest til að aðlaga merkingar og pökkun efna og blandna að nýju eða endurskoðuðu flokkuninni og selja fyrirliggjandi birgðir. Sá frestur er einnig nauðsynlegur til að gera birgjum kleift að aðlagast að og fara að öðrum lagalegum skuldbindingum sem leiða af nýju eða uppfærðu samræmdu flokkununum eins og þeim sem settar eru fram í 22. gr. (f-lið) eða 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]), þeim sem settar eru fram í 50. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ([4]) eða þeim sem settar eru fram í 44. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([5]).

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.

8) Í samræmi við umbreytingarákvæði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sem heimila að nýjum ákvæðum sé beitt fyrr og af frjálsum vilja, ætti birgjum að vera heimilt að beita nýju og uppfærðu samræmdu flokkuninni og að aðlaga merkingu og pökkun til samræmis við það að eigin frumkvæði fyrir gildistökudag þessarar nýju eða uppfærðu flokkunar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

([1]) Líkamsþyngd.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/669 frá 16. apríl 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum (Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2018, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

2. gr.

Leiðrétting á reglugerð (ESB) 2017/776

Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/776 komi eftirfarandi:

„Ákvæði 1. og 2. liðar og a-, b- og c-liðar 3. liðar í viðaukanum gilda frá og með 1. júní 2017.“

3. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar og a-liðar í 2. lið viðaukans gilda frá og með 1. desember 2019.

Ákvæði b-, c-, d- og e-liðar í 2. lið viðaukans gilda frá og með 1. maí 2020.

Þrátt fyrir þriðju málsgrein þessarar greinar er heimilt að flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, fyrir 1. maí 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar liðar 1.1.1.4 í 1. hluta komi eftirfarandi:

„Efnaheiti“.

2) Töflu 3.1 í 3. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar annars dálks komi eftirfarandi: „Efnaheiti“.

b) Í stað fyrirsagnar næstsíðasta dálks komi eftirfarandi: „Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa (*)

(*) „Matsgildi bráðra eiturhrifa að því er varðar váhrifaleiðir um munn og um húð eru gefin upp í mg/kg líkamsþyngdar sem stendur fyrir milligramm á hvert kíló líkamsþyngdar.“.

c) Færslan sem svarar til skrárnúmersins 609-414-00-6 falli brott.

d) Í stað færslnanna sem svara til skrárnúmeranna 006-044-00-7, 015-101-00-5, 016-096-00-2, 017-011-00-1, 025-002-00-9, 603-180-00-4, 604-014-00-3, 604-016-00-4, 604-090-00-8, 605-003-00-6, 606-047-009, 607-096-00-9, 607-103-00-5, 607-113-00-X, 607-373-00-4, 613-167-00-5, 613-205-00-0 og 614-001-00-4 komi eftirfarandi færslur, eftir því sem við á:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvör-unarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„006-044-00-7	ísóprótúrón (ISO), 3-(4-ísóprópýlfenýl)-1,1-dímetýlúrea	251-835-4	34123-59-6	Krabb. 2 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H373 (blóð) H400 H410	GHS08 GHS09 Varúð	H351 H373 (blóð) H410		M = 10 M = 10“	
„015-101-00-5	fosmet (ISO), *S*-[(1,3-díoxó-1,3-díhýdró-2*H*-ísóindól-2-ýl)metýl]-*O*,*O*-dímetýlfosfórdíþíóat, *O*,*O*-dímetýl-*S*-þalimídómetýl-fosfórdíþíóat	211-987-4	732-11-6	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 3 SEM-VES 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361f H332 H301 H370 (taugakerfi) H400 H410	GHS08 GHS06 GHS09 Hætta	H361f H332 H301 H370 (taugakerfi) H410		M = 100 M = 100“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvör-unarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„016-096-00-2	þífensúlfúrónmetýl (ISO), metýl-3-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýlkarbamóýl-súlfamóýl)þíófen-2-karboxýlat	—	79277-27-3	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	GHS09 Varúð	H410		M = 100 M = 100“	
„017-011-00-1	natríumhýpóklórít, lausn ...% af virkum klór	231-668-3	7681-52-9	Húðæt. 1B Augnsk. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H314 H318 H400 H410	GHS05 GHS09 Hætta	H314 H410	EUH031	M = 10 M = 1 ESB-H031: C ≥ 5%	B“
„025-002-00-9	kalíumpermanganat	231-760-3	7722-64-7	Eldmynd. fast efni 2 Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 * Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H272 H361d H302 H400 H410	GHS03 GHS08 GHS07 GHS09 Hætta	H272 H361d H302 H410“			
„603-180-00-4	kólkalsíferól, kólekalsíferól, D_3-vítamín	200-673-2	67-97-0	Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 SEM-EV 1	H330 H310 H300 H372	GHS06 GHS08 Hætta	H330 H310 H300 H372		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,05 mg/L (ryk eða úði) um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 50 mg/kg líkamsþyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 35 mg/kg líkamsþyngdar SEM-EV 1, H372: C ≥ 3% SEM-EV 2, H373: 0,3% ≤ C < 3%“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvör-unarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„604-014-00-3	klórókresól, 4-klóró-m-kresól, 4-klóró-3-metýlfenól	200-431-6	59-50-7	Bráð eit. 4 Húðæt. 1C Augnsk. 1 SEM-VES 3 Húðnæm. 1B Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 3	H302 H314 H318 H335 H317 H400 H412	GHS07 GHS05 GHS09 Hætta	H302 H314 H335 H317 H410		M = 1“	
„604-016-00-4	1,2-díhýdroxýbensen, pýrókatekól	204-427-5	120-80-9	Krabb. 1B Stökkbr. 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 Húðert. 2 Augnert. 2	H350 H341 H311 H301 H315 H319	GHS08 GHS06 Hætta	H350 H341 H311 H301 H315 H319		um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 300 mg/kg líkamsþyngdar um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 600 mg/kg líkamsþyngdar“	
„604-090-00-8	4-*tert*-bútýlfenól	202-679-0	98-54-4	Eit. á æxl. 2 Húðert. 2 Augnsk. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361f H315 H318 H410	GHS08 GHS05 GHS09 Hætta	H361f H315 H318 H410		M = 1“	
„605-003-00-6	asetaldehýð, etanal	200-836-8	75-07-0	Eldf. vökvi 1 Krabb. 1B Stökkbr. 2 SEM-VES 3 Augnert. 2	H224 H350 H341 H335 H319	GHS02 GHS08 GHS07 Hætta	H224 H350 H341 H335 H319“			
„606-047-00-9	2-bensýl-2-dímetýlamínó-4′-morfólínóbútýrófenón	404-360-3	119313-12-1	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H400 H410	GHS08 GHS09 Hætta	H360D H410“			

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvör-unarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„607-096-00-9	malínanhýdríð	203-571-6	108-31-6	Bráð eit. 4 SEM-EV 1 Húðæt. 1B Augnsk. 1 Næm. öndunarf. 1 Húðnæm. 1A	H302 H372 (öndunarfæri) (við innöndun) H314 H318 H334 H317	GHS07 GHS08 GHS05 Hætta	H302 H372 (öndunarfæri) (við inn-öndun) H314 H334 H317	EUH071	Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,001%“	
„607-103-00-5	rafsýruanhýdríð	203-570-0	108-30-5	Bráð eit. 4 Húðæt. 1 Augnsk. 1 Næm. öndunarf. 1 Húðnæm. 1	H302 H314 H318 H334 H317	GHS07 GHS05 GHS08 Hætta	H302 H314 H334 H317	EUH071“		
„607-113-00-X	ísóbútýlmetakrýlat	202-613-0	97-86-9	Eldf. vökvi 3 SEM-VES 3 Húðert. 2 Húðnæm. 1B	H226 H335 H315 H317	GHS02 GHS07 Varúð	H226 H335 H315 H317			D“
„607-373-00-4	kvisalófóp-P-tefúrýl (ISO); (+/–) tetrahýdrófúrfúrýl-(R)-2-[4-(6-klórókínoxalín-2-ýloxý)fenýloxý]própíónat	414-200-4	200509-41-7	Krabb. 2 Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H361fd H302 H373 H400 H410	GHS08 GHS07 GHS09 Varúð	H351 H361fd H302 H373 H410		M = 1 M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvör-unarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„613-167-00-5	hvarfmassi 5-klóró-2-metýl-2*H*-ísóþíasól-3-óns og 2-metýl-2*H*h-ísóþíasól-3-óns (3:1)	—	55965-84-9	Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 3 Húðæt. 1C Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H330 H310 H301 H314 H318 H317 H400 H410	GHS06 GHS05 GHS09 Hætta	H330 H310 H301 H314 H317 H410	EUH071	Húðæt. 1C, H314: C ≥ 0,6% Húðert. 2, H315: 0,06% ≤ C < 0,6% Augnsk. 1, H318: C ≥ 0,6% Augnert. 2, H319: 0,06% ≤ C < 0,6% Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,0015% M = 100 M = 100	B“
„613-205-00-0	própíkónasól (ISO), (2*RS*,4*RS*;2*RS*,4*SR*)-1-{[2-(2,4-díklórófenýl)-4-própýl-1,3-díoxólan-2-ýl]metýl}-1*H*-1,2,4-tríasól	262-104-4	60207-90-1	Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 4 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H360D H302 H317 H400 H410	GHS08 GHS07 GHS09 Hætta	H360D H302 H317 H410		M = 1 M = 1“	
„614-001-00-4	nikótín (ISO), 3-[(2S)-1-metýlpýrrólídín-2-ýl]pýridín	200-193-3	54-11-5	Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 2 Langv. eit. á vatn. 2	H330 H310 H300 H411	GHS06 GHS09 Hætta	H330 H310 H300 H411		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 0,19 mg/L (ryk eða úði) um húð: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 70 mg/kg líkams-þyngdar um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 5 mg/kg líkams-þyngdar“	

e) Eftirfarandi færslur eru felldar inn á viðeigandi stöðum í samræmi við niðurröðun færslnanna sem eru settar fram í töflu 3.1:

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörun-arorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„604-094-00-X	ísóevgenól, [1] (*E*)-2-metoxý-4-(próp-1-enýl)fenól, [2] (*Z*)-2-metoxý-4-(próp-1-enýl)fenól [3]	202-590-7 [1] 227-678-2 [2] 227-633-7 [3]	97-54-1 [1] 5932-68-3 [2] 5912-86-7 [3]	Húðnæm. 1A	H317	GHS07 Varúð	H317		Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,01%“	
„607-724-00-1	2,3,5,6-tetraflúoró-4-(metoxý-metýl)bensýl(1*R*,3*R*)-2,2-dímetýl-3-[(1*Z*)-próp-1-en-1-ýl)sýklóprópankarboxýlat, epsílon-metóflútrín	—	240494-71-7	Bráð eit. 4 Bráð eit. 3 SEM-VES 1 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H332 H301 H370 (taugakerfi) H373 H400 H410	GHS06 GHS08 GHS09 Hætta	H332 H301 H370 (taugakerfi) H373 H410		M = 100 M = 100“	
„607-725-00-7	ísóprópýl-(2*E*,4*E*,7*S*)-11-metoxý-3,7,11-trímetýldódeka-2,4-díenóat,*S*-metópren	—	65733-16-6	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	GHS09 Varúð	H410		M = 1 M = 1“	
„607-726-00-2	pínoxaden (ISO), 8-(2,6-díetýl-4-metýlfenýl)-7-oxó-1,2,4,5-tetrahýdró-7*H*-pýrasól[1,2-d][1,4,5]oxa-díasepín-9-ýl-2,2-dímetýl-própanóat	—	243973-20-8	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Bráð eit. 4 Augnert. 2 SEM-VES 3 Húðnæm. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 3	H361d H332 H302 H319 H335 H317 H400 H412	GHS08 GHS07 GHS09 Varúð	H361d H332 H302 H319 H335 H317 H410		við innöndun: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 4,63 mg/L (ryk eða úði) um munn: Matsgildi bráðra eiturhrifa = 500 mg/kg líkamsþyngdar M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörun-arorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„607-727-00-8	tetrametrín (ISO), (1,3-díoxó-1,3,4,5,6,7-hexahýdró-2*H*-ísóindól-2-ýl)metýl-2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1-en-1-ýl)sýkló-própankarboxýlat	231-711-6	7696-12-0	Krabb. 2 Bráð eit. 4 SEM-VES 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H302 H371 (taugakerfi) (við innöndun) H400 H410	GHS08 GHS07 GHS09 Varúð	H351 H302 H371 (taugakerfi) (við inn-öndun) H410		M = 100 M = 100“	
„607-728-00-3	(1,3,4,5,6,7-hexahýdró-1,3-díoxó-2*H*-ísóindól-2-ýl)metýl-(1*R-trans*)-2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1-enýl)sýkló-própankarboxýlat	214-619-0	1166-46-7	Krabb. 2 Bráð eit. 4 SEM-VES 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H302 H371 (taugakerfi) (við innöndun) H400 H410	GHS08 GHS07 GHS09 Varúð	H351 H302 H371 (taugakerfi) (við inn-öndun) H410		M = 100 M = 100“	
„607-729-00-9	mesósúlfúrónmetýl (ISO), metýl-2-[(4,6-dímetoxýpýrim-idín-2-ýlkarbamóýl)súlfamóýl]-α-(metansúlfónamídó)-*p*-tólúat	—	208465-21-8	Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H400 H410	GHS09 Varúð	H410		M = 100 M = 100“	
„607-730-00-4	spíródíklófen (ISO), 3-(2,4-díklórófenýl)-2-oxó-1-oxaspíró[4.5]dek-3-en-4-ýl-2,2-dímetýlbútýrat	—	148477-71-8	Krabb. 1B Eit. á æxl. 2 SEM-EV 2 Húðnæm. 1B Langv. eit. á vatn. 1	H350 H361f H373 H317 H410	GHS08 GHS07 GHS09 Hætta	H350 H361f H373 H317 H410		M = 10“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörun-arorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„607-731-00-X	natríummetýl[(4-amínó-fenýl)súlfónýl]karbamat, natríummetýl(*EZ*)-súlfanílýlkar-bónimídat, asúlamnatríum	218-953-8	2302-17-2	Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H400 H410	GHS07 GHS09 Varúð	H317 H410		M = 1 M = 1“	
„607-732-00-5	salisýlsýra	200-712-3	69-72-7	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Augnsk. 1	H361d H302 H318	GHS08 GHS07 GHS05 Hætta	H361d H302 H318“			
„608-068-00-9	flútíaníl (ISO), (2*Z*)-{[2-flúoró-5-(tríflúorómetýl)fenýl]þió}[3-(2-metoxýfenýl)-1,3-þíasólidín-2-ýlíden]asetónítríl	—	958647-10-4	Langv. eit. á vatn. 1	H410	GHS09 Varúð	H410		M = 100“	
„612-293-00-8	hvarfmassi 1-[2-(2-amínó-bútoxý)etoxý]bút-2-ýlamíns og 1-({[2-(2-amínóbútoxý)etoxý]-metýl}própoxý)bút-2-ýlamíns	447-920-2	-	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 4 Húðæt. 1B Augnsk. 1	H361f H302 H314 H318	GHS08 GHS07 GHS05 Hætta	H361f H302 H314	EUH071“		
„613-326-00-9	2-metýlísóþíasól-3(2*H*)-ón	220-239-6	2682-20-4	Bráð eit. 2 Bráð eit. 3 Bráð eit. 3 Húðæt. 1B Augnsk. 1 Húðnæm. 1A Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H330 H311 H301 H314 H318 H317 H400 H410	GHS05 GHS06 GHS09 Hætta	H330 H311 H301 H314 H317 H410	EUH071	Húðnæm. 1A, H317: C ≥ 0,0015% M = 10 M = 1“	

Skrárnúmer	Efnaheiti	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, M-stuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Athugasemdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörun-arorð	Kóði eða kóðar fyrir hættu-setningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„613-327-00-4	pýroxsúlam (ISO), N-(5,7-dímetoxý[1,2,4]tríasól-[1,5-a]pýrimidín-2-ýl)-2-metoxý-4-(tríflúorómetýl)-pýridín-3-súlfónamíð	—	422556-08-9	Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H400 H410	GHS07 GHS09 Varúð	H317 H410		M = 100 M = 100“	
„613-328-00-X	1-vínýlimídasól	214-012-0	1072-63-5	Eit. á æxl. 1B	H360D	GHS08 Hætta	H360D		Eit. á æxl. 1B, H360D: C ≥ 0,03%	
„616-224-00-2	amísúlbróm (ISO), 3-(3-brómó-6-flúoró-2-metýlindól-1-ýlsúfónýl)-*N*,*N*-dímetýl-1*H*-1,2,4-tríasól-1-súlfónamíð	—	348635-87-0	Krabb. 2 Augnert. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H319 H400 H410	GHS08 GHS07 GHS09 Varúð	H351 H319 H410		M = 10 M = 10“	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/917 **2019/EES/31/33**

frá 27. júní 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómóoxýníl, kaptan, karvón, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díkvat, etefón, etóprófos, etoxasól, famoxadón, fenamídón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, *Gliocladium catenulatum* af stofni J1446, ísoxaflútól, metalaxýl-m, metíókarb, metoxýfenósíð, metríbúsín, milbemektín, oxasúlfúrón, *Paecilomyces lilacinus*, stofn 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, pýmetrósín og s-metólaklór (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, metalaxýl-m og pýmetrósín voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 ([3]). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 30. júní 2018. Umsóknir um endurnýjun á skráningu þessara efna í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([4]) voru lagðar fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([5]).

3) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin alfasýpermetrín, benalaxýl, bífenasat, brómoxýníl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, etoxasól, fenamídón, foramsúlfúrón, *Gliocladium catenulatum* af stofni J1446, ísoxaflútól, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, fenmedífam og s-metólaklór voru síðast framlengd með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/841. Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 31. júlí 2018.

4) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin beflúbútamíð, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fólpet, formetanat, metíókarb, metríbúsín, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 ([6]). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 31. júlí 2018.

5) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin etefón og fenamífos voru framlengd með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/415 ([7]). Samþykkistímabilin fyrir þessi efni renna út 31. júlí 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 28.6.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 frá 17. maí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxýl, bentasón, bífenasat, brómoxýníl, karfentrasónetýl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, díkvat, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), etoxasól, famoxadón, fenamídón, flúmíoxasín, foramsúlfúrón, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasamox, ímasósúlfúrón, ísoxaflútól, lamínarín, metalaxýl-m, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, pendímetalín, fenmedífam, pýmetrósín, S-metólaklór og trífloxýstróbín (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 12).

([4]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/404 frá 11. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin beflúbútamíð, kaptan, dímetóat, dímetómorf, etóprófos, fípróníl, fólpet, formetanat, glúfosínat, metíókarb, metríbúsín, fosmet, pírimífosmetýl og própamókarb (Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 6).

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/415 frá 12. mars 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin etefón og fenamífos (Stjtíð. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 28).

6) Samþykkistímabilin fyrir virku efnin benþíavalíkarb, boskalíð, karvón, flúoxastróbín, *Paecilomyces lilacinus* af stofni 251 og próþíókónasól renna út 31. júlí 2018.

7) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir efnunum, sem um getur í 3. til 5. forsendu, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([1]).

8) Þar eð mat á efnunum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

9) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

10) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð sum samþykki fyrir virku efnunum renna út 30. júní 2018.

11) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 15, díkvat, komi „30. júní 2019“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 23, pýmetrósín, komi „30. júní 2019“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 35, famoxadón, komi „30. júní 2019“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 37, metalaxýl-m, komi „30. júní 2019“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 39, flúmíoxasín, komi „30. júní 2019“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 42, oxasúlfúrón, komi „31. júlí 2019“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 44, foramsúlfúrón, komi „31. júlí 2019“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 46, sýasófamíð, komi „31. júlí 2019“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 62, fenamídón, komi „31. júlí 2019“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 63, ísoxaflútól, komi „31. júlí 2019“.

11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 78, klórprófam, komi „31. júlí 2019“.

12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 83, alfasýpermetrín, komi „31. júlí 2019“.

13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 84, benalaxýl, komi „31. júlí 2019“.

14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 85, brómoxýníl, komi „31. júlí 2019“.

15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 86, desmedífam, komi „31. júlí 2019“.

16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 88, fenmedífam, komi „31. júlí 2019“.

17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 96, metoxýfenósíð, komi „31. júlí 2019“.

18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 97, S-metólaklór, komi „31. júlí 2019“.

19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 98, *Gliocladium catenulatum* af stofni J1445, komi „31. júlí 2019“.

20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 99, etoxasól, komi „31. júlí 2019“.

21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 109, bífenasat, komi „31. júlí 2019“.

22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 110, milbemektín, komi „31. júlí 2019“.

23) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 141, fenamífos, komi „31. júlí 2019“.

24) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 142, etefón, komi „31. júlí 2019“.

25) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 145, kaptan, komi „31. júlí 2019“.

26) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 146, fólpet, komi „31. júlí 2019“.

27) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 147, formetanat, komi „31. júlí 2019“.

28) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 148, metíókarb, komi „31. júlí 2019“.

29) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 149, dímetóat, komi „31. júlí 2019“.

30) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 150, dímetómorf, komi „31. júlí 2019“.

31) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 152, metríbúsín, komi „31. júlí 2019“.

32) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 153, fosmet, komi „31. júlí 2019“.

33) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 154, própamókarb, komi „31. júlí 2019“.

34) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 155, etóprófos, komi „31. júlí 2019“.

35) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 156, pírimífosmetýl, komi „31. júlí 2019“.

36) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 158, beflúbútamíð, komi „31. júlí 2019“.

37) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 163, benþíavalíkarb, komi „31. júlí 2019“.

38) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 164, boskalíð, komi „31. júlí 2019“.

39) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 165, karvón, komi „31. júlí 2019“.

40) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 166, flúoxastróbín, komi „31. júlí 2019“.

41) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 167, *Paecolomyces lilacinus* af stofni 251, komi „31. júlí 2019“.

42) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 168, próþíókónasól, komi „31. júlí 2019“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1019 **2019/EES/31/34**

frá 18. júlí 2018

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu oxasúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum b-lið 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Oxasúlfúróni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu oxasúlfúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir oxasúlfúróni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 29. janúar 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að oxasúlfúrón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 2. febrúar 2017.

9) Matvælaöryggisstofnunin greindi mikinn fjölda af eyðum í gögnum sem olli því að ekki var hægt að ljúka áhættumati á ýmsum svæðum. Einkum gera fyrirliggjandi upplýsingar um oxasúlfúrón og umbrotsefni þess ekki kleift að ljúka mati á heildarváhrifum á neytendur, váhrifum á grunnvatn, áhættu fyrir lagarlífverur, ánamaðka, stórsæjar lífverur og örverur í jarðvegi og landplöntur utan markhóps.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/23/EB frá 25. mars 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasamoxi, oxasúlfúróni, etoxýsúlfúróni, foramsúlfúróni, oxadíargýli og sýasófamíði (Stjtíð ESB L 81, 28.3.2003, bls. 39).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017, 15(2), 4722, 33 bls., doi:10.2903/j.efsa.2017.4722. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni og drögin að reglugerðinni um oxasúlfúrón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 19. júlí 2017.

11) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

12) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða þeim áhyggjuefnum sem um getur í 9. forsendu.

13) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því ætti ekki að endurnýja samþykki fyrir virka efninu oxasúlfúróni.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda oxasúlfúrón.

16) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda oxasúlfúrón ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 8. nóvember 2019.

17) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir oxasúlfúrón framlengt til 31. júlí 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að taka gildi eins fljótt og hægt er.

18) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir oxasúlfúróni í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu oxasúlfúróni er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 42. lína, oxasúlfúrón, brott.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 frá 27. júní 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómóoxýníl, kaptan, karvón, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díkvat, etefón, etóprófos, etoxasól, famoxadón, fenamídón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, *Gliocladium catenulatum*, stofn J1446, ísoxaflútól, metalaxýl-m, metíókarb, metoxýfenósíð, metríbúsín, milbemektín, oxasúlfúrón, *Paecilomyces lilacinus*, stofn 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, pýmetrósín og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 163, 28.6.2018, bls. 13).

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda oxasúlfúrón sem virkt efni eigi síðar en 8. nóvember 2018.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 8. nóvember 2019.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1043 **2019/EES/31/35**

frá 24. júlí 2018

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fenamídóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fenamídóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu fenamídóni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir fenamídóni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 12. febrúar 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að fenamídón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 11. febrúar 2016.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi sértæk áhyggjuefni. Einkum var ekki hægt að komast að niðurstöðu um hugsanleg erfðaeiturhrif fenamídóns og ekki var hægt að fastsetja heilbrigðismiðuð viðmiðunargildi. Þar af leiðandi var ekki unnt að vinna áhættumat fyrir neytendur eða áhættumat sem ekki er fæðutengt. Enn fremur komu í ljós miklar líkur á grunnvatnsmengun af völdum eiturefnafræðilega mikilvægs umbrotsefnis (RPA 412708) umfram stikabundnu gildin 0,1 μg/L fyrir drykkjarvatn í öllum viðeigandi grunnvatnssviðsmyndum fyrir nytjaplöntur sem ræktaðar eru í jarðvegi með pH-gildið 7 eða hærra. Að auki komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 188, 25.7.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB frá 11. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum trífloxýstróbíni, karfentrasónetýli, mesótríoni, fenamídoni og ísoxaflútóli (Stjtíð ESB L 177, 16.7.2003, bls. 12).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance fenamidone.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(2), 4406, 173 bls, doi:10.2903/j.efsa.2016.4406. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

ljúka áhættumati fyrir neytendur að því er varðar váhrif í tengslum við annað grunnvatnsumbrotsefni (RPA 412636) sem finnst einnig í matvælum úr plöntu- og dýraríkinu. Enn fremur eru skilgreiningar á leifum í plöntu- og búfjárvörum fyrir áhættumat ekki fullgerðar að því er varðar innfærslu hugsanlega mikilvægra umbrotsefna. Að lokum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að ljúka áhættumati fyrir villt spendýr og ekki væri unnt að útiloka mikla áhættu fyrir lagarlífverur vegna váhrifa af völdum umbrotsefnisins asetófenóns á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju undirgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

12) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu fenamídóni í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Gefa ætti aðildarríkjunum tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenamídón.

15) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda fenamídón ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 14. nóvember 2019.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir fenamídón framlengt til 31. júlí 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

17) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir fenamídóni skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu fenamídóni er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 falli 62. lína, fenamídón, brott.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/917 frá 27. júní 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómóoxýníl, kaptan, karvón, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díkvat, etefón, etóprófos, etoxasól, famoxadón, fenamídón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlfúrón, formetanat, *Gliocladium catenulatum*, stofn J1446, ísoxaflútól, metalaxýl-m, metíókarb, metoxýfenósíð, metríbúsín, milbemektín, oxasúlfúrón, *Paecilomyces lilacinus*, stofn 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, pýmetrósín og s-metólaklór (Stjtíð. ESB L 163, 28.6.2018, bls. 13).

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda fenamídón sem virkt efni eigi síðar en 14. febrúar 2019.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 14. nóvember 2019.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1061 **2019/EES/31/36**

frá 26. júlí 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu karfentrasónetýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([1]) frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE, einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Karfentrasónetýli var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu karfentrasónetýli, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir karfentrasónetýli var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 10. júlí 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að karfentrasónetýl uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. júlí 2016 ([6]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um karfentrasónetýl fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 24. janúar 2017.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 27.7.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB frá 11. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum trífloxýstróbíni, karfentrasónetýli, mesótríoni, fenamídoni og ísoxaflútóli (Stjtíð ESB L 177, 16.7.2003, bls. 12).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance carfentrazone-ethyl.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(8), 4569. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur karfentrasónetýl, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

11) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir karfentrasónetýli.

12) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir karfentrasónetýli byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda karfentrasónetýl. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem illgresiseyðir.

13) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

14) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir karfentrasónetýli rennur út 31. júlí 2018.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu karfentrasónetýli er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Karfentrasónetýl CAS-nr. 128639-02-1 CIPAC-nr. 587.202	Etýl-(*RS*)-2-klóró-3-[2-klóró-4-flúoró-5-[4-díflúorómetýl-4,5-díhýdró-3-metýl-5-oxó-1*H*-1,4-tríasól-1-ýl]fenýl]própíónat	≥ 910 g/kg	1. ágúst 2018	31. júlí 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um karfentrasónetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd jarðvegslífvera utan markhóps, — vernd lagarlífvera, — vernd háplantna á landi sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1) mikilvægi umbrotsefna, sem geta verið fyrir hendi í grunnvatni, að teknu tilliti til allrar viðeigandi flokkunar fyrir karfentrasónetýl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (2), einkum sem krabbameinsvaldur í 2. undirflokki, 2) áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið, innan eins árs eftir birtingu álitsins, sem áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu samþykkti í samræmi við 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar karfentrasónetýl, á vefsetri Efnastofnunar Evrópu. Umsækjandinn skal leggja fram þær upplýsingar, sem krafist er í 2. lið, innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 60 um karfentrasónetýl brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„125	Karfentrasónetýl CAS-nr. 128639-02-1 CIPAC-nr. 587.202	Etýl-(*RS*)-2-klóró-3-[2-klóró-4-flúoró-5-[4-díflúorómetýl-4,5-díhýdró-3-metýl-5-oxó-1*H*-1,4-tríasól-1-ýl]fenýl]própíónat	≥ 910 g/kg	1. ágúst 2018	31. júlí 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um karfentrasónetýl, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd jarðvegslífvera utan markhóps, — vernd lagarlífvera, — vernd háplantna á landi sem eru utan markhóps. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1) mikilvægi umbrotsefna, sem geta verið fyrir hendi í grunnvatni, að teknu tilliti til allrar viðeigandi flokkunar fyrir karfentrasónetýl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]), einkum sem krabbameinsvaldur í 2. Undirflokki, 2) áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar, sem um getur í 1. lið, innan eins árs eftir birtingu álitsins, sem áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu samþykkti í samræmi við 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar karfentrasónetýl, á vefsetri Efnastofnunar Evrópu.

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
						Umsækjandinn skal leggja fram þær upplýsingar, sem krafist er í 2. lið, innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1075 **2019/EES/31/37**

frá 27. júlí 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 sem áhættulitlu virku efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/2/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. júlí 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 25. nóvember 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 20. nóvember 2017. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 23. mars 2018.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurnýjunarskýrsluna.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/2/EB frá 19. janúar 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum Ampelomyces quisqualis og Gliocladium catenulatum (Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 15).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(11), 5078, 24 bls. doi:10.2903/j.efsa.2017.5078, aðgengileg á Netinu á: www.efsa.europa.eu.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem sveppaeyðir.

12) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 er stofn örveru sem búist er við, að teknu tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, að skapi litla áhættu fyrir menn, dýr og umhverfið. Enn fremur er *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 stofn örveru (svepps) sem veldur ekki sjúkdómum í mönnum, né er hún skyld þekktum sjúkdómsvaldi manna, dýra eða plantna, og margþætt þol gegn sýkingalyfjum sem notuð eru í manna- eða dýralyf er ekki þekkt.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 sem áhættulitlu efni.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.

15) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 841/2017 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 framlengt til 31. júlí 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð samþykkið fyrir virka efninu rennur út 31. júlí 2018 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2018.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10, eins og sett er fram í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2018.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 frá 17. maí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, Ampelomyces quisqualis stofn: AQ 10, benalaxýl, bentasón, bífenasat, brómoxýníl, karfentrasónetýl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, díkvat, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), etoxasól, famoxadón, fenamídón, flúmíoxasín, foramsúlfúrón, Gliocladium catenulatum stofn: J1446, ímasamox, ímasósúlfúrón, ísoxaflútól, lamínarín, metalaxýl-m, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, pendímetalín, fenmedífam, pýmetrósín, S-metólaklór og trífloxýstróbín (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Ampelomyces quisqualis af stofni AQ10	Á ekki við	Lágmarksmagn lífvænlegra gróa: $3,0 \times 10^{12}$ CFU/kg	1. ágúst 2018	1. ágúst 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færslan um *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10 brott.

2) Í D-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„14	*Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10	Á ekki við	Lágmarksmagn lífvænlegra gróa: $3{,}0 \times 10^{12}$ CFU/kg	1. ágúst 2018	1. ágúst 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um *Ampelomyces quisqualis* af stofni AQ10, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að litið er á örverur sem hugsanlega næma í sjálfu sér, og tryggja að viðeigandi persónuhlífar séu hluti af notkunarskilyrðunum. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1278 **2019/EES/31/38**

frá 21. september 2018

um samþykki fyrir áhættulitla virka efninu *Pasteuria nishizawae* Pn1, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Syngenta Crop Protection AG umsókn fyrir Danmörku 27. febrúar 2015 um samþykki fyrir virka efninu *Pasteuria nishizawae* Pn1.

2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Danmörk, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 3. júlí 2015.

3) Hinn 19. desember 2016 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Hinn 23. maí 2017 fór hún fram á, í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar, að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 17. október 2017.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([2]), að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið *Pasteuria nishizawae* Pn1 uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 11. janúar 2018. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

6) Hinn 11. mars 2018 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um *Pasteuria nishizawae* Pn1 og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir *Pasteuria nishizawae* Pn1.

7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að samþykkja *Pasteuria nishizawae* Pn1.

9) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að *Pasteuria nishizawae* Pn1 sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. *Pasteuria nishizawae* Pn1 er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. *Pasteuria nishizawae* Pn1 er stofn örveru af villigerð sem kemur náttúrulega fyrir í umhverfinu. Hún er nauðbundinn sníkill hnúðorma. Dvalargró *Pasteuria nishizawae* Pn1 vakna eingöngu þegar þau komast í snertingu við hnúðorma. Hægt er að útiloka smitvirkni gagnvart öðrum lífverum, þ.m.t. mönnum og sjúklingum með skerta ónæmissvörun. Þar sem örveran getur ekki þróast fyrir utan hýsilinn sem hún er háð er því hægt að útiloka þol hennar gegn sýkingalyfjum sem notuð eru í manna- eða dýralyf: viðmiðunin, sem sett er fram í lið 5.2.1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, telst uppfyllt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 24.9.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Pasteuria nishizawae* Pn1.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018, 16(1), 5159, 19 bls., doi:10.2903/j.efsa.2018.5159.

10) Því er rétt að samþykkja *Pasteuria nishizawae* Pn1 og gildir það í 15 ár.

11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin almenn skilyrði þar eð *Pasteuria nishizawae* Pn1 er örvera.

12) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([1]) til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið *Pasteuria nishizawae* Pn1, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Pasteuria nishizawae Pn1 Stofnasafn: ATCC Safe Deposit (SD-5833) CIPAC-nr. Ekki úthlutað	Á ekki við	lágmarksstyrkleiki 1×10^{11} dvalargró/g	14. október 2018	14. október 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Pasteuria nishizawae* Pn1, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Pasteuria nishizawae* Pn1 kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„13	*Pasteuria nishizawae* Pn1 Stofnasafn: ATCC Safe Deposit (SD-5833) CIPAC-nr. Ekki úthlutað	Á ekki við	lágmarksstyrkleiki 1×10^{11} dvalargró/g	14. október 2018	14. október 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um *Pasteuria nishizawae* Pn1, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að vernd notenda og starfsmanna, með hliðsjón af því að líta ber svo á að *Pasteuria nishizawae* Pn1 kunni að vera næmandi. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Meðan á framleiðsluferlinu stendur skal framleiðandinn tryggja algjöra stjórn á umhverfisaðstæðum og greiningu á gæðaeftirliti.“

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/543 **2019/EES/31/39**

frá 23. janúar 2018

um leiðréttingu á spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ([1]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í spænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 ([2]) eru tvær villur í röð B og C í dálki M í töflu 1 í II. viðauka að því er varðar mun á formúlunni um viðmiðunarmörk fyrir vatnshitara af stærð M.

2) Því ætti að leiðrétta spænsku tungumálaútgáfuna af framseldri reglugerð (ESB) 812/2013 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

_____

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 6.4.2018, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 83).

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/1535 **2019/EES/31/40**

frá 9. september 2015

um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (kerfisbinding) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114., 337. og 43. gr. hans,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ætti því að kerfisbinda þá tilskipun.

2) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggð. Ein af grundvallarreglum Sambandsins er því bann við magntakmörkunum á vöruflutninga og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif.

3) Til að stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðarins ætti að tryggja eins mikið gagnsæi og mögulegt er að því er varðar landsbundin framtaksverkefni í tengslum við setningu tæknilegra reglna.

4) Einungis má heimila viðskiptahindranir, sem stafa af tæknilegum reglum, í tengslum við vörur ef þær eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfur og þjóna hagsmunum almennings sem þær skapa megintryggingu fyrir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Álit frá 14. júlí 2010 (Stjtíð. ESB C 44, 11.2.2011, bls. 142) og álit frá 26. febrúar 2014 (Stjtíð. ESB C 214, 8.7.2014, bls. 55).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 2015.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37). Upprunalegur titill var „Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða“. Honum var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB frá 20. júlí 1998 um breytingu á tilskipun 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

([4]) Sjá A-hluta III. viðauka.

5) Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum áður en hún samþykkir tæknileg ákvæði. Af þessum sökum verða aðildarríkin sem, skv. 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, ber að greiða fyrir því að framkvæmdastjórnin geti leyst verkefni sín af hendi, að tilkynna framkvæmdastjórninni um verkefni sín á sviði tæknilegra reglna.

6) Einnig verður að tilkynna öllum aðildarríkjunum um tæknilegar reglur sem eitthvert hinna aðildarríkjanna fyrirhugar að setja.

7) Markmiðið með innri markaðnum er að skapa umhverfi sem hvetur til samkeppni meðal fyrirtækja. Aukin upplýsingamiðlun er ein leið til að aðstoða fyrirtæki til að nýta sér betur þá kosti sem felast í þessum markaði. Því er nauðsynlegt að gera rekstraraðilum kleift að leggja mat á áhrifin af tæknilegum reglum, sem önnur aðildarríki leggja fram, með því að birta reglulega titlana á þeim drögum sem tilkynnt er um sem og ákvæði um þagnarskyldu varðandi slík drög.

8) Í þágu réttarvissu þykir rétt að aðildarríki tilkynni opinberlega um að landsbundin tæknileg regla hafi verið samþykkt í samræmi við þau formsatriði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

9) Meðal þeirra ráðstafana sem eru gerðar til að tryggja eðlilega starfsemi eða áframhaldandi þróun markaðarins, að því er varðar tæknilegar reglur um vörur, er aukið gagnsæi fyrirætlana á innlendum vettvangi og rýmkun viðmiðana og skilyrða við mat á hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðra reglna á markaðinn.

10) Því er nauðsynlegt að meta allar kröfur, sem mælt er fyrir um varðandi vöru, og taka mið af því með hvaða hætti venjur í hverju landi þróast varðandi reglur um vörur.

11) Kröfur, aðrar en tækniforskriftir, sem tengjast vistferli vöru eftir að hún hefur verið sett á markað, kunna að hafa áhrif á frjálsa flutninga hennar eða hindra eðlilega starfsemi hins innri markaðar.

12) Nauðsynlegt er að skýra merkingu hugtaksins „tæknilegar reglur sem ber að hlíta í raun“. Ákvæði þar sem opinber stjórnvöld vísa til tækniforskrifta eða annarra krafna eða hvetja til að eftir þeim sé farið og ákvæði um vörur, sem opinber stjórnvöld taka þátt í að framfylgja í þágu almennings, gera þessar kröfur eða forskriftir meira bindandi en þær myndu annars vera sökum eigin uppruna þeirra.

13) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin verða einnig að fá nægan tíma til að leggja til breytingar á fyrirhugaðri ráðstöfun í því skyni að draga úr eða ryðja úr vegi hindrunum á frjálsa vöruflutninga sem af henni kunna að leiða.

14) Hlutaðeigandi aðildarríki verður að taka þessar breytingar til greina þegar það gengur frá lokatexta fyrirhugaðrar ráðstöfunar.

15) Innri markaðurinn felur í sér að framkvæmdastjórnin samþykki bindandi gerðir eða leggi fram tillögu um samþykki þeirra, einkum þegar aðildarríkin geta ekki framfylgt meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu. Sérstakt tímabundið stöðvunartímabil hefur verið samþykkt til að koma í veg fyrir að innleiðing landsráðstafana torveldi Evrópuþinginu og ráðinu eða framkvæmdastjórninni að samþykkja bindandi gerðir á sama sviði.

16) Hlutaðeigandi aðildarríki skal, í samræmi við almennar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, fresta framkvæmd fyrirhugaðrar ráðstöfunar um nægilega langt tímabil til að unnt sé að fjalla sameiginlega um þessar fyrirhuguðu breytingar eða til að undirbúa tillögu að lagagerð eða samþykkja bindandi gerð framkvæmdastjórnarinnar.

17) Með það fyrir augum að auðvelda Evrópuþinginu og ráðinu að samþykkja ráðstafanir ættu aðildarríkin að láta hjá líða að samþykkja tæknilegar reglur hafi ráðið þegar tekið afstöðu, í fyrstu umræðu, til tillögu framkvæmdastjórnarinnar um sama svið.

18) Nauðsynlegt er að setja á stofn fastanefnd aðila sem aðildarríkin tilnefna og sem hefur það hlutverk að starfa með framkvæmdastjórninni í þeirri viðleitni að draga úr neikvæðum áhrifum á frjálsa vöruflutninga.

19) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vara“: hvers kyns iðnaðarframleidd vara og hvers kyns landbúnaðarafurðir, þ.m.t. fiskafurðir,

b) „þjónusta“: öll þjónusta í upplýsingasamfélaginu, þ.e. sú fjarþjónusta sem að jafnaði er veitt rafrænt gegn þóknun og samkvæmt beiðni þeirra einstaklinga sem fá þjónustuna.

Í skilgreiningu þessari merkir:

i. „fjarþjónusta“: þjónustan sem er veitt án þess að aðilarnir séu viðstaddir samtímis,

ii. „rafrænt“: þjónusta sem er upphaflega send og móttekin á áfangastað með rafrænum búnaði til vinnslu (þ.m.t. með stafrænni þjöppun) og geymslu gagna sem eru eingöngu send, flutt og móttekin með rafþræði, þráðlaust, með ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðferðum,

iii. „að beiðni þeirra einstaklinga sem fá þjónustuna“: þjónusta sem er veitt með því að senda gögn að beiðni viðkomandi einstaklings;

leiðbeinandi skrá yfir þjónustu, sem fellur ekki undir þessa skilgreiningu, er sett fram í I. viðauka,

c) „tækniforskrift“: forskrift í skjali þar sem mælt er fyrir um þá eiginleika sem vara verður að hafa, t.d. gæði, notagildi, öryggi eða umfang, þ.m.t. kröfur sem lúta að viðskiptaheiti, hugtökum, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, merkingum eða áletrunum og samræmismatsaðferðum;

hugtakið „tækniforskrift“ nær einnig til framleiðsluaðferða og -ferla fyrir landbúnaðarafurðir, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 38. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, fyrir afurðir sem eru ætlaðar til manneldis og í fóður, sem og fyrir lyf, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([1]), sem og til framleiðsluaðferða og -ferla varðandi aðrar vörur, ef þau hafa áhrif á eiginleika þeirra,

d) „aðrar kröfur“: önnur krafa en tækniforskrift, sem vara skal uppfylla í þeim tilgangi að vernda, einkum og sér í lagi, neytendur eða umhverfið og sem hefur áhrif á vistferil hennar eftir að hún hefur verið sett á markað, s.s. notkunarskilyrði, endurvinnsla, endurnotkun eða förgun, ef slíkar aðstæður geta haft marktæk áhrif á samsetningu eða eðli vörunnar eða markaðssetningu hennar,

e) „reglur um þjónustu“: almenn krafa sem tengist því að hefja og stunda þjónustu í skilningi b-liðar, einkum ákvæði er varða þjónustuveitanda, þjónustuna og viðtakanda hennar, að undanskildum þeim reglum sem miðast ekki sérstaklega við þá þjónustu sem skilgreind er í þeim lið.

Í skilgreiningu þessari:

i. telst regla miðast sérstaklega við þjónustu í upplýsingasamfélaginu ef forsendur hennar og orðalag sýna að sérstakt markmið og tilgangur með einstökum ákvæðum hennar sé, að öllu eða einhverju leyti, að stýra þess háttar þjónustu með beinum og markvissum hætti,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

ii. telst regla ekki miðast sérstaklega við þjónustu í upplýsingasamfélaginu ef hún hefur aðeins áhrif á slíka þjónustu óbeint eða í einstaka tilvikum,

f) „tæknileg regla“: tækniforskriftir og aðrar kröfur eða reglur um þjónustu, þ.m.t. viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er, samkvæmt lögum eða í raun, að fylgja við markaðssetningu, þjónustuveitingu, stofnun þjónustustarfsemi eða notkun í aðildarríki eða stórum hluta þess, ásamt lögum eða stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna, nema þau ákvæði sem kveðið er á um í 7. gr. sem banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun vöru eða bannar veitingu eða notkun þjónustu eða að þjónustuveitandi staðfesti sig.

Tæknilegar reglur, sem ber að hlíta í raun, eru m.a. eftirfarandi:

i. lög eða stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkis sem annaðhvort vísa til tækniforskrifta, annarra krafna eða reglna er varða þjónustu eða til siðareglna starfsgreinar eða starfsvenja sem aftur vísa til tækniforskrifta eða annarra krafna eða til reglna um þjónustu, en ef þessum forskriftum, kröfum eða reglum er hlítt má ganga út frá samræmi við skyldur samkvæmt fyrrnefndum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,

ii. frjálsir samningar sem opinber stjórnvöld eru aðili að og kveða á um, í þágu almennra hagsmuna, að tækniforskriftum eða öðrum kröfum eða reglum um þjónustu sé hlítt, að undanskildum útboðslýsingum í tengslum við opinber innkaup,

iii. tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustu sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða fjármálum sem hafa áhrif á neyslu vara eða þjónustu með því að hvetja til þess að þessum tækniforskriftum eða öðrum kröfum eða reglum um þjónustu sé hlítt; tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustu, sem tengjast landsbundnum almannatryggingakerfum, eru undanskildar.

Hér er um að ræða tæknilegar reglur sem yfirvöld, sem aðildarríkin tilnefna, setja og sem birtast í skrá, sem framkvæmda-stjórnin tekur saman og uppfærir, þegar við á, innan þeirra marka sem nefndin, sem um getur í 2. gr., setur;

beita skal sömu málsmeðferð við að breyta skránni,

g) „drög að tæknilegri reglu“: texti tækniforskriftar eða annarrar kröfu eða reglu um þjónustu, þ.m.t. stjórnsýsluákvæði, sem samin hafa verið í þeim tilgangi að fá textann samþykktan eða lagðan fram til samþykkis sem tæknilega reglu, enda sé hann á því samningsstigi að enn megi gera verulegar breytingar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um:

a) útvarpsútsendingar,

b) sjónvarpsútsendingar sem falla undir e-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ([1]).

3. Tilskipun þessi gildir ekki um reglur, sem tengjast málum sem falla undir löggjöf Sambandsins á sviði fjarskiptaþjónustu, eins og fjallað er um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([2]).

4. Tilskipun þessi gildir ekki um reglur, sem tengjast málum sem falla undir löggjöf Sambandsins á sviði fjármálaþjónustu, sbr. skrána í II. viðauka við þessa tilskipun sem þó er ekki tæmandi.

5. Að undanskilinni 3 mgr. 5. gr. gildir tilskipun þessi ekki um reglur, sem skipulegir verðbréfamarkaðir hafa tekið upp eða reglur sem gilda um þá, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([3]), eða reglur vegna eða fyrir aðra markaði eða aðila sem sjá um greiðslujöfnun eða uppgjör fyrir þessa markaði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

6. Tilskipun þessi gildir ekki um þær ráðstafanir sem aðildarríki telja nauðsynlegar samkvæmt sáttmálunum til að vernda einstaklinga, einkum launafólk, þegar vörur eru notaðar, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir hafi ekki áhrif á vörurnar.

2. gr.

Setja skal á fót fastanefnd, skipaða fulltrúum sem aðildarríkin tilnefna, sem getur leitað til sérfræðinga eða ráðgjafa um aðstoð og skal formaður nefndarinnar vera fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar.

Nefndin setur sér starfsreglur.

3. gr.

1. Nefndin skal koma saman a.m.k. tvisvar á ári.

Sérstök nefnd skal koma saman til að skoða mál sem tengjast þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir nefndina skýrslu um framkvæmd og beitingu þeirra verklagsreglna sem settar eru fram í þessari tilskipun og skal leggja fram tillögur sem miða að því að ryðja úr vegi gildandi eða fyrirsjáanlegum viðskiptahindrunum.

3. Nefndin skal skila áliti um orðsendingarnar og tillögurnar, sem um getur í 2. mgr., og getur hún einkum í því sambandi lagt til að framkvæmdastjórnin:

a) sjái til þess, ef þörf krefur og til að forðast hættu á viðskiptahindrunum, að hlutaðeigandi aðildarríki hafi í upphafi samráð sín á milli um viðeigandi ráðstafanir,

b) geri allar viðeigandi ráðstafanir,

c) tilgreini þau svið þar sem samhæfingar virðist vera þörf og, ef til þess kæmi, komi á viðeigandi samhæfingu á tilteknu sviði.

4. Framkvæmdastjórninni er skylt að hafa samráð við nefndina:

a) þegar hún ákveður hvernig haga skuli í raun upplýsingaskiptunum sem kveðið er á um eða lagt er til í þessari tilskipun að verði breytt,

b) þegar hún endurskoðar framkvæmd tilhögunarinnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

5. Framkvæmdastjórnin getur leitað álits nefndarinnar á öllum frumdrögum að tæknilegri reglu sem hún fær í hendur.

6. Leggja má fyrirspurnir fyrir nefndina um framkvæmd þessarar tilskipunar að beiðni formanns hennar eða aðildarríkis.

7. Umræður á fundum nefndarinnar og upplýsingarnar, sem eru lagðar fyrir hana, eru trúnaðarmál.

Nefndinni og yfirvöldum í aðildarríkjum er þó heimilt að leita álits sérfróðra manna eða lögaðila, m.a. þeirra sem ekki starfa á vegum hins opinbera, að því tilskildu að nauðsynlegra varúðarráðstafana sé gætt.

8. Að því er varðar reglur um þjónustu geta framkvæmdastjórnin og nefndin haft samráð við einstaklinga eða lögaðila í atvinnulífinu eða háskólum, og fulltrúa, ef mögulegt er, sem geta látið í té sérfræðiálit á félagslegum og samfélagslegum markmiðum og afleiðingum hvers konar draga að reglum um þjónustu, og tekið ráðleggingar þeirra til greina þegar farið er fram á það.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, í samræmi við 1. mgr. 5. gr., um allar beiðnir til staðlastofnana um að semja tækniforskriftir eða staðal um tilteknar vörur í þeim tilgangi að setja tæknilega reglu um slíkar vörur í formi draga að tæknilegum reglum, og tilgreina ástæður fyrir setningu þeirra.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 7. gr., tafarlaust koma á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að tæknilegum reglum, að undanskildum þeim þar sem gildandi alþjóðlegur eða evrópskur staðall er tekinn upp í heild sinni en þá nægir að veita henni upplýsingar um viðkomandi staðal og einnig skulu þau láta framkvæmdastjórninni í té yfirlýsingu um ástæðurnar fyrir því að nauðsynlegt sé að innleiða umrædda tæknilega reglu, komi það ekki skýrt fram í sjálfum drögunum.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, koma texta laga- eða regluákvæða, sem í aðalatriðum og beinlínis liggja til grundvallar, samtímis á framfæri við framkvæmdastjórnina ef nauðsynlegt er að þekkja til þessa texta þegar meta skal áhrif sem drög að tæknilegum reglum hafa, nema hann hafi áður verið sendur með orðsendingu.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni aftur drögin að tæknilegu reglunni samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar, geri þau breytingar á þeim sem hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á gildissviði þeirra, stytta upphaflega tímaáætlun til framkvæmda, bæta við nýjum forskriftum eða kröfum eða herða þær sem fyrir eru.

Ef drögunum að tæknilegri reglu er einkum ætlað að takmarka markaðssetningu eða notkun hreins efnis, efnablöndu eða vöru, vegna lýðheilsu eða í þeim tilgangi að vernda neytendur eða umhverfi, skulu aðildarríkin annaðhvort senda yfirlit yfir eða tilvísun til allra gagna sem máli skipta um viðkomandi efni, efnablöndu eða vöru og þekkt og fáanleg staðgönguefni, liggi þessar upplýsingar á lausu, og koma upplýsingum á framfæri um fyrirsjáanleg áhrif þessarar ráðstöfunar á lýðheilsu og verndun neytenda og umhverfis ásamt áhættumati sem fram fer, eftir því sem við á, í samræmi við þær meginreglur sem kveðið er á um í viðeigandi hluta 3. liðar í II. lið XV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([1]).

Framkvæmdastjórnin skal, þegar í stað, tilkynna hinum aðildarríkjunum um drögin að tæknilegu reglunni og öll skjöl sem hún fær í hendur og er henni einnig heimilt að leita álits nefndarinnar, sem um getur í 2. gr. þessarar tilskipunar, á drögunum og, ef við á, þeirrar nefndar sem er ábyrg fyrir viðkomandi sviði.

Í athugasemdum eða ítarlegu áliti framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna varðandi tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustuna, sem um getur í iii. lið annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, má aðeins fjalla um þá þætti sem kunna að hindra viðskipti eða, að því er varðar reglur um þjónustu, frjálsa þjónustustarfsemi eða staðfesturétt þjónustuveitenda en ekki um þá þætti ráðstöfunarinnar sem lúta að skatta- eða fjármálum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta sent athugasemdir sínar til þess aðildarríkis sem hefur sent frá sér drög að tæknilegri reglu og skal aðildarríkið taka athugasemdirnar til greina, að því marki sem unnt er, við síðari vinnu við tæknilegu regluna.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, án tafar, endanlegan texta tæknilegu reglunnar.

4. Ekki skal fara með upplýsingarnar, sem veittar eru samkvæmt þessari grein, sem trúnaðarmál nema tilkynningar-aðildarríkið fari þess eindregið á leit. Allar slíkar beiðnir skal rökstyðja.

Í slíkum tilvikum er nefndinni, sem um getur í 2. gr., og landsyfirvöldum heimilt, ef nauðsynlegar varúðarráðstafanir eru gerðar, að leita sérfræðiráðgjafar hjá einstaklingum eða lögaðilum í einkageiranum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

5. Þegar drög að tæknilegu reglunum eru hluti ráðstafana, sem komið skal á framfæri við framkvæmdastjórnina á undirbúningsstigi, samkvæmt annarri gerð Sambandsins, er aðildarríkjunum heimilt að senda orðsendingu í skilningi 1. mgr. samkvæmt hinni gerðinni, að því tilskildu að þau tilgreini formlega að fyrrnefnd orðsending feli einnig í sér orðsendingu að því er varðar þessa tilskipun.

Jafnvel þótt engin viðbrögð komi frá framkvæmdastjórninni við drögum að tæknilegri reglu, samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, skal það ekki hafa áhrif á ákvarðanir sem kunna að verða teknar á grundvelli annarra gerða Sambandsins.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að tæknilegri reglu í þrjá mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

2. Aðildarríkin skulu fresta:

— að samþykkja, í fjóra mánuði, drög að tæknilegri reglu í formi frjáls samnings í skilningi ii. liðar annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.,

— að samþykkja önnur drög að tæknilegri reglu í sex mánuði, að undanskildum drögum að reglum um þjónustu, sbr. þó ákvæði 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar;

frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., ef framkvæmdastjórnin eða annað aðildarríki leggur fram ítarlegt álit, innan þriggja mánaða frá þeim degi, þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa vöruflutninga innan innri markaðarins,

— að samþykkja drög að reglum um þjónustu í fjóra mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., með fyrirvara um 4. og 5. mgr., ef framkvæmdastjórnin eða annað aðildarríki leggur fram ítarlegt álit, innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingar, þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa þjónustustarfsemi eða staðfesturétt þjónustuveitenda á innri markaðinum.

Að því er varðar drög að reglum um þjónustu, kann að vera að ítarlegar álitsgerðir framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna hafi ekki áhrif á ráðstafanir varðandi stefnu í menningarmálum, einkum á sviði hljóð- og myndmiðlunar, sem aðildarríkin kunna að samþykkja í samræmi við lög Sambandsins, að teknu tilliti til fjölbreytni tungumála aðildarríkjanna, sérstakra þjóðar- og svæðiseinkenna þeirra og menningararfleifðar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni til hvaða aðgerða það hyggst grípa til að bregðast við þessum ítarlegu álitsgerðum. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram athugasemdir um þessi viðbrögð.

Að því er varðar reglur um þjónustu skal hlutaðeigandi aðildarríki tilgreina, þegar við á, ástæður þess að ekki sé unnt að taka tillit til hinna ítarlegu álitsgerða.

3. Að undanskildum drögum að reglum sem varða þjónustu skulu aðildarríkin fresta að samþykkja drög að tæknilegri reglu í tólf mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar, ef framkvæmdastjórnin tilkynnir, innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingar, um þá ætlun sína að gera tillögu um, eða samþykkja, tilskipun, reglugerð eða ákvörðun um málið í samræmi við ákvæði 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Aðildarríkin skulu fresta að samþykkja drög að tæknilegri reglu í tólf mánuði frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni berst orðsendingin, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar tilskipunar, ef framkvæmdastjórnin tilkynnir, innan þriggja mánaða frá móttöku orðsendingar, um þá niðurstöðu sína að í drögum að tæknilegu reglunni sé fjallað um sama málefnið og í fyrirliggjandi tillögu að tilskipun, reglugerð eða ákvörðun, sem hefur verið lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við ákvæði 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Móti ráðið afstöðu í fyrstu umræðu á stöðvunartímabilinu, sem um getur í 3. og 4. mgr., skal lengja þetta tímabil í 18 mánuði, sbr. þó 6. mgr.

6. Skuldbindingar, sem um getur í 3., 4. og 5. mgr., falli niður:

a) tilkynni framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum að hún hyggist ekki lengur gera tillögu um eða samþykkja bindandi gerð,

b) tilkynni framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum um að hún dragi drög sín eða tillögu til baka,

c) hafi Evrópuþingið og ráðið eða framkvæmdastjórnin samþykkt bindandi gerð.

7. Ákvæði 1.–5. mgr. gilda ekki ef aðildarríki:

a) af brýnum ástæðum, sem rekja má til alvarlegra og ófyrirséðra atvika, sem tengjast lýðheilsu eða öryggi almennings, vernd dýra eða plantna og, að því er varðar reglur um þjónustu, einnig allsherjarreglu, einkum vernd ólögráða barna, neyðist til að undirbúa tæknilega reglu á mjög skömmum tíma í þeim tilgangi að samþykkja og hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd, án tafar, án þess að samráð komi til eða

b) af brýnum ástæðum, sem rekja má til alvarlegra atvika sem tengjast verndun öryggis og heilleika fjármálakerfisins, einkum sparifjáreigenda, fjárfesta og tryggðra aðila, neyðist til að samþykkja og beita reglum um fjármálaþjónustu án tafar.

Aðildarríkið skal, í orðsendingunni sem um getur í 5. gr., tilgreina hinar brýnu ástæður fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið er til. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram álit sitt á orðsendingunni eins fljótt og því verður við komið. Hún skal grípa til viðeigandi aðgerða þegar þessari málsmeðferð er beitt með óviðeigandi hætti. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið um málið.

7. gr.

1. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna eða frjálsa samninga sem þau beita:

a) til að fara að bindandi gerðum Sambandsins þar sem stefnt er að því að samþykkja tækniforskriftir eða reglur um þjónustu,

b) til að uppfylla skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja sameiginlegar tækniforskriftir eða reglur um þjónustu í Sambandinu,

c) til að færa sér í nyt verndarákvæði sem kveðið er á um í bindandi gerðum Sambandsins,

d) til að beita ákvæðum 1. mgr. 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ([1]),

e) eingöngu í þeim tilgangi að fullnægja dómi Evrópudómstólsins,

f) eingöngu í þeim tilgangi að breyta tæknilegri reglu í skilningi f-liðar 1. mgr. 1. gr., í samræmi við óskir framkvæmdastjórnarinnar, með það fyrir augum að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum eða, að því er varðar reglur um þjónustu, hindrunum fyrir frjálsri þjónustustarfsemi eða staðfesturétti þjónustuveitenda.

2. Ákvæði 6. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem banna framleiðslu svo fremi að þau hefti ekki frjálsa vöruflutninga.

3. Ákvæði 3.–6. mgr. 6. gr. gilda ekki um frjálsu samningana sem um getur í ii. lið annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.

4. Ákvæði 6. gr. gilda ekki um tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða reglur um þjónustu sem um getur í iii. lið annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.

8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu á tveggja ára fresti um þann árangur sem hlýst af því að beita ákvæðum þessarar tilskipunar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

Framkvæmdastjórnin skal birta árlega tölulegar upplýsingar um tilkynningar sem berast í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Þegar aðildarríkin samþykkja tæknilega reglu skal vera í henni tilvísun í þessa tilskipun eða henni fylgja slík tilvísun þegar hún verður birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

10. gr.

Tilskipun 98/34/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka við þessa tilskipun, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að leiða í landslög tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka við niðurfelldu tilskipunina og í B-hluta III. viðauka við þessa tilskipun.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

11. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 9. september 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	N. SCHMIT
forseti	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Leiðbeinandi skrá yfir þjónustu sem fellur ekki undir aðra undirgrein b-liðar 1. mgr. 1. gr.

1. *Þjónusta sem ekki er „fjarþjónusta“*

Þjónusta sem er veitt að þjónustuveitanda og viðtakanda viðstöddum, jafnvel þótt notaður sé rafrænn búnaður:

a) læknisskoðun eða meðferð á læknastofu með rafrænum búnaði þar sem sjúklingurinn er viðstaddur,

b) leit í rafrænum verðlista í verslun þar sem viðskiptavinurinn er staddur,

c) bókanir á flugmiðum hjá ferðaskrifstofu um tölvunet að viðskiptavininum viðstöddum,

d) rafrænir leikir í tölvuleikjasal þar sem viðskiptavinurinn er viðstaddur.

2. *Þjónusta sem ekki er veitt „rafrænt“*

— Áþreifanleg þjónusta enda þótt hún sé veitt um rafrænan búnað:

  a) hraðbankar eða sjálfvirkar miðasöluvélar (peningaseðlar, lestarmiðar),

  b) aðgangur að vegakerfum, bílastæðum o.s.frv., þar sem krafist er gjalds fyrir notkun, jafnvel þótt rafrænn búnaður sé við innkeyrslu-/útkeyrsluleið sem stýrir aðganginum og/eða tryggir rétta greiðslu.

— Þjónusta utan nets: dreifing geisladiska eða hugbúnaðar á disklingum.

— Þjónusta sem ekki er veitt með rafrænu vinnslu-/geymslukerfi:

  a) talsímaþjónusta,

  b) bréfasíma- eða fjarritaþjónusta,

  c) þjónusta veitt um talsíma eða bréfasíma,

  d) viðtal við lækni um síma eða bréfasíma,

  e) viðtal við lögfræðing um síma eða bréfasíma,

  f) bein markaðssetning um síma eða bréfasíma.

3. *Þjónusta sem ekki er veitt „að beiðni þeirra einstaklinga sem fá þjónustuna“*

Þjónusta sem er veitt með því að senda gögn án þess að krafist sé að þau séu móttekin samtímis af ótakmörkuðum fjölda einstakra viðtakenda (útsending frá einum stað til margra):

a) sjónvarpsútsendingar (þ.m.t. nærlæg þjónusta myndefnisveitu) sem um getur í e-lið 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 2010/13/ESB,

b) útvarpsútsendingar,

c) textavarp (í sjónvarpi).

———

II. VIÐAUKI

Leiðbeinandi skrá yfir fjármálaþjónustu sem fellur 4. mgr. 1. gr.

— Fjárfestingarþjónusta.

— Vátryggingar og endurtryggingar.

— Bankaþjónusta.

— Rekstur sem tengist lífeyrissjóðum.

— Þjónusta sem tengist framtíðar- og valréttarsamningum.

Þess háttar þjónusta felur einkum í sér:

a) fjárfestingarþjónustuna, sem um getur í viðaukanum við tilskipun 2004/39/EB, þjónustu sjóða um sameiginlega fjárfestingu,

b) þjónustustarfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu og sem um getur í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]),

c) rekstur sem fellur undir vátrygginga- og endurtryggingastarfsemina sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/ESB ([2]).

———

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB
(Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB
(Stjtíð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18)

Ákvæði 1. hluta í bálki H í II. viðauka við aðildarlögin frá 2004 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 68)	Eingöngu að því er varðar tilvísunina í 2. lið í tilskipun 98/34/EB
Tilskipun ráðsins 2006/96/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81)	Eingöngu að því er varðar tilvísunina í 1. gr. í tilskipun 98/34/EB
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12)	Einungis 2. mgr. 26. gr.

B-HLUTI

Frestir til að leiða í landslög

(sem um getur í 10. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
98/34/EB	—
98/48/EB	5. ágúst 1999
2006/96/EB	1. janúar 2007

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 98/34/EB	Þessi tilskipun
Inngangsorð fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 1. gr.
1. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	a-liður 1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fyrsta undirgrein b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	i. liður annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	iii. liður annarrar undirgreinar b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Þriðja undirgrein b-liðar 1. mgr. 1. gr.
Inngangsorð fjórðu undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður fjórðu undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
Annar undirliður fjórðu undirgreinar 2. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
3. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	c-liður 1. mgr. 1. gr.
4. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	d-liður 1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fyrsta undirgrein e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Önnur undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
Fjórða undirgrein 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
Inngangsmálsliður fimmtu undirgreinar 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsmálsliður annarrar undirgreinar e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður fimmtu undirgreinar 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	i. liður annarrar undirgreinar e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Annar undirliður fimmtu undirgreinar 5. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar e-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fyrsta undirgrein f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Inngangsmálsliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Inngangsmálsliður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	i. liður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.

Tilskipun 98/34/EB	Þessi tilskipun
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	iii. liður annarrar undirgreinar f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Þriðja undirgrein 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Þriðja undirgrein f-liðar 1. mgr. 1. gr.
Fjórða undirgrein 11. liðar fyrstu málsgreinar 1. gr.	Fjórða undirgrein f-liðar 1. mgr. 1. gr.
12. liður fyrstu málsgreinar 1. gr.	g-liður 1. mgr. 1. gr.
Önnur málsgrein 1. gr.	6. mgr. 1. gr.
5. gr.	2. gr.
1. og 2. mgr. 6. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
Inngangsorð 3. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 3. mgr. 3. gr.
Annar undirliður 3. mgr. 6. gr.	a-liður 3. mgr. 3. gr.
Þriðji undirliður 3. mgr. 6. gr.	b-liður 3. mgr. 3. gr.
Fjórði undirliður 3. mgr. 6. gr.	c-liður 3. mgr. 3. gr.
Inngangsorð 4. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 3. gr.
c-liður 4. mgr. 6. gr.	a-liður 4. mgr. 3. gr.
d-liður 4. mgr. 6. gr.	b-liður 4. mgr. 3. gr.
5.–8. mgr. 6. gr.	5.–8. mgr. 3. gr.
7. gr.	4. gr.
8. gr.	5. gr.
1.–5. mgr. 9. gr.	1.–5. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 6. mgr. 9. gr.	Inngangsorð 6. mgr. 6. gr.
Fyrsti undirliður 6. mgr. 9. gr.	a-liður 6. mgr. 6. gr.
Annar undirliður 6. mgr. 9. gr.	b-liður 6. mgr. 6. gr.
Þriðji undirliður 6. mgr. 9. gr.	c-liður 6. mgr. 6. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 7. mgr. 9. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 7. mgr. 6. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 9. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 6. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 9. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 7. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein 7. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 10. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 7. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 10. gr.	a-liður 1. mgr. 7. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 10. gr.	b-liður 1. mgr. 7. gr.
Þriðji undirliður 1. mgr. 10. gr.	c-liður 1. mgr. 7. gr.

Tilskipun 98/34/EB	Þessi tilskipun
Fjórði undirliður 1. mgr. 10. gr.	d-liður 1. mgr. 7. gr.
Fimmti undirliður 1. mgr. 10. gr.	e-liður 1. mgr. 7. gr.
Sjötti undirliður 1. mgr. 10. gr.	f-liður 1. mgr. 7. gr.
2., 3. og 4. mgr. 10. gr.	2., 3. og 4. mgr. 7. gr.
Fyrsti málsliður 11. gr.	Fyrsta málsgrein 8. gr.
Annar málsliður 11. gr.	Önnur málsgrein 8. gr.
12. gr.	9. gr.
13. gr.	—
—	10. gr.
14. gr.	11. gr.
15. gr.	12. gr.
III. viðauki	—
IV. viðauki	—
V. viðauki	I. viðauki
VI. viðauki	II. viðauki
—	III. viðauki
—	IV. viðauki

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2356 **2019/EES/31/41**

frá 15. desember 2017

um viðurkenningu á skýrslu Ástralíu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([1]), einkum 4. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 22. ágúst 2016 lagði Ástralía fram skýrslu með niðurstöðum um útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjuolíufræs í Ástralíu. Þau tölfræðilegu svæði í Ástralíu sem komast næst lýsingunni á svæði á 2. stigi NUTS eru ríki. Áætlanir um losun gróðurhúsalofttegunda voru því gerðar á grundvelli áströlsku ríkjanna.

2) Eftir yfirferð skýrslunnar sem Ástralía lagði fram telur framkvæmdastjórnin að hún uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í tilskipun 2009/28/EB um að heimila þriðja landi að nota dæmigerð gildi fyrir minni landfræðileg svæði (áströlsk ríki) en þau sem eru notuð við útreikningana á staðalgildunum: gögnin í skýrslunni vísa til losunar frá ræktun landbúnaðar-hráefna (repjuolíufræs); búast má við að dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjuolíufræs geti verið minni eða jafnmikil og losunin sem gert var ráð fyrir við útreikningana á viðkomandi staðalgildum; og þessi dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdastjórnin telur að skýrslan sem Ástralía lagði fram til viðurkenningar 22. ágúst 2016 innihaldi nákvæm gögn til mælinga á losun gróðurhúsalofttegunda, sem tengjast ræktun repjuolíufræs sem er framleitt í áströlsku ríkjunum, sem jafngilda 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS 2) að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB. Samantekt gagnanna í skýrslunni er sett fram í viðaukanum.

2. gr.

Þessi ákvörðun gildir í 5 ár. Ef gerðar eru breytingar á efni skýrslunnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 22. ágúst 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á skilyrðin fyrir viðurkenningunni sem tekin eru fram í 1. gr. skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort gögnin sem koma fram í skýrslunni eru enn nákvæm.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur fellt þessa ákvörðun úr gildi ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að skýrslan innihaldi ekki lengur nákvæm gögn að því er snertir mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda sem tengjast ræktun repjuolíufræs sem er framleitt í Ástralíu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum ræktunar á repjuolíu í ríkjum Ástralíu (tonn af koltvísýringsjafngildi/tonni af repjuolíufræi miðað við þurrt efni)

Ríki	N_2O jarðvegur		Upp-skeruleifar	Framleiðsla		Eldsneytis-notkun	Kalk	Fræ	Samtals
	Bein	Óbein		Áburður	Plágueyðir				
Nýja Suður-Wales (þurrkasvæði)	*0,046*	*0,005*	*0,115*	*0,195*	*0,023*	*0,079*	*0,035*	*0,001*	*0,500*
Nýja Suður-Wales (áveitusvæði)	*0,276*	*0,123*	*0,115*	*0,275*	*0,006*	*0,096*	*0,053*	*0,001*	*0,944*
Nýja Suður-Wales	0,051	0,008	0,115	0,197	0,023	0,079	0,036	0,001	0,509
Viktoría (þurrkasvæði)	*0,026*	*0,005*	*0,113*	*0,192*	*0,020*	*0,078*	*0,035*	*0,001*	*0,470*
Viktoría (áveitusvæði)	*0,271*	*0,121*	*0,113*	*0,268*	*0,005*	*0,091*	*0,052*	*0,001*	*0,922*
Viktoría	0,030	0,007	0,113	0,193	0,019	0,078	0,035	0,001	0,476
Queensland	0,076	0,008	0,118	0,188	0,006	0,351	0,034	0,003	0,784
Suður-Ástralía	0,013	0,002	0,113	0,184	0,013	0,080	0,034	0,001	0,439
Vestur-Ástralía	0,013	0,002	0,112	0,237	0,032	0,079	0,034	0,002	0,511
Tasmanía	0,270	0,121	0,107	0,265	0,012	0,138	0,052	0,002	0,967

Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum ræktunar á repjuolíu í ríkjum Ástralíu (grömm af koltvísýringsjafngildi/(MJ FAME)

Ríki	N_2O jarðvegur		Upp-skeruleifar	Framleiðsla		Eldsneytis-notkun	Kalk	Fræ	Samtals
	Bein	Óbein		Áburður	Plágueyðir				
Nýja Suður-Wales (þurrkasvæði)	*1,766*	*0,192*	*4,414*	*7,485*	*0,883*	*3,032*	*1,343*	*0,038*	*19*
Nýja Suður-Wales (áveitusvæði)	*10,594*	*4,721*	*4,414*	*10,555*	*0,23*	*3,685*	*2,034*	*0,038*	*36*
Nýja Suður-Wales	1,958	0,307	4,414	7,561	0,883	3,032	1,382	0,038	20
Viktoría (þurrkasvæði)	*0, 998*	*0,192*	*4,337*	*7,37*	*0,768*	*2,994*	*1,343*	*0,038*	*18*
Viktoría (áveitusvæði)	*10,402*	*4,644*	*4,337*	*10,287*	*0,192*	*3,493*	*1,996*	*0,038*	*35*
Viktoría	1,151	0,269	4,337	7,408	0,729	2,994	1,343	0,038	18
Queensland	2,917	0,307	4,529	7,216	0,230	13,472	1,305	0,115	30
Suður-Ástralía	0,499	0,077	4,337	7,062	0,499	3,071	1,305	0,038	17
Vestur-Ástralía	0,499	0,077	4,299	9,097	1,228	3,032	1,305	0,077	20
Tasmanía	10,363	4,644	4,107	10,171	0,461	5,297	1,996	0,077	37

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/840 **2019/EES/31/42**

frá 5. júní 2018

um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495

(tilkynnt með númeri C(2018) 3362) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([1]), einkum 5. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB er kveðið á um að koma skuli upp vöktunarskrá yfir efni sem á að safna vöktunargögnum um í öllu Sambandinu í þeim tilgangi að styðja við forgangsröðun í framtíðinni, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([2]). Í fyrstu vöktunarskránni af þeim toga átti að tilgreina þau fylki sem eru vöktuð og hugsanlegar greiningaraðferðir sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað fyrir hvert efni.

2) Í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB eru m.a. tilgreind skilyrði og fyrirkomulag á vöktuninni vegna efnanna sem eru á vöktunarskránni og vegna tilkynninga aðildarríkjanna um vöktunarniðurstöðurnar.

3) Velja á efnin á vöktunarskránni úr þeim efnum sem fyrir liggja upplýsingar um sem benda til að af þeim geti stafað umtalsverð áhætta á vettvangi Sambandsins fyrir vatnsumhverfið, eða í gegnum það, en sem til eru ófullnægjandi vöktunargögn um, til að komast að niðurstöðu um raunverulega áhættu sem þau valda. Taka ætti til athugunar að færa mjög eitruð efni, sem eru notuð í mörgum aðildarríkjum og losuð í vatnsumhverfi en ekki eða sjaldan vöktuð, á vöktunarskrána. Í því valferli ætti að taka tillit til upplýsinga sem eru sundurliðaðar í a- til e-liðum 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB með sérstakri áherslu á nýtilkomin mengunarefni.

4) Vöktun á efnunum á vöktunarskránni ætti að afla hágæðagagna um styrk þeirra í vatnsumhverfi sem fullnægja þeim tilgangi að styðja áhættumatið sem rennir stoðum undir tilgreiningarnar á forgangsefnum í aðskildri endurskoðun skv. 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Í þeirri endurskoðun ætti að taka til athugunar að færa efni, sem teljast valda umtalsverðri áhættu, á skrána yfir forgangsefni. Þá yrðu einnig fastsettar umhverfisgæðakröfur sem aðildarríkin þyrftu að uppfylla. Tillaga um að færa efni á skrána yfir forgangsefni myndi falla undir áhrifamat.

5) Fyrsta vöktunarskráin yfir efni var sett fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 ([3]) og innihélt 10 efni eða hópa efna ásamt því að tilgreindur var sá efniviður sem er vaktaður, hugsanlegar greiningaraðferðir fyrir hvert efni sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað og efstu samþykktarhæfu greiningarmörk.

6) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB á framkvæmdastjórnin að uppfæra vöktunarskrána á tveggja ára fresti. Þegar framkvæmdastjórnin uppfærir skrána á hún að fjarlægja af skránni öll efni sem hægt er að ljúka áhættutengdu mati á, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, án viðbótarvöktunargagna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 7.6.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2018 frá 26. október 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 frá 20. mars 2015 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB (Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 40).

7) Á árinu 2017 greindi framkvæmdastjórnin gögnin frá fyrsta ári vöktunar á efnunum á fyrstu vöktunarskránni. Á grundvelli þeirrar greiningar ályktaði framkvæmdastjórnin að fullnægjandi hágæða vöktunargögn séu tiltæk fyrir efnin tríallat, oxadíasón, 2,6-dítert-bútýl-4-metýlfenól og díklófenak, og að því ætti að fjarlægja þessi efni af vöktunarskránni.

8) Eins og um getur í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495, væri rétt að vakta efnið 2-etýlhexýl 4-metoxýsinnamat í seti. Hins vegar eru flest vöktunargögn, sem safnað er, fyrir vatn og þau takmörkuðu gögn um set sem tilkynnt eru duga ekki til að gera afdráttarlausa greiningu fyrir þann vöktunarefnivið. Til að tryggja að vöktunargögnin, sem safnað er fyrir það efni, endurspegli að fullu þá áhættu sem af því stafar mun framkvæmdastjórnin rannsaka frekar hvort aðildarríkin gætu vaktað það í seti á áreiðanlegan og samanburðarhæfan hátt. Þangað til ætti að fjarlægja þetta efni af vöktunarskránni.

9) Að því er varðar makrólíðsýklalyfið asitrómýsín og tvö af neónikótínóíðunum, þ.e. imídaklópríð og þíametoxam, er enn þörf á meiri hágæða vöktunargögnum til að styðja við markvisst mat, byggt á áhættu, eins og um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Af þeim sökum ætti að halda þessum efnum á vöktunarskránni. Makrólíðsýklalyf og neónikótínóíð voru tekin með sem hópar í fyrstu vöktunarskránni til að gera grein fyrir því að efni með sama verkunarhátt gætu haft samlegðaráhrif. Þessi rök réttlæta það einnig að halda þessum tveim hópum á vöktunarskránni þrátt fyrir það að fullnægjandi hágæða vöktunargögn séu tiltæk fyrir sum einstök efni í þessum hópum (makrólíðsýklalyfin klaritrómýsín og erýtrómýsín og neónikótínóíðin asetamípríð, klóþíanidín og þíaklópríð).

10) Framkvæmdastjórnin aflaði einnig gagna á árinu 2017 um ýmis önnur efni sem hægt væri að færa á vöktunarskrána. Hún hafði hliðsjón af mismunandi tegundum viðeigandi upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB og hafði samráð við sérfræðinga aðildarríkjanna og hópa hagsmunaaðila. Ef vafi leikur á eiturhrifum efna eða ef næmleiki, áreiðanleiki eða samanburðarhæfi tiltækra vöktunaraðferða fyrir þau er ekki viðundandi ætti ekki að færa þau á vöktunarskrána. Skordýraeitrið metaflúmísón og sýklalyfin amoxisillín og síprófloxasín voru metin þannig að þau kæmu til greina. Það að færa amoxisillín og síprófloxasín á skrána er í samræmi við Evrópsku aðgerðaráætlunina „ein heilsa“ gegn sýkingalyfjaþoli ([1]) (e. *European One Health Action Plan against Antimicrobial Resistance*) sem styður notkun vöktunarskrárinnar til að „bæta þekkingu á uppkomu og dreifingu sýkingalyfja í umhverfinu“.

11) Framkvæmdastjórnin tilgreindi mögulegar greiningaraðferðir fyrir tillögðu efnin í samræmi við 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB. Greiningarmörk aðferðarinnar fyrir hvert efni ættu að vera a.m.k. jafnlág þeim sértæka styrk í viðkomandi efniviði sem hefur engin fyrirsjáanleg áhrif.

12) Við endurskoðun á fyrstu vöktunarskránni fékk framkvæmdastjórnin nýjar visteiturefnafræðilegar upplýsingar um makrólíðsýklalyfin klaritrómýsín og asitrómýsín, um metíókarb og um neónikótínóíðin imídaklópríð, þíaklópríð og þíametoxam, sem leiddu til þess að hún endurskoðaði styrkinn þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg fyrir þau efni. Uppfæra ætti efstu samþykktarhæfu greiningarmörkin sem sett eru fram í vöktunarskránni fyrir þessi efni og hópa efna til samræmis við það.

13) Greiningaraðferðirnar sem tilgreindar eru á vöktunarskránni teljast ekki fela í sér óhóflegan kostnað. Ef nýjar upplýsingar leiða síðar til lækkunar á þeim styrk tiltekinna efna sem hefur engin fyrirsjáanleg áhrif gæti þurft að lækka efstu samþykktarhæfu greiningarmörkin svo lengi sem þessi efni eru á skránni.

14) Vegna samanburðarhæfis ætti að vakta öll efni í heilum vatnssýnum.

15) Fella ætti framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495 úr gildi.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

([1]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins, „Evrópska aðgerðaráætlunin „ein heilsa“ gegn sýkingalyfjaþoli“, COM(2017) 339 lokagerð.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöktunarskráin yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu, sem um getur í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB, er sett fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495 er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu eins og sett er fram í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB

Heiti efnis/hóps efna	CAS-númer (1)	EB-númer (2)	Leiðbeinandi greiningaraðferð (3) (4)	Efstu samþykktarhæf greiningarmörk (ng/l)
17-α-etínýlestradíól (EE2)	57-63-6	200-342-2	Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining á miklu rúmmáli (SPE – LC-MS-MS)	0,035
17-β-estradíól (E2), estrón (E1)	50-28-2, 53-16-7	200-023-8	Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining	0,4
Makrólíðsýklalyf (5)			Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining	19
Metíókarb	2032-65-7	217-991-2	Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining eða gas- og massagreining	2
Neónikótínóíðar (6)			Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining	8,3
Metaflúmísón	139968-49-3	604-167-6	Útdráttur vökva úr vökva – vökvaskiljun og massa-greining eða fastfasa-útdráttur – vökvaskiljun og massagreining	65
Amoxisillín	26787-78-0	248-003-8	Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining	78
Síprófloxasín	85721-33-1	617-751-0	Fastfasaútdráttur – vökva-skiljun og massagreining	89

(1) Upplýsingaþjónusta um íðefni
(2) Evrópusambandsnúmer — ekki fyrirliggjandi fyrir öll efni
(3) Öll efni skulu vöktuð í heilum vatnssýnum til að tryggja samanburðarhæfi niðurstaðna frá mismunandi aðildarríkjum.
(4) Útdráttaraðferðir:
LLE — vökva-vökvaútdráttur
SPE — fastfasútdráttur
Greiningaraðferðir:
GC-MS — gas- og massagreining
LC-MS-MS — vökvaskiljun með þrefaldri fjórskauta massagreiningu/raðgreiningu
(5) Erýtrómýsín (CAS-nr. 114-07-8, ESB-nr. 204-040-1), klaritrómýsín (CAS-nr. 81103-11-9), asitrómýsín (CAS-nr. 83905-01-5, ESB-nr. 617-500-5).
(6) Imídaklópríð (CAS-nr. 105827-78-9/138261-41-3, ESB-nr. 428-040-8), þíaklópríð (CAS-nr. 111988-49-9), þíametoxam (CAS-nr. 153719-23-4, ESB-nr. 428-650-4), klóþíanidín (CAS-nr. 210880-92-5, ESB-nr. 433-460-1), asetamípríð (CAS-nr. 135410-20-7/160430-64-8).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/719 **2019/EES/31/43**

frá 14. maí 2018

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2018) 2783) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([1]), einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ([2]), einkum öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. og 5. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([3]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ([4]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.

2) Í kjölfar tillögu frá Danmörku og fullnægjandi skoðunar sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi ætti að samþykkja skoðunarstöðina á landamærunum á flugvellinum í Aalborg í Danmörku fyrir tiltekin dýr í flokki O, einkum fyrir hunda og ketti. Því er rétt að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

3) Í kjölfar tillögu frá Spáni og mats framkvæmdastjórnarinnar ætti að aflétta tímabundnu niðurfellingunni á samþykki fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum á flugvellinum í Vitoria að því er varðar tiltekna flokka afurða úr dýraríkinu. Því ætti að breyta skránni yfir færslur, sem varða það aðildarríki, í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

4) Holland upplýsti framkvæmdastjórnina um að heitum skoðunarstöðvanna á landamærunum og skoðunarmiðstöðvanna á flugvellinum í Maastricht hafi verið breytt. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

5) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfinu).

6) Í kjölfar upplýsinga sem bárust frá Belgíu og Austurríki ætti að gera tilteknar breytingar á heitum í skránni yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu að því er þessi aðildarríki varðar. Því er rétt að breyta II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

7) Því ætti að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 16.5.2018, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

([3]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í þeim hluta sem varðar Danmörku komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Aalborg:

„Aalborg	DK AAL 4	A			O (14)“

b) Í þeim hluta sem varðar Spán komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Vitoria:

„Vitoria	ES VIT 4	A		HC(2), NHC-NT(2) (*), NHC-T(CH)(2) (*)	U (*), E (*), O (*)“

c) Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Maastricht:

„Maastricht Aachen Airport	NL MST 4	A	MAA Live		U, E, O (14)
			MAA Products	HC(2), NHC(2)“	

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna í hlutanum sem varðar Belgíu í komi eftirfarandi:

„***BE20001 REGIO VLAANDEREN***

BE00103 WEST-VLAANDEREN

BE00404 OOST-VLAANDEREN VLAAMS-BRABANT

BE00701 ANTWERPEN

BE01007 VLAAMS-BRABANT LIMBURG

BE20002 REGIO BRUSSEL/RÉGION BRUXELLES

BE01202 BRUSSEL/BRUXELLES

BE20003 RÉGION WALLONNE

BE01505 HAINAUT

BE01809 BRABANT WALLON NAMUR

BE02206 LIÈGE

BE02508 LUXEMBOURG NAMUR“

b) Í stað færslunnar fyrir miðlægu eininguna, í hlutanum sem varðar Austurríki, „AT000000 BUNDESMINISTERIUM FÜR GESUNDHEIT“ komi eftirfarandi „AT000000 BUNDESMINISTERIUM FÜR ARBEIT, SOZIALES, GESUNDHEIT UND KONSUMENTENSCHUTZ“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/723 **2019/EES/31/44**

frá 16. maí 2018

um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 um vernd dýra við aflífun að því er varðar samþykki fyrir deyfingu með lágum loftþrýstingi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflífun ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr. og b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009 er sett fram skrá yfir samþykktar deyfingaraðferðir, nákvæm skilgreining þar að lútandi og sértækar kröfur er varða tilteknar aðferðir.

2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009 eru settar fram kröfur að því er varðar skipulag, byggingu og búnað sláturhúsa.

3) Að fenginni beiðni frá einkarekstraraðila óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) legði fram álit varðandi aðferð með lágum loftþrýstingi (hér á eftir nefnd aðferðin) við deyfingu holdakjúklinga (kjúklinga sem eru haldnir til kjötframleiðslu).

4) Í áliti sínu ([2]) frá 25. október 2017 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að:

   — aðferðin geti, að teknu tilliti til velferðar dýra, hið minnsta talist jafngild a.m.k. einni þeirra deyfingaraðferða sem nú eru tiltækar,

   — aðferðin sé eingöngu viðeigandi við tiltekin skilyrði, einkum: tækniforskriftir (s.s. þrýstingsminnkunarhraði, tímalengd hvers áfanga og heildartími útsetningar), eiginleikar dýranna (holdakjúklingar) og tiltekin umhverfisskilyrði (s.s. hitastig og raki),

   — matið sé eingöngu takmarkað við holdakjúklinga til slátrunar, allt að 4 kg að þyngd, og ekki má yfirfæra notkun þess á aðrar fuglategundir.

5) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að framkvæma reglulegar kannanir á samræmi við þessa aðferð ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi aðferðina.

6) Til viðbótar við slátrun í atvinnuskyni telst aðferðin henta til að aflífa kjúklinga ef um er að ræða niðurskurð.

7) Aðferðin hentar einnig í öðrum tilvikum þegar nauðsynlegt er að aflífa mikinn fjölda kjúklinga af öðrum ástæðum en vegna lýðheilsu, dýraheilbrigðis, velferðar dýra eða umhverfisins.

8) Með tilliti til þess að aðferðin er, að teknu tilliti til velferðar dýra, jafngild a.m.k. einni þeirra samþykktu aðferða sem nú eru tiltækar er því nauðsynlegt að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009.

9) Til að unnt sé, á skilvirkan hátt, að nota aðferðina og hafa eftirlit með henni ætti að virða tilteknar sértækar kröfur að því er varðar skipulag, byggingu og búnað. Því er nauðsynlegt að breyta einnig II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009.

10) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(12), 5056.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1099/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Töflu 3 í I. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„*Tafla 3 — aðferðir með stýrðum loftaðstæðum*“.

ii. Eftirfarandi lína 7 bætist við:

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur í II. kafli þessa viðauka
„7	Deyfing með lágum loftþrýstingi	Dýr, sem eru með meðvitund, eru smám saman útsett fyrir þrýstingsminnkun þar sem aðgengilegt súrefni fer undir 5%.	Holdakjúklingar með lífþyngd sem er allt að 4 kg. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Þrýstingsminnkunar-hraði. Tími sem útsetning stendur yfir. Umhverfishiti og raki.	Liðir 10.1–10.5“

b) Í II. kafla bætist við eftirfarandi liður 10:

„10. *Deyfing með lágum loftþrýstingi*

10.1. Meðan fyrsti áfangi stendur yfir skal þrýstingsminnkunarhraðinn ekki vera meiri en sem jafngildir lækkun úr staðalloftþrýstingi við sjávarmál, sem nemur 760 torr, í 250 torr á a.m.k. 50 sekúndum.

10.2. Meðan annar áfangi stendur yfir skal ná lágmarksstaðalloftþrýstingi við sjávarmál, sem nemur 160 torr, á næstu 210 sekúndum.

10.3. Ferillinn fyrir tíma á móti þrýstingi skal aðlagaður til að tryggja að allir fuglarnir séu varanlega deyfðir innan þess tíma sem lotan tekur.

10.4. Klefinn skal lekaprófaður og þrýstimælar kvarðaðir fyrir hverja notkunarlotu og ekki sjaldnar en daglega.

10.5. Skrár yfir raunþrýsting lofttæmis, útsetningartíma, hitastig og raka skulu geymdar í a.m.k eitt ár.“

2) Í II. viðauka bætist við eftirfarandi liður 7:

„7. *Deyfing með lágum loftþrýstingi*

7.1. Búnaður til deyfingar með lágum loftþrýstingi skal hannaður og byggður til að tryggja lofttæmi í klefanum sem gerir kleift að minnka þrýstinginn hægt, stig af stigi, meðan dregið er úr aðgengilegu súrefni og lágmarksþrýstingi haldið.

7.2. Búnaðurinn skal þannig búinn að hann mæli, birti og skrái stöðugt raunþrýsting lofttæmis, tímalengd útsetningar, hitastig og raka og gefi frá sér auðséð og auðheyranlegt viðvörunarmerki ef þrýstingur víkur frá þeim mörkum sem krafist er. Starfsfólkinu skal unnt að sjá tækið greinilega.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1936 **2019/EES/31/45**

frá 10. desember 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 að því er varðar hámarksgildi dímetýlamínóetanóls (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun á dímetýlglýsínnatríumsalti sem fóðuraukefni var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr., hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins með því að breyta framleiðsluferlinu. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. apríl 2018 ([3]) að aukefnið, sem er framleitt eftir nýja framleiðsluferlinu, hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Auk þess komst hún einnig að þeirri niðurstöðu að tilvist dímetýlamínóetanóls í styrk sem nemur 0,1% eða minna hafi ekki áhrif á verkun aukefnisins. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á dímetýlglýsínnatríumsalti, sem er framleitt eftir nýja framleiðsluferlinu, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í þessari reglugerð.

6) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011, í fjórða dálknum „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, undir „*Virkt efni*“ er eftirfarandi bætt við í lokin: „Dímetýlamínóetanól ≤ 0,1%“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 11.12.2018, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 371/2011 frá 15. apríl 2011 um leyfi fyrir dímetýlglýsínnatríumsalti sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Taminco N.V.) (Stjtíð. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6.)

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5268.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1957 **2019/EES/31/46**

frá 11. desember 2018

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 885/2010 að því er varðar skilmála leyfis fyrir blöndu af narasíni og níkarbasíni sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Eli Lilly and Company Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun á blöndu af narasíni og níkarbasíni sem fóðuraukefni var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2010 ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði leyfishafinn fram tillögu að breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blöndunni með því að leggja fram umsókn um að breyta innihaldinu af örsporefni, rauðu úr 11 g/kg í á bilinu 4–11 g/kg. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 18. október 2016 ([3]) að minnkun á innihaldinu af örsporefni, rauðu úr 11 g/kg í á bilinu 4–11 g/kg hafi ekki áhrif á eðlisefnafræðilega og líffræðilega eiginleika aukefnisins. Hún komst því að þeirri niðurstöðu að mat á öryggi og skilvirkni, sem gert var fyrir fyrri samsetninguna með 11 g/kg af örsporefni, rauðu, sé enn í gildi fyrir nýju samsetninguna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Hinn 10. júlí 2018 lagði Eli Lilly and Company Ltd einnig fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð var til breyting á nafni leyfishafans. Umsækjandinn fullyrti að frá og með 3. apríl 2018 teljist Elanco GmbH, deild innan Eli Lilly and Company Ltd, eiga markaðssetningarréttinn fyrir framangreint aukefni. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

6) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna, að því er varðar heiti leyfishafans, er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnunin var upplýst um umsóknina.

7) Mat á blöndu af narasíni og níkarbasíni með nýja innihaldinu af örsporefni, rauðu sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 885/2010 til samræmis við það.

9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum, sem gerðar eru með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil þar sem setja má fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefninu narasíni og níkarbasíni, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, áfram á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 315, 12.12.2018, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2010 frá 7. október 2010 um leyfi fyrir blöndu af narasíni og níkarbasíni sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Eli Lilly and Company Ltd) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (Stjtíð. ESB L 265, 8.10.2010, bls. 5).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(11), 4614.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 885/2010 er breytt sem hér segir:

a) Í stað orðanna „Eli Lilly and Company Ltd“ í 2. dálki komi orðin „Elanco GmbH“.

b) Í stað orðanna „11 g/kg“ í 4. dálki „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“, *„Samsetning aukefnis“*, í innihaldinu af örsporefni, rauðu, komi orðin „4–11 g/kg“.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1980 **2019/EES/31/47**

frá 13. desember 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2325 að því er varðar skilmála leyfis fyrir blöndum með fljótandi lesitínum, vatnsrofnum lesitínum og lesitínum sem olían hefur verið fjarlægð úr sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun á blöndum með fljótandi lesitínum, vatnsrofnum lesitínum og lesitínum sem olían hefur verið fjarlægð úr sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir var leyfð með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2325 ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði umsækjandinn til að skilmálum leyfisins fyrir blöndunum yrði breytt með því að leggja fram umsókn um að samræma nákvæmu skilgreininguna fyrir lesitín sem fóðuraukefni við nákvæmu skilgreininguna sem fastsett er fyrir lesitín þegar þau eru notuð sem matvælaaukefni og til að rýmka leyfið svo það nái yfir notkun repjufræs sem viðbótargjafa vatnsrofinna lesitína og lesitína sem olían hefur verið fjarlægð úr. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).

1) Í stað nákvæmu skilgreininganna að því er varðar „storknunarmark“ í færslunni fyrir matvælaaukefnið E 491 sorbítanmónósterat komi eftirfarandi:

„Sanngreiningarprófun	eftir sýrutölu, joðtölu (ekki yfir 4) og með gasgreiningu“

2) Í stað nákvæmu skilgreininganna að því er varðar „storknunarmark“ í færslunni fyrir matvælaaukefnið E 492 sorbítantrísterat komi eftirfarandi:

„Sanngreiningarprófun	eftir sýrutölu, joðtölu (ekki yfir 4) og með gasgreiningu“

3) Í stað nákvæmu skilgreininganna að því er varðar „storknunarmark“ í færslunni fyrir matvælaaukefnið E 495 sorbítanmónópalmítat komi eftirfarandi:

„Sanngreiningarprófun	eftir sýrutölu, joðtölu (ekki yfir 4) og með gasgreiningu“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1472 **2019/EES/31/52**

frá 28. september 2018

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar kókíníl, karmínsýru, karmín (E 120) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([2]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Kókíníl, karmínsýra, karmín (E 120) er efni sem er leyft sem litarefni í ýmis matvæli í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

4) Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 er kveðið á um að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) skuli gera nýtt áhættumat á öllum matvælaaukefnum sem voru þegar leyfð í Sambandinu fyrir 20. janúar 2009.

5) Í því skyni er mælt fyrir um áætlun um endurmat á matvælaaukefnum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 ([3]) en samkvæmt því varð að ljúka endurmati á litarefnum eigi síðar en 31. desember 2015.

6) Hinn 18. nóvember 2015 skilaði Matvælaöryggisstofnunin vísindalegu áliti um endurmat á kókíníli, karmínsýru, karmíni (E 120) sem matvælaaukefni ([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að núverandi gagnasafn gæfi ekki tilefni til að endurskoða gildi ásættanlegrar, daglegrar inntöku fyrir E 120 og að nánari útreikningar á váhrifum væru undir ásættanlegri, daglegri inntöku fyrir alla íbúahópa. Hins vegar mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að endurskoða núverandi heiti „kókíníl, karmínsýra, karmín“ þannig að það endurspegli betur efnið sem er notað sem matvælaaukefni og að uppfæra nákvæmu skilgreiningarnar að því er varðar hlutfall efnis sem ekki er gert grein fyrir, hámarksgildi fyrir eitraða efnisþætti og tilvist prótínríkra efnasambanda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 247, 3.10.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB. L 80, 26.3.2010, bls. 19).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4288.

7) Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal breyta skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([1]).

8) Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 er kveðið á um að uppfæra megi skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

9) Því er rétt að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

10) Áður en breytingarnar taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að stjórnendur matvælafyrirtækja geti uppfyllt nýju kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað tilvísunar í „E 120 kókíníl, karmínsýra, karmín“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 komi „E 120 karmínsýra karmín“.

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 23. október 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „E 120, kókíníl, karmínsýra, karmín“ í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 komi eftirfarandi:

„**E 120 KARMÍNSÝRA, KARMÍN**

Samheiti	Litaskrárheiti: náttúrurautt 4	
Skilgreining	Karmínsýra er framleidd úr vatnsútdrætti, útdrætti vatns og vínanda eða útdrætti vínanda úr kókíníli sem er samsett úr þurrkuðum líkömum kvendýra af skordýrategundinni Dactylopius coccus Costa. Karmín eru álsetlitarefni úr karmínsýru þar sem ál og karmínsýra eru talin vera í mólhlutfallinu 1:2. Hinn litandi efnisþáttur er karmínsýra. Óverulegt magn af amínuðu formi af 4-amínókarmínsýru getur einnig verið fyrir hendi. Í verslunarvörum getur hinn litandi efnisþáttur karmínsýra verið fyrir hendi ásamt ammóníum-, kalsíum-, kalíum- eða natríumplúsjónum, einum sér eða saman, og geta þessar plúsjónir einnig verið í of miklu magni. Verslunarvörur geta einnig innihaldið prótínríkt efni sem fæst úr sjálfu skordýrinu.	
Litaskrárnúmer	75470	
EINECS-númer	Karmínsýra: 215-023-3, karmín: 215-724-4	
Efnaheiti	7-β-D-glúkópýranósýl-3,5,6,8-tetrahýdroxý-1-metýl-9,10-díoxóantrasen-2-karboxýlsýra (karmínsýra). Karmín er vatnað álklósamband þessarar sýru	
Efnaformúla	$C_{22}H_{20}O_{13}$ (karmínsýra)	
Sameindamassi	492,39 (karmínsýra)	
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 90% af karmínsýru, klósambönd innihalda að lágmarki 50% af karmínsýru.	
Lýsing	Rautt, allt að dökkrautt, auðmulið fast efni eða duft	
Sanngreining		
Litrófsgreining	Karmínsýra: Hámark u.þ.b. 518 nm í vatnskenndri ammoníakslausn Hámark u.þ.b. 494 nm í þynntri saltsýrulausn E 1%/1 cm, 139 við toppgildi við u.þ.b. 494 nm í þynntri saltsýru 4-amínókarmínsýra: Hámark 535 nm í vatnskenndri ammoníakslausn Hámark 530 nm í þynntri saltsýrulausn E 1%/1 cm, 260 við toppgildi við u.þ.b. 535 nm í vatnskenndri ammoníakslausn, pH-gildi 9,5 Í verslunarvörum getur karmínsýra verið aðgreind frá amíni hennar með háþrýstivökvaskiljun	
Hreinleiki		
Leysisleifar	Etanól:	Ekki meira en 150 mg/kg
	Metanól:	Ekki meira en 50 mg/kg
Heildaraska	Karmínsýra:	Ekki meira en 5%
	Karmín:	Ekki meira en 12%
Prótín (N × 6,25)	Karmínsýra:	Ekki meira en 2,2%
	Karmín:	Ekki meira en 25%
4-amínókarmínsýra	Ekki meira en 3% í hlutfalli við karmínsýru	

Óleysanlegt efni í þynntu ammoníaki	Karmín: Ekki meira en 1%
Arsen	Ekki meira en 1 mg/kg
Blý	Ekki meira en 1,5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 0,5 mg/kg
Kadmíum	Ekki meira en 0,1 mg/kg
Örverufræðilegar viðmiðanir	
Salmonella spp.	Greinist ekki í 10 g

***Nota má álsetlitarefni úr þessu litarefni*.“**

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1481 2019/EES/31/53

frá 4. október 2018

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, matvælabragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([2]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

4) Oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312) eru efni sem eru leyfð sem þráavarnarefni í margs konar matvæli, sem og í matvælabragðefni, í samræmi við II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

5) Í 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 er kveðið á um að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) skuli gera nýtt áhættumat á öllum matvælaaukefnum sem voru þegar leyfð í Sambandinu fyrir 20. janúar 2009.

6) Í því skyni er mælt fyrir um áætlun um endurmat á matvælaaukefnum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 ([3]). Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 257/2010 verður endurmati á þráavarnarefnum að vera lokið eigi síðar en 31. desember 2015.

7) Hinn 5. maí 2015 skilaði Matvælaöryggisstofnunin vísindalegu áliti um endurmat á dódekýlgallati (E 312) sem matvælaaukefni ([4]). Í álitinu kom fram að það vantaði fullnægjandi eiturefnafræðileg gögn um dódekýlgallat. Af þessum sökum gat Matvælaöryggisstofnunin ekki staðfest öryggi dódekýlgallats sem matvælaaukefnis og komst að þeirri niðurstöðu að núgildandi ásættanleg, dagleg inntaka fyrir flokk efnanna própýlgallats (E 310), oktýlgallats (E 311) og dódekýlgallats (E 312) ætti ekki lengur að gilda. Í álitinu kom fram að þörf væri á fullnægjandi eiturefnafræðilegum gagnagrunni fyrir viðunandi mat á öryggi dódekýlgallats sem matvælaaukefnis.

8) Hinn 1. október 2015 skilaði Matvælaöryggisstofnunin vísindalegu áliti um endurmat á oktýlgallati (E 311) sem matvælaaukefni ([5]). Í álitinu kom fram að það vantaði fullnægjandi eiturefnafræðileg gögn um oktýlgallat. Af þessum sökum gat Matvælaöryggisstofnunin ekki staðfest öryggi oktýlgallats sem matvælaaukefnis og komst að þeirri niðurstöðu að núgildandi ásættanleg, dagleg inntaka fyrir flokk efnanna própýlgallats (E 310), oktýlgallats (E 311) og dódekýlgallats (E 312) ætti ekki lengur að gilda. Í álitinu kom fram að þörf væri á fullnægjandi eiturefnafræðilegum gagnagrunni fyrir viðunandi mat á öryggi oktýlgallats sem matvælaaukefnis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB. L 80, 26.3.2010, bls. 19).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4086.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(10), 4248.

9) Hinn 30. maí 2017 auglýsti Matvælaöryggistofnunin opinberlega eftir vísindalegum og tæknilegum gögnum um própýlgallat (E 310), oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312) ([1]) sem beint var að þeim gagnaþörfum sem voru tilgreindar í vísindalega álitinu um endurmat á þessum efnum sem matvælaaukefnum. Þó var enginn rekstraraðili reiðubúinn til að leggja fram umbeðin eiturefnafræðileg gögn um oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312). Matvælaöryggisstofnunin getur ekki lokið við endurmat á öryggi oktýlgallats og dódekýlgallats sem matvælaaukefnis án þessara gagna og þar af leiðandi er ekki hægt að ákvarða hvort þessi efni uppfylli ennþá skilyrðin fyrir því, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008, að vera með í skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni.

10) Því er rétt að fjarlægja oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312) úr skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni.

11) Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 skal breyta skrá Evrópusambandsins yfir samþykkt matvælaaukefni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]).

12) Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 er kveðið á um að uppfæra megi skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

13) Af þeim sökum ætti að breyta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 með því að fella oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312) af skrá Evrópusambandsins yfir leyfð matvælaaukefni sökum þess að ekki er lengur hægt að rökstyðja færslu þeirra í skránni vegna þess að viðeigandi eiturefnafræðileg gögn liggja ekki fyrir.

14) Rétt þykir að kveða á um umbreytingartímabil en á því tímabili má áfram setja á markað matvæli, sem innihalda oktýlgallat (E 311) og/eða dódekýlgallat (E 312), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Færslurnar fyrir matvælaaukefnin oktýlgallat (E 311) og dódekýlgallat (E 312) í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 falli brott.

3. gr.

Matvæli sem innihalda oktýlgallat (E 311) og/eða dódekýlgallat (E 312), sem voru sett á markað á löglegan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað til 25. apríl 2019.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) http://ec.europa.eu/food/safety/food_improvement_agents/additives/re-evaluation_en.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í töflu 3 í B-hluta: Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni, falli færslurnar fyrir matvælaaukefnin E 311 oktýlgallat og E 312 dódekýlgallat brott.

b) Í töflu 5 í C-hluta: Önnur aukefni sem leyfilegt er að hafi sameiginleg hámarksgildi, komi eftirfarandi í stað k-liðar „E 310–320: Gallöt, TBHQ og BHA“:

„k) E 310–320: Própýlgallat, TBHQ og BHA

E-númer	Heiti
E 310	Própýlgallat
E 319	Þrígreint bútýlhýdrókínón (TBHQ)
E 320	Bútýlhýdroxýanisól (BHA)“

c) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 01.5 (Þurrmjólk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/114/EB) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1)	Einungis mjólkurduft fyrir sjálfsala“

2. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum) í flokki 02.1 (Fita og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfrírri mjólkurfitu)) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (41)	Einungis fita og olíur til iðnframleiðslu á hitameðhöndluðum matvælum; steikingarolía og steikingarfeiti (að undanskilinni ólífuhratolíu) og svínafeiti, fisklýsi og fita úr nautgripum, alifuglum og sauðfé“

3. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum) í flokki 02.2.2 (Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (2)	Einungis steikingarfeiti“

4. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 04.2.5.4 (Hnetusmjör og smurálegg úr hnetum) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (41)	Einungis unnar hnetur“

5. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 04.2.6 (Unnar kartöfluafurðir) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	25	(1)	Einungis vatnssneyddar kartöflur“

6. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–321 (Gallöt, TBHQ, BHA og BHT) í flokki 05.3 (Tyggigúmmí) komi eftirfarandi:

	„E 310-321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	400	(1)“	

7. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 06.3 (Morgunkorn) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (13)	Einungis forsoðnar kornvörur“

8. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 06.7 (Forsoðnar eða unnar kornvörur) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1)	Einungis forsoðnar kornvörur“

9. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 07.2 (Fínt kaffibrauð) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1)	Einungis tilbúnar kökublöndur“

10. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 08.3.1 (Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (13)	Einungis vatnssneytt kjöt“

11. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 08.3.2 (Hitameðhöndlaðar kjötafurðir) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (13)	Einungis vatnssneytt kjöt“

12. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–321 (Gallöt, TBHQ, BHA og BHT) í flokki 12.2.2 (Kryddblöndur og bragðbætar) komi eftirfarandi:

	„E 310-321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	200	(1) (13)“	

13. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 12.5 (Súpur og seyði) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (13)	Einungis þurrkaðar súpur og seyði“

14. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 12.6 (Sósur) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (13)“	

15. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 15.1 (Nasl sem er að stofni til úr kartöflum, korni, hveiti eða sterkju) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1)	Einungis nasl, að meginhluta úr korni“

16. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–320 (Gallöt, TBHQ og BHA) í flokki 15.2 (Unnar hnetur) komi eftirfarandi:

	„E 310–320	Própýlgallat, TBHQ og BHA	200	(1) (13)“	

17. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–321 (Gallöt, TBHQ, BHA og BHT) í flokki 17.1 (Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum) komi eftirfarandi:

	„E 310-321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	400	(1)“	

18. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–321 (Gallöt, TBHQ, BHA og BHT) í flokki 17.2 (Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi) komi eftirfarandi:

	„E 310-321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	400	(1)“	

19. Í stað færslunnar sem varðar matvælaaukefni E 310–321 (Gallöt, TBHQ, BHA og BHT) í flokki 17.3 (Fæðubótarefni gefin í formi síróps eða í tyggjanlegu formi) komi eftirfarandi:

	„E 310-321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	400	(1)“	

2) Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna sem varða matvælaaukefni E 310, E 311, E 312, E 319 og E 320 í 4. hluta (Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni) komi eftirfarandi:

„E 310 E 319	Própýlgallat Þrígreint bútýlhýdrókínón (TBHQ)	Ilmkjarnaolíur	1000 mg/kg (própýlgallat, TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum) í ilmkjarnaolíum
E 320	Bútýlhýdroxýanisól (BHA)	Önnur bragðefni en ilmkjarnaolíur	100 mg/kg (1) (própýlgallat) 200 mg/kg (1) (TBHQ og BHA, hvert um sig eða í samsetningum) í bragðefnum“

b) Í stað neðanmálsgreinar (1) í 4. hluta (Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni) komi eftirfarandi:

„(1) Hlutfallsreglan: þegar samsetningar úr própýlgallati, TBHQ og BHA eru notaðar verður að minnka hlutfallslegt innihald einstakra efna.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1482 **2019/EES/31/54**

frá 4. október 2018

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar koffín og þeóbrómín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur bæði bragðefni, sem hafa verið metin, þar sem engar neðanmálsgreinar eru settar við þau og einnig bragðefni, sem verið er að meta, sem eru auðkennd með neðanmálsgreinum 1 til 4.

5) Efnin koffín (FL-númer 16.016) og þeóbrómín (FL-númer 16.032) voru skráð með neðanmálsgrein 1 en samkvæmt henni varð Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að ljúka mati á þeim.

6) Hinn 31. janúar 2017 lauk Matvælaöryggisstofnunin mati á öryggi koffíns (FL-númer 16.016) og þeóbrómíns (FL-númer 16.032) þegar þau eru notuð sem bragðefni ([4]) og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þeirra sem bragðefna teldist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn í tilteknum matvælaflokkum. Því er heimilt að viðhalda notkunarskilyrðunum sem þegar er mælt fyrir um í skrá Evrópusambandsins.

7) Því ætti að tilgreina koffín (FL-númer 16.016) og þeóbrómín (FL-númer 16.032) sem metin efni í skrá Evrópusambandsins yfir bragðefni, án tilvísunar í neðanmálsgreinina sem er í núgildandi færslum um þau í skrá Evrópusambandsins.

8) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(4), 4729.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslunnar varðandi FL-númer 16.016 í 2. þætti A-hluta komi eftirfarandi:

„16.016	Koffín	58-08-2		11741		Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í 1. flokki – hámark 70 mg/kg Í 3. flokki – hámark 70 mg/kg Í 5. flokki – hámark 100 mg/kg Í 14,1. flokki – hámark 150 mg/kg		EFSA“

2. Í stað færslunnar varðandi FL-númer 16.032 í 2. þætti A-hluta komi eftirfarandi:

„16.032	Þeóbrómín	83-67-0				Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í 1. flokki – hámark 70 mg/kg Í 14,1. flokki – hámark 100 mg/kg		EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1497 **2019/EES/31/55**

frá 8. október 2018

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar matvælaflokk 17 og notkun matvælaaukefna í fæðubótarefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Einungis má setja matvælaaukefni, sem er að finna á skrá Sambandsins í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, á markað sem slík og nota þau í matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind.

3) Þessa skrá má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Skrá Sambandsins inniheldur matvælaaukefni sem eru skráð á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim í. Í D-hluta þeirrar skrár nær matvælaflokkur 17 yfir fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ([3]), að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn. Í matvælaflokki 17 eru þrír undirflokkar: 17.1 „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“, 17.2 „Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi“ og 17.3 „Fæðubótarefni gefin í formi síróps eða í tyggjanlegu formi“. Í E-hlutanum í skrá Sambandsins eru tilgreind leyfð aukefni fyrir hvern þessara þriggja undirflokka ásamt skilyrðum fyrir notkun þeirra.

5) Eftir viðræður við aðildarríki (í starfshópi sérfræðinga stjórnvalda um aukefni) kom í ljós að það eru erfiðleikar við framkvæmd II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 um matvælaaukefni, einkum að því er varðar matvælaundirflokk 17.3 „Fæðubótarefni gefin í formi síróps eða í tyggjanlegu formi“. Þessi flokkun hefur leitt til mistúlkunar og til að koma í veg fyrir slíkt ætti að flokka form síróps og tyggjanleg form sem fljótandi og föst form, eftir því sem við á.

6) Því er rétt að fella brott matvælaundirflokk 17.3 og umorða heiti matvælaundirflokka 17.1 og 17.2 í „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“ og „Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“. Þetta endurspeglar betur hvaða vörur falla undir/fara í hvorn matvælaundirflokk. Af brottfellingu matvælaundirflokks 17.3 leiðir að færslur um matvælaaukefni, sem féllu undir þann matvælaundirflokk, ættu annaðhvort að færast yfir í matvælaundirflokk 17.1 eða 17.2 til að tryggja gagnsæi og réttarvissu að því er varðar notkun matvælaaukefna í þessi matvæli. Til glöggvunar og í þágu framfylgdar ætti einnig að breyta heiti matvælaflokks 17 í „Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 9.10.2018, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtíð. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51).

7) Eftir viðræður við aðildarríki kom einnig í ljós að skýra ætti nánar hvort hámarks(notkunar)gildi fyrir matvælaaukefnin í matvælaflokki 17 eigi við um matvæli eins og þau eru sett á markað eða um matvæli sem eru tilbúin til neyslu. Því ætti að setja inn inngangslið þar sem vísað er til tiltekinna matvælaaukefna sem eru leyfð í þeim matvælaflokki. Þetta er í samræmi við fyrri færslur um þessi matvælaaukefni innan tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB ([1]), 94/36/EB ([2]) og 95/2/EB ([3]).

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð skrá Sambandsins er breytt til að gera notkun, sem nú er leyfð, á aukefnum skýrari telst það vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslnanna í D-hluta fyrir matvælaflokk 17 „Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“ komi eftirfarandi:

„17.	**Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB**
17.1	Fæðubótarefni gefin í föstu formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn
17.2	Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“

2) Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir matvælaflokk 17 „Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“ komi eftirfarandi:

„17.	**Fæðubótarefni eins og skilgreint er í tilskipun 2002/46/EB**
	INNGANGUR, GILDIR UM ALLA UNDIRFLOKKA
	Hámarksnotkunargildi, sem gefin eru upp fyrir litarefni, fjölalkóhól, sætuefni og E 200–213, E 338–452, E 405, E 416, E 426, E 432–436, E 459, E 468, E 473–475, E 491–495, E 551–553, E 901–904, E 961, E 1201–1204, E 1505 og E 1521, eiga við um fæðubótarefni sem eru tilbúin til neyslu og eru tilreidd samkvæmt notkunarleiðbeiningum frá framleiðanda. Þynningarstuðullinn fyrir þau fæðubótarefni sem verður að þynna eða leysa upp verður að koma fram ásamt notkunarleiðbeiningunum.“

b) Færslunni fyrir matvælaundirflokk 17.1 er breytt sem hér segir:

i. í stað heitisins komi eftirfarandi:

„17.1	Fæðubótarefni gefin í föstu formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“

ii. í stað allra færslnanna þar undir komi eftirfarandi færslur og eru þær færðar inn í númeraröð:

	„I. flokkur	Aukefni			Ekki er heimilt að nota efnin E 410, E 412, E 415, E 417 og E 425 til að framleiða þurrkuð fæðubótarefni sem eiga að endurvatnast fyrir neyslu
	II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	*eftir þörfum*		Gildistími: til 31. júlí 2014
	II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	*eftir þörfum*	(69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014
	III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	300		Gildistími: til 31. júlí 2014
	III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	300	(69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014

	IV. flokkur	Fjölalkóhól	*eftir þörfum*		
	E 104	Kínólíngult	35	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 104	Kínólíngult	35	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014 Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 104	Kínólíngult	10	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 104	Kínólíngult	10	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014 Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S	10	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S	10	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	35	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	35	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014 Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	10	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	10	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014 Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 160d	Lýkópen	30		
	E 200–213	Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensóöt	1 000	(1) (2)	Einungis fæðubótarefni í þurrkuðu formi sem innihalda tilreitt A-vítamín og samsetningar af A- og D-vítamíni, að undanskildu tyggjanlegu formi
	E 310–321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	400	(1)	
	E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	*eftir þörfum*		
	E 392	Rósmarínkjarni	400	(46)	
	E 405	Própan-1,2-díólalgínat	1 000		

	E 416	Karajagúmmí	*eftir þörfum*		
	E 426	Sojabaunahálfbeðmi	1 500		
	E 432-436	Pólýsorböt	*eftir þörfum*		
	E 459	Beta-sýklódextrín	*eftir þörfum*		Einungis fæðubótarefni í töfluformi og í formi húðaðra taflna
	E 468	Vixltengdur natríumkarboxýmetýlsellulósi	30 000		Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 473–474	Súkrósaesterar af fitusýrum — súkróglýseríð	*eftir þörfum*	(1)	
	E 475	Pólýglýserólesterar af fitusýrum	*eftir þörfum*		
	E 491–495	Sorbítanesterar	*eftir þörfum*	(1)	
	E 551–559	Kísildíoxíð — sílíköt	*eftir þörfum*		Gildistími: til 31. janúar 2014
	E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	*eftir þörfum*		Gildistími: frá 1. febrúar 2014
	E 900	Dímetýlpólýsíloxan	10	(91)	Einungis fæðubótarefni í formi freyðandi taflna
	E 901	Bývax, hvítt og gult	*eftir þörfum*		
	E 902	Kandelillavax	*eftir þörfum*		
	E 903	Karnúbavax	200		
	E 904	Skellakk	*eftir þörfum*		
	E 950	Asesúlfam-K	500		
	E 950	Asesúlfam-K	2 000		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 951	Aspartam	2 000		
	E 951	Aspartam	5 500		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 952	Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar	500	(51)	
	E 952	Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar	1 250	(51)	Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi

	E 954	Sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess	500	(52)	
	E 954	Sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess	1 200	(52)	Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 955	Súkralósi	800		
	E 955	Súkralósi	2 400		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 957	Támatín	400		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 959	Neóhesperidín DC	100		
	E 959	Neóhesperidín DC	400		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 960	Stevíólglýkósíð	670	(60)	
	E 960	Stevíólglýkósíð	1 800	(60)	Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 961	Neótam	60		
	E 961	Neótam	185		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 961	Neótam	2		Einungis sem bragðaukandi efni, að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 961	Neótam	2		Einungis fæðubótarefni sem eru að stofni til úr vítamínum og/eða steinefnum, í tyggjanlegu formi, sem bragðaukandi efni
	E 962	Aspartam- og asesúlfamsalt	500	(11)a (49) (50)	
	E 962	Aspartam- og asesúlfamsalt	2 000	(11)a (49) (50)	Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 969	Advantam	20		
	E 969	Advantam	55		Einungis fæðubótarefni í tyggjanlegu formi
	E 1201	Pólývínýlpýrrólídón	*eftir þörfum*		Einungis fæðubótarefni í töfluformi og í formi húðaðra taflna
	E 1202	Pólývínýlpólýpýrrólídón	*eftir þörfum*		Einungis fæðubótarefni í töfluformi og í formi húðaðra taflna
	E 1203	Pólývínýlalkóhól (PVA)	18 000		Einungis fæðubótarefni í hylkjum og töfluformi

	E 1204	Púllúlan	*eftir þörfum*		Einungis fæðubótarefni í hylkjum og töfluformi
	E 1205	Basísk metakrýlatsamfjölliða	100 000		Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 1206	Hlutlaus metakrýlatsamfjölliða	200 000		Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 1207	Mínushlaðin metakrýlatsamfjölliða	100 000		Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 1208	Pólývínýlpýrrólídónvínýlasetatsamfjölliða	100 000		Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 1209	Pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól	100 000		Að undanskildum fæðubótarefnum í tyggjanlegu formi
	E 1505	Tríetýlsítrat	3 500		Einungis fæðubótarefni í hylkjum og töfluformi
	E 1521	Pólýetýlenglýkól	10 000		Einungis fæðubótarefni í hylkjum og töfluformi“

c) Færslunni fyrir matvælaundirflokk 17.2 er breytt sem hér segir:

i. í stað heitisins komi eftirfarandi:

„17.2	Fæðubótarefni gefin í fljótandi formi, að undanskildum fæðubótarefnum fyrir ungbörn og smábörn“

ii. í stað allra færslnanna þar undir komi eftirfarandi færslur og eru þær færðar inn í númeraröð:

	„I. flokkur	Aukefni			
	II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	*eftir þörfum*		
	II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	*eftir þörfum*		Gildistími: til 31. júlí 2014
	II. flokkur	Litarefni eftir þörfum	*eftir þörfum*	(69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014 Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	100		
	IV. flokkur	Fjölalkóhól	*eftir þörfum*		
	E 104	Kínólíngult	10	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 104	Kínólíngult	10	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014

	E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S	10	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S	10	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	10	(61)	Gildistími: frá 1. janúar 2014 til 31. júlí 2014
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	10	(61) (69)	Gildistími: frá 1. ágúst 2014
	E 160d	Lýkópen	30		
	E 200–213	Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensóöt	2 000	(1) (2)	Að undanskildum fæðubótarefnum í formi síróps
	E 310–321	Própýlgallat, TBHQ, BHA og BHT	400	(1)	
	E 338–452	Fosfórsýra — fosföt — dí-, trí- og fjölfosföt	*eftir þörfum*		
	E 392	Rósmarínkjarni	400	(46)	
	E 405	Própan-1,2-díólalgínat	1 000		
	E 416	Karajagúmmí	*eftir þörfum*		
	E 426	Sojabaunahálfbeðmi	1 500		
	E 432–436	Pólýsorböt	*eftir þörfum*		
	E 473–474	Súkrósaesterar af fitusýrum — súkróglýseríð	*eftir þörfum*	(1)	
	E 475	Pólýglýserólesterar af fitusýrum	*eftir þörfum*		
	E 491–495	Sorbítanesterar	*eftir þörfum*	(1)	
	E 551–559	Kísildíoxíð — sílíköt	*eftir þörfum*		Gildistími: til 31. janúar 2014
	E 551–553	Kísildíoxíð — sílíköt	*eftir þörfum*		Gildistími: frá 1. febrúar 2014
	E 950	Asesúlfam-K	350		
	E 950	Asesúlfam-K	2 000		Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 951	Aspartam	600		

	E 951	Aspartam	5 500		Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 952	Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar	400	(51)	
	E 952	Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar	1 250	(51)	Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 954	Sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess	80	(52)	
	E 954	Sakkarín og natríum-, kalíum- og kalsíumsölt þess	1 200	(52)	Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 955	Súkralósi	240		
	E 955	Súkralósi	2 400		Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 957	Támatín	400		Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 959	Neóhesperidín DC	50		
	E 959	Neóhesperidín DC	400		Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 960	Stevíólglýkósíð	200	(60)	
	E 960	Stevíólglýkósíð	1 800	(60)	Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 961	Neótam	20		
	E 961	Neótam	185		Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 961	Neótam	2		Einungis sem bragðaukandi efni, að undanskildum fæðubótarefnum í formi síróps
	E 961	Neótam	2		Einungis fæðubótarefni sem eru að stofni til úr vítamínum og/eða steinefnum, í formi síróps, sem bragðaukandi efni
	E 962	Aspartam- og asesúlfamsalt	350	(11)a (49) (50)	
	E 962	Aspartam- og asesúlfamsalt	2 000	(11)a (49) (50)	Einungis fæðubótarefni í formi síróps
	E 969	Advantam	6		
	E 969	Advantam	55		Einungis fæðubótarefni í formi síróps d) Færslan fyrir matvælaflokk 17.3 falli brott.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1649 **2019/EES/31/56**

frá 5. nóvember 2018

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu áður en tilteknir frestir, sem eru fastsettir í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, renna út.

5) Þegar um er að ræða eftirfarandi þrjú efni: p-menta-1,4(8)-díen-3-ón (FL-númer 07.127), 2-amínóasetófenón (FL-númer 11.008) og 4-asetýl-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-ón (FL-númer 13.175) eru aðilarnir, sem bera ábyrgð á setningu þeirra á markað, búnir að draga umsóknina til baka.

6) Þess vegna ætti að fjarlægja efnin p-menta-1,4(8)-díen-3-ón (FL-númer 07.127), 2-amínóasetófenón (FL-númer 11.008) og 4-asetýl-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-ón (FL-númer 13.175) af skrá Sambandsins.

7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

8) Af tæknilegum ástæðum ætti að mæla fyrir um umbreytingartímabil sem gilda fyrir matvæli, sem einhverju af þessum þremur bragðefnum hefur verið bætt í, sem hafa verið sett á markað eða send frá þriðju löndum til Sambandsins fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Matvæli, sem einhverju af þeim bragðefnum, sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð, hefur verið bætt í og voru sett á markað á lögmætan hátt fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

2. Matvæli, sem eru flutt inn í Sambandið og einhverju af þeim bragðefnum, sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð, hefur verið bætt í má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau voru send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið á leið til Sambandsins áður en þessi reglugerð gengur í gildi.

3. Umbreytingartímabilin, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., gilda ekki um blöndur með bragðefnum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brott:

„07.127	p-menta-1,4(8)-díen-ón	491-09-8	757	11189			2	EFSA
11.008	2-amínóasetófenón	551-93-9		2041			4	EFSA
13.175	4-asetýl-2,5-dímetýlfúran-3(2H)-ón						1	EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/37 **2019/EES/31/57**

frá 10. janúar 2019

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ([1]), einkum 5. gr. (a-, d-, e-, h- og i-liður 1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ([2]) er tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni sem má nota við framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Í III. viðauka við þá reglugerð eru valdir matvælahermar sem á að nota við prófanir til að sýna fram á að efniviðir og hlutir úr plasti, sem hafa enn ekki komist í snertingu við matvæli, séu í samræmi við flæðimörkin sem um getur í 11. og 12. gr. reglugerðarinnar.

2) Frá því að reglugerð (ESB) nr. 10/2011 var síðast breytt hefur Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) birt frekari vísindaleg álit um tiltekin efni sem hægt er að nota í efnivið sem kemst í snertingu við matvæli (ESM-efni) og einnig um leyfilega notkun efna sem hafa þegar verið leyfð. Að auki hafa fundist tilteknar villur og tvíræðni í texta. Til að tryggja að reglugerð (ESB) nr. 10/2011 endurspegli nýjustu niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar og til að eyða öllum vafa að því er varðar rétta beitingu hennar ætti að gera breytingar og leiðréttingar á reglugerðinni.

3) Í heiti efnisins 1,2,3,4-tetrahýdrónaftalen-2,6-díkarboxýlsýra, dímetýlester (ESM-efni nr. 1066 og CAS-nr. 23985-75-3), sem var leyft með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/831 ([3]), eins og það er skráð í töflu 1 í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, er prentvilla í enskri útgáfu skjalsins. Því er nauðsynlegt að leiðrétta þessa færslu í töflu 1 í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011.

4) Á grundvelli jákvæðs vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar ([4]) um notkun efnisins [3-(2,3-epoxýpropoxý)-própýl]trímetoxýsílans (ESM-efni nr. 1068, CAS-nr. 2530-83-8) sem efnisþáttar í límsterkjuefni til að meðhöndla glertrefjar sem eru felldar inn í plastefni með litla dreifð, s.s. í pólýetýlentereþalat, pólýkarbónat, pólýbútýlentereþalat, hitaherðandi pólýesterefni og epoxýbisfenólvínýlestra, sem eru ætluð til stakrar og endurtekinnar notkunar við langtímageymslu við stofuhita, endurtekinnar snertingar í skamman tíma við hækkað eða hátt hitastig og fyrir öll matvæli, var efnið leyft með reglugerð (ESB) 2018/831 sem aukefni eða hjálparefni við fjölliðuframleiðslu í 5. dálki töflu 1 í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011. Þar eð þessu efnið er ætlað að hvarfast við fjölliðugrunnbyggingu plastefnisins og getur orðið hluti af því ætti að líta á það sem upphafsefni eða einliðu í framleiðslu límsterkjuefna til að meðhöndla glertrefjar sem eru felldar inn í plastefni með litla dreifð, s.s. í pólýetýlentereþalat, pólýkarbónat, pólýbútýlentereþalat, hitaherðandi pólýesterefni og epoxýbisfenólvínýlestra. Því er nauðsynlegt að breyta þessari færslu í töflu 1 í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til að færa þetta efni á skrá í 6. dálk I. viðauka við þá reglugerð í því skyni að skýra nánar fyrirhugaða notkun þess.

5) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti tvö jákvæð vísindaleg álit ([5]) ([6]) um notkun efnisins pólý((*R*)-3-hýdroxýbútýrat-co-(*R*)-3-hýdróhexanóats) (ESM-efni nr. 1059, CAS-númer 147398-31-0) sem er lífbrjótanleg (sam)fjölliða, sem fæst úr

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 11.1.2019, bls. 88. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/831 frá 5. júní 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 140, 6.6.2018, bls. 35).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(10), 5014.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(5), 4464.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(7), 5326.

örverugerjun, sem er notuð í framleiðslu á umbúðum sem er ætlað að komast í snertingu við heil aldin og grænmeti. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í þessum tveimur álitum að efnið skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef það er annaðhvort notað eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður í snertingu við (í þurru formi/í föstu formi) matvæli, sem matvælahermir E hefur verið valinn fyrir í töflu 2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, við skilyrði þar sem snerting á sér stað í allt að 6 mánuði eða meira við stofuhita eða lægri hita, þ.m.t. heitir áfyllingarfasar eða stuttir upphitunarfasar. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að sértækt flæði niðurbrotsefnisins krótónsýru ætti ekki að fara yfir 0,05 mg/kg af matvælum. Því ætti að færa þetta efni á skrá Sambandsins yfir leyfð efni með þeim takmörkunum að þessari nákvæmu skilgreiningu sé fylgt.

6) Krótónsýra (ESM-efni nr. 467 og CAS-númer 3724-65-0) er leyfð sem aukefni eða einliða til framleiðslu á plasti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli. Sértækum flæðimörkum, sem nema 0,05 mg/kg af matvælum, var bætt við í færsluna um þetta efni í töflu 1 í 1. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/752 ([7]) og komu í staðinn fyrir fyrri sannprófun á samræmi á grundvelli innihalds leifa, miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY). Sannprófun á samræmi krótónsýru með HMY, með mörkum sem nema 0,05 mg/6 dm^2, kemur líka fram í færslunni um efnið samfjölliða 3-hýdroxýbútansýru og 3-hýdroxýpentansýru (ESM-efni nr. 744, CAS-númer 80181-31-3) í töflu 4 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og ætti einnig að skipta þeim út fyrir sértæku flæðimörkin sem ESM-efni nr. 467 var úthlutað. Í ljósi þess að sömu sértæku flæðimörkin fyrir krótónsýru eiga að gilda fyrir ESM-efni nr. 467, 744 og 1059 er rétt að innleiða flokkatakmörkunina fyrir krótónsýru fyrir ESM-efni nr. 467, 744 og 1059 í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og breyta samsvarandi einstökum færslum í töflu 1 og töflu 4 í þeim viðauka.

7) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti jákvætt vísindalegt álit ([8]) um notkun efnisins dímetýlkarbónats (ESM-efni nr. 1067 og CAS-númer 616-38-6) sem einliðu til framleiðslu á plasti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að efnið skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef það er notað sem sameinliða ásamt 1,6-hexandíóli til að búa til pólýkarbónatforfjölliðu og síðan hvarfað við 4,4′-metýlendífenýldíísósýanat og díól, s.s. pólýpropýlenglýkól og 1,4-bútandíól, til að mynda hitadeigt pólýúretan. Takmarka ætti notkun á þessu efni enn frekar þannig að það innihaldi ekki meira en 30% af pólýkarbónatforfjölliðu og sé einungis notað í margnota hluti, sem komast í stutta snertingu (≤ 30 mín) við stofuhita, fyrir matvæli sem matvælahermar A og B hafa verið valdir fyrir í töflu 2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011. Af þeim sökum ætti að færa efnið á skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni að því tilskildu að þessum takmörkunum sé fylgt.

8) Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að einnig megi nota ESM-efni nr. 1067 til framleiðslu á öðrum pólýkarbónötum eða við önnur skilyrði. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að í þeim tilvikum skapi efnið ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef flæði dímetýlkarbónats fer ekki yfir 0,05 mg/kg af matvælum og ef heildarflæði pólýkarbónatfáliða með sameindamassa undir 1 000 Da fer ekki yfir 0,05 mg/kg af matvælum. Af þeim sökum ætti að leyfa þessa notkun efnisins að því tilskildu að þessum takmörkunum sé fylgt.

9) Leyfi fyrir ESM-efni nr. 1067, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til framleiðslu á öðrum pólýkarbónötum eða við önnur skilyrði útheimtir að heildarflæði pólýkarbónatfáliða með sameindamassa undir 1 000 Da fari ekki yfir 0,05 mg/kg af matvælum. Greiningaraðferðir til að ákvarða flæði þessara fáliða eru flóknar. Lýsing á þessum aðferðum er ekki endilega aðgengileg lögbærum yfirvöldum. Án lýsingar getur lögbært yfirvald ekki sannprófað að flæði fáliða úr efniviðnum eða hlutnum samræmist flæðimörkunum fyrir þessar fáliður. Því ætti að krefjast þess að rekstraraðilar, sem setja endanlegu hlutina eða efniviðinn sem inniheldur þetta efni á markað, leggi fram lýsingu á aðferðinni og kvörðunarsýni ef þess er krafist í aðferðinni.

10) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti jákvætt vísindalegt álit ([9]) um notkun efnisins ísóbútans (CAS-númer 75-28-5, ESM-efni nr. 1069) sem freyðiefni fyrir plast sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli. Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þetta efni skapi ekki öryggisvanda fyrir neytendur ef það er notað sem freyðiefni í plast sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli. Af þeim sökum ætti að leyfa þessa notkun efnisins. Flokkur efnasambanda, með safnheitið „freyðiefni“, inniheldur einnig yfirborðsvirk efni og oft er talið að einungis sé

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/752 frá 28. apríl 2017 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 113, 29.4.2017, bls. 18).

([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4901.

([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(1), 5116.

um að ræða yfirborðsvirk efni. Til að koma í veg fyrir hugsanlegan rugling og í samræmi við verkunarmáta þessa efnis, sem Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á, ætti að nota samheitið „þanefni“ í færslunni fyrir þetta efni í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011.

11) Í töflu 3 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er úthlutað matvælahermum sem á að nota við prófanir til að sýna fram á að efniviðir og hlutir úr plasti, sem hafa enn ekki komist í snertingu við matvæli, séu í samræmi við heildarflæðimörkin sem mælt er fyrir um í 12. gr. þeirrar reglugerðar. Í línum 3 og 4 er tvíræðni í tilvísunum til matvælaherma sem á að nota að nota við prófanir á heildarflæði tilgreindra vara, einkum mjólkurvara. Í þriðju línu er vísað til vatnskenndra og áfengra matvæla og mjólkurvara almennt og kveðið á um notkun matvælahermis D1 (50% etanól). Í fjórðu línu er vísað til vatnskenndra, súrra og áfengra matvæla og mjólkurvara og kveðið á um notkun matvælahermis D1 og matvælahermis B (3% ediksýra). Nota á matvælahermi B fyrir súrar vörur með pH-gildi undir 4,5 eins og mælt er fyrir um í 2. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011. Getið er um mjólkurvörur í báðum línum vegna þess að þótt mjólk sé í sjálfu sér með tiltölulega hlutlaust sýrustig (pH-gildi 6,5–6,8) eru tilteknar unnar (gerjaðar eða sýrðar) mjólkurvörur með súr pH-gildi á bilinu 4,0 til 4,5. Þessa tvískiptingu er unnt að túlka ranglega á þann hátt að hún merki að súrar mjólkurvörur séu einnig teknar með í þriðju línu og að því sé einungis hægt að prófa þær með matvælahermi D1 en ekki með matvælahermi B eins og mælt er fyrir um í fjórðu línu. Því er rétt að skýra nánar þriðju og fjórðu línuna í töflu 3 með því að tilgreina pH-gildi skráðra mjólkurvara með því að nota pH-gildið 4,5 sem þröskuldsgildi.

12) Því ætti að breyta og leiðrétta I. og III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Efniviði og hluti úr plasti, sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 sem gilti fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, má setja á markað fram til 31. janúar 2020 og mega þeir vera áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt sem hér segir:

1) Töflu 1 í I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna sem varða ESM-efni nr. 467, 744, 1066 og 1068 komi eftirfarandi:

„467	14800 45600	3724-65-0	krótónsýra	já	já	nei		(35)“		
„744	18888	080181-31-3	samfjölliða 3-hýdroxý-bútansýru og 3-hýdroxýpentansýru	nei	já	nei		(35)	Efnið er notað sem vara sem fengin er með bakteríugerjun. Í samræmi við forskriftirnar sem getið er í töflu 4 í I. viðauka.“	
„1066		23985-75-3	1,2,3,4-tetrahýdrón-aftalen-2,6-díkar-boxýlsýra, dímetýlester	nei	já	nei	0,05		Einungis til notkunar sem sameinliða við framleiðslu á pólýesterlagi, sem kemst ekki í snertingu við matvæli, í marglaga plastefni sem á einungis að komast í snertingu við matvæli sem matvælahermar A, B, C og/eða D1 hafa verið valdir fyrir í töflu 2 í III. viðauka. Sértæk flæðimörk í 8. dálki vísa til summu efnisins og tvíliða þess (hringuð og opin keðja).“	
„1068		2530-83-8	[3-(2,3-epoxý-própoxý)própýl]-trímetoxýsílan	nei	já	nei			Einungis til notkunar sem efnisþáttur í límsterkjuefni til að meðhöndla glertrefjar sem á að fella inn í plastefni með litla dreifð, sem eru styrkt með glertrefjum, (pólýetýlentereþalat, pólýkarbónat, pólýbútýlentereþalat, hitaherðandi pólýesterefni og epoxýbis-fenólvínýlestri) í snertingu við öll matvæli. Í meðhöndluðum glertrefjum mega leifar efnisins ekki greinast við 0,01 mg/kg að því er varðar efnið og 0,06 mg/kg að því er varðar hvert myndefni (vatnsrofnar einliður og hringaðar tvíliður, þríliður og fjórliður sem innihalda epoxý).“	

b) Eftirfarandi færslum er skotið inn í númeraröð eftir ESM-efnisnr.:

„1059		147398-31-0	pólý((R)-3-hýdroxý-bútýrat-co-(R)-3-hýdróhexanóat)	nei	já	nei		(35)	Einungis til notkunar eitt og sér eða blandað við aðrar fjölliður í snertingu við matvæli sem matvælahermir E hefur verið valinn fyrir í töflu 2 í III. viðauka.“	

„1067		616-38-6	dímetýlkarbónat	nei	já	nei			Eingöngu til notkunar: a) með 1,6-hexandíóli við framleiðslu á pólýkarbónatforfjölliðum sem eru notaðar í styrk sem nemur allt að 30% til að framleiða hitadeig pólýúretön með 4,4′-metýlendífenýldíísósýanati og díólum, s.s. pólýprópýlenglýkóli og 1,4-bútandíóli. Efnið, sem verður til, skal einungis notað í margnota hluti, sem er ætlað að komast í stutta snertingu (≤ 30 mín við stofuhita), fyrir matvæli sem matvælahermar A og/eða B hafa verið valdir fyrir í töflu 2 í III. viðauka eða b) til framleiðslu á öðrum pólýkarbónötum og/eða við önnur skilyrði, að því tilskildu að flæði dímetýlkarbónats fari ekki yfir 0,05 mg/kg af matvælum og að flæði allra pólýkarbónatfálíða með sameindamassa undir 1 000 Da fari samanlagt ekki yfir 0,05 mg/kg af matvælum.	(27)“
„1069		75-28-5	ísóbútan	já	nei	nei			Eingöngu til notkunar sem þanefni.“	

2) Eftirfarandi færsla bætist við í töflu 2 í I. viðauka:

„35	467 744 1059	0,05	gefið upp sem krótónsýra“

3) Eftirfarandi færsla bætist við í töflu 3 í I. viðauka:

„27)	Þegar fullunninn efniviður eða hlutur, sem inniheldur þetta efni og er framleiddur við önnur skilyrði en þau sem lýst er í a-lið 10. dálks í töflu 1, er settur á markað skal aðferð, sem lýst er vel, til að ákvarða hvort flæði fáliða samræmist takmörkunum sem tilgreindar eru í b-lið 10. dálks í töflu 1, vera hluti af fylgiskjölunum sem um getur í 16. gr. Þessi aðferð skal henta lögbæru yfirvaldi til notkunar til að sannprófa samræmi. Ef fullnægjandi aðferð er aðgengileg öllum skal vísa í þá aðferð. Ef aðferðin krefst kvörðunarsýnis skal afhenda lögbæru yfirvaldi fullnægjandi sýni sé þess óskað.“

4) Í stað línunnar sem varðar takmarkanir á færslunni sem varðar ESM-efni nr. 744 í töflu 4 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„Takmarkanir	Sértæk flæðimörk fyrir krótónsýru eru 0,05 mg/kg af matvælum“

5) Í stað þriðju og fjórðu línu í töflu 3 í 4. lið III. viðauka komi eftirfarandi:

„öll vatnskennd og áfeng matvæli og mjólkurvörur með pH-gildi ≥ 4,5	matvælahermir D1
öll vatnskennd og áfeng matvæli og mjólkurvörur með pH-gildi < 4,5	matvælahermir D1 og matvælahermir B“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/470 **2019/EES/31/58**

frá 21. mars 2018

um ítarlegar reglur um það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit með matvælum sem unnin eru úr dýrum, sem hafa verið meðhöndluð í Sambandinu skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 470/2009 er kveðið á um ákvörðun hámarksgilda leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf sem gefin eru dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis og í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) („Tafla 1“) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu. Í tengslum við sum efni eru mismunandi hámarksgildi leifa sett fram fyrir ólíkar tegundir eða tegundahópa og fyrir ólíka markvefi þeirra tegunda eða tegundahópa.

3) Í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ([3]) er mælt fyrir um reglur varðandi meðhöndlun dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, sem sýna einkenni ástands sem engin leyfileg dýralyf eru fyrir í aðildarríki. Einkum er í 2. mgr. þeirrar greinar, sem er túlkuð í tengslum við 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, kveðið á um að aðeins megi meðhöndla slík dýr með lyfjum sem innihalda lyfjafræðilega virk efni ef efnin eru skráð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010.

4) Gerð er krafa um að framkvæmdastjórnin samþykki ítarlegar reglur um þau hámarksgildi leifa sem koma til greina við eftirlit með matvælum sem unnin eru úr dýrum, sem hafa verið meðhöndluð skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB. Að því er varðar sérstaka markvefi úr dýrategundum, sem hafa verið meðhöndlaðar í ESB skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB, gæti verið að engin hámarksgildi leifa hafi verið skráð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010. Til að tryggja öfluga neytendavernd þarf sértækar reglur til að tilgreina hvaða hámarksgildi leifa gilda í þeim tilvikum. Í reglunum ætti að taka tillit til hámarksgilda leifa sem eru fastsett samkvæmt reglugerð (EB) nr. 470/2009 fyrir ólíkar dýrategundir og ólíka markvefi þar sem áhættumat hefur sýnt fram á öryggi þeirra fyrir neytendur. Beiting gildandi hámarksgilda leifa á samsetningar vefja og tegunda, sem engin hámarksgildi leifa hafa verið fastsett fyrir, ásamt beitingu viðeigandi biðtíma til afurðanýtingar eða sjálfgefins lágmarksbiðtíma til afurðanýtingar skv. 11. gr. veitir nægilega tryggingu fyrir öryggi neytenda.

5) Að því er varðar meðhöndlun skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB er mest viðeigandi að vísa til hámarksgilda leifa, sem eru fastsett í töflu 1, fyrir tegundir með svipaða líkamsbyggingu og efnaskipti til að skilgreina hámarksgildi dýralyfjaleifa í dýrategundum sem eru ekki skráðar í töflu 1. Því ætti að flokka dýrategundir sem gefa af sér afurðir til manneldis í hópa og líta á þau sem skyld með tilliti til ólíkra líffærafræðilegra og efnaskiptalegra tengsla milli þeirra.

6) Helst koma til greina hámarksgildi leifa, sem eru skráð í töflu 1 fyrir sama markvefinn í skyldri eða náskyldari tegund, og sem síðasta úrræði lægstu hámarksgildi leifa fyrir alla markvefi í öllum tegundum.

7) Ef takmarkanir eru skilgreindar í töflu 1 varðandi beitingu hámarksgilda leifa fyrir tiltekna notkun gilda takmarkanirnar einnig um hugsanlega notkun fyrir aðrar dýrategundir og/eða markvefi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 79, 22.3.2018, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit með matvælum sem unnin eru úr dýrum, sem hafa verið meðhöndluð í ESB skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

2. gr.

1. Að því er varðar þessa reglugerð er dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis skipt í eftirfarandi hópa:

a) jórturdýr,

b) einmaga spendýr,

c) alifuglar og strútfuglar,

d) uggfiskar,

e) býflugur,

f) krabbadýr,

g) lindýr.

2. Að því er varðar þessa reglugerð teljast dýrategundir „skyldar“ eða „náskyldari“ sem hér segir:

a) dýrategundir sem tilheyra sama hópi skv. 1. mgr. teljast „skyldar“ tegundir,

b) innan hóps jórturdýra telst sauðfé og geitur „náskyldari“ innbyrðis en tegundum nautgripa og tegundir nautgripa „náskyldari“ innbyrðis en sauðfé eða geitum,

c) dýr af hestaætt og kanínur teljast jafnskyld einmaga spendýrum og jórturdýrum. Þó teljast jórturdýr hvorki skyld dýrum af hestaætt né kanínum.

3. Að því er varðar þessa reglugerð eru ólíkir markvefir lagðir að jöfnu sem hér segir:

a) markvefurinn „húð og fita“ í svínum og alifuglum er lagður að jöfnu við markvefinn „fita“ í öðrum dýrategundum og öfugt,

b) markvefurinn „húð og vöðvar“ í uggfiskum er lagður að jöfnu við markvefinn „vöðvar“ í öðrum dýrategundum og öfugt,

c) ætir hlutar krabbadýra og lindýra eru lagðir að jöfnu við markvefinn „vöðvar“ í öðrum dýrategundum.

3. gr.

Að því er varðar lyfjafræðilega virk efni, sem eru skráð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 („Tafla 1“), þar sem a.m.k. eitt hámarksgildi leifa eða bráðabirgðahámarksgildi leifa hefur verið fastsett, skal það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit með markvef sem unninn er úr dýrategund, sem hefur verið meðhöndluð í ESB skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB („meðhöndlaða tegundin“) vera sem hér segir:

a) ef a.m.k. eitt hámarksgildi leifa er fastsett í töflu 1 fyrir þann markvef í tegund sem er skyld meðhöndluðu tegundinni:

   1) það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit skal vera lægst allra hámarksgilda leifa sem fastsett hafa verið í töflu 1 fyrir þann markvef í tegundum sem eru skyldar meðhöndluðu tegundinni,

   2) ef meðhöndlaða tegundin er hins vegar tegund sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og hámarksgildi leifa eru fastsett í töflu 1 fyrir þann markvef í tegundum sem eru náskyldari meðhöndluðu tegundinni er það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit lægst þeirra hámarksgilda leifa sem hafa verið fastsett fyrir þann markvef í náskyldari tegundunum,

b) ef a-liður á ekki við skal það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit vera lægst allra hámarksgilda leifa sem fastsett hafa verið í töflu 1 fyrir þann markvef í tegundum sem eru ekki skyldar meðhöndluðu tegundinni,

c) ef hvorki a- né b-liður gefa af sér það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit skal það hámarksgildi leifa sem kemur til greina við eftirlit vera lægst allra hámarksgilda leifa sem eru fastsett í töflu 1 fyrir aðra markvefi í öllum dýrategundum,

d) ef takmarkanir eru skilgreindar í töflu 1 varðandi beitingu hámarksgilda leifa fyrir tiltekna notkun gilda takmarkanirnar einnig þegar verið er að ákvarða hámarksgildi leifa skv. a-, b- og c-lið 3. gr. fyrir hugsanlega notkun fyrir aðrar dýrategundir og/eða markvefi.

4. gr.

Að því er varðar lyfjafræðilega virk efni, sem eru skráð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010, þar sem engra hámarksgilda leifa er krafist, í samræmi við 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009, skal ekki gerð krafa um hámarksgildi leifa við eftirlit fyrir markvefi úr dýrategundum, sem hafa verið meðhöndlaðar í ESB skv. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB, að því tilskildu að farið sé að takmörkunum sem fastsettar eru í töflu 1.

5. gr.

Hámarksgildi leifa í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem eru í gildi þegar matvæli úr dýraríkinu eru sett á markað skulu gilda um vörurnar sem sæta eftirliti.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1076 **2019/EES/31/59**

frá 30. júlí 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið ísóflúran með tilliti til hámarksgildis leifa(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, séu ákvörðuð í reglugerð.

2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]) eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

3) Ísóflúran er þegar tilgreint í þeirri töflu sem leyft efni fyrir dýr af hestaætt en eingöngu til notkunar sem svæfingarlyf. Gildandi færsla hefur flokkunina „hámarksgildis leifa ekki krafist“.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir ísóflúran til svína hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir ísóflúran í svínum.

6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

7) Lyfjastofnun Evrópu telur að ekki sé unnt sem stendur að leggja áreiðanlegt mat á yfirfærslu færslunnar fyrir ísóflúran yfir á aðra aldursflokka og tegundir vegna ófullnægjandi gagna.

8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fara að nýju hámarksgildi leifa.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 194, 31.7.2018, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. september 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið ísóflúran í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Ísóflúran	Á EKKI VIÐ	*Dýr af hestaætt*	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Til innöndunar	Svæfingarlyf“
		Svín	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Til innöndunar fyrir smágrísi sem eru allt að 7 daga gamlir	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1881 **2019/EES/31/60**

frá 3. desember 2018

um breytingu á I., III., VI., VII., VIII., IX., X., XI. og XII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) til að bregðast við nanóformum efna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er mælt fyrir um sérstakar skráningarskyldur og kvaðir sem eru lagðar á herðar framleiðendum, innflytjendum og eftirnotendum að því er varðar að taka saman gögn um efnin sem þeir framleiða, flytja inn eða nota til að meta áhættuna sem tengist þessum efnum og að móta og mæla með viðeigandi ráðstöfunum við áhættustjórnun

2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um aðra endurskoðun á reglusetningu vegna nanóefna ([2]) var komist að þeirri niðurstöðu að í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 væri ákvarðaður besti, hugsanlegi ramminn um áhættustjórnun nanóefna þegar þau koma fyrir í formi efna eða blandna en sértækari kröfur innan rammans eru nauðsynlegar.

3) Framkvæmdastjórnin innti af hendi mat á áhrifum ([3]) og komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að skýra nánar skráningarskyldur og kvaðir varðandi nanóefni. Skilgreina ætti hugtakið nanóform, að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006, á grundvelli tilmæla framkvæmdastjórnarinnar frá 18. október 2011 um skilgreiningu á nanóefni.

4) Nanóform geta verið með sértækar eiturefnafræðilegar samantektir og váhrifamynstur og geta því útheimt sértækt áhættumat og fullnægjandi ráðstafanir við áhættustjórnun.

5) Ekki er mögulegt að ganga úr skugga um hvort hugsanlegar áhættur hafi verið metnar með fullnægjandi hætti án staðlaðra lágmarksupplýsinga í tæknilegum málsskjölum og efnaöryggisskýrslu sem fjalla sérstaklega um nanóform. Nánari útlistanir á kröfum varðandi skráningu efna með nanóform og tengdar kvaðir á eftirnotendur ættu að koma fram í I. og III. viðauka og VI. til XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Þetta ætti að tryggja skýra og skilvirka framkvæmd og kostnað í réttu hlutfalli við það sem tryggir öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið án þess að hafa neikvæð áhrif á nýsköpun og samkeppnishæfni. Samþykktar breytingar vegna nanóforma ættu ekki að hafa áhrif á framkvæmd og skráningu áhættumats á öðrum formum skráða efnisins nema nanóform sé tiltekið á beinan hátt í matinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) COM(2012) 572, lokagerð.

([3]) „Impact assessment on Possible amendments of Annexes to REACH for registration of nanomaterials [SWD(2018)474].“

6) Framleiðendur og innflytjendur ættu að meta og, ef við á, taka saman nauðsynlegar upplýsingar og skrá í efnaöryggisskýrsluna að áhættum, sem stafa af tilgreindri notkun á efni með nanóform sem þeir framleiða eða flytja inn, sé haldið nægilega vel í skefjum. Til að tryggja gagnsæi ætti að lýsa því í efnaöryggisskýrslunni hvort, og þá hvaða, mismunandi nanóform falla undir matið og hvernig upplýsingarnar eru teknar saman í skýrslunni. Notkun getur breytt nanóformum efnis, hugsanlega breytt einu nanóformi í annað form eða myndað nýtt nanóform. Eftirnotendur ættu að veita þessar upplýsingar upp á við í aðfangakeðjunni til að tryggja að fjallað sé á fullnægjandi hátt um notkunina í skráningarskjölum framleiðanda eða innflytjanda eða, að öðrum kosti, að fjalla um sértæku notkunina í sinni eigin efnaöryggisskýrslu.

7) Þar eð búist er við því að meirihluti nanóefna sé nanóform efna í skráningarbið ætti að fjalla nánar um skilyrðin fyrir kröfunum um samantekt á nýjum eiturefnafræðilegum og visteiturefnafræðilegum upplýsingum um efni í litlu magni í skráningarbið til að tryggja að matsviðmiðanirnar byggist einnig á áætluðum eiginleikum nanóforma. Fyrirliggjandi eigindleg eða megindleg vensl efnabyggingar og virkni og önnur úrræði gera það enn ekki kleift að forgangsraða; þess vegna ætti að beita upplýsingum um óuppleysanleika sem staðgengli fyrir hugsanlega eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega þætti nanóforma efnis.

8) Að því er varðar nanóform ætti að leggja fram sértækar lágmarksupplýsingar um lýsingu á eiginleikum sem hluta af upplýsingum um samsetningu undir auðkenningu efnis. Agnastærð, lögun og yfirborðseiginleikar nanóforms geta haft áhrif á eiturefnafræðilega eða visteiturefnafræðilega samantekt og váhrif sem og á hegðun í umhverfinu.

9) Af ástæðum sem varða framkvæmanleika og meðalhóf ætti að vera unnt að flokka nanóform með svipaða eiginleika í söfn svipaðra nanóforma. Gefa ætti upp eiginleika mismunandi nanóforma, innan safna svipaðra nanóforma, á gildisbilum sem skilgreina með skýrum hætti mörkin fyrir safn svipaðra nanóforma. Þegar safn svipaðra nanóforma er skilgreint ætti að leggja fram rökstuðning fyrir því að mismunur innan þessara marka hafi ekki áhrif á hættumat, váhrifamat og áhættumat á einstökum nanóformum innan safns svipaðra nanóforma.

10) Skráningaraðilinn ætti að hafa öll mismunandi nanóform, sem falla undir skráninguna, í huga þegar sýnt er fram á öryggi. Á sama hátt ætti að leggja upplýsingar um framleiðslu, notkun á og váhrif frá mismunandi nanóformum fram á aðskilinn hátt til að sýna fram á örugga notkun þeirra. Ef safn svipaðra nanóforma er skilgreint er heimilt að nota það til að skrá þessar upplýsingar sameiginlega fyrir nanóformin í safninu.

11) Nanóform eða söfn svipaðra nanóforma, ef þau eru skilgreind, ættu að vera auðkennd í sameiginlegu framlagningunni með því að nota sömu meginreglur um lýsingu á eiginleikum nanóformanna og leggja ætti fram tengsl á milli nanóforma, sem eru auðkennd í einstökum skráningum, og viðeigandi upplýsinga í sameiginlegu framlagningunni.

12) Til að unnt sé að meta með fullnægjandi hætti mikilvægi allra eðlisefnafræðilegra, eiturefnafræðilegra og visteiturefnafræðilegra upplýsinga fyrir mismunandi nanóform ætti að lýsa eiginleikum prófunarefnisins á viðeigandi hátt. Af sömu ástæðum ætti að leggja fram skráð prófunarskilyrði og vísindaleg rök fyrir mikilvægi og nægjanleika prófunarefnisins sem var notað sem og skjöl er varða mikilvægi og nægjanleika upplýsinga sem fengust eftir öðrum leiðum en með prófunum á mismunandi nanóformum.

13) Að því er varðar nanóform ætti ávallt að taka til skoðunar leysnihraða í vatni sem og í viðeigandi líffræðilegum miðlum og umhverfismiðlum þar eð hann sýnir mikilvægar upplýsingar til viðbótar við vatnsleysni sem eðlisefnafræðilegan grunneiginleika nanóforma sem getur ákvarðað aðferð við áhættumat og prófanir á þeim.

14) Deilistuðull í oktanóli/vatni er alla jafna notaður sem staðgengill fyrir ásog eða uppsöfnun en á e.t.v. sjaldan við fyrir nanóform. Í þeim tilvikum ætti þess í stað að íhuga að rannsaka dreifistöðugleika í mismunandi, viðeigandi prófunarmiðlum með veruleg áhrif á þessa endapunkta sem og að vinna möt á váhrifum frá nanóformum.

15) Tilteknir eðlisefnafræðilegir eiginleikar, s.s. vatnsleysni eða deilistuðull í oktanóli/vatni, eru framlag til viðtekinna megindlegra vensla efnabyggingar og virkni og annarra spálíkana sem unnt er að nota til að aðlaga sumar upplýsingakröfurnar. Þar eð undirliggjandi forsendur gilda e.t.v. ekki alltaf um nanóefni ætti einungis að nota slíkar aðlaganir fyrir nanóform með vísindalegum rökum. Í sérstökum tilvikum er heimilt að nota leysnihraðann í viðkomandi prófunarmiðli í staðinn.

16) Til að unnt sé að meta hugsanleg váhrif frá nanóformum, sem unnt er að anda að sér, á skilvirkan hátt, einkum á vinnustöðum, ætti að leggja fram upplýsingar um ryksöfnun fyrir mismunandi nanóform.

17) Sértækir eiginleikar nanóforma geta stundum komið í veg fyrir upptöku þeirra gegnum frumuvegg baktería sem gerir það að verkum að rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í bakteríum (AMES-prófun B.13-14, OECD TG 471) á ekki við. Til að tryggja að samt sé einnig unnt að nota stigskipta aðferð fyrir stökkbreytandi hrif í slíkum tilvikum ætti einnig að leggja fram eina rannsókn, eða fleiri, til viðbótar í glasi á stökkbreytandi hrifum á spendýrafrumum eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar aðferðir við rannsóknir í glasi fyrir efni í litlu magni.

18) Þó svo að gerð sé krafa um prófanir á bráðum eiturhrifum með íkomuleið um munn fyrir minnsta efnismagnið er talið að innöndun eigi betur við sem váhrifaleið að því er varðar nanóform og gera ætti kröfu um hana í staðinn nema váhrif á menn séu ólíkleg.

19) Í því skyni að afla upplýsinga um endurtekinn skammt í skamman tíma og hálflangvinn eiturhrif þar sem íkomuleiðin er með innöndun ætti prófun á nanóformum alltaf að innihalda vefjameinafræðilega rannsókn á heila og lungnavef sem og rannsókn á vökva úr berkju- og lungnablöðruskolun, hvarfafræði og viðeigandi afturbatatímabil í samræmi við leiðbeiningarskjal Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

20) Dreifing nanóforms í líkamanum getur haft áhrif á eiturefnafræðilega samantekt í samanburði við önnur form sama efnis nema nanóformið leysist hratt upp þegar það kemur inn í lífveruna. Þess vegna ætti mat á hegðun, að því er varðar eiturefnahvörf, að liggja fyrir vegna efnaöryggismats á nanóformi þegar gerð er krafa um slíkt mat. Þetta ætti að gera það kleift að þróa skilvirka prófunaráætlun eða aðlaga hana fyrir efni með nanóform með það að markmiði að lágmarka prófanir á dýrum. Þar sem við á ætti skráningaraðilinn að leggja til að gerð verði rannsókn, sem kemur til viðbótar samantekt á fyrirliggjandi upplýsingum um eiturefnahvörf, eða þá að Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) getur krafist slíkrar rannsóknar í samræmi við 40. eða 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

21) Fjöldi sértækra eðlisefnafræðilegra eiginleika, til viðbótar við þá sem eru notaðir til að sanngreina mismunandi nanóform, geta talist skipta máli fyrir vísindalegan skilning á hættu og váhrifum frá nanóefni, ásamt nauðsynlegum breytum með hliðsjón af einstökum tilvikum. Af ástæðum sem varða framkvæmanleika og meðalhóf ættu einungis skráningaraðilar efna (þ.m.t. öll nanóform), sem eru sett á markað í meira magni en 10 tonn/ári, að vera skyldugir til að taka sérstaklega til athugunar frekari upplýsingar af þessu tagi ef aðrir eiginleikar agna hafa veruleg áhrif á hættu af eða váhrif frá þessum nanóformum.

22) Við aðlögun á stöðluðum prófunarkröfum í VII. til X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, þar sem beitt er almennum reglum um aðlögun skv. 1. lið XI. viðauka, ætti að fjalla aðskilið um mismunandi nanóform. Við flokkun mismunandi nanóforma getur lík sameindabygging ein og sér ekki þjónað sem rökstuðningur fyrir beitingu ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum eða flokkun.

23) Efnastofnunin, í samstarfi við aðildarríki og hagsmunaaðila, ætti að þróa áfram leiðbeiningarskjöl fyrir notkun prófunaraðferða og möguleika á undanþágum frá stöðluðu upplýsingakröfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð að því er varðar reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

24) Því ætti að breyta I. og III. viðauka og VI. til XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

25) Ekki ætti að gera þá kröfu að farið sé tafarlaust að ákvæðum þessarar reglugerðar til að veita öllum skráningaraðilum og eftirnotendum nægan tíma til að aðlagast sértækari kröfum fyrir efni með nanóform. Þó ætti að vera mögulegt fyrir skráningaraðila að fara að þessum ákvæðum fyrir þann dag þegar reglugerðin kemur til framkvæmda.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og III. viðauka og VI. til XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Þrátt fyrir aðra málsgrein 3. gr. er framleiðendum og innflytjendum, sem skrá efni með nanóform annaðhvort sem efni sem eru ekki í skráningarbið eða sem efni í skráningarbið skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sem og eftirnotendum, sem taka saman efnaöryggisskýrslur, heimilt að fara að þessari reglugerð fyrir 1. janúar 2020.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Í stað undirliðar 0.1. komi eftirfarandi:

„0.1. Markmiðið með þessum viðauka er að setja fram hvernig framleiðendum og innflytjendum ber að meta og staðfesta að allri áhættu, sem tengist efnum sem þeir framleiða eða flytja inn, sé haldið nægilega í skefjum við framleiðsluna og í þeirra eigin notkun og að aðrir, sem eru neðar í aðfangakeðjunni, geti haldið áhættunni nægilega í skefjum. Í efnaöryggisskýrslunni skal einnig lýsa því hvort og hvaða mismunandi nanóform efna, sem eiginleikunum er lýst fyrir í VI. viðauka, eru framleidd og flutt inn, þ.m.t. fullnægjandi rökstuðningur fyrir sérhverri upplýsingakröfu þar sem því er lýst hvenær og hvernig upplýsingar um eitt form eru notaðar til að sýna fram á öryggi annarra forma. Kröfur sem eru sértækar fyrir nanóform efnis í þessum viðauka gilda um öll nanóform sem falla undir skráninguna án þess að það hafi áhrif á kröfur sem gilda um önnur form efnisins. Viðaukinn gildir einnig, að breyttu breytanda, um framleiðendur og innflytjendur hluta sem er skylt að vinna efnaöryggismat í tengslum við skráningu.“

b) Í stað undirliðar 0.3. komi eftirfarandi:

„0.3. Í efnaöryggismati framleiðanda skal fjallað um framleiðslu efnis og alla tilgreinda notkun. Í efnaöryggismati innflytjanda skal fjallað um alla tilgreinda notkun. Í efnaöryggismatinu skal tekið tillit til notkunar efnisins sem slíks (þ.m.t. öll helstu óhreinindi og íblöndunarefni), í blöndum og í hlutum, í samræmi við tilgreindu notkunina. Við matið skal taka tillit til allra vistferilskeiða efnisins sem leiðir af framleiðslu þess og tilgreindri notkun. Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna. Rökstuðningur og ályktanir sem dregnar eru af matinu skulu vera viðeigandi fyrir þessi nanóform. Efnaöryggismatið skal grundvallast á samanburði á hugsanlegum, skaðlegum áhrifum viðkomandi efnis og þekktra eða tiltölulega fyrirsjáanlegra váhrifa þess á menn og/eða umhverfið og skal þar tekið tillit til gerðra sem og ráðlagðra ráðstafana við áhættustjórnun og til notkunarskilyrða.“

c) Í stað undirliðar 0.4. komi eftirfarandi:

„0.4. Efni, sem vænta má að hafi sambærilega eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika eða fylgi reglubundnu mynstri vegna þess að þau eru lík að byggingu, má líta á sem flokk eða „undirflokk“ efna. Ef framleiðandi eða innflytjandi telur að efnaöryggismat á tilteknu efni nægi til að meta og skjalfesta að allri áhættu, sem tengist öðru efni eða flokki eða „undirflokki“ efna, sé haldið nægilega í skefjum getur hann notað fyrrgreint efnaöryggismat fyrir hitt efnið eða flokk eða „undirflokk“ efna. Framleiðandinn eða innflytjandinn skal leggja fram rökstuðning þar að lútandi. Ef einhver þessara efna eru til í nanóformi, einu eða fleiri, og gögn um eitt form eru notuð til að sýna fram á örugga notkun annarra forma, í samræmi við almennu reglurnar sem settar eru fram í XI. viðauka, skal færa vísindaleg rök fyrir því hvernig, þegar reglum um flokkun og ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum er beitt, unnt er að nota gögn úr tiltekinni prófun eða aðrar upplýsingar (t.d. aðferðir, niðurstöður eða ályktanir) fyrir önnur form efnisins. Sömu atriði gilda um sviðsmyndir af váhrifum og ráðstafanir við áhættustjórnun.“

d) Í stað síðustu málsgreinar í undirlið 0.5. komi eftirfarandi:

„Ef framleiðandinn eða innflytjandinn telur að frekari upplýsinga sé þörf við gerð efnaöryggisskýrslu sinnar og að einungis sé unnt að afla þessara upplýsinga með því að gera prófanir í samræmi við IX. eða X. viðauka skal hann leggja fram tillögu að prófunaráætlun þar sem hann útskýrir hvers vegna hann telur að þessar upplýsingar séu nauðsynlegar og skal hann skrá það í viðeigandi lið efnaöryggisskýrslunnar. Þegar það er talið nauðsynlegt má tillaga að prófunaráætlun varða nokkrar rannsóknir sem fjalla um mismunandi form sama efnis, eftir því sem við á, vegna sömu upplýsingakrafna. Meðan hann bíður niðurstaðna úr frekari prófunum skal hann skrá í efnaöryggisskýrsluna og hafa með í uppsettri váhrifasviðsmynd þær bráðabirgðaráðstafanir við áhættustjórnun sem hann hefur þegar gert ásamt þeim sem hann mælir með við eftirnotendur í þeim tilgangi að hafa stjórn á áhættunni sem er verið að kanna. Í sviðsmyndum af váhrifum og bráðabirgðaráðstöfunum við áhættustjórnun skal fjalla um öll nanóform sem fjalla undir skráninguna.“

e) Í stað liðar 0.6.3 komi eftirfarandi:

„0.6.3 Ef 1.–4. þrep leiða til þess að framleiðandinn eða innflytjandinn kemst að þeirri niðurstöðu að efnið eða, ef við á, nanóform þess, uppfylli viðmiðanir fyrir einhvern eftirfarandi hættuflokka eða -undirflokka sem settir

eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eða ef það er metið sem efni með PBT-eiginleika eða vPvB-eiginleika, skal efnaöryggismatið einnig fela í sér 5. og 6. þrep í samræmi við 5. og 6. lið þessa viðauka:

a) hættuflokka 2.1 til 2.4, 2.6 og 2.7, 2.8, gerðir A og B, 2.9, 2.10, 2.12, 2.13, 1. og 2. undirflokkur, 2.14, 1. og 2. undirflokkur, 2.15, gerðir A til F,

b) hættuflokka 3.1 til 3.6, 3.7, skaðleg áhrif á kynstarfsemi og frjósemi eða þroskun, 3.8, áhrif önnur en sljóleiki, 3.9 og 3.10,

c) hættuflokk 4.1,

d) hættuflokk 5.1.“

f) Eftirfarandi undirþáttur 0.11.a bætist við á eftir undirlið 0.11.:

„0.11.*a* Þegar nanóform falla undir efnaöryggismat skal taka til athugunar viðeigandi mælieiningu fyrir mat og framsetningu niðurstaðna í 1.–6. þrepi efnaöryggismatsins skv. 0.6.1 og 0.6.2 og rökstuðningur skal fylgja í efnaöryggisskýrslunni og dreginn saman í öryggisblaðinu. Margs konar framsetning á mælieiningunni, þ.m.t. upplýsingar um mælieiningu fyrir massa, er ákjósanleg. Ef unnt er skal tilgreina aðferð fyrir gagnkvæman umreikning.“

g) Eftirfarandi málsliður bætist við á eftir fyrstu málsgrein í lið 1.0.3:

„Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna.“

h) Í stað annarrar málsgreinar í lið 1.3.1. komi eftirfarandi:

„Matið skal alltaf fela í sér yfirlýsingu um hvort efnið eða, ef við á, nanóform þess, uppfyllir, eða uppfyllir ekki, viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 fyrir flokkun í hættuflokkana krabbameinsvaldandi áhrif, undirflokkur 1A eða 1B, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, undirflokkur 1A eða 1B eða eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B.“

i) Í stað liðar 1.3.2. komi eftirfarandi:

„1.3.2 Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni eða, ef við á, nanóform þess, í tiltekinn hættuflokk eða -undirflokk skulu skráningaraðilarnir tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem þeir hafa gripið til, eða ákvarðanir sem þeir hafa tekið vegna þessa.“

j) Í stað annarrar málsgreinar í undirlið 2.2 komi eftirfarandi:

„Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni eða, ef við á, nanóform þess, í tiltekinn hættuflokk eða -undirflokk skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.“

k) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok liðar 3.0.2.:

„Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna.“

l) Í stað liðar 3.2.1. komi eftirfarandi:

„3.2.1 Gera skal grein fyrir og rökstyðja viðeigandi flokkun sem er í samræmi við viðmiðanirnar í reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Tilgreina skal margföldunarstuðla í tengslum við beitingu 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og þeir rökstuddir ef þeir eru ekki í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Framsetningunni og rökstuðningnum er beitt á öll nanóform sem falla undir skráninguna.“

m) Í stað liðar 3.2.2. komi eftirfarandi:

„3.2.2 Ef upplýsingarnar eru ófullnægjandi til að ákvarða hvort flokka skuli efni eða, ef við á, nanóform þess, í tiltekinn hættuflokk eða -undirflokk skal skráningaraðilinn tilgreina og rökstyðja þær aðgerðir, sem hann hefur gripið til, eða ákvarðanir sem hann hefur tekið vegna þessa.“

n) Í stað liðar 4.0.2. komi eftirfarandi:

„4.0.2 Mat á PBT- og vPvB-eiginleikum skal ná yfir eftirfarandi tvö þrep sem skulu tilgreind á skýran hátt í 8. lið B-hluta í efnaöryggisskýrslunni. Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna:

1. þrep : Samanburður við viðmiðanirnar.

2. þrep : Lýsing á losun.

Einnig skal setja samantekt um matið í 12. lið á öryggisblaðinu.“

o) Í stað undirliðar 4.2. komi eftirfarandi:

„4.2. 2. þrep: Lýsing á losun

Ef efnið uppfyllir viðmiðanirnar eða ef það er talið hafa PBT-eiginleika eða vPvB-eiginleika í skráningarskjölunum skal taka saman lýsingu á losun sem tekur til viðeigandi hluta matsins á váhrifum sem lýst er í 5. lið. Hún skal einkum fela í sér áætlað magn efnisins, sem er losað út í mismunandi umhverfishólf í allri starfsemi framleiðanda eða innflytjanda og við alla tilgreinda notkun, ásamt greiningu á líklegum leiðum váhrifa á menn og umhverfi af völdum efnisins. Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna.“

p) Í stað fyrstu málsgreinar í undirlið 5.0. komi eftirfarandi:

„Markmiðið með mati á váhrifum skal vera megindlegur eða eigindlegur útreikningur á þeim skammti/styrk efnisins sem menn og umhverfið verða fyrir eða geta orðið fyrir váhrifum af. Við matið skal taka tillit til allra vistferilskeiða efnisins sem fylgja í kjölfarið á framleiðslu þess og tilgreindri notkun og matið skal taka til allra váhrifa sem geta tengst hættunum sem eru tilgreindar í 1. til 4. lið. Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna. Matið á váhrifum skal taka til beggja eftirfarandi þrepa og þau skulu tilgreind á skýran hátt í efnaöryggisskýrslunni:“

q) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok liðar 5.2.2.:

„Þegar nanóform falla undir skráninguna skal við útreikning á losun vegna þeirra, ef við á, taka til greina aðstæður þar sem skilyrðin, sem lýst er í c-lið í lið 3.2 í XI. viðauka, eru uppfyllt.“

r) Í stað liðar 5.2.3. komi eftirfarandi:

„5.2.3 Taka skal saman lýsingu á hugsanlegu niðurbroti, ummyndun eða efnahvörfum og reikna dreifingu og afdrif í umhverfinu.

Þegar nanóform falla undir skráninguna skal lýsing á eiginleikum leysnihraðans, uppsöfnun agna, kekkjamyndun og breytinga á yfirborðsefnafræði agna fylgja með.“

2. Í stað III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 komi eftirfarandi:

„VIÐMIÐANIR FYRIR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI SEM ER Á BILINU 1 TIL 10 TONN

Viðmiðanir fyrir efni og, ef við á, nanóform þeirra, sem eru skráð í magni sem er á bilinu 1 til 10 tonn, með tilvísun í a- og b-lið 1. mgr. 12. gr.:

a) efni, sem telja má (þ.e. með því að styðjast við megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða önnur gögn) líklegt að uppfylli viðmiðanir fyrir flokkun í undirflokk 1A eða 1B í hættuflokkunum fyrir krabbameinsvaldandi áhrif, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur eða eituráhrif á æxlun eða viðmiðanirnar í XIII. viðauka,

b) efni:

i. með víðtækri eða dreifðri notkun, einkum ef slík efni eru notuð í blöndur fyrir neytendur eða eru í hlutum fyrir neytendur, og

ii. sem telja má (þ.e. með því að styðjast við megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) eða önnur gögn) líklegt að uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun í hættuflokka eða áhrifategundir er varða heilbrigðis- eða umhverfishættur samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008 eða fyrir efni með nanóform nema þessi nanóform séu leysanleg í líffræðilegum miðlum og umhverfismiðlum.“

3. Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Í stað undirtitils og inngangstexta undir núverandi undirtitli „Leiðbeiningar um uppfyllingu krafnanna í VI. til XI. viðauka“ komi eftirfarandi:

„ATHUGASEMD UM UPPFYLLINGU KRAFNANNA Í VI. TIL XI. VIÐAUKA

Í VI. til XI. viðauka eru tilgreindar þær upplýsingar sem leggja skal fram við skráningu og mat skv. 10., 12., 13., 40., 41. og 46. gr. Staðalkröfurnar fyrir minnsta efnismagnið er að finna í VII. viðauka og í hvert sinn sem nýjum magnmörkum er náð verður að bæta við kröfum í tilsvarandi viðauka. Einstök atriði upplýsingakrafnanna eru breytileg við hverja skráningu og ráðast af efnismagni, notkun og váhrifum. Því skal líta á viðaukana í heild og í tengslum við allar kröfur er varða skráningu og mat og þá skyldu að sýna varfærni.

Efni er skilgreint í samræmi við 1. mgr. 3. gr. og tilgreint í samræmi við 2. lið í þessum viðauka. Efni er alltaf framleitt eða flutt inn í a.m.k. einu formi. Efni getur einnig komið fyrir í fleiri en einu formi.

Að því er varðar öll nanóform sem falla undir skráninguna skal leggja fram tiltekna, sérstaka upplýsingaliði. Lýsa skal eiginleikum nanóforma eins og kveðið er á um í þessum viðauka. Skráningaraðilinn skal rökstyðja hvers vegna upplýsingarnar sem koma fram í sameiginlegu skráningunni, sem ná yfir upplýsingakröfur vegna skráðra efna með nanóform, eru fullnægjandi til að meta nanóformin. Einnig er einstökum skráningaraðilum heimilt að leggja upplýsingar, sem skipta máli til að ná yfir upplýsingakröfur um slíkt efni, fram aðskilið þegar það er rökstutt í samræmi við 3. mgr. 11. gr.

Gera má kröfu um fleiri en eitt gagnasafn fyrir eina upplýsingakröfu eða fleiri þegar það er marktækur munur á eiginleikum sem skipta máli fyrir hættu-, váhrifa- og áhættumat og -stjórnun nanóforma. Greina skal frá þessum upplýsingum á þann hátt að það sé skýrt hvaða upplýsingar í sameiginlegu framlagningunni eigi við hvaða nanóform efnisins.

Nota skal aðferðirnar, sem settar eru fram í lið 1.5 í XI. viðauka, í skráningarskjölunum þegar tvö eða fleiri form efnis eru „flokkuð“ að því er varðar eina, fleiri eða hugsanlega allar upplýsingakröfurnar, þegar það er stutt tæknilegum og vísindalegum rökum.

Kröfur sem eru sértækar fyrir nanóform gilda með fyrirvara um kröfur sem eiga við um önnur form efnis.

Skilgreining á nanóformi og safni svipaðra nanóforma:

Á grundvelli tilmæla framkvæmdastjórnarinnar frá 18. október 2011 um skilgreiningu á nanóefni ([1]) er nanóform form náttúrulegs eða framleidds efnis sem inniheldur agnir, í óbundnu ástandi eða sem safn eða samsafn, og meira en 50% agnanna í stærðardreifingunni hafa eitt eða fleiri ytri mál sem eru á stærðarbilinu 1–100 nm, þ.m.t. eru einnig með undanþágu fúlleren, grafenflögur og einlaga nanópípur úr kolefni með einu eða fleiri ytri málum undir 1 nm.

Að því er þetta varðar merkir „ögn“ örlítið stykki úr efni sem hefur skilgreind efnisleg endimörk; „samsafn“ merkir safn laustengdra agna eða safna sem hafa þar af leiðandi ytri yfirborðsflöt sem er svipaður og summa yfirborðsflata hvers hlutar í honum og „safn“ merkir ögn sem samanstendur af fasttengdum eða samrunnum ögnum.

Lýsa skal eiginleikum nanóforms í samræmi við lið 2.4 hér á eftir. Efni getur haft eitt eða fleiri mismunandi nanóform vegna mismunar á breytunum í liðum 2.4.2 til 2.4.5.

„Safn svipaðra nanóforma“ er hópur nanóefna og eiginleikum þeirra er lýst í samræmi við lið 2.4 þar sem skýrt skilgreind mörk í breytunum í liðum 2.4.2 til 2.4.5 fyrir einstök nanóform í safninu gera það samt kleift að komast að þeirri niðurstöðu að unnt sé að framkvæma hættumat, váhrifamat og áhættumat á þessum nanóformum sameiginlega. Leggja skal fram rökstuðning til að sýna fram á að breytileiki innan þessara marka hafi ekki áhrif á hættumat, váhrifamat og áhættumat á svipuðum nanóformum í safninu. Nanóform getur einungis tilheyrt einu safni svipaðra nanóforma.

Þegar vísað er til heitisins „nanóform“ í hinum viðaukunum vísar það til nanóforms eða safns svipaðra nanóforma, þegar slíkt hefur verið skilgreint, eins og skilgreint er í þessum viðauka.“

b) Í stað 1. þreps komi eftirfarandi.

„1. ÞREP – SAMANTEKT OG MIÐLUN FYRIRLIGGJANDI UPPLÝSINGA

Skráningaraðilinn skal taka saman öll fyrirliggjandi prófunargögn um efnið, sem á að skrá, og leita m.a. í heimildum að upplýsingum um efnið sem skipta máli.

Verði því við komið skal framlagning skráningarskjala vera sameiginleg, í samræmi við 11. til 19. gr. Þannig má samnýta gögn og komast hjá þarflausum prófunum og draga úr kostnaði. Skráningaraðilinn ætti enn fremur að viða að sér öllum öðrum, fáanlegum upplýsingum um efnið sem skipta máli, þ.m.t. um öll nanóform efnisins sem falla undir skráninguna, án tillits til þess hvort krafist sé að prófanir séu gerðar að tilteknum endapunkti eða ekki fyrir efnismagn á tilteknu bili. Þetta tekur til upplýsinga úr öðrum áttum (t.d. úr rannsóknum á megindlegum eða eigindlegum venslum byggingar og virkni ((Q)SAR), ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum, prófunum í lífi og í glasi ásamt faraldsfræðilegum gögnum) sem gætu komið að gagni við að staðfesta eða útiloka hættulega eiginleika efnisins og sem gætu í tilteknum tilvikum komið í stað niðurstaðna úr tilraunum á dýrum.

Auk þess skal taka saman upplýsingar um váhrif, notkun og ráðstafanir við áhættustjórnun í samræmi við 10. gr. og þennan viðauka. Þegar allar þessar upplýsingar eru vegnar og metnar í heild verður skráningaraðilinn fær um að meta hvort hann þurfi að verða sér úti um frekari upplýsingar.“

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 20.10.2011, bls. 38.

c) Í stað 3. þreps komi eftirfarandi.

„3. ÞREP – GREINING Á SKORTI Á UPPLÝSINGUM

Skráningaraðilinn skal síðan bera saman þær upplýsingar, sem þarf um efnið, og fyrirliggjandi upplýsingar og að hvaða marki er unnt að nota þær upplýsingar sem nú eru fyrir hendi um öll nanóform sem falla undir skráninguna og greina hvaða upplýsingar skortir.

Á þessu stigi er mikilvægt að sjá til þess að fyrirliggjandi gögn skipti máli og að þau séu nægilega vönduð til þess að uppfylla kröfurnar.“

d) Í stað 4. þreps komi eftirfarandi.

„4. ÞREP – ÚTVEGUN NÝRRA GAGNA/TILLÖGUR AÐ PRÓFUNARÁÆTLUN

Í sumum tilvikum er óþarfi að útvega ný gögn. Ef á hinn bóginn reynist vera skortur á upplýsingum, sem bæta þarf úr, skal útvega ný gögn (VII. og VIII. viðauki) eða leggja fram tillögu að prófunaráætlun (IX. og X. viðauki), eftir því hvert efnismagnið er. Því aðeins skal gera nýjar tilraunir á hryggdýrum, eða setja fram tillögur um þær, að þær séu þrautalendingin þegar ekki er völ á upplýsingum úr neinum öðrum áttum.

Aðferðin hér að framan gildir einnig ef fyrirliggjandi upplýsingar skortir um eitt eða fleiri nanóform efnisins sem er skráð í skráningarskjölunum sem lögð eru fram sameiginlega.

Í sumum tilvikum kann þess að vera krafist í reglunum, sem settar eru fram í VII. til XI. viðauka, að tilteknar prófanir séu gerðar fyrr en staðalkröfurnar segja til um eða í viðbót við það sem lýst er í staðalkröfunum.

ATHUGASEMDIR

1. athugasemd: Ef því verður ekki við komið af tæknilegum ástæðum að veita upplýsingar eða ef það er óþarft af vísindalegum ástæðum skal færa rök fyrir því á greinargóðan hátt í samræmi við viðeigandi ákvæði.

2. athugasemd: Skráningaraðilinn getur lýst því yfir að tilteknar upplýsingar, sem koma fram í framlögðum skráningarskjölum, séu viðkvæmar af viðskiptalegum ástæðum og að birting þeirra geti skaðað viðskiptahagsmuni hans. Ef þetta er raunin skal hann setja fram skrá yfir viðkomandi upplýsingar og leggja fram rökstuðning.“

e) Í stað inngangstextans í 2. lið, Auðkenning efnisins, komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í þessum lið, skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að tilgreina hvert efni og lýsa eiginleikum mismunandi nanóforma. Ef ekki er unnt af tæknilegum ástæðum að veita þær upplýsingar sem tilgreindar eru í einum eða fleiri af eftirfarandi liðum, eða það virðist ónauðsynlegt í vísindalegu tilliti, skal greina skilmerkilega frá ástæðum þess.“

f) Í stað undirliðar 2.3. komi eftirfarandi:

„2.3. Samsetning hvers efnis. Þegar skráning nær yfir eitt eða fleiri nanóform skal lýsa eiginleikum þessara nanóforma samkvæmt lið 2.4 í þessum viðauka.

2.3.1. Hreinleiki (%).

2.3.2. Eðli óhreininda, þ.m.t. hverfur og aukaafurðir.

2.3.3. Hundraðshluti (markverðra) helstu óhreininda.

2.3.4. Eðli og stærðargráða (... milljónarhluti, ...%) hugsanlegra íblöndunarefna (t.d. stöðgarar eða latar).

2.3.5. Litrófsgögn (t.d. útfjólublá, innrauð, segulómun eða massaróf).

2.3.6. Háþrýstivökvaskiljun, gasskiljun.

2.3.7. Lýsing á greiningaraðferðum eða viðeigandi tilvísanir í heimildir sem gera kleift að sanngreina efnið og, ef við á, óhreinindi og íblöndunarefni. Þessar upplýsingar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að endurtaka aðferðirnar.

2.4. Lýsing á eiginleikum nanóforma efnis: Að því er varðar hverja og eina breytu til að lýsa eiginleikum geta upplýsingarnar, sem lagðar eru fram, annaðhvort átt við einstök nanóform eða safn svipaðra nanóforma að því tilskildu að mörk safnsins séu skýrt tilgreind.

Upplýsingarnar í liðum 2.4.2–2.4.5 skulu tengdar á óyggjandi hátt við mismunandi nanóform eða söfn svipaðra nanóforma sem eru tilgreind í lið 2.4.1.

2.4.1. Heiti eða önnur auðkenni nanóforma eða safna svipaðra nanóforma efnis

2.4.2. Agnastærð á grundvelli stærðardreifingar með upplýsingum um mólhlutfall agna, sem eru efnisþættir, innan stærðarbilsins 1–100 nm.

2.4.3. Lýsing á yfirborðsvirkjun (e. *surface functionalisation*) eða -meðferð og auðkenning á hverju efni, þ.m.t. IUPAC-heiti og CAS-númer eða EB-númer.

2.4.4. Lögun, myndhlutfall og önnur útlitsleg einkenni: kristöllun, upplýsingar um samsetningu, þ.m.t. til dæmis samsetning sem líkist skel eða hol samsetning, ef við á.

2.4.5. Yfirborðsflötur (sértækur yfirborðsflötur eftir rúmmáli, sértækur yfirborðsflötur eftir massa eða hvort tveggja)

2.4.6. Lýsing á greiningaraðferðum eða viðeigandi tilvísanir í heimildir vegna upplýsingareininganna í þessum undirlið. Þessar upplýsingar skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að endurtaka aðferðirnar.“

g) Eftirfarandi inngangstexti bætist við í 3. lið á eftir fyrirsögninni „UPPLÝSINGAR UM FRAMLEIÐSLU OG NOTKUN EFNISINS/EFNANNA“:

„Ef efni, sem verið er að skrá, er framleitt eða flutt inn í einu eða nokkrum nanóformum skulu upplýsingar um framleiðslu og notkun í 3.1–3.7 innihalda aðskildar upplýsingar um mismunandi nanóform eða söfn svipaðra nanóforma sem eiginleikunum er lýst fyrir í undirlið 2.4.“

h) Í stað inngangstextans í 5. lið komi eftirfarandi:

„Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við upplýsingarnar á öryggisblaðinu ef slíks öryggisblaðs er krafist skv. 31. gr.

Ef efni, sem verið er að skrá, er einnig framleitt eða flutt inn í einu eða nokkrum nanóformum skal í upplýsingunum samkvæmt þessum lið fjalla um mismunandi nanóform eða söfn svipaðra nanóforma, sem eiginleikunum er lýst fyrir í undirlið 2.4., ef við á.“

i) Eftirfarandi inngangstexti bætist við í 6. lið á eftir fyrirsögninni „UPPLÝSINGAR UM VÁHRIF AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EFNI SEM ERU SKRÁÐ Í MAGNI Á BILINU 1 TIL 10 TONN Á ÁRI Á FRAMLEIÐANDA EÐA INNFLYTJANDA“:

„Ef efni, sem verið er að skrá, er framleitt eða flutt inn í einu eða nokkrum nanóformum skal í upplýsingunum samkvæmt þessum lið fjalla aðskilið um mismunandi nanóform eða söfn svipaðra nanóforma sem eiginleikunum er lýst fyrir í undirlið 2.4.“

4. Ákvæðum VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við á eftir þriðju málsgrein í inngangstextanum:

„Með fyrirvara um upplýsingar sem lagðar eru fram um önnur form skulu allar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar, sem skipta máli, innihalda lýsingu á eiginleikum nanóformsins sem er prófað og prófunarskilyrðunum. Leggja skal fram rökstuðning þegar megindleg vensl efnabyggingar og virkni eru notuð, eða gögnin fengin á annan hátt en með prófunum, sem og lýsingu á mismunandi eiginleikum nanóformanna sem gögnin geta átt við um.“

b) Í stað undirliðar 7.7. komi eftirfarandi:

„7.7. Vatnsleysni Að því er varðar nanóform skal að auki taka til athugunar prófun á leysnihraða í vatni sem og í viðeigandi líffræðilegum miðlum og umhverfismiðlum.	7.7. Rannsóknin er óþörf ef: — efnið er óstöðugt í vatni við pH-gildin 4,7 og 9 (helmingunartími er styttri en 12 klst.) eða — efnið oxast auðveldlega í vatni. Ef efnið virðist „óleysanlegt“ í vatni skal gera markprófun að greiningarmörkum efnagreiningaraðferðarinnar. Að því er varðar nanóform skal meta hugsanleg truflandi áhrif dreifingar þegar rannsóknin er framkvæmd.“

c) Í stað undirliðar 7.8. komi eftirfarandi:

„7.8. Deilistuðull n-oktanóls og vatns	7.8. Rannsóknin er óþörf ef efnið er ólífrænt. Ef ekki er kostur á að gera rannsóknina (t.d. ef efnið sundrast, hefur mikla yfirborðsvirkni, hvarfast kröftuglega meðan rannsóknin er gerð eða leysist ekki upp í vatni eða oktanóli eða ekki er unnt að fá nægilega hreint efni) skal leggja fram reiknað gildi fyrir log P, svo og upplýsingar um reikniaðferðina. Að því er varðar nanóform skal meta hugsanleg truflandi áhrif dreifingar í oktanóli og vatni þegar rannsóknin er framkvæmd. Að því er varðar nanóform, hvort sem þau eru úr ólífrænu eða lífrænu efni, sem deilistuðull n-oktanóls og vatns á ekki við um, skal taka til athugunar rannsókn á dreifistöðugleika í staðinn.“

d) Eftirfarandi bætist við á eftir undirlið 7.14.:

„7.14a Ryksöfnun Varðandi nanóform	7.14a. Rannsóknin er óþörf ef hægt er að útiloka váhrif frá kyrnaformi efnisins á vistferli þess.“

e) Í stað liðar 8.4.1. komi eftirfarandi:

„8.4.1 Rannsókn í glasi á genastökkbreytingum í bakteríum	8.4.1. Rannsóknin er óþörf fyrir nanóform ef hún er ekki viðeigandi. Í þessu tilviki skal leggja fram aðrar rannsóknir sem hafa í för með sér eina eða fleiri rannsóknir á stökkbreytandi hrifum í spendýrafrumum (liðir 8.4.2. og 8.4.3 í VIII. viðauka eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar aðferðir við prófanir í glasi).“

f) Í stað liðar 8.5.1 komi eftirfarandi:

„8.5.1 Íkomuleið um munn	8.5.1. Rannsóknin er óþörf ef fyrir liggur rannsókn á bráðum eiturhrifum þar sem íkomuleiðin er með innöndun (8.5.2). Að því er varðar nanóform skal rannsókn þar sem íkomuleiðin er með innöndun (8.5.2) koma í stað rannsóknar þar sem íkomuleiðin er um munn nema váhrif á menn með innöndun séu ólíkleg, að teknu tilliti til möguleika á váhrifum frá úða, ögnum eða dropum af stærð sem hægt er að anda að sér.“

g) Í stað liðar 9.1.1. komi eftirfarandi:

„9.1.1 Rannsóknir á skammvinnum eiturhrifum á hryggleysingja (ákjósanlegasta tegundin: halafló (*Daphnia*) Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsókn á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa.	9.1.1. Rannsóknin er óþörf ef: — fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur, — fyrir liggur rannsókn á langvinnum eiturhrifum á hryggleysingja, eða — fyrir liggja nægar upplýsingar til flokkunar og merkingar að því er varðar umhverfi. Að því er varðar nanóform má ekki sleppa rannsókninni eingöngu á grundvelli mikillar vatnsleysni. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á halafló (*Daphnia*) (liður 9.1.5. í IX. viðauka) kemur til greina ef efnið leysist illa í vatni eða að því er varðar nanóform ef leysnihraði þeirra í viðeigandi prófunarmiðli er lítill.“

h) Í stað liðar 9.1.2. komi eftirfarandi:

„9.1.2 Rannsókn á vaxtarhömlun hjá vatnaplöntum (helst þörungum)	9.1.2. Rannsóknin er óþörf ef mildandi þættir benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur. Að því er varðar nanóform má ekki sleppa rannsókninni eingöngu á grundvelli mikillar vatnsleysni.“

5. Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við á eftir fyrstu málsgrein í inngangstextanum:

„Með fyrirvara um upplýsingar sem lagðar eru fram um önnur form skulu allar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar, sem skipta máli, innihalda lýsingu á eiginleikum nanóformsins sem er prófað og prófunarskilyrðunum. Leggja skal fram rökstuðning þegar megindleg vensl efnabyggingar og virkni eru notuð, eða gögnin fengin á annan hátt en með prófunum, sem og lýsingu á mismunandi eiginleikum nanóformanna sem gögnin geta átt við um.“

b) Nýr liður bætist við:

„7. UPPLÝSINGAR UM EÐLISEFNAFRÆÐILEGA EIGINLEIKA EFNISINS

7.14b.	Frekari upplýsingar um eðlisefnafræðilega eiginleika Einungis fyrir nanóform	Skráningaraðilinn skal taka til athugunar að gera frekari prófanir á nanóformum, sem falla undir skráninguna, eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 41. gr., ef eitthvað bendir til að sértækir viðbótareiginleikar agna hafi veruleg áhrif á hættu af eða váhrif frá þessum nanóformum.“

c) Í stað undirliðar 8.5. komi eftirfarandi:

„8.5. Bráð eiturhrif	8.5. Rannsóknin eða rannsóknirnar eru að jafnaði óþarfar ef: — efnið er flokkað sem ætandi fyrir húð. Ef um er að ræða efni, önnur en lofttegundir, skal leggja fram upplýsingarnar, sem eru nefndar í liðum 8.5.1 til 8.5.3, að því er varðar a.m.k. eina íkomuleið, auk íkomuleiðarinnar um munn (liður 8.5.1) eða íkomuleiðarinnar með innöndun (8.5.2). Valið á viðbótaríkomuleiðinni skal ráðast af eðliseiginleikum efnisins og því hver líklegasta váhrifaleiðin er að því er menn varðar. Ef váhrifaleiðin er aðeins ein þarf aðeins að leggja fram upplýsingar um hana.“

d) Í stað liðar 8.6.1 komi eftirfarandi:

„8.6.1 Rannsókn (28 daga) á skammvinnum eiturhrifum við endurtekna skammta með einni tegund, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn.	8.6.1. Rannsókn (28 daga) á skammvinnum eiturhrifum er óþörf ef: — fyrir liggja áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknum (90 daga) á hálflangvinnum eða langvinnum eiturhrifum, að því tilskildu að notuð sé heppileg dýrategund, skammtur, leysir og íkomuleið eða — efnið sundrast þegar í stað og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um efnin sem myndast við það eða — unnt er að útiloka viðkomandi váhrif á menn í samræmi við 3. lið XI. viðauka. Velja skal viðeigandi íkomuleið á grundvelli eftirfarandi: Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef: — innöndun efnisins er ólíkleg og

— líklegt er að efnið komist í snertingu við húð við framleiðslu og/eða notkun og

— eðlisefnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð geti verið umtalsverð.

Rétt er að gera prófun á íkomuleið við innöndun ef líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndun, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg.

Að því er varðar nanóform skal taka eiturefnahvörf til athugunar, þ.m.t. afturbatatímabil og, ef við á, úthreinsun lungna.

Skráningaraðilinn skal gera tillögu að rannsókn (90 dagar) á hálflangvinnum eiturhrifum (liður 8.6.2 í IX. viðauka) ef: fjöldi tilvika, þar sem menn verða fyrir váhrifum, og lengd þeirra benda til þess að rétt sé að gera rannsókn sem varir lengur,

og að uppfylltu öðru af eftirfarandi skilyrðum:

— önnur fyrirliggjandi gögn benda til þess að efnið kunni að búa yfir hættulegum eiginleika sem ógerlegt er að greina í rannsókn á skammvinnum eiturhrifum eða

— rannsóknir á eiturefnahvörfum, sem eru rétt útfærðar, leiða í ljós að efni, eða umbrotsefni þess, safnast upp í tilteknum vefjum eða líffærum, sem koma e.t.v. ekki fram í rannsóknum á skammvinnum eiturhrifum en sem geta haft í för með sér skaðleg áhrif við langvinn váhrif.

Skráningaraðilinn skal gera tillögu að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef:

— ekki tekst að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) í 28 eða 90 daga rannsóknunum, nema ástæða þess að ekki takist að ákvarða fyrrgreind mörk sé sú að ekki sé um nein skaðleg eiturhrif að ræða eða

— að eiturhrifin eru sérstakt áhyggjuefni (t.d. alvarleg/mikil áhrif) eða

— vísbendingar um áhrif liggja fyrir en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilega lýsingu eða lýsingu á áhættu á fyrirliggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti það einnig hentað betur að gera sértækar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp til að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif, taugaeiturhrif, og, einkum fyrir nanóform, óbein erfðaeiturhrif), eða

— íkomuleiðin, sem var notuð í fyrstu rannsókninni með endurteknum skömmtum, var óhentug að því er varðar væntanlegar íkomuleiðir váhrifa sem menn verða fyrir og ekki er unnt að framreikna eina íkomuleið yfir á aðra eða

— váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörum sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum sem vænta má að valdi eiturhrifum á menn) eða

— áhrif, sem koma fram hjá efnum sem eru byggingarlega náskyld efninu sem verið er að rannsaka, greindust ekki í 28 eða 90 daga rannsókninni.“

e) Í stað undirliðar 8.8. komi eftirfarandi:

„8.8. Eiturefnahvörf	
8.8.1. Mat á eiturhvarfafræðilegri hegðun efnisins að því marki sem unnt er að ákvarða út frá viðeigandi upplýsingum sem liggja fyrir.	Að því er varðar nanóform, sem eru ekki með mikinn leysnihraða í líffræðilegum miðli, skal skráningaraðilinn leggja til rannsókn á eiturefnahvörfum, eða Efnastofnunin kann að krefjast hennar í samræmi við 40. eða 41. gr., ef ekki er hægt að framkvæma slíkt mat á grundvelli viðeigandi upplýsinga sem liggja fyrir, þ.m.t. úr rannsókn sem er framkvæmd í samræmi við 8.6.1. Val á rannsókn er háð því hvaða upplýsingar skortir ennþá og niðurstöðum úr efnaöryggismatinu.“

f) Í stað liðar 9.1.3 komi eftirfarandi:

„9.1.3 Prófanir á skammvinnum eiturhrifum á fisk: skráningaraðilinn getur valið að gera rannsókn á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa.	9.1.3. Rannsóknin er óþörf ef: — fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að eiturhrif á lífríki í vatni komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða ólíklegt er að efnið berist gegnum líffræðilegar himnur eða — fyrir liggja niðurstöður úr rannsóknum á langvinnum eiturhrifum á fisk. Að því er varðar nanóform má ekki sleppa rannsókninni eingöngu á grundvelli mikillar vatnsleysni. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum, sem lýst er í IX. viðauka, kemur til greina ef efnaöryggismatið, skv. I. viðauka, gefur til kynna að rannsaka þurfi nánar áhrif á vatnalífverur. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Rannsókn á langvinnum eiturhrifum á fisk (liður 9.1.6. í IX. viðauka) kemur til greina ef efnið leysist illa í vatni eða að því er varðar nanóform ef leysnihraði þeirra í viðeigandi prófunarmiðli er lítill.“

g) Í stað liðar 9.1.4. komi eftirfarandi:

„9.1.4 Rannsókn á öndunarhömlun í virkri eðju	9.1.4. Rannsóknin er óþörf ef: — ekki er um neina losun að ræða í skólphreinsistöð eða — fyrir liggja mildandi þættir sem benda til þess að ólíklegt sé að örverufræðileg eiturhrif komi fram, t.d. ef efnið leysist mjög illa í vatni eða — efnið er auðlífbrjótanlegt og þeir styrkleikar, sem eru notaðir í prófuninni, eru á því styrkbili sem vænta má fyrir aðrennsli skólphreinsistöðvar. Að því er varðar nanóform má ekki sleppa rannsókninni eingöngu á grundvelli mikillar vatnsleysni. Í stað rannsóknarinnar má gera prófun með nítrunarlata ef fyrirliggjandi gögn sýna að líklegt sé að efnið hafi letjandi áhrif á vöxt eða starfsemi örvera, einkum nítratmyndandi baktería.“

h) Í stað undirliðar 9.2. komi eftirfarandi:

„9.2. Niðurbrot	9.2. Gera má frekari rannsóknir á niðurbroti ef niðurstöður efnaöryggismatsins, í samræmi við I. viðauka, gefa til kynna að þörf sé á að rannsaka nánar niðurbrot efnisins.

	Að því er varðar nanóform sem eru hvorki leysanleg né með mikinn leysnihraða skal, í slíkum prófunum, taka til athugunar formfræðilega umbreytingu (t.d. óafturkallanlegar breytingar á agnastærð, lögun og yfirborðseiginleikum, tap á húð), efnafræðilega umbreytingu (t.d. oxun, afoxun) og annað niðurbrot án tilstillis lífvera (t.d. ljósrof). Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggis-matinu.“

i) Í stað liðar 9.2.2 komi eftirfarandi:

„9.2.2 Niðurbrot án tilstillis lífvera 9.2.2.1. Vatnsrof sem fall af sýrustigi	9.2.2.1. Rannsóknin er óþörf ef: — efnið er auðlífbrjótanlegt eða — efnið leysist mjög illa í vatni. Að því er varðar nanóform má ekki sleppa rannsókninni eingöngu á grundvelli mikillar vatnsleysni.“

j) Í stað liðar 9.3.1. komi eftirfarandi:

„9.3.1 Skimunarrannsókn að því er varðar ásog/afsog	9.3.1. Rannsóknin er óþörf ef: — líklegt er að efnið, á grundvelli eðlisefnafræðilegra eiginleika þess, hafi litla tilhneigingu til ásogs (t.d. ef efnið hefur lágan deilistuðul fyrir oktanól eða vatn) eða — efnið og viðkomandi niðurbrotsefni þess sundrast hratt. Að því er varðar nanóform skal notkun á sérhverjum eðlisefna-fræðilegum eiginleika (t.d. deilistuðul oktanóls/vatns), sem ástæðu til þess að sleppa rannsókninni, innihalda fullnægjandi rökstuðning fyrir mikilvægi þeirra m.t.t. lítillar getu til ásogs.“

6. Ákvæðum IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við á eftir annarri málsgrein í inngangstextanum:

„Með fyrirvara um upplýsingar sem lagðar eru fram um önnur form skulu allar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar, sem skipta máli, innihalda lýsingu á eiginleikum nanóformsins sem er prófað og prófunarskilyrðunum. Leggja skal fram rökstuðning þegar megindleg vensl efnabyggingar og virkni eru notuð, eða gögnin fengin á annan hátt en með prófunum, sem og lýsingu á mismunandi eiginleikum nanóformanna sem gögnin geta átt við um.“

b) Í stað liðar 8.6.2 komi eftirfarandi:

„8.6.2 Rannsókn (90 daga) á hálflang-vinnum eiturhrifum með einni tegund, nagdýri, karl- og kvendýrum, þar sem íkomuleiðin er valin með tilliti til líklegustu váhrifaleiðar að því er varðar menn.	8.6.2. Rannsóknin (90 daga) á hálflangvinnum eiturhrifum er óþörf ef: — áreiðanlegar rannsóknarniðurstöður (28 daga) á skammvinnum eiturhrifum liggja fyrir sem leiða í ljós alvarleg eiturhrif samkvæmt viðmiðunum fyrir flokkun efnisins sem H48 þar sem unnt er með beitingu viðeigandi óvissustuðuls að framreikna NOAEL-28 daga yfir á NOAEL-90 daga fyrir sömu váhrifaleið eða — fyrir liggja áreiðanlegar niðurstöður úr rannsóknum á langvinnum eiturhrifum, að því tilskildu að notuð sé heppileg dýrategund og íkomuleið eða — efnið sundrast þegar í stað og fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um efnin sem myndast við það (bæði að því er varðar útbreidd áhrif og áhrif við upptökustað) eða

— efnið er óhvarfgjarnt, óleysanlegt og ekki er unnt að anda því að sér og engin merki koma fram um upptöku eða eiturhrif í 28 daga „markprófun“, einkum ef váhrif á menn eru jafnframt takmörkuð.

Velja skal viðeigandi íkomuleið á grundvelli eftirfarandi:

Rétt er að rannsaka íkomuleiðina um húð ef:

1) líklegt er að efnið komist í snertingu við húð í framleiðslu og/eða notkun og

2) eðlisefnafræðilegir eiginleikar benda til þess að upptaka um húð sé umtalsverð og

3) eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

— eiturhrif í prófun á bráðum eiturhrifum á húð koma fram við minni skammta en í prófun á eiturhrifum um munn eða

— útbreidd áhrif eða önnur merki um upptöku koma fram í húð- og/eða augnertingarrannsóknum eða

— rannsóknir í glasi benda til umtalsverðar upptöku um húð eða

— umtalsverð eiturhrif á húð eða upptaka gegnum húð kemur fram að því er varðar efni sem eru með svipaða byggingu.

Rétt er að rannsaka íkomuleiðina við innöndun ef:

— líklegt er að menn verði fyrir váhrifum frá innöndun, að teknu tilliti til gufuþrýstings efnisins og/eða þess hvort váhrif frá úða, ögnum eða dropum, sem eru af þeirri stærð að unnt er að anda þeim að sér, séu hugsanleg.

Að því er varðar nanóform skal taka eiturefnahvörf til athugunar, þ.m.t. afturbatatímabil og, ef við á, úthreinsun lungna.

Skráningaraðilinn skal gera tillögur að frekari rannsóknum eða Efnastofnunin kann að krefjast þeirra í samræmi við 40. eða 41. gr. ef:

— ekki tekst að ákvarða mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif í 90 daga rannsókninni, nema ástæða þess að ekki takist að ákvarða fyrrgreind mörk sé sú að ekki sé um nein skaðleg eiturhrif að ræða eða

— að eiturhrifin eru sérstakt áhyggjuefni (t.d. alvarleg/mikil áhrif) eða

— vísbendingar um áhrif liggja fyrir en ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilega lýsingu eða lýsingu á áhættu á fyrirliggjandi niðurstöðum. Í þeim tilvikum gæti það einnig hentað betur að gera sértækar, eiturefnafræðilegar rannsóknir sem eru settar upp til að rannsaka þessi áhrif (t.d. ónæmiseiturhrif, taugaeiturhrif, og, einkum fyrir nanóform, óbein erfðaeiturhrif), eða

— váhrif valda sérstökum áhyggjum (t.d. notkun í neytendavörum sem leiðir til að umfang váhrifa er nálægt þeim skammtastærðum sem vænta má að valdi eiturhrifum á menn).“

c) Í stað liðar 9.2.1.2 komi eftirfarandi:

„9.2.1.2. Hermiprófun á endanlegu niðurbroti í yfirborðsvatni	9.2.1.2. Rannsóknin er óþörf ef: efnið leysist mjög illa í vatni eða efnið er auðlífbrjótanlegt. Að því er varðar nanóform má ekki sleppa rannsókninni eingöngu á grundvelli mikillar vatnsleysni.“

d) Í stað undirliðar 9.3. komi eftirfarandi:

„9.3. Afdrif og hegðun í umhverfinu	
9.3.2. Uppsöfnun í lagardýrategundum, einkum fiski	9.3.2. Rannsóknin er óþörf ef: efnið hefur litla tilhneigingu til að safnast upp í lífverum (t.d. log Kow ≤ 3) og/eða berst treglega gegnum líffræðilegar himnur eða ólíklegt er að vatnsrænt umhverfishólf verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum. Að því er varðar nanóform skal notkun á sérhverjum eðlisefnafræðilegum eiginleika (t.d. deilistuðull oktanóls/vatns, leysnihraði, dreifistöðugleiki), sem ástæðu til þess að sleppa rannsókninni, innihalda fullnægjandi rökstuðning fyrir mikilvægi þeirra m.t.t. lítillar getu til uppsöfnunar í lífverum eða ólíklegra beinna og óbeinna váhrifa á vatnsrænt umhverfishólf.
9.3.3. Frekari upplýsingar um ásog/afsog miðað við niðurstöður úr rannsókninni sem krafist er í VIII. viðauka.	9.3.3. Rannsóknin er óþörf ef: líklegt er að efnið, á grundvelli eðlisefnafræðilegra eiginleika þess, hafi litla tilhneigingu til ásogs (t.d. ef efnið hefur lágan deilistuðul fyrir oktanól/vatn) eða efnið og niðurbrotsefni þess sundrast hratt. Að því er varðar nanóform skal notkun á sérhverjum eðlisefnafræðilegum eiginleika (t.d. deilistuðull oktanóls/vatns, leysnihraði, dreifistöðugleiki), sem ástæðu til þess að sleppa rannsókninni, innihalda fullnægjandi rökstuðning fyrir mikilvægi þeirra m.t.t. lítillar getu til ásogs.“

e) Í stað undirliðar 9.4. komi eftirfarandi:

„9.4. Áhrif á landlífverur	9.4. Þessar rannsóknir eru óþarfar ef ólíklegt er að jarðvegur verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum. Ef gögn um eiturhrif á jarðvegslífverur liggja ekki fyrir er heimilt að beita deilijafnvægisaðferð (e. *equilibrium partitioning method*) til að meta hættu sem steðjar að jarðvegslífverum. Ef deilijafnvægisaðferðinni er beitt á nanóform skal það stutt vísindalegum rökum. Val á viðeigandi prófunum er háð niðurstöðum úr efnaöryggismatinu. Skráningaraðilinn getur valið að gera rannsóknir á langvinnum eiturhrifum í stað skammvinnra eiturhrifa, einkum að því er varðar efni sem hafa mikla tilhneigingu til að ásogast í jarðvegi.“

7. Ákvæðum X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við á eftir annarri málsgrein í inngangstextanum:

„Með fyrirvara um upplýsingar sem lagðar eru fram um önnur form skulu allar eðlisefnafræðilegar, eiturefnafræðilegar og visteiturefnafræðilegar upplýsingar, sem skipta máli, innihalda lýsingu á eiginleikum nanóformsins sem er prófað og prófunarskilyrðunum. Leggja skal fram rökstuðning þegar megindleg vensl efnabyggingar og virkni eru notuð, eða gögnin fengin á annan hátt en með prófunum, sem og lýsingu á mismunandi eiginleikum nanóformanna sem gögnin geta átt við um.“

b) Í stað liðar 8.6.3. komi eftirfarandi:

	„8.6.3 Skráningaraðilinn skal gera tillögur að rannsókn á langvinnum eiturhrifum við endurtekna skammta (≥ 12 mánuðir) eða Efnastofnunin kann að krefjast hennar í samræmi við 40. eða 41. gr. ef fjöldi tilvika, þar sem menn verða fyrir váhrifum, og lengd þeirra benda til þess að rétt sé að gera rannsókn sem varir lengur og eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt: — alvarleg eiturhrif, sem valda sérstökum áhyggjum, komu fram í 28 eða 90 daga rannsókn þar sem ekki er unnt að byggja eiturefnafræðilegt mat eða áhættulýsingu á fyrirliggjandi niðurstöðum, eða — áhrif, sem koma fram hjá efnum sem eru byggingarlega náskyld efninu sem verið er að rannsaka, greindust ekki í 28 eða 90 daga rannsókninni, eða — efnið kann að búa yfir hættulegum eiginleika sem ekki er unnt að greina í 90 daga rannsókn. Ef nanóform falla undir skráninguna skal taka tillit til eðlisefnafræðilegra eiginleika, einkum agnastærðar, lögunar og annarra formfræðilegra breyta, yfirborðsvirkjunar og yfirborðsflatar sem og sameindabyggingar, við ákvörðun á því hvort eitt af skilyrðunum hér að framan er uppfyllt.“

8. Ákvæðum XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við á eftir síðustu málsgrein í inngangstextanum:

„Kröfur í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir nanóform, eru með fyrirvara um kröfur sem eiga við um önnur form efnis.“

b) Í stað liðar 1.1.3. komi eftirfarandi:

„1.1.3 *Rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn*

Skoða skal rannsóknarsöguleg gögn sem varða menn, t.d. úr faraldsfræðilegum rannsóknum á hópum manna, sem verða fyrir váhrifum, og gögn um váhrif vegna óhapps eða váhrif í starfi ásamt klínískum rannsóknum.

Hversu vel gögn endurspegla tiltekin áhrif á heilbrigði manna ræðst m.a. af tegund greiningar og þeim breytum sem notaðar eru ásamt umfangi og sértæki svörunar og þar af leiðandi fyrirsjáanleika áhrifanna. Meðal viðmiðana til mats á því hvort gögn séu fullnægjandi eru:

1) viðeigandi val og lýsing á einkennum hópa sem verða fyrir váhrifum og samanburðarhópum,

2) fullnægjandi lýsing á einkennum váhrifa,

3) nægilega löng eftirfylgni að því er varðar sjúkdómstilvik,

4) gild aðferð við að fylgjast með áhrifum,

5) tilhlýðileg athugun á kerfisbundnum skekkjum og misvísandi þáttum og

6) nægilegur, tölfræðilegur áreiðanleiki til að rökstyðja niðurstöðurnar.

Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn.

Ef nanóform falla undir skráninguna skal fjalla sérstaklega um nanóform í aðferðinni hér að framan.“

c) Í stað undirliðar 1.2. komi eftirfarandi:

„1.2. **Vægi rökstuddra vísbendinga**

Rökstuddar vísbendingar úr nokkrum óháðum heimildum geta til samans haft nægilegt vægi til að unnt sé að draga þá ályktun eða komast að þeirri niðurstöðu að efni hafi eða hafi ekki tiltekinn hættulegan eiginleika þó að upplýsingar úr hverri heimild fyrir sig teljist ófullnægjandi til að styðja slíkt.

Vægi rökstuddra vísbendinga, á grundvelli prófunaraðferða, sem hafa nýlega verið þróaðar en eru ekki enn hluti af prófunaraðferðunum sem um getur í 3. mgr. 13. gr., eða fengnar með alþjóðlegri prófunaraðferð, sem framkvæmdastjórnin eða Efnastofnunin viðurkennir sem jafngilda aðferð, getur nægt til að unnt sé að draga þá ályktun að efni hafi eða hafi ekki tiltekinn hættulegan eiginleika.

Ef nægilegt vægi rökstuddra vísbendinga liggur fyrir því að tiltekinn hættulegur eiginleiki sé fyrir hendi eða sé ekki fyrir hendi:

skal sleppa því að gera frekari tilraunir á hryggdýrum að því er varðar þennan eiginleika,

má sleppa því að gera frekari tilraunir sem varða ekki hryggdýr.

Í öllum tilvikum skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn.

Ef nanóform falla undir skráninguna skal fjalla sérstaklega um nanóform í aðferðinni hér að framan.“

d) Í stað undirliðar 1.3. komi eftirfarandi:

„1.3. **Eigindleg eða megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR)**

Niðurstöður sem fást með notkun viðurkenndra líkana yfir eigindleg eða megindleg vensl byggingar og virkni ((Q)SAR) geta skorið úr um það hvort tiltekinn hættulegur eiginleiki er fyrir hendi eða ekki. Heimilt er að nota niðurstöður úr rannsóknum á eigindlegum eða megindlegum venslum byggingar og virkni, í stað prófana, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

— niðurstöður fást með notkun (Q)SAR-líkans ef sýnt hefur verið fram á vísindalegt réttmæti þess,

— efnið fellur undir notkunarsvið (Q)SAR-líkansins,

— niðurstöður eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats og

— fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

Efnastofnunin skal í samvinnu við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og hagsmunaaðila útbúa og veita leiðbeiningar við mat á því hvaða (Q)SAR-líkön uppfylla þessi skilyrði og tilgreina dæmi.

Ef nanóform falla undir skráninguna skal fjalla sérstaklega um nanóform í aðferðinni hér að framan.“

e) Í stað síðustu málsgreinar í lið 1.4. komi eftirfarandi:

„Slík staðfesting er ekki nauðsynleg ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1) niðurstöður eru fengnar með prófun í glasi og sýnt hefur verið fram á vísindalegt réttmæti hennar með fullgildingarrannsókn í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur um fullgildingu,

2) niðurstöður eru fullnægjandi til flokkunar og merkingar og/eða áhættumats og

3) fullnægjandi og áreiðanleg gögn eru lögð fram um þá aðferð sem beitt er.

Ef nanóform falla undir skráninguna skal fjalla sérstaklega um nanóform í 1. til 3. lið í aðferðinni hér að framan.“

f) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 1.5. komi eftirfarandi:

„Efni, sem vænta má að hafi sambærilega eðlisefnafræðilega, eiturefnafræðilega og visteiturefnafræðilega eiginleika eða fylgi reglubundnu mynstri vegna þess að þau eru lík að byggingu, má líta á sem flokk eða „undirflokk“ efna. Notkun hugmyndarinnar um hópa krefst þess að unnt sé að spá fyrir um eðlisefnafræðilega eiginleika, áhrif á heilbrigði manna og umhverfi eða afdrif efnisins í umhverfinu út frá gögnum um viðmiðunarefni innan hópsins með innreikningi milli annarra efna í hópnum (ályktun út frá byggingarlega hliðstæðum efnum). Þetta kemur í veg fyrir að prófa þurfi hvert efni með tilliti til hvers endapunkts. Efnastofnunin skal, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila og aðra hagsmunaaðila og í tæka tíð fyrir fyrsta eindaga skráningar efna í skráningarbið, gefa út leiðbeiningar um aðferðir við að flokka efni sem eru studdar tæknilegum og vísindalegum rökum.

Ef nanóform falla undir skráninguna skal fjalla sérstaklega um nanóform í aðferðinni hér að framan. Við flokkun mismunandi nanóforma sama efnis getur lík sameindabygging ein og sér ekki þjónað sem rökstuðningur.

Ef nanóform sem falla undir skráningu eru flokkuð eða sett í „undirflokk“ með öðrum formum efnisins, þ.m.t. önnur nanóform, í sömu skráningu gilda kvaðirnar hér að ofan á sama hátt.“

9. Ákvæðum XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangstextans komi eftirfarandi:

„INNGANGUR

Markmiðið með þessum viðauka er að tilgreina hvernig eftirnotendur geti metið og skráð hvort áhættunni, sem stafar af efninu eða efnunum sem þeir nota, sé haldið nægilega í skefjum við notkun þeirra í tengslum við notkun sem öryggisblaðið, sem þeir fá afhent, tekur ekki til og að aðrir notendur, sem eru aftar í aðfangakeðjunni, geti haldið áhættunni nægilega vel í skefjum. Matið skal ná yfir vistferil efnisins frá því að eftirnotandinn tekur við því til eigin notkunar og tilgreindrar notkunar hans aftar í aðfangakeðjunni. Í matinu skal taka tillit til notkunar hvort sem efnið er notað eitt sér, í blöndu eða í hlut.

Í matinu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir skráninguna. Rökstuðningur og ályktanir sem dregnar eru af matinu skulu vera viðeigandi fyrir þessi nanóform frá því að eftirnotandinn tekur við þeim til eigin notkunar og til tilgreindrar notkunar hans aftar í aðfangakeðjunni.

Við vinnslu efnaöryggismatsins og gerð efnaöryggisskýrslunnar skal eftirnotandinn taka tillit til þeirra upplýsinga sem honum berast frá birgi íðefnisins í samræmi við 31. og 32. gr. þessarar reglugerðar.

Þegar nanóform efnisins falla undir hans eigin notkun eða tilgreinda notkun hans aftar í aðfangakeðjunni skal taka til athugunar viðeigandi mælieiningu fyrir mat og framsetningu niðurstaðna í 1.–6. þrepi efnaöryggismatsins skv. 0.6.1 og 0.6.2 og rökstuðningur skal fylgja í efnaöryggisskýrslunni og dreginn saman í öryggisblaðinu. Margs konar framsetning á mælieiningunni er ákjósanleg til að tryggja að upplýsingar um mælieiningu fyrir massa séu tiltækar.

Ef mat, sem unnið er samkvæmt lögum Bandalagsins (t.d. áhættumat sem unnið er samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 793/93), liggur fyrir og það á við skal taka mið af því í efnaöryggismatinu og það skal endurspeglast í efnaöryggisskýrslunni. Rökstyðja skal frávik frá slíku mati. Einnig er heimilt að taka mið af mati sem unnið er samkvæmt öðrum alþjóðlegum og landsbundnum áætlunum.

Ferlið, sem eftirnotandinn fylgir við vinnslu efnaöryggismatsins og gerð efnaöryggisskýrslunnar, felur í sér þrjú skref:“

b) Eftirfarandi texti bætist við á eftir fyrstu málsgrein undir 2. skrefi:

„Þegar nanóform efnisins falla undir hans eigin notkun eða tilgreinda notkun hans aftar í aðfangakeðjunni skal matið ná yfir mat á hættu, PBT- og vPvB-eiginleika nanóformsins eða -formanna eins og þau eru notuð.“

c) Í stað þriðju málsgreinar undir 2. skrefi komi eftirfarandi:

„Ef eftirnotandinn telur að nauðsynlegt sé að afla frekari upplýsinga en þeirra sem birgirinn leggur fram til að unnt sé að taka saman efnaöryggisskýrsluna skal eftirnotandinn sjálfur afla þessara upplýsinga. Ef einungis er unnt að afla þessara upplýsinga með því gera tilraunir á hryggdýrum skal hann leggja tillögu fyrir Efnastofnunina um prófunaráætlun í samræmi við 38. gr. Hann skal útskýra hvers vegna hann telji að þessar viðbótarupplýsingar séu nauðsynlegar. Meðan hann bíður niðurstaðna úr frekari prófunum skal hann skrá í efnaöryggisskýrslunni þær ráðstafanir við áhættustjórnun sem hann hefur gert og ætlað er að hafa stjórn á áhættunni sem verið er að kanna. Í framangreindri skráningu skal fjalla um öll nanóform sem falla undir hans eigin notkun eða tilgreinda notkun hans aftar í aðfangakeðjunni. Slíkar upplýsingar skulu vera viðeigandi fyrir nanóformin.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/2005 **2019/EES/31/61**

frá 17. desember 2018

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP), díbútýlþalati (DBP), bensýlbútýlþalati (BBP) og díísóbútýlþalati (DIBP)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ([1]), einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP), díbútýlþalat (DBP), bensýlbútýlþalat (BBP) og díísóbútýlþalat (DIBP) (hér á eftir nefnd „þalötin fjögur“) eru skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sem efni sem hafa eituráhrif á æxlun (undirflokkur 1B), með lokadaginn 21. febrúar 2015, sem er tilgreindur í samræmi við i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Eftir lokadaginn, sem um getur í i. lið c-liðar í 1. mgr. 58. gr., að því er varðar efni sem er skráð í XIV. viðauka, er Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) skylt, skv. 2. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, að taka til athugunar hvort notkun efnanna, sem eru skráð í XIV. viðauka við þá reglugerð, í hluti skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega í skefjum og, ef Efnastofnunin telur að svo sé, að taka saman málsskjöl fyrir tillögu um takmarkanir sem eru í samræmi við kröfurnar í XV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka).

3) Hinn 1. apríl 2016 lagði Efnastofnunin, í samstarfi við Danmörku, fram málsskjöl skv. XV. viðauka fyrir þalötin fjögur ([2]). Málsskjölin byggðu á fyrri tillögu að takmörkun, sem Danmörk lagði fram á árinu 2011, og áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar og nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu samþykktu álit ([3]) í tengslum við hana og á grundvelli þeirra ákvað framkvæmdastjórnin að breyta ekki XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([4]) á þeim forsendum að gögnin, sem þá voru tiltæk, bentu ekki til þess að sameinuð váhrif frá þalötunum fjórum sköpuðu áhættu. Í málsskjölunum skv. XV. viðauka voru teknar til greina nýjar upplýsingar um váhrif frá mismunandi upptökum, þ.m.t. gögn um líffræðilega vöktun á mönnum úr DEMOCOPHES-verkefninu ([5]), sem tekur til alls Sambandsins, sem mælir tilvist þalatanna fjögurra í þvagsýnum.

4) Þalötin fjögur er að finna í margs konar hlutum þar eð þau eru yfirleitt fyrir hendi í mýktum efnum. Váhrif geta orðið við inntöku matvæla og ryks, við að setja hluti í munn, við innöndun lofts og ryks innandyra og við snertingu ryks og hluta við slímhúð manna og húð.

5) Í málsskjölunum skv. XV. viðauka var lagt til að setning hluta sem innihalda þalötin fjögur, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd, ein og sér eða í hvaða samsetningu sem er í mýktum efnum af þessu tagi á markað yrði takmörkuð. Þessi styrkleikamörk myndu vinna, með skilvirkum hætti, gegn notkun þalatanna fjögurra í hluti

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 322, 18.12.2018, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) https://echa.europa.eu/previous-consultations-on-restriction-proposals/-/substance-rev/13919/term

([3]) Álit áhættumatsnefndar Efnastofnunarinnar og nefndar Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu frá 2012 um málsskjöl skv. XV. viðauka þar sem lögð er til takmörkun fyrir þalötin fjögur: https://echa.europa.eu/documents/10162/58050be8-f7be-4b55-b106-76dda4989dd6

([4]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar 2014/C 260/01.

([5]) http://www.eu-hbm.info/democophes/project-partners

sem falla innan gildissviðs takmörkunarinnar. Í málsskjölunum voru lagðar til undanþágur fyrir hluti sem eru eingöngu til notkunar undir berum himni án langvarandi snertingar við húð eða snertingar við slímhúð, tiltekna hluti sem eru eingöngu til notkunar í iðnaði og landbúnaði, mælibúnað, hluti sem falla undir núgildandi löggjöf Sambandsins og hluti sem þegar hafa verið settir á markað í Sambandinu.

6) Hinn 10. mars 2017 samþykkti áhættumatsnefndin álit sitt og komst að þeirri niðurstöðu að takmörkunin, sem lögð er til, sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni, sem stafar af þessum efnum, með hliðsjón af árangrinum við að draga úr áhættunni.

7) Áhættumatsnefndin taldi að samanlagður styrkur þalatanna fjögurra yrði að vera 0,1% eða minna í mýktum efnum í hlutum til að bregðast við áhættu fyrir heilbrigði manna.

8) Hinn 15. júní 2017 samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu álit sitt þar sem tekið er fram að tillögð takmörkun, eins og áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu breyttu henni, sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni með tilliti til félagslegs og hagræns ávinnings og félagslegs og hagræns kostnaðar.

9) Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var sammála þeim niðurstöðum í málsskjölunum skv. XV. viðauka að 36 mánaða frestur á beitingu takmörkunarinnar virtist réttmætur og nægilegur til að gera aðilum í aðfangakeðjunni kleift að fara að henni. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu var einnig sammála undanþágunum sem lagðar voru til í málsskjölunum skv. XV. viðauka. Vegna félagslegra og hagrænna þátta, sem byggjast á viðbótarupplýsingum sem geirar vélknúinna ökutækja og loftfara lögðu fram meðan samráð við almenning stóð yfir, lagði nefndin um félagshagfræðilega greiningu þar að auki til tilteknar undanþágur fyrir þessa geira.

10) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar, sem um getur í f-lið 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, um tillagða takmörkun og tekið var tillit til ráðlegginga þess.

11) Hinn 29. ágúst 2017 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu ([1]) fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, byggt á þessum álitum um sameiginleg váhrif frá þessum fjórum þalötum eftir ýmsum leiðum sem hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna, að þalötin fjögur skapi óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna þegar þau eru fyrir hendi í mýktu efni í hlutum í styrk sem er, einn og sér eða í hvaða samsetningu sem er, jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í sérhverju efni af þessu tagi. Mýkt efni eru, að því er varðar þessa takmörkun, efni sem geta innihaldið þalöt sem hafa mikla möguleika á að hafa sameiginleg váhrif, eftir ýmsum leiðum, á bæði neytendur og starfsfólk. Þessi efni eru m.a. pólývínýlklóríð (PVC), pólývínýlídenklóríð (PVDC), pólývínýlasetat (PVA), pólýúretön, allar aðrar fjölliður (þ.m.t. eru m.a. fjölliðukvoður og gúmmíefni), að undanskildu sílíkongúmmíi og yfirborðsmeðferðarefni úr náttúrlegu latexi, efnum til yfirborðsmeðferðar, stömum yfirborðsmeðferðarefnum, frágangsefnum, límmyndum til skrauts, prentaðri hönnun, límí, þéttiefnum, bleki og málningu. Framkvæmdastjórnin telur að fjalla verði um áhættuna á vettvangi Sambandsins.

12) Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er nú þegar bannað að setja leikföng og hluti til umönnunar barna, sem innihalda bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP), díbútýlþalat (DBP) og bensýlbútýlþalat (BBP), á markað við tiltekin skilyrði sem falla innan gildissviðs tillagðrar takmörkunar. Þar að auki, í ljósi álits áhættumatsnefndarinnar um að hættulegir eiginleikar díísóbútýlþalats (DIBP) séu svipaðir og hjá bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP), díbútýlþalati (DBP) og bensýlbútýlþalati (BBP), að leikföng og hlutir til umönnunar barna geti stuðlað verulega að áhættu fyrir ungbörn af völdum þalata og að díísóbútýlþalat (DIBP) geti komið í stað díbútýlþalats (DBP) í leikföng og hluti til umönnunar barna og í ljósi ráðlegginga gagnaskiptatorgsins er afstaða framkvæmdastjórnarinnar sú að einnig ætti að takmarka setningu leikfanga og hluta til umönnunar barna, sem innihalda díísóbútýlþalat (DIBP), á markað. Þar að auki ætti setning þalatanna fjögurra á markað í leikföngum og hlutum til umönnunar barna að vera háð uppfærðum skilyrðum.

13) Ef um er að ræða hluti sem eru eingöngu til notkunar í iðnaði og landbúnaði, eða til notkunar undir berum himni, ætti tillögð takmörkun einungis að gilda um þessa hluti, sem innihalda mýkt efni, sem komast í snertingu við slímhúð manna eða í langvarandi snertingu við húð af því að slík snerting leiðir til váhrifa sem skapa áhættu fyrir heilbrigði manna.

([1]) https://echa.europa.eu/documents/10162/a265bf86-5fbd-496b-87b4-63ff238de2f7

14) Tillögð takmörkun ætti ekki að gilda um hluti, sem reglur hafa verið settar um í annarri löggjöf Sambandsins, s.s. efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 ([1]) og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 ([2]), lækningatæki innan gildissviðs tilskipana ráðsins 90/385/EBE ([3]) eða 93/42/EBE ([4]) eða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([5]) eða íhluti í slík tæki, hluti innan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB ([6]) eða innri umbúðir lyfja innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([7]) eða tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ([8]) eða 2001/83/EB ([9]).

15) Af ástæðum sem varða hagkvæmni og fullnustuhæfi ætti tillögð takmörkun ekki heldur að gilda um mælibúnað til notkunar á rannsóknarstofum eða hluti sem mynda hluta af slíkum búnaði eða um hluti sem eru settir á markað fyrir gildistökudag takmörkunarinnar. Þar að auki ættu tilteknar undanþágur að gilda fyrir vélknúin ökutæki og loftför. Í fyrsta lagi er lengri frestun á beitingu takmörkunar vegna vélknúinna ökutækja og undanþága um óákveðinn tíma vegna hluta, sem eru notaðir við viðhald eða viðgerðir á þessum ökutækjum, réttlætanleg ef þessi ökutæki virka ekki sem skyldi án þessara hluta, með hliðsjón af sérstökum efnahagslegum áhrifum á þennan geira. Lengri frestun á beitingu takmörkunar vegna tiltekinna loftfara og undanþága um óákveðinn tíma vegna hluta, sem eru notaðir við viðhald eða viðgerðir á þessum loftförum ef þeir eru nauðsynlegir vegna öryggis og lofthæfis, er réttlætanleg á þeim forsendum að nýtingartími loftfara er mjög langur, lofthæfi þeirra kann að vera stofnað í hættu ef varahlutir, sem uppfylla hönnunarforskriftirnar, eru ekki tiltækir og ef tímalínur, sem þörf er á vegna endurnýjunar, eru mjög langar.

16) Framkvæmdastjórnin telur, að teknu tilliti til málsskjalanna skv. XV. viðauka sem og að teknu tilliti til álita áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu, að tillögð takmörkun myndi vega upp á móti þeirri áhættu sem greinst hefur án þess að leggja umtalsverðar byrðar á iðnaðinn, aðfangakeðjuna eða neytendur og komst að þeirri niðurstöðu að tillögð takmörkun væri heppileg ráðstöfun á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni.

17) Hagsmunaaðilar ættu að fá nægan tíma til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að tillögðu takmörkuninni og 18 mánuðir nægja í þessu skyni. Þess vegna ætti að fresta beitingu hennar almennt um 18 mánuði. Sérstakur, lengri 60 mánaða frestur ætti að gilda til að bregðast við tilteknum tilvikum varðandi tiltekin vélknúin ökutæki og loftför.

18) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([4]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1).

([9]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 51 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 komi eftirfarandi:

„51. Bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) CAS-nr.: 117-81-7 EB-nr.: 204-211-0 Díbútýlþalat (DBP) CAS-nr.: 84-74-2 EB-nr.: 201-557-4 Bensýlbútýlþalat (BBP) CAS-nr.: 85-68-7 EB-nr.: 201-622-7 Díísóbútýlþalat (DIBP) CAS-nr.: 84-69-5 EB-nr.: 201-553-2	1. Ekki leyfð til notkunar sem efni eða í blöndur, hvert um sig eða í hvaða samsetningu sem er með öðrum þalötum sem eru tilgreind í 1. dálki í þessari færslu, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd mýkta efnisins í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna. 2. Má ekki setja á markað í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna, hvert um sig eða í hvaða samsetningu fyrstu þriggja þalatanna sem er, sem eru tilgreind í 1. dálki í þessari færslu, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd mýkta efnisins. Þar að auki skal ekki setja díísóbútýlþalat (DIBP) á markað eftir 7. júlí 2020 í leikföngum eða hlutum til umönnunar barna, eitt og sér eða í hvaða samsetningu fyrstu þriggja þalatanna sem er, sem eru tilgreind í 1. dálki í þessari færslu, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd mýkta efnisins. 3. Má ekki setja á markað eftir 7. júlí 2020 í hlutum, hvert um sig eða í hvaða samsetningu sem er með öðrum þalötum sem eru tilgreind í 1. dálki í þessari færslu, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd mýkta efnisins í hlutnum. 4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki um: a) hluti sem eru eingöngu til notkunar í iðnaði eða landbúnaði, eða eingöngu til notkunar undir berum himni, að því tilskildu að engin mýkt efni komist í snertingu við slímhúð manna eða í langvarandi snertingu við húð manna, b) loftför, sem eru sett á markað fyrir 7. janúar 2024, eða hluti sem, óháð því hvenær þeir eru settir á markað, eru eingöngu til notkunar við viðhald eða viðgerðir á þessum loftförum, ef þessir hlutir eru nauðsynlegir vegna öryggis og lofthæfis loftfarsins, c) vélknúin ökutæki sem falla innan gildissviðs tilskipunar 2007/46/EB, sem eru sett á markað fyrir 7. janúar 2024, eða hluti sem, óháð því hvenær þeir eru settir á markað, eru eingöngu til notkunar við viðhald eða viðgerðir á þessum ökutækjum ef þessi ökutæki virka ekki sem skyldi án þessara hluta, d) hluti sem eru settir á markað fyrir 7. júlí 2020, e) mælibúnað til notkunar á rannsóknarstofum, eða hluta þeirra, f) efnivið og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli sem falla innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 eða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 (*), g) lækningatæki sem falla innan gildissviðs tilskipana 90/385/EBE, 93/42/EBE eða 98/79/EB eða hluta þeirra, h) raf- og rafeindabúnað sem fellur innan gildissviðs tilskipunar 2011/65/ESB, i) innri umbúðir lyfja sem falla innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 726/2004, tilskipunar 2001/82/EB eða tilskipunar 2001/83/EB, j) leikföng og hluti til umönnunar barna sem falla undir 1. eða 2. mgr.

	5. Að því er varðar 1. 2. og 3. mgr. og a-lið 4. mgr., a) „mýkt efni“: hvert sem er af eftirfarandi ósamsettum efnum: — pólývínýlklóríð (PVC), pólývínýlídenklóríð (PVDC), pólývínýlasetat (PVA), pólýúretön, — allar aðrar fjölliður (þ.m.t. eru m.a. fjölliðukvoður og gúmmíefni), að undanskildu sílíkongúmmíi og yfirborðsmeðferðarefni úr náttúrlegu latexi, — efni til yfirborðsmeðferðar, stöm yfirborðsmeðferðarefni, frágangsefni, límmyndir til skrauts, prentuð hönnun, — lím, þéttiefni, málning og blek. b) „langvarandi snerting við húð manna“: samfelld snerting sem stendur lengur en í 10 mínútur, eða ósamfelld snerting á 30 mínútna tímabili, á dag, c) „hlutur til umönnunar barna“: allar vörur sem eru ætlaðar til þess að auðvelda svefn eða slökun barna, stuðla að hreinlæti eða eru notaðar við mötun eða hlutir sem börn geta sogið. 6. Að því er varðar b-lið 4. mgr. merkir „loftfar“ eitt af eftirfarandi: a) almenningsloftfar sem er framleitt í samræmi við tegundarvottorð sem gefið er út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða í samræmi við hönnunarsamþykki sem gefið er út samkvæmt landsbundnum reglum samningsríkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) eða sem samningsríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur gefið út lofthæfivottorð fyrir skv. 8. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, undirritaður 7. desember 1944 í Chicago, b) herloftfar.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1292 **2019/EES/31/62**

frá 25. september 2018

um að samþykkja sýfenótrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir sýfenótrín.

2) Sýfenótrín hefur verið metið fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, eins og flokknum er lýst í V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([3]), sem samsvarar vöruflokki 18 eins og flokknum er lýst í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Grikkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lögbært matsyfirvald þess lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 11. apríl 2013.

4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. desember 2017, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins ([4]).

5) Af 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 má leiða að meta ætti efni, sem aðildarríkin hafa lokið við að meta fyrir 1. september 2013, með tilliti til skilyrðanna sem sett eru fram í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Í kjölfar álits Efnastofnunar Evrópu má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 18, sem innihalda sýfenótrín, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.

6) Því er rétt að samþykkja sýfenótrín til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.

7) Í áliti Efnastofnunar Evrópu er komist að þeirri niðurstöðu að sýfenótrín uppfylli viðmiðanir fyrir efni sem er þrávirkt (P) og eitrað (T) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([5]).

8) Að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 528/2012 uppfyllir sýfenótrín skilyrðin sem sett eru fram í d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 og ætti því að teljast efni sem ráðgert er að skipta út. Lögbært viðtökuyfirvald eða, ef um er að ræða mat á umsókn um Sambandsleyfi, lögbært matsyfirvald ætti að framkvæma samanburðarmat sem hluta af mati á umsókn um leyfi eða endurnýjun á leyfi fyrir sæfivöru sem inniheldur sýfenótrín.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 26.9.2018, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([4]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu sýfenótríni, vöruflokkur 18 (Opinion on the application for approval of the active substance Cyphenotrin, Product type: 18), ECHA/BPC/184/2017, samþykkt 14. desember 2017.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

9) Þar eð leiða má af 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 að samþykkja ætti efni, sem aðildarríkin hafa lokið við að meta fyrir 1. september 2013, samkvæmt skilmálunum í tilskipun 98/8/EB ætti gildistími samþykkis að vera 10 ár í samræmi við venjur sem komið var á í þeirri tilskipun.

10) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sýfenótrín er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Sýfenótrín	IUPAC-heiti: (RS)-α-sýanó-3-fenoxý-bensýl(1RS,3RS;1RS,3SR)-2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1-enýl)sýklópropankarboxýlat, EB-nr.: 254-484-5 CAS-nr.: 39515-40-7	92% massahlutfall (allar hverfur)	1. febrúar 2020	31. janúar 2030	18	Sýfenótrín telst efni sem ráðgert er að skipta út í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Sambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, b) smábörnum, c) yfirborðsvatni, seti, jarðvegi og grunnvatni, eftir yfirborðsmeðferð innanhúss, d) spendýrum sem éta ánamaðka og spendýrum sem éta fisk vegna fylgieitrunar, eftir yfirborðsmeðferð innanhúss. 3) Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 (2) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 (3), og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

(1) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1260 **2019/EES/31/63**

frá 20. september 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin pýridaben, kínmerak og sinkfosfíð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Virku efnin pýridaben, kínmerak og sinkfosfíð eru á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011.

3) Samþykkistímabilin fyrir efnin pýridaben, kínmerak og sinkfosfíð renna út 30. apríl 2021.

4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum, sem falla undir þessa reglugerð, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]). Líklegt er að samþykki fyrir þessum efnum renni út, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, áður en ákvörðun hefur verið tekin um að endurnýja viðkomandi samþykki. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

5) Með hliðsjón af þeim tíma og úrræðum sem þarf til að ljúka mati á umsóknum um endurnýjun á samþykkjum fyrir fjölda virkra efna, sem samþykki fyrir renna út á árunum 2019 til 2021, var komið á fót vinnuáætlun, með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016)6104 ([4]), þar sem svipuð, virk efni eru flokkuð saman og forgangsröð ákveðin út frá verndarsjónarmiðum fyrir heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið, eins og kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

6) Þar eð virku efnin í þessari reglugerð falla ekki undir forgangsröðuðu flokkana í framkvæmdarákvörðun C(2016)6104 ætti að framlengja samþykkistímabilið um annaðhvort tvö eða þrjú ár, að teknu tilliti til núgildandi loka gildistíma, þeirrar staðreyndar að skv. 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 skal leggja fram viðbótarmálsskjöl fyrir virkt efni eigi síðar en 30 mánuðum áður en samþykkið fellur úr gildi, nauðsynjar þess að tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir. Því er rétt að framlengja samþykkistímabilið fyrir virka efnið pýridaben um tvö ár og framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin kínmerak og sinkfosfíð um þrjú ár.

7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2016 um að koma á fót vinnuáætlun til að meta umsóknir um endurnýjun á samþykkjum fyrir virkum efnum, sem renna út 2019, 2020 og 2021, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtíð. ESB C 357, 29.9.2016, bls. 9).

8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 311, kínmerak, komi „30. apríl 2024“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 313, pýridaben, komi „30. apríl 2023“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 314, sinkfosfíð, komi „30. apríl 2024“.